

Á HVERJU
LIGGJA
EKKI
VORAR
GÖFUGU
KELLÍNGAR

[BÓKMENNING
ÍSLENSKRA
KYENNA FRÁ
MIÐÖLDUM
FRAM Á 18. ÖLD

GUÐRÚN INGÓLFSÓTTAR



Á hverju liggja ekki
vorar göfugu kellíngar

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

GEFIN ÚT AF MIÐSTÖÐ EINSÖGURANNSÓKNA
Í SAMVINNU VIÐ SÖGUFÉLAG

RITSTJÓRAR

Davíð Ólafsson, Már Jónsson
og Sigurður Gylfi Magnússon

20. bindi

GUÐRÚN INGÓLFSDÓTTIR

Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellíngar

Bókmenning íslenskra kvenna
frá miðöldum fram á 18. öld



REYKJAVÍK 2016

HÁSKÓLAÚTGÁFAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR 20

GUÐRÚN INGÓLFSDÓTTIR

Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellíngar

Bókmenning íslenskra kvenna
frá miðöldum fram á 18. öld

REYKJAVÍK 2016

SÖGUFÉLAG



Sögufélag styrkir útgáfu Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar



MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA
ICELANDIC LITERATURE CENTER

Miðstöð íslenskra bókmennta styrkti útgáfu þessarar bókar

*Bókin er gefin út af
Miðstöð einsögurannsókna við Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands*

Háskólaútgáfan

Reykjavík 2016

© Davíð Ólafsson, Már Jónsson,

Sigurður Gylfi Magnússon og Guðrún Ingólfsdóttir

Hönnun bókarkápu: Alda Lóa Leifsdóttir

Umbrot: Sverrir Sveinsson

Prófarkalestur: ?????????????????

Prentumsjón: Litlaprent

U201607

ISBN: 978-9935-23-115-4

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALPÝÐUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).
2. Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Þröm. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1998).
3. Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (1999).
4. Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883–1914. Erna Sverrisdóttir tók saman (2000).
5. Burt – og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2001).
6. Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711–1729. Már Jónsson tók saman (2002).
7. Landsins útvöldu synir. Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stíl 1846–1904. Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman (2004).
8. Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578. Már Jónsson tók saman (2004).
9. Sigurður Gylfi Magnússon, Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi (2004).
10. Guðs dýrð og sálanna velferð. Prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1639–1674. Már Jónsson tók saman (2005).
11. Sigurður Gylfi Magnússon, Sjálfssögur. Minni, minningar og saga (2005).
12. Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar. Prestastefnudómar Jóns biskups Vídalíns árin 1698–1720. Már Jónsson og Skúli S. Ólafsson tóku saman (2006).
13. Eftir skyldu míns embættis. Prestastefnudómar Þórðar biskups Þórðarsonar árin 1675–1697. Már Jónsson og Gunnar Örn Hannesson tóku saman (2008).
14. Anna Hinriksdóttir, Ástin á tímum ömmu og afa. Bréf og dagbækur Bjarna Jónssonar kennara, sveitarhöfðingja og samvinnumanns í Húnaþingi á öndverðri 20. öld (2009).
15. Dagbók Elku. Alpýðumenning í þéttbýli á árunum 1915–1923 í frásögn Elku Björnsdóttur verkakonu. Hilma Gunnarsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2012).
16. Guðný Hallgrímsdóttir, Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur. Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu (2013).
17. Árni Kristjánsson og Sigurður Gylfi Magnússon, Bóndinn, spendýrin og fleiri undur alheimsins. Alfræðiverk fyrir alpýðu sem Jón Bjarnason frá Þórormstungu í Vatnsdal vann á árunum 1845–1852 (2014).
18. Sterbúsins fémunir framtöldust þessir. Eftirlátnar eigur 96 Íslendinga sem létust á tímabilinu 1722–1820. Már Jónsson tók saman (2015).
19. Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon, Fátækt og fúlga. Þurfalingarnir 1902 (2016).

*Í minningu móður minnar og ömmu
Huldu Gunnarsdóttur og Guðrúnar Jónsdóttur*

Efnisyfirlit

Formáli	11
Inngangur – Markmið, rannsóknaraðferðir og efnistöð	15
I. Bókin hennar Guðrúnar á Sandhólum	23
1. <i>Eigandinn, uppruni bókarinnar og ritunartími</i>	23
2. <i>Skrifarar og skrift</i>	31
3. <i>Efni</i>	31
Niðurröðun efnis.....	35
Helstu efnispættir	37
Trúarleg kvæði	37
Ádeilukvæði	43
Kvæði um sögulegt efni	46
Sagnakvæði og rímur	47
Siðferðilegur kveðskapur	50
Gamankvæði.....	51
Laust mál	55
4. <i>Samantekt</i>	60
II. Bókmenning evrópskra kvenna	63
1. <i>Læsi og menntun evrópskra kvenna á miðöldum</i>	63
2. <i>Læsi og menntun evrópskra kvenna við siðskiptin og fram á 18. öld.....</i>	70
3. <i>Skriftariðja evrópskra kvenna frá miðöldum og fram undir lok 17. aldar</i>	73
4. <i>Samantekt</i>	79
III. Menntun og bókmenning íslenskra kvenna á miðöldum og fram á 18. öld.....	81
1. <i>Bóklitir íslenskra kvenna á miðöldum og hlutverk mæðra í bóklegri menntun</i>	81

2.	<i>Menntun og bókmenning í íslenskum nunnuklaustrum</i>	89
3.	<i>Af bóklegri menntun kvenna í fornsögum</i>	96
4.	<i>Bækur í eigu kvenna í fornum heimildum</i>	98
5.	<i>Konur sem lesa í fornsögum</i>	100
6.	<i>Bókleg menntun kvenna við siðbreytingu árið 1550 og fram á 18. öld</i>	103
7.	<i>Bókasöfn kvenna og heimildir um bókaeign þeirra í dánarbúum</i>	117
8.	<i>Bækur sérstaklega gefnar út fyrir konur og almúgafólk</i>	121
9.	<i>Á hvaða aldri lærðu íslenskar konur að lesa?</i>	124
10.	<i>Samantekt</i>	125
IV.	<i>Handrit í eigu íslenskra kvenna frá miðöldum og fram á 18. öld</i>	
1.	<i>Ímynd bókakvenna, tengslanet og fjölbætt hlutverk bóka</i>	129
2.	<i>Handrit í höndum kvenna á 14. og 15. öld</i>	137
3.	<i>Handrit í eigu 16. aldar kvenna</i>	145
4.	<i>Bókakonur á 17. öld sem áttu fleiri handrit en eitt</i>	157
5.	<i>Bókakonur á 17. öld sem áttu eitt handrit</i>	186
	Lögbækur	186
	Sögubækur	191
	Kvæða- og sálmaþætur	192
	Trúarrit og bænabækur	195
	Sýrur	199
	Landafræði og orðasöfn	203
6.	<i>Alþýðukonur</i>	204
7.	<i>Bókakonur í upphafi 18. aldar</i>	205
8.	<i>Samantekt</i>	206
V.	<i>Skrifandi konur á Íslandi á miðöldum og fram á 18. öld</i>	211
1.	<i>Rúnakunnátta kvenna til forna</i>	212
2.	<i>Rit eftir konur á miðöldum og handrit með hendi þeirra</i>	212
3.	<i>Bref með hendi kvenna á miðöldum og nafn þeirra og pár á spássíum handrita</i>	216
4.	<i>Saumaskapur og skrifkúnt</i>	219
5.	<i>Skriftariðja kvenna eftir siðskipti</i>	220
	Handrit með hendi kvenna eftir siðskiptin	221
	Æfðir skrifarar í röðum kvenna	228
	Bréf kvenna og undirritanir	230

Nöfn kvenna og pár á spássíum handrita	236
Kennslubækur í lestri og skrift	241
Skriftarkunnátta tengd galdri	243
6. Samantekt	246
Niðurstöður	249
Pakkir	257
Summary	259
Ritaskrá	???
<i>Prentaðar heimildir</i>	???
<i>Óprentaðar heimildir</i>	???
Viðaukar	
<i>Inngangur</i>	???
<i>Skrá yfir handrit í eigu kvenna og handrit skrifuð af konum</i>	???

Formáli

Tvær konur höfðu afgerandi áhrif á menntun mína og bókaeign.¹ Það voru mamma og móður amma mín. Föðurömmu minni kynntist ég því miður aldrei, hún lést fimm árum áður en ég fæddist. Báðar lögðu þær mamma og amma ríka áherslu á að ég gengi menntavegin og gáfu mér bækur. Amma reyndi þó hvað hún gat til að bjarga handavinnuheiðri mínum en með takmörkuðum árangri.

Guðrún Jónsdóttir, amma mín, fæddist árið 1895 að Spóamýri í Þver-árhlíð. Faðir hennar lést þegar hún var sex ára og var heimilið þá leyst upp. Fór hún fyrst til Gils Sigurðssonar afa síns að Krossnesi á Mýrum en hann dó sama ár. Var hún þá næstu ár hjá frændfólki sínu á Mýrunum. Ekkert veit ég annað um bóklega menntun hennar en að hún gekk í Barna-skóla Reykjavíkur veturinn 1908 til 1909. Morten Hansen skólastjóri kenndi henni að skrifa en einnig lærði hún að synda. Hún fermdist svo árið 1910 með góðum vitnisburði. Síðar lærði amma fatasaum og vann lengi við þá iðn.

Málfríður Hulda Gunnarsdóttir, móðir mín, fæddist árið 1917 og var elst átta systkina.² Hún gekk í barna- og unglingaskóla í nokkra vetur en stundaði síðan nám í einn og hálfan vetur við Kvennaskólann á Blönduósi. Amma kenndi mömmu að lesa af stafrófskveri en einnig Nýja testamentinu. Lestrarnámið hófst þegar mamma var sex ára. Hún varð læs sjö ára og við það tækifæri fékk hún *Róbinson Krúsó* og áskrift að barnablaðinu *Ljósberanum* frá móðursystur sinni. Fíknin í lestur var svo mikil að hún

- 1 Yfirtitill þessarar bókar er fenginn úr *Íslandsklukkunni* (Reykjavík, 1969) eftir Halldór Laxness, s. 28. Helga Kress notaði sömu tilvitnun í athyglisverðri og skemmtilegri grein sem fjallar m.a. um tengsl kvenna og bóka í verkum Halldórs (Helga Kress, „Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellíngar.“ Halldór Laxness og Torhildur Hólm“, *Saga* XL:2 (2002), s. 99–138).
- 2 Um ævi mömmu fyrstu 30 árin má lesa í Pálmi Ingólfsson, *Ævi alþýðustálku á fyrri hluta 20. aldar* (Reykjavík, 2015).

las allt sem augu á festi, t.d. *Púsund og eina nótt*, *Eirík Hansson* eftir Jóhann Magnús Bjarnason og *Leysingu* eftir Jón Trausta. Á heimilinu var dágott safn bóka og lásu afi og amma alltaf mikið og ræddu gjarnan um skáldskap og það sem þau voru að lesa. Gamla manningnum þótti þó stundum nóg um bókaást elstu dótturinnar og viðraði einhverju sinni þá skoðun að kvenfólki væri nær að bæta bót eða taka í gat á sokk en vera í sífelldum bókalestri. Það var eins og að stökkva vatni á gæs. Almanak Þjóðvinafélagsins barst inn á hvert heimili á Íslandi eftir að það fór að koma út árið 1874 og var lesið upp til agna. Rúmu ári áður en mamma fæddist birtust í Almanakinu tveir pistlar um uppeldi stúlkna sem afi hefur sýnilega lesið. Til gamans verða þeir birtir hér:

Um uppeldi kvenna.

Látið stúlkubörn njóta góðrar skólamentunar, en kennið þeim jafnframt að þvo, gera við sokka, sauma fötin sín og búa til mat. Sýnið þeim fram á, að sé hyggilega farið að við matartilbúning sparast mikið fé. Og látið þeim skiljast, að í hverri krónu eru 100 au. og að sá einn verður efnalega sjálfstæður, sem eyðir minnu, en hann vinnur sér inn, en sá sem daglega eyðir meiru en hann vinnur fyrir, verður fyr eða síðar öreigi. Kennið þeim að meta meira bómullarkjólinn, sem er borgaður, en silkikjólinn, sem er tekinn í skuld. Gerið þeim skiljanlegt, að hraustlegt og rjótt andlit af vinnu, er fallegra en fól og blóðlaus andlit, þótt fríð séu.

Kennið þeim, að húsmóðirin á sjálf að kaupa til heimilis síns, og sjá um að reikningar þeir séu réttir. Kennið þeim iðni og sjálfstraust og látið þeim skiljast, að hjartagóður, skynsamur og duglegur maður í vinnufötum, er meira virði, en heil tylft af fínt klæddum letingjum, sem eyða tíma og efnum til einskis.

Gerið þeim það ljóst, að hamingja hjónabandsins er ekki komin undir fríðleik og fé, heldur þeim sjóði, sem hjartað geymir. Ef þér hafið kent dætrum yðar alt þetta, þurfið þér ekki að kvíða fyrir framtíð þeirra.

—

Hvað á að kenna dætrunum?

Í útlendu blaði er þessu svarað þannig:

Að 100 aurar, eru 1 króna.

Að taka til handargagns í baðstofunni og halda þar öllu hreinu.

Að þora að segja eindregið já eða nei.

Að festa hnapp í föt og „stoppa“ í gat á sokk og fati svo vel fari, og að öðru leyti þrjóna sokk og sauma fat.

Að vinna í eldhúsi og fjósi vanaleg verk þar, og hirða sáðgarðinn.
Að velja sér góðan félagsskap og fara þá frekar eftir góðu siðferði en ríki-
dæmi, og forðast samneyti við ljettúðuga menn.
Að ætla hverjum hlut ákveðinn stað og leggja hlutina ætíð á sinn stað.
Að fátækur maður starfsamur og siðprúður er meira verður en gjálffur
iðjuleysingi og galgopi, sem lifir á eignum feðra sinna, og hvorki kann né
nennir að vinna.¹

Mamma var drottning eldhússborðsins. Alla jafna stýrði hún umræð-
unum við það. Þá sjaldan að maður hrifsaði af henni orðið sendi pabbi
manni þýðingarmikið augnaráð og sagði: „Mamma þín er að tala“. Bækur
voru hennar hálfa líf og því fengum við gjarnan innsýn í allt sem hún las.
Það voru einkum skáldsögur, frumsamdar og þýddar, og þjóðlegur fróð-
leikur. Stöku ævisaga rataði líka inn á borð hennar. Hún hélt langar ræður
um skáldið á Pröm, merkisprestinn Magnús Blöndal og nöfnu sína Málfríð
Einarsdóttur. Aldrei leiddi hún hugann að því hvort við hefðum áhuga á
öllu því sem hún glepti í sig af áfergu. Ástríða hennar og frásagnargleði
hreif okkur enda með sér út um allar koppagrundir og víðan völl. Þó að
flestir veggir heimilisins væru þaktir bókum og maður hefði þær öllum
stundum fyrir augunum, var það við eldhússborðið sem maður áttaði sig á
vægi þeirra.

Pabbi var ástríðubókasafnari og mamma ástríðulesandi. Þó að þau væru
bæði sílesandi mátti glögg sjá að mamma var fljótari að gleypa allt í sig.
Starfsins vegna þurfti pabbi að lesa mikið en starf mömmu krafðist engrar
sérþekkingar. Heimilið lenti auk þess meira á hennar herðum og því gáfust
færri lestrarstundir. Hún nýtti þær aftur á móti til hins ýtrasta. Í höndum
þeirra virtust bækur hreint ekki þjóna sama tilgangi. Við fyrstu sýn virt-
ist mamma einungis lesa sér til skemmtunar. Ég áttaði mig þó smátt og
smátt á því að hún nýtti bækur einnig sem kennslutæki. Eldhússborðið var
hennar skólastofa og ástríðan við að miðla af þekkingu sinni gerði hana að
framúrskarandi kennara. Um leið og hún uppfærddi okkur menntaði hún
jafnframt sjálfa sig. Sambúð mömmu og bóka er í raun kveikjan að þeirri
rannsókn sem hér fer á eftir. Mig fýsti að vita hvað hún og allar kelling-
arnar sem á undan henni gengu voru að vilja með bókastússi.

1 *Almanak Hins íslenska þjóðvinafélags 1916* (1915), s. 97–98.

Inngangur – Markmið, rannsóknaraðferðir og efnistöð

Hugmyndir um nauman hlut kvenna í bókmenningu á Íslandi virðast ríkjandi og því hefur allt kapp verið lagt á að halda fram þætti þeirra í munnlegri menningu. Hér er ekki ætlunin að kasta rýrð á munnlega menningu, hún er í raun undirstaða þeirrar bóklegu. Vandinn er sá að erfiðara er að festa hendur á henni og því er aflinn stopullur. Þar með er ekki öll sagan sögð. Þegar við gerum okkur mynd af fyrri tíðar konum kemur hin dygðum prýdda jómfrú með asklok fyrir himinn fyrst upp í hugann. Að baki henni birtist sú hefndarþyrsta sem grætur ekki Björn bónda heldur safnar liði. Hvar eru hinar og hvað voru þær að bauka við bækur?

Ef grannt er skoðað ganga þær ein og ein fram á svið sögunnar, dætur og eiginkonur embættismanna og höfðingja, með sína eigin bók í hönd. Að baki þeim birtast konur af lægri stigum. Almúgakonur eiga sannarlega sína fulltrúa á þessu sviði. Þar eð konur nutu ekki formlegrar skólagöngu eru áhöld um í hverju menntun þeirra fólst, hvort þær hafi verið færar um að lesa bækurnar sem þær áttu. Því hefur verið haldið fram að konur hafi einkum eignast bækur að erfðum og þá gjarnan í kvenlegg. Ómeðvitað er verðgildið sett í forgrunn en notagildið lendir meira í útideyfu. Annað hefur þó komið á daginn. Konur fengu bækur oftast að gjöf eða handrit voru skrifuð fyrir þær.¹ Sjaldan er einnig spurt hvaða tilgangi bækur þjónuðu í höndum formæðra okkar, þó að fræðimenn hafi í æ ríkari mæli farið að gera það á síðustu árum.

Meginviðfangsefni þessarar bókar er að varpa ljósi á sambúð íslenskra kvenna og bóka á miðöldum til 1730. Með bókmenningu kvenna er átt við bækur í eigu kvenna eða sem konur hafa lesið og skrifað. Skáldskapur kvenna og ritstörf eru ekki umfjöllunarefni hér enda um annars konar

1 Sjá Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi.“ *Handritasýrpur – bókmenning, þekking og sjálfsmynd karla og kvenna á 18. öld*, Studia Islandica 62 (Reykjavík, 2011), s. 331–333.

rannsókn að ræða. Vert er og að taka fram að bréf og bréfasöfn voru ekki hluti af rannsókninni þar eð það hefði sligað hana. Ekki varð þó hjá því vikist að koma inn á það efni í leit að dæmum um skriftarfærni kvenna. Rannsókn á bókmenningu kvenna á miðöldum til 1730 snýst fyrst og fremst um handritamenningu. Prentsmiðja kom til Íslands skömmu fyrir siðskipti en einungis ein prentbók er varðveitt úr eigu konu frá tímabilinu sem var til rannsóknar (sjá IV,1). Ástæða þess að árið 1730 var valið sem síðara tímamark (*terminus ante quem*) er sú að það ár lést Árni Magnússon. Ákveðin vatnaskil urðu eftir söfnunarstarf Árna en með því hurfu mörg handrit úr umferð á Íslandi. Spurt verður hvernig konur nýttu handrit sem þær áttu og hvað þau segja um heimsmynd eigendanna og hugðarefni. Litið verður á handritaeign íslenskra kvenna sem vitnisburð um læsi og gengið út frá því að þær sem áttu handrit hafi verið færar um að lesa. Aðeins eitt dæmi fannst um hið gagnstæða og það frá 19. öld. Ingvaldur Jóhannesdóttir (1826–1907) átti kvæðakver (JS 483 8vo) sem hún gaf Jóni Borgfirðingi árið 1860. Á aftasta blaði handritsins stendur: „Ingvöldur Jóhannesdóttir á þetta kver þó að hún kunni ei að lesa á því“. Ástæða hefur þótt til að réttlæta bókaeign ólæsrar konu. Ingvaldur gat hins vegar látið annan lesa fyrir sig og þannig komist í tæri við efni bókarinnar. Var sá ólæs sem nam bók með eyrunum? Um mismunandi læsi er m.a. fjallað í öðrum kafla (sjá II,1).

Til að styrkja rannsóknina á bókmenningu kvenna og til að öðlast sem gleggsta mynd af læsi þeirra og menntun fyrr á tíð voru prentaðar heimildir, sagnfræðilegar og skáldaðar, kembdar í leit að dæmum um lesandi og skrifandi konur. *Læsi* er flókið fyrirbæri og felur í nútímamerkingu bæði í sér færnina að lesa og skrifa svo og lesskilning. Fram eftir öldum voru þeir sem kunnu að lesa sjaldnast skrifandi. Lög um skriftarkennslu tóku hér á landi ekki gildi fyrr en árið 1880 en lestarkennsla var lögleidd um miðja 18. öld. Rannsóknir á læsi, eftir að prentverk kom til sögunnar, sýna að það var margþætt. Sumir voru einungis læsir á prentletur en aðrir á hvort tveggja prentletur og skrifletur. Skrifletur var síðan af ýmsum gerðum sem ekki allir höfðu á takteinum.¹ Bent hefur verið á að þetta eigi einnig við um nútímann, ekki sé t.d. á allra færi að lesa gömul handrit.² Það sama má segja um skriftarfærni.

Nýjustu rannsóknir á læsi Íslendinga á fyrri öldum byggja m.a. á kenn-

1 Davíð Ólafsson, *Wordmongers. Post-Medieval Scribal Culture and the Case of Sighvatur Grímsson*, doktorsritgerð frá University of St. Andrews (St. Andrews, 2008), s. 106–180.

2 Heidi Brayman Hackel, *Reading Material in Early Modern England. Print, Gender, and Literacy* (Cambridge, 2005), s. 33–34.

ingum David Barton og Mary Hamilton um tengsl lestrar- og skriftariðju og þess samfélags sem iðkendurnir lifa og hrærast í.¹ Sagnfræðingarnir Erla Hulda Halldórsdóttir, Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon hafa hvað ötulast beitt þessari aðferð á efni frá 19. öld.² Lykilhugtak eða hugmynd í kenningum Barton og Hamilton er alþýðleg læsisiðkun (e. *vernacular literacy practices*). Í rannsóknum þeirra er sjónum fyrst og fremst beint að því hvernig fólk nýtir sér færni að lesa og skrifa, þ.e.a.s. þá færni sem lærist inni á heimilinu en ekki í skólum eða opinberum stofnunum.³

Barton og Hamilton benda á að erfitt sé að greina milli náms og notkunar í lestri og skrift. Hvort tveggja fléttist saman í daglegu lífi.⁴ Þrátt fyrir að lýsing þeirra taki fyrst og fremst mið af nútímasamfélagi á hún sumpart við um fyrri tíma. Frá örófi alda voru skemmtun og notagildi órjúfanleg og eru það í raun enn. Á tímum þegar kunnátta í lestri og skrift stóð ekki öllum til boða var ekki verið að „sóa“ tíma í að kenna slíkt að óþörfu. Konur sem lærðu að lesa nýttu þá færni. Ekki verður þó fjallað um lestur og skrift sem samofna þætti. Læsar konur voru fæstar skrifandi á þeim tíma sem undir er í rannsókninni.

Í fyrsta kafla er syrpa úr eigu alþýðukonu rannsökuð til að fá inn-sýn í bókmenningu slíkra kvenna. Syrpur (e. *miscellanies*) eru handrit með fjölbreyttu efni (sjá fjórða kafla). Annar kafla er stutt yfirlit yfir bókmenningu evrópskra kvenna til að setja íslenska efnið í víðara samhengi. Í þriðja kafla er kafað í prentaðar heimildir á íslensku og þaðan veidd dæmi um lesandi konur. Íslenskar fornsögur fjalla flestar um átök og hernað á opinberum vettvangi og því segir fátt af konum með bók í hönd. Dæmin

- 1 David Barton og Mary Hamilton, *Local literacies. Reading and writing in one community* (London, 1998).
- 2 Sjá nýlegar greinar þeirra um þetta efni: Davíð Ólafsson, „Vernacular Literacy Practices in Nineteenth Century Icelandic Scribal Culture“, í *Att läsa och att skriva. Två vågor av vardagligt skriftbruk i Norden 1800–2000*, ritstj. Ann-Catrine Edlund, Nordliga studier 3 (Umeå, 2012), s. 65–85; idem, „Scribal Communities in Iceland. The Case of Sighvatur Grímsson“, í *White Field, Black Seeds, Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth Century*, ritstj. Anna Kuusmin og M. J. Driscoll, Studia Fennica Litteraria 7 (Helsinki, 2013), s. 40–49; Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, *Minor Knowledge and Microhistory. Manuscript Culture in the Nineteenth Century* (væntanleg 2016); Erla Hulda Halldórsdóttir, „Kvennabréfin á Hallfreðarstöðum. Hagnýting skriftarkunnáttu 1817–1829“, *Saga LI:2* (2013), s. 57–91; idem, „Do Not Let Anyone See This Ugly Scrawling’: Literacy Practices and the Women’s Household at Hallfreðarstaðir 1817–1829“, *Life Writing* 12,3 (2015), s. 289–308.
- 3 Barton og Hamilton, *Local literacies*, s. 6–7, 247–252. Sjá einnig Erla Hulda Halldórsdóttir, „Kvennabréfin á Hallfreðarstöðum“, s. 58.
- 4 Barton og Hamilton, *Local literacies*, s. 252.

sem um það fundust eru öll úr ritum sem fjalla um útlendar konur. Miklu varðar að sögurnar náðu eyrum og jafnvel augum íslenskra kvenna og gátu þannig haft áhrif á sjálfsmynd þeirra. Að auki veita þær innsýn í hvað þótti við hæfi að konur læsu.

Vitneskju um bókaeign og menntun íslenskra kvenna á miðöldum er helst að leita í fornbréfum og skjalasöfnum nunnuklaustra. Stuðst var m.a. við athyglisverðar rannsóknir sem gerðar hafa verið á því efni og sýna ríkari þátt kvenna í bókmenningu en áður var talið. Eftir siðskiptin fjölga heimildum umtalsvert og þó einkum á 17. öld. Uppskriftir dánarbúa frá 18. og 19. öld sem nýlega voru prentaðar veita einnig ómetanlegar upplýsingar um trúarrit í eigu kvenna. Slík rit gegndu mikilsverðu samfélagslegu hlutverki, ekki aðeins við að styrkja siðferðisprek manna. Í þau leitaði fólk að vernd, huggun og merkingu í viðsjálum heimi. Þau áttu og stóran þátt í að móta heimssýn formæðra okkar og forfeðra.

Auk fyrsta kafla eru fjórði og fimmti kafli hryggjarstykki bókarinar. Hér var beitt megindlegum rannsóknaraðferðum,¹ túlkunarfræðilegum svo og efnisgreiningu (e. *content analysis*). Til að öðlast yfirsýn yfir efnið gerði ég skrá um handrit í eigu íslenskra kvenna og handrit skrifuð af konum sem prentuð er í viðauka. Nákvæm greinargerð um tilurð hennar er framan við hana. Fjórði kafli er rannsókn á handritum í eigu kvenna á miðöldum og fram til 1730 en lunginn af veraldlegu lesefni varðveittist í handskrifuðum bókum. Segja má að ákveðin þáttaskil verði á 17. öld með innkomu alþýðukvenna og ódýrari pappír sem gerði fleirum kleift að eignast handrit. Reynt var að grafast fyrir um hvaða not konur höfðu af handritunum og hvað þau segja um menntun, heimsmynd og áhugasvið eigendanna. Í ljós kom að lesefni kvenna var býsna fjölskrúðugt. Auk þess kom á daginn að menntun þeirra dró dóm af námsefni skólanna þó að ekki fengju þær að sitja við sjálfar uppsprettur. Konur lásu vissulega trúarrit og kyrjuðu sálma og voru margar hverjar dygðum prýddar matrónur. Undir svæflinum leyndist hins vegar eitt og annað ekki allt jafnheilagt.

Fimmti kafli fjallar um skriftariðju íslenskra kvenna, handrit með þeirra hendi, bréf og pár á spássíum. Fáar konur lærðu að skrifa en þó fleiri en ætla mætti. Af ýmsum ummælum má marka að skriftarkunnátta kvenna vakti aðdáun og hlýtur að hafa hvatt þær margar til dáða. Ritfærni sína notuðu þær einkum til bréfaskrifta eða til að undirrita skjöl. Til að skrifa handrit þurfti þjálfaðan skrifara. Öruggar heimildir um handrit með hendi kvenna eru af skornum skammti á tímanum sem var til rannsókn-

1 Sbr. skráin í viðauka.

ar, þó að bent hafi verið á nokkur sem gætu verið skrifuð af konum. Eitt handrit fann ég sem óbyggjandi er með hendi konu, Þóru Þorsteinsdóttur (f. 1640). Þegar faðir Þóru varð blindur gerðist hún skrifari hans. Til er annað eldra dæmi frá lokum 16. aldar um konu sem varð skrifari fóstara síns. Nauðsyn braut því stundum lög og konur gengu í störf sem þeim voru alla jafna ekki ætluð. Á fyrri tíð var samfélagið viðkvæmt fyrir áföllum og í fjölskyldum þar sem sonur var ekki til að dreifa fengu dæturnar gjarnan meiri menntun en þeim var almennt skömmtuð.

Bækur kvenna voru fjölbreyttar að efni og þjónuðu ólíku hlutverki. Þangað sóttu þær fróðleik, skemmtun, fyrirmyndir og þrek til að mæta örlögunum. Til að búa börn sín undir skóla fengu konur smjörþef af náms-efni skólapilta. Og til að varða þeim veginn um lífið sjálft urðu þær að hafa þekkingu á þeim lögmaðlum sem giltu í heiminum, bæði veraldlegum og andlegum. Einnig stýrðu þær stundum guðrækni heimilisins og notuðu við það bækur. Bókageign þeirra varpar vissulega ljósi á hlutverk þeirra sem húsmæðra en þeim leyfðist líka að skemmta sér og lyfta andanum. Framan af voru það einungis konur úr efri lögum samfélagsins sem áttu bækur. Þegar líða tekur á 17. öldina ganga ættsmærri konur fram á sviðið. Konur voru því allt annað en bóklasar og blindar og líf þeirra hvorki litlaust né bragðdauft.

Hliðstæð rannsókn á bókmenningu kvenna hefur hvorki verið gerð hérlandis né erlendis, mér vitanlega. Í því sambandi er vert að hafa í huga að víðast í veröldinni er safnkosturinn dreifðari en á Íslandi. Skráning handrita í sameiginlegan gagnagrunn, *handrit.is*, létti lífið til muna, þó að fullskráning sé skammt á veg komin. Markmiðið með rannsókninni var að draga upp mynd af bókmenningu kvenna sem byggð væri á tiltækum heimildum. Vinnureglan sem sett var í upphafi var höfð fremur stíf þó að ekki tjái að draga fjöður yfir það að í glímunni við fortíðina varð ímyndunarafli fræðimannsins stundum að vega upp skort á heimildum. Þrátt fyrir það getur engum dulist að formæður okkar og bækurnar þeirra tala sjálfar sínu máli.

Íslensk handrit eru geymd í allnokkrum söfnum, innlendum og erlendum. Stærstu söfn íslenskra handrita eru geymd í Landsbókasafni – Háskólabókasafni, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Árnasafni í Höfn. Handrit bera öll safnmark sem auðkennir þau, t.d. AM 764 4to. AM stendur fyrir safn Árna Magnússonar í Reykjavík og Höfn, tölurnar tákna númeraröð handritsins í safninu en 4to stærðina. Handrit í Landsbókasafni eru aðkennd með Lbs og sömu sögu er að segja af handritum í erlendum söfnum. Holm er t.d. auðkenni á þeim handritum sem

varðveitt eru í Konungsbókhöðunni í Stokkhólmi. Í safnmörkum Stokkhólmsbókhöðunnar er einnig gefið til kynna hvort handrit er úr skinni eða pappír, t.d. Holm perg 2 fol, en *perg* stendur fyrir pergament sem merkir skinn. Pappírshandrit eru hins vegar auðkennd með *papp* sem er stytting fyrir pappír. Handrit eru í fjórum stærðum, þ.e. fol (fólíó, arkarbroti eða tveggjablaðabroti), 4to (kvartó eða fjögurraðabroti), 8vo (oktavó eða áttaðabroti) og 12mo (dúódecimó eða tólflaðabroti). Fyrstu handritin voru einkum gerð úr kálfskinni og því helgaðist stærðin af því hversu oft hvert skinn var brotið. Í fólíóhandritum var skinnið brotið tvisvar og því eru þau stærst, í kvartóhandritum var það brotið fjórum sinnum og svo koll af kolli. Haldið var í þessar stærðareiningar þegar pappír kom til sögunnar. Handritum eru stundum gefin nöfn sem tengjast uppruna, útliti eða eiganda. AM 764 4to er t.d. kallað Reynistaðarbók því þar er talið að handritið hafi verið skrifað. Alla jafna er vísað í blöð í handritum en ekki blaðsíður, þó að ekki sé það einhlítt. Fremri blaðsíðan er kölluð rektó-hlið en aftari versó-hlið. 1r (1 rektó) táknar t.d. að um fyrsta blað handrits er að ræða og fremri blaðsíðuna en 1v (1 versó) táknar blaðsíðuna á bakhliðinni. Allar tilvísanir í handrit sem og prentaðan texta eru tilfærðar með nútímastafsetningu til hægðarauka fyrir lesendur. Falli slíkar tilvitnanir inn í megintexta eru þær afmarkaðar með tvöföldum gæsalöppum, þrátt fyrir að búið sé að rjála við stafsetingu.

Yfirstéttarkonur taka óhjákvæmilega mest rými í bókinni, konur af helstu höfðingjaættum landsins (í IV,1 er greinargerð um þessar ættir). Þar sem talað er um millistéttarkonur er átt við dætur og eiginkonur fátækari presta og sæmilega stæðra bænda. Í Evrópu samanstóð millistéttin hins vegar af borgarbúum en slíkt fólk eignaðist ekki heimilisfesti hér á landi fyrr en á 19. öld. Almúgakonur eru dætur og eiginkonur fátækra bænda og vinnufólks. Gjarnan enduðu slíkar konur í vinnumennsku þó að sumum hafi auðnast að hífa sig upp í húsmóðurstéttina. Alþýðukonur eru sannarlega ekki plássfrekar á síðum bókarinnar þó að ekki séu þær neinar hornkerlingar. Erfiðara var aftur á móti að afla heimilda um þær þó að markmiðið með bókinni væri ekki að varpa ljósi á líf kvenna og kjör heldur fyrst og fremst sambúð þeirra við bækur. Til að jafna hlut þeirra og gefa þeim rödd er í upphafi kafað ofan í bók úr eigu alþýðukonu. Fyrsti kafli er nákvæm athugun á syrpu (JS 582 4to) í eigu Guðrúnar Jónsdóttur (1741–1796) húsfreyju í Saurbæjarhreppi í Eyjafirði. Ævitími Guðrúnar fellur að vísu utan þess tímabils sem fyrst og fremst var rannsakað. Þjóðfélagsbreytingar urðu á hinn bóginn ekki það miklar á öldinni að rannsókn á bók Guðrúnar var talin geta gefið býsna góða mynd af heimsmynd 18.

aldar alþýðukvenna. Það sem einnig freistaði, auk þessa merkilega handrits, voru þær upplýsingar sem nálgast mátti í skjalasöfnum um eigandann og fólkið hennar. Fróðleik af þessu tagi var traudla að finna um konurnar á rannsóknartímanum. Hér var nýja textafræðin höfð að leiðarljósi en hún gerir ráð fyrir að innri og ytri þættir hvers handrits séu skoðaðir, t.d. efni, bygging, skrift og band. Markmiðið er að varpa ljósi á tilurð og tilgang handritsins svo og eiganda þess. Guðrúnarbók veitir einstaka innsýn í heimsmynd, hugðarefni og viðhorf hvunn dagskonu á 18. öld.

I. Bókin hennar Guðrúnar á Sandhólum

1. Eigandinn, uppruni bókarinnar og ritunartími


Á Sandhólum í Saurbæjarhreppi í Eyjafirði situr húsfreyjan, Guðrún Jónsdóttir (1741–1796), við lítið borðskrifli og skrifar í bókina sína (JS 582 4to): „Þessa bók á ég Guðrún Jónsdóttir með réttu og er vel að henni komin“ (102v). Hún gerir tvær aðrar atlgur að því að merkja sér bókina auk þess að gera fáeinar stafaprufur. Rithöndin ber með sér að húsfreyja er ekki æfður skrifari en kunnátta hennar var þó ekki á færi allra kvenna á þessum tíma. Þegar horft er nú yfir öxl Sandhólahúsfreyju vekur strax athygli að bókin er ekki að öllu leyti sú sama og hún var vön að handfjatla. Páll stúdent Pálsson, sem átti handritið árið 1859, batt það inn og gerði við það, setti nýja titilsíðu og útbjó efnisyfirlit.¹ Ekkert er vitað um upprunalegt band né hvernig titilsíðan leit út á meðan Guðrún átti bókina. Á gömlu titilblaði, sem nú er glatað, stóð að handritið hafi verið „skrifað á Sandhólum innan Eyjafjarðarsýslu“.² Síðasta ártalið sem fyrir kemur í JS 582 4to er 1762, við lokaefnisþáttinn, en þá var Guðrún 21 árs. Stór hluti bókarinnar gæti verið skrifaður sama ár eða skömmu áður. Líklegra er þó að handritið sé skrifað á tímabilinu 1762–1775.

Guðrún var dóttir Jóns Sveinssonar, bónda og hreppstjóra á Eyvindarstöðum í Sölvadal, og konu hans Sigríðar Guðmundsdóttur. Handritið eignaðist Guðrún að öllum líkindum eftir að hún varð húsfreyja á Sandhólum. Fyrri eiginmaður hennar, Jón Sigurðsson (1740?–1774), var þar bóndi.³ Eftir að hann lést 1. nóvember 1774 giftist hún Einari Einarssyni

1 Óvíst er í hvaða mæli Páll hélt í upprunalega kveraskiptingu. Það efni sem deilir kveri með öðru efni er vissulega skrifað á sama tíma en oft hefst efnisþáttur á nýju kveri. Fyrsta kver er sex tvinn (tvinn eru tvö áföst blöð), annað kver fjögur tvinn, en þar á eftir eru tvö tvinn iðulega saumuð saman. Eftir blað 80 er örðugt að henda reiður á kveraskiptingu.

2 Sbr. titilblað sem Páll Pálsson stúdent setti framan við handritið þegar hann batt það inn. Titillinn sem Páll gaf handritinu er: „Ljóða-bók“.

3 Íslendingabók, <http://www.islendingabok.is>.



Mynd 1: Rithönd Guðrúnar Jónsdóttur húsfreyju á Sandhólum og í Nesi. Guðrún var ekki æfður skrifari enda var skrifarkunnátta ekki almenn meðal kvenna á ávitíma húsfreyju. Konur notuðu skrifarkunnáttu sína einkum til bréfaskrifta og til að skrifa nafnið sitt undir skjöl og gerninga. Skrifarkunnátta gat einnig komið í góðar þarfir til að staðfesta eignarrétt sinn á bókum eins og Guðrún gerir hér.

(1744?–1792) 1. nóvember árið 1776.¹ Ekki er vitað hver gaf Guðrínu JS 582 4to, né hvenær.² Þegar móðuramma hennar, Þórey Björnsdóttir, giftist skrifaði eiginmaðurinn bók handa henni. Bókin (Lbs 4209 8vo) er syrpa sem fyrirmyndarhúsmóðir á menningarheimili gat nýtt við uppfræðslu barna sinna en einnig sjálfri sér til andlegrar upplýfingar og skemmtunar.³

Af JS 582 4to má ráða að það var skrifuð fyrir konu. Sé tekið mið af sennilegum ritunartíma og því að Guðrún er eini nafngreindi kvenkyns eigandinn var bókin að öllum líkindum skrifuð fyrir hana.⁴ Hafi þau Einar hafið búskap á Sandhólum gæti hann hafa skrifað lungann af henni rétt eins og Jón.

Engar heimildir fundust um búskaparár Guðrúnar og Jóns. Ekkert er heldur vitað um Guðrínu og fólkið hennar á árunum 1783–1785 þegar Skaftáreldar, Móðuharðindi og farsóttir riðu sem holskefla yfir íbúa landsins. Þrengingunum lauk vorið 1785 og hófst þá uppbygging eftir undanfarandi óáran.⁵ Árið 1786 eru Guðrún og Einar komin í Nes í sama hreppi,

1 ÞÍ – Kirknasafn. Saurbær í Eyjafirði BA/1. Prestsþjónustubók 1740–1787 (nær einnig yfir Hóla í Hjaltadal 1724–1739).

2 Ekkert er vitað um giftingarár Guðrúnar og Jóns. Þó að Guðmundur sonur þeirra hafi fæðst 1773, segir það ekkert til um giftingarárið. Guðrún og Jón gætu hafa átt andvana fædd börn áður en Guðmundur kom í heiminn. Engar upplýsingar fengust um slíkt í prestþjónustubókum.

3 Sjá fjórða kafla. Ítarlega er fjallað um bókina í Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 204–257.

4 Á sömu síðu (102v) og Guðrún skrifar að hún eigi bókina eru vísur þar sem fram kemur að Sigurður Grímsson eigi bókina. Fyrsta vísan hefst svo: „Þetta morgun kvæða kver, / kostur mun að ljá það“. Vandinn er sá að í raun er bókin alls ekki samsafn af kvæðum sem tengjast andakt að morgni. Fremst í henni geta sum kvæðin e.t.v. flokkast undir slíkt en ekki öll bókin. Blaðið gæti hafa tilheyrt öðru handriti áður. Handritið geymir aukinheldur laust mál, t.d. efnisþáttinn sem lýkur á rektó-hlið á bl. 102. Ofan við vísurnar er nafnið Grímur, en neðan við þær er vísa þar sem einhver þakkar karlmanni fyrir bókarlánið. Einnig er þar fangamarkið „J.S.son“. Sigurður Grímsson (1754–1785), bóndi á Litla-Hamri í Öngulstaðahreppi í Eyjafirði, var þremmingur við Guðrínu. Guðný Björnsdóttir, amma hans, var systir áðurnefndrar Þóreyjar. Ekki er loku fyrir það skotið að Guðrún hafi gefið Sigurði frænda sínum bókina.

Það sem Guðrún skrifar nær frá miðri síðu og niður. Það sem tengist Sigurði er skrifað á efri helmingi blaðsins og rétt nemur við það sem Guðrún skrifar. Útilokað er að sanna hvort var skrifað á undan.

Til að flækja málið enn frekar má geta þess að önnur Guðrún Jónsdóttir (f. 1821) varð einnig húsfreyja á Sandhólum í Eyjafirði árið 1860, gift Bjarna Bjarnasyni (f. 1812) bónda þar. Skriftarlagið ber hins vegar vott um að það sé sú eldri sem haldi á penna.

5 Guðmundur Hálfðanarson, „Mannfall í Móðuharðindum“, í *Skaftáreldar 1783–1784. Ritgerðir og heimildir* (Reykjavík, 1984), s. 139–162, s. 145.

sem var betri jörð. Vera má að þau hafi fengið Nes upp úr þessum ósköpum. Af búnaðarskýrslum á árunum 1788–1840 má sjá að Nes var nálægt meðalbúi, sem táknar að fólkið hafði það sæmilega gott. Alla jafna voru þrjár kýr á heimilinu á tímabilinu frá 1788–1796. Mjólkandi ær voru 23 árið 1788 en 40 árið eftir. Flest ár voru þær 44 (46 árið 1790) en árið 1795 fara þær niður í 22 og síðan 20 árið eftir. Oftast var einn taminn hestur í Nesi og annar ótaminn, en flestir verða tamdir hestar árið 1793 eða fjórir. Túngarðurinn stækkar jafnt og þétt öll árin sem er skýlaus vottur þess að Guðrún og fólkið hennar var vinnusamt. Hann var 20 faðmar árið 1788 en er kominn upp í 82 faðma árið sem hún kveður þennan heim.¹

Í sálnaregistri Saurbæjarsóknar eru umsagnir sóknarprestsins um Guðrúnu og heimilisfólk hennar á árunum 1786 til 1793.² Þær gefa athyglisverða innsýn í lestrarkunnáttu fólksins en vitna auk þess um þekkingu þeirra á guðsorði og það siðferðisástand sem ríkti á bænum. Áður en fjallað verður um þær einkunnir sem fólkið í Nesi fær er vert að hafa í huga að kvarði presta til að meta lestrarkunnáttu var ekki kyrfilega niðurnjörvaður. Eigi að síður má þó sjá ákveðið kerfi út úr einkunnagjöfnni. Það kemur heim við læsisrannsókn sem Loftur Guttormsson gerði árið 1981 og byggir á sálnaregistrum í níu prestaköllum.³ Í ljósi gagnanna endurgerði Loftur sex þrepa skala sem hann sagði að notaður hefði verið í öllum prestaköllum: Ólæs – stafar – les lítið – les nokkuð – les/já – les vel. Þau tilbrigði sem eru í skýrslum prestanna við þetta orðalag megi flokka innan þessa kerfis. Þó að stigsmunur sé t.d. á *dável læs* og *vel læs* falla þessar einkunnir í sama flokk.⁴ Loftur bendir hins vegar á að gjáin

1 ÞÍ – Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri OA/1. Búnaðarskýrslur 1788–1840.

2 ÞÍ – Kirknasafn. Saurbær í Eyjafirði BC/1. Sálnaregistor 1785–1798.

3 Loftur Guttormsson, „Island, læsefærdighed og folkeuddannelse 1540–1800“, í *Ur Nordisk kulturhistoria. Læskunnighet och folkbildning före folkskolevæsendet*, XVIII Nordiska historikermötet Jyväskylä 1981. Mötesrapport III, *Studia Historica Jyväskyläensia* 22,3 (Jyväskylä, 1981), s. 123–191.

4 Í „Reglugjörð fyrir Prestaskólann“ frá 30. júlí 1850 eru gefin upp tölugildi fyrir einkunnir í orðum:

Hinar einstöku einkunnir gilda þetta í tölum:			
afbragðsvel	jafnt 8	sæmilega jafnt	1
dável	— 7	laklega	— ÷ 7
vel	— 5	illa	— ÷ 23

(*Lagasafn handa alþýðu* 2, útg. Magnús Stephensen og Jón Jensson (Reykjavík, 1887), s. 48)

Þó að hér sé komin aðeins meiri festa í einkunnagjöfina endurspeglar hún upp að vissu marki hugmyndir manna 60 árum fyrr.

milli *les lítið* og *les nokkuð* sé mun breiðari en milli þess að *lesa nokkuð* og *lesa*.¹

Trúlega er það síra Tómas Skúlason sem húsvitjar í Nesi í mars árið 1786. Hann var prestur í Saurbæ frá 1773 en fékk Grenjaðarstað 25. desember árið 1785.² Hann tók þó ekki strax við staðnum. Einar Einarsson er skráður 43 ára og „dável læs“. Hann er sagður „dánumaður“ og „velfróður og uppfræddur“. Guðrún Jónsdóttir er 44 ára og fær hún sömu einkunn fyrir læsi, hegðun og kunnáttu. Guðmundur Jónsson, sonur Guðrúnar, er 13 ára, „les sæmilega“, er „efnilegur“ og „kann nokkuð í Pontoppidan spurningum“.³ Guðrún dóttir Einars og Guðrúnar er 8 ára, „les nokkuð“, er sögð efnileg og „kann Fræðin [þ.e. Fræði Lúthers minni.], vers, bænir“. Á bænum er einnig sex ára niðurseta, Þóra Kjartansdóttir, sem „stautar dálítið“, er sögð „í meðallagi“ og kann það sama og heimasætan.

Árið 1787 húsvitjar nýr prestur, síra Magnús Jónsson, en hann tók við Saurbæ það ár.⁴ Heimilisfólkið fær sömu einkunn og ári fyrr, nema Guðmundur er sagður „sæmilega læs“ og Þóra „hlýðin“. Árið 1788 er Einar enn sagður „dável læs“ en Guðrún „rétt vel lesandi“. Guðmundur er sagður „vel læs“, Guðrún yngri „sæmilega læs“ og Þóra „nokkuð lesandi“. Einar er „dánumaður“ og „fróður í guðsorði“, Guðrún er „frómlynd“ og er „sæmilega fród“. Árið 1789 er Einar enn „dável læs“ en Guðrún „nokkuð lesandi“. Inn á heimilið er komin ekkja, Anna Jónsdóttir sem er „vel læs“ og „frómlynd“. Árið 1790 er Einar „vel lesandi“, Guðrún „sæmilega“ læs, Guðmundur „vel“ læs sem og Guðrún yngri, Anna „sæmilega“ læs og Þóra „nokkuð“ lesandi. Einar er sagður „siðlátur“ og Guðrún „guð-

1 Loftur Guttormsson, „Island, læsefærdighed og folkeuddannelse“, s. 144, 169.

2 Upplýsingar um ævi einstakra kvenna og manna í þessari bók eru fyrst og fremst fengnar úr: 1. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940 I–VI* (Reykjavík, 1948–1976) og 2. Íslendingabók. <http://www.islendingabok.is>. Ekki verður vísað til þessara heimilda nema ástæða þyki til. – Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár V*, s. 17.

3 Hér er átt við þýðingu á riti eftir danska biskupinn Erik Pontoppidan sem fyrst var prentað á íslensku árið 1741 þegar ferming var lögboðin hér á landi. Fræði Lúthers minni lágu til grundvallar fermingarfræðslunni en í riti Pontoppidans er lærdómurinn útlagður fyrir ungmenning. Titill bókarinnar í fyrstu prentun var: *Sannleiki Guð-hræðslunnar. Í einfaldri, og sem varð stutttri, þó á-nægjanlegri út-skýringu yfir sál. Doct. Mart. Luth. Litla Catechismum. Innihaldandi allt það, sem sá er vill verða sáluholpinn, þarf við, að vita og gjöra* (Kaupmannahöfn, 1741). Bókin var kölluð Pontí. – Hér á eftir verður fyrst og fremst vísað í útgáfur sem líklegt má telja að Guðrún hafi haft aðgang að. Sumt eru frumútgáfur annað ekki, en ástæðulaust þótti að taka það fram. Meginmarkmiðið er að upplýsa um hvaða rit ræðir. Vert er að taka fram að sum ritin eru á bækur.is.

4 Sveinn Níelsson, *Presta tal og prófusta á Íslandi* (Kaupmannahöfn, 1869), s. 184.

hrædd“. Guðmundur er „örlyndur“ en Guðrún „hlýðin“, sem þótti mikill kostur fyrir ungar stúlkur. Hér verður að geta þess að prestar voru einkum að kanna trúarlærdóm manna, ekki almenna þekkingu. Árið 1791 er Einar aftur orðinn „dável“ læs og Guðrún „nokkuð“ lesandi. Guðmundur er „rétt vel“ læs, Guðrún yngri aftur „sæmilega“ læs, Anna enn „sæmilega“ læs, svo og Þóra.

Seinni árin er síra Magnús sýnilega þreyttur á skrifinnnskunni og í stað þess að skrifa um hegðun og kunnáttu hvers og eins, gefur hann nokkrum bæjum sameiginlega einkunn. Nægar bækur eru til og fólkið er sæmilega frótt í guðsorði. Sumir hafa líka lært Passúsálma síra Hallgríms Péturssonar (1614–1674) utan að, sem og Fæðingarsálma síra Gunnlaugs Snorrasonar (1713–1796), Hugvekjusálma síra Sigurðar Jónssonar (1590–1661) í Presthólum og Krossskólasálma Jóns Einarssonar (d. 1595) rektors Hólaskóla. Árið 1792 er Einar enn „dável“ læs, og Guðrún enn „nokkuð“ lesandi. Guðrún yngri er aftur orðin „sæmilega“ læs og Guðmundur „vel“ læs. Anna er enn „sæmilega“ læs og Þóra aftur „nokkuð læs“. Árið 1793 er síðasta skiptið sem húsvitjað er í Nesi meðan Guðrún er enn á lífi. Einar lést árið áður. Guðrún er nú aftur „sæmilega“ læs, Guðmundur „vel lesandi“, Guðrún yngri „sæmilega“ læs og Anna og Þóra „sæmilega“ læsar. Á heimilið er nú kominn vinnumaður, Jóhann Hallsson, sem er 32 ára og „rétt vel læs“.¹

Einkunnirnar sem heimilisfólkið í Nesi fær sýna að á bænum var fólk sem gat lesið sér til gagns og gamans. Börnin tóku eðlilegum framförum sem er órækur vottur þess að lestrarkennslan var stöðug á ákveðnu tímabili. Þó verður að hafa hugfast að hljóðlestur í einrúmi og lestur upphátt var sitthvað. Það að Guðrún fer frá því að vera *dável læs* í það að vera *sæmilega* og *nokkuð læs* gæti gefið vísbendingu um að sjón hennar fari hrakandi. Hún nálgast enda óðfluga sextugsaldurinn þegar sjónin fer að daprast. Eitt er þó víst að á ákveðnu tímabili var hún mjög vel læs.

Þegar dánarbú Jóns Sigurðssonar var gert upp á Sandhólum 6. júní árið 1776 voru samtals 10 bækur á heimilinu:² „Orðabók“,³ Önnur af pín-ingarhistoríunni,⁴ Grallari, sálmaabók, Kristindómur út af fræðunum,⁵

1 ÞÍ – Kirknasafn. Saurbær í Eyjafirði BC/1. Sálnaregistor 1785–1798.

2 ÞÍ – Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri ED1/1. Skiptabók 1769–1776.

3 Jón Vídalín, *Sjö predikanir út af þeim sjö orðum drottins vors Jesu Christi, er hann talaði síðast á krossinum* (Hólar, 1753). – Oft nefnd *Sjöorðabókin*.

4 Jón Vídalín, *Sjö predikanir út af pín-ingarhistoríu vors drottins Jesu Christi* (Hólar, 1740).

5 Jón Árnason, *Spurningar út af fræðunum. Samanteknar handa börnum og fjfróðu almúga-fólki* (Kaupmannahöfn, 1722).

Tvær bækur Johanns Arnts,¹ Manuale,² Krossskólasálmar, Þórðarbænir,³ Fæðingarsálmar“. Þegar prestur húsvitjar í Nesi árið 1787 eru sex bækur skráðar: „Vídalínspostilla, sálmaþók, Passíu-⁴ og Gerharðshugvekjur,⁵ Grallari, Þórðarbænir etc.“. Etc. í enda upptalningarinnar bendir til að þær hafi verið fleiri. Árið 1790 farast presti svo orð um bókakost í Nesi: „Húslastrarbækur eru nokkrar á þessu heimili“.⁶

Þegar dánarbú Einarssonar var skráð 4. desember 1792 var Guðmundur sonur Guðrúnar 19 ára en Guðrún 15 ára.⁷ Þá eru þessar bækur skráðar:

Föðurarfur Guðmundar í bókum:

Arndts kristindómur 2 bækur
Föstupredikanir Vídalíns⁸

Bækur sem tilheyrja þeim mæðgum, Guðrúnu eldri og yngri:

Vídalínspostilla
Grallari
Sálmaþók
Upprisuhugvekjur⁹

- 1 Johann Arndt, *Sannur kristindómur* [samræmdur titill], þýð. Þorleifur Arason (Kaupmannahöfn, 1731–1732). – Fjórar bækur eftir Johann Arndt komu út undir þessu heiti.
- 2 Martin Møller, *Manuale. Það er handbókarkorn, hvörninn maður eigi að lifa kristilega, og deyja guðlega*, þýð. Guðbrandur Þorláksson (Hólar, 1753).
- 3 Þórður Bárðarson, *Það andlega bænareykelsi þess góða Guðs kennimanns, sr. Þórðar Bárðarsonar, forðum að Biskupstungum* (Hólar, 1746). – Þórðarbænir voru fyrst prentaðar 1723.
- 4 Johann Lassenius, *Tvennar sjö sinnum sjö hugvekjur eður þankar út af písl og pínu drottins vors Jesu Christi, sem lesast mega á kvöld og morgna, um allan föstudámann*, þýð. Vigfús Guðbrandsson (Hólar, 1723).
- 5 Johann Gerhard, *Heilagrar hugvekjur þénandi til þess, að örva og upptendra þann innra manninn, til sammarlegrar guðræknis og góðs siðferðis*, þýð. Þorlákur Skúlason (Hólar, 1753). Sjá einnig Johann Gerhard, *Fimmtíu heilagrar hugvekjur. Meditationes sacrae*, útg. Þórunn Sigurðardóttir, inngangur og skýringar eftir Einar Sigurbjörnsson og Þórunni Sigurðardóttur, Íslensk trúarrit 2 (Reykjavík, 2004).
- 6 ÞÍ – Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri ED1/1. Skiptabók 1769–1776.
- 7 ÞÍ – Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri ED1/3. Skiptabók 1791–1801.
- 8 Jón Vídalín, *Sjö predikanir út af píningarhistóriu* (sjá framar).
- 9 Steinn Jónsson, *Psalterium Triumphale. Það er upprisusaltari, út af dýrðarfullum upprisugri vors drottins Jesu Christi. Með lærdóms-fullri textans útskýringu* (Kaupmannahöfn, 1746).

Sjöorðabók Vídalíns
Þórðarbænir
Gerhardi hugvekjur
Kristindómur¹
Fæðingarsálmar
Hallgrímskver² og Pontopp. 2 b.

Einar lét eftir sig samtals 13 bækur. Í þriðja kafla (sjá III,7) kom fram að meðalheimili átti um 15 bækur á árunum 1800–1830, þannig að bókaeignin í Nesi rímar við það sem gerðist og gekk. Allt eru þetta líka bækur sem voru algengar á íslenskum heimilum og studdu við heimilisguðrækni.³ Vídalínspostilla kemur inn á heimilið með Einari en ekki er vitað hvort hann átti bókina áður eða þau Guðrún hafi keypt hana til heimilisins. Fjárhagur Guðrúnar vænkast heldur með seinni eiginmanninum. Þegar dánarbú Guðrúnar er skráð 18. október 1796 eru bækur hennar þessar:

Vídalínspostilla
Graduale (Grallari)
Upprisuhugvekjur
Sjöorðabókin
Kristindómur Vídalíns
Gerhards hugvekjur
Þórðarbænir
Fæðingarsálmar
Hallgrímskver og Pontoppidan spurningar

Samtals átti Guðrún 10 bækur. Í upptalninguna vantar sálmaþókin sem var í eigu þeirra mæðgna. Bækur þeirra Guðmundar og Guðrúnar eru ekki skráðar sérstaklega við þetta tækifæri, þannig að þær bækur sem upp á vantar gætu hæglega enn hafa verið í eigu þeirra systkina.

Af umsögnum presta um menntun og menningu fólksins í Nesi og nábýlinga, svo og bókaeign þeirra, má sjá að fólkið hafði nóg af andlegu fódri. Nálægðin við prentsmiðjuna á Hólum skipti sköpum fyrir dreifingu bóka. Engum sögum fer hins vegar af veraldlegu lesefni en hér á eftir verður kafað ofan í bókina hennar Guðrúnar til að fá meiri innsýn í heimsmynd hennar og hugmyndir.

1 Jón Vídalín, *Stutt og einföld undirvísun um kristindóminn* (sjá framar).

2 Hallgrímur Pétursson, *Andlegir sálmar og kvæði. Og nú í eitt eru samanteknir, til guðrækilegrar brúkunar og fróðleiks, þeim er nema víija* (Hólar, 1773). – Ritið er kallað Hallgrímskver.

3 Sjá *Sterbúsins fémunir framtöldust þessir*.

2. Skrifarar og skrift

Þrír skrifarar skrifa handritið JS 582 4to. Fyrsti skrifarinn skrifar bl. 1r–4v, annar bl. 5r–12v og sá þriðji bl. 13r–16v. Annar skrifarinn skrifar afganginn af handritinu, bl. 16v (neðst)–127v, en ekki er útilokað að þriðji skrifarinn grípi í pennann. Fjórar hendur eða skriftartegundir eru á bókinni hennar Guðrúnar. Fljótaskrift með áhrifum frá kansellískrift er á bl. 1r–4v. Kansellískrift með áhrifum frá fljótaskrift er á bl. 5r–12v en á bl. 13r–16v virðist kansellískriftin hreinni. Afgangurinn af handritinu er með fljótaskrift, en titlar, fyrsta lína, nöfn og latnesk orð eru gjarnan skrifuð með húanískri skrift sem oft vill verða kansellískriftarleg.¹ Kansellískrift kemur þó fyrir á fáeinum efnispáttum (30r–34r, 65r–68v, 93r–97v) en ekki er sýnileg regla í því hvað er skrifað með fljótaskrift og hvað með kansellískrift. Gamankvæði eru þó aldrei með kansellískrift.

Í umslagi með handritinu eru tvö laus blöð. Annað er með hendi Jóns Sigurðssonar forseta og er orðamunur við Skraparotspredikun. Hitt geymir aðra uppskrift af draumi Guðrúnar Brandsdóttur í Stagley og er skrifað eftir 1762 en ekki af neinum þeirra skrifara sem skrifar meginhandritið.

3. Efni

Handritið hennar Guðrúnar er syrpa, en slíkar bækur geyma fjölbreytilegt efni.² Í því eru 42 efnispættir, sem hér segir:

1. *Bl. 13r–16v:*³ Barnaber (Heilög þrenning himnum á, / heyrðu bænir mínar) – [Höfundur: Ásmundi Sæmundssyni (um 1590–eftir 1649 en fyrir 1656).]
2. *Bl. 1r–4v:* Kvæðið Hugdilla (Fram úr þögn skal þylja, / þó það veiti tregt) – [Höfundur: Síra Sigurður Jónsson (1590–1661) í Presthólum.]
3. *Bl. 5r–7v:* [Vísur og kvæði eftir Magnús Einarsson á Tjörn (1734–1794) (5r–v, 6r–7v) og Svein Sölvason (1722–1782) lögmann (5r, 5v–6r).]

1 Lýsing á skriftartegundum er í Guðvarður Már Gunnlaugsson, *Sýnisbók íslenskrar skriftar* (Reykjavík, 2007), s. 144–145; sjá einnig Erik Jørgensen Kroman, *Skriftens Historie i Danmark fra Reformationen til Nutiden* (Viborg, 1975), s. 26–27.

2 Um syrpur, sjá fjórða kafla.

3 Handritið er ekki blaðmerkt en geymir síðari tíma blaðsíðumerkingu. Blaðmerking er verk höfundar þessarar bókar enda núorðið venja að vísa í blaðtöl í handritum fremur en blaðsíðutöl.

4. *Bl. 7v–8v*: Ein vísa kveðin af Irlaugi Helgasyni (Tvinnuð núna táls af kró, / taka að hreyfa ljóðin sér) – Höfundur: Illuga Helgasyni (1741–1818).
5. *Bl. 9r–12v*: Nokkrar vísur kallaðar Ellifró, kveðnar af séra Jóni Magnússyni í Laufási (Hrelldar sálir hlýðið mér, / sem holdi í veiku búið – Höfundur: Síra Jón Magnússon í Laufási (1601–1675).
6. *Bl. 16v–18r*: Hér skrifast kvæði sem heitir Harmabót. Með lag sem Barnaber, ort af hr. Þorvaldi Magnússyni (Kristinn maður þenktu þrátt, / um þínar ævi tíðir) – Höfundur: Þorvaldur Magnússon (1670–1740) skáld úr Húsavík.
7. *Bl. 18r–19r*: [Þriggja kvenna kvæði.] Eitt kvæði (Set eg upp á bók og blað, / blessað hróðrar efni – [Höfundur: síra Jón Einarsson (1600?–1674) í Stærra-Árskógi.]
8. *Bl. 19v–21r*: Hér skrifast Agnesar kvæði (Forðum tíðum ríkti í Róm, / ræsir einn á láði) – [Þorvaldur Magnússon (1670–1740) skáld úr Húsavík.]
9. *Bl. 21r–22v*: Kvæði af Veroníka píslarvott (Kveð eg um kvinnu eina, / á Christi dögum þessi var) – [Höfundur: Þorvaldur Magnússon (1670–1740) skáld úr Húsavík.]
10. *Bl. 22v–24v*: Eitt annálskvæði sem upp kom í Þýskalandi, eftir Christi fæðing, þúsund og fimm hundruð ár. Með lag sem Barnaber (Gjörast mörgum skemmtan skýr, / skilnings grein af fróðum) – [Höfundur: Guðmundur Bergþórsson (1657–1705).]
11. *Bl. 24v–27v*: Skjöldur (Faðir á himnum, faðir þjóða, / faðir sem að allt skapaði) – [Höfundur: Síra Magnús Pétursson (1600?–1686) á Hörgslandi.]
12. *Bl. 27v–30r*: Geðfró (Faðir, sonur og friðarins andi, / fyrst eg beiði þig) – [Höfundur: Sigga skálda (17. –18. öld) (Sigríður Jónsdóttir).]
13. *Bl. 30r–32v*: Hér skrifast Dúfu dilla (Andi Guðs mig endurnæri, / eðli og tungu jafn hræri) – [Höfundur: Árni Pétursson (1652–eftir 1731) skáld og lögréttumaður.]
14. *Bl. 32v–34r*: [Um óstöðugleika þessa lífs og þess armæðu frelsi.] Eitt kvæði sem ort hefur sr. Þorlákur Þórarinnsson (Leit eg standa lilju metta / líka rós hjá henni spretta. – Höfundur: Þorlákur Þórarinnsson (1711–1773) prófastur í Vaðlaþingi.
15. *Bl. 34r–35v*: [Skemmu-kvæði.] Eitt kvæði ort af sr. Jóni Guðmundssyni, forðum sóknarherra að Stararskógi [Stærra-Árskógi] (Góms að nausti Gyllings ferja, / gengur fram á milli skerja) – Höfundur: Síra Jón Guðmundsson Stærra-Árskógi (1635?–1696).

16. *Bl. 35v–37r*: Láka kvæði lystavel kveðið (Hér er sagan harma kauna, / hvað Þorláki bar til rauna. – [Höfundur: Guðmundur Bergþórsson (1657–1705).])
17. *Bl. 37r–37v*: Þessi bragur kallast Jólaskrá. Með lag sem kirkjugöngu-bragur (Seytján hundruð þrjátíu og fjögur að finna / fyrst hinn þriðja jóladag skal inna).
18. *Bl. 37v–38v*: Kvæði um refinn og úlfinn (Tófa og úlfur tóku, / tala saman á grund) – [Höfundur: Páll Vídalín (1667–1727)].
19. *Bl. 38v–39r*: Kvæði af tófu og krumma (Margt hafa vísir meistarar forðum, / skrifað á bækur til skemmtunar mönnum. / Einkum þeim ungu til uppfræðingar, / svo forðast mættu fláráða vini.)
20. *Bl. 39r–40v*: Eitt kvæði til gamans (Þanninn byrjast þessi saga, / þar var bóndi forðum daga, / nautheimskur með nógan seim).
21. *Bl. 40v–53v*: Hér skrifast Einvaldsóður, hljóðandi um þær fjórar mon-archiur eða einvaldsstjórnir. Í sex bálkum samantekinn 1658 (Ljós fer að leggja, / lýsa stjórnur) – [Höfundur: Síra Guðmundur Erlendsson (1595?–1670) í Felli.]
22. *Bl. 53v–58v*: [Bertramskvæði] Eitt kvæði til gamans (Margir áður mynda náðu, / mæðar seim til skemmtunar).
23. *Bl. 59r–62r*: [Kvæði af Alexander.] Eitt kvæði af einu ævintýri (Þar skal fram úr þrætu kór, / þundar renna blandi) – [Höfundur: Guðmundur Bergþórsson (1657–1705).]
24. *Bl. 62r–64v*: Kappakvæði Guðmundar Bergþórssonar (Geystur flýgur glettu byr / golnirs eftir fleygir) – [Höfundur: Guðmundur Bergþórsson (1657–1705).]
25. *Bl. 65r–68v*: [Gaman og alvara.] Samhendur uppá aðskiljanlegt, ortar af sál. sr. Hallgrími Péturssyni (Oft er ís lestur, / illa skór festur) – Höfundur: Hallgrímur Pétursson (1614–1674).
26. *Bl. 69r–72r*: Hér skrifast einn sálmur með alkunnugu lagi vor á meðal (Hentugt er það eg heilsa þér, / heimta vill skyldan slíkt af mér)
27. *Bl. 72r–74r*: Skipafregn (Vorið langt / verður oft dónunum, / heldur strangt / harðnar í sveitunum) – [Höfundur: Gunnlaugur Snorrason (1713–1796).]
28. *Bl. 74r–75r*: Hér skrifast Meðallendinga sálmur (brot) (Tilburða undra teiknið téð, / trúverðugt það eg veit) – [Höfundur: Guðmundur Bergþórsson (1657–1705).]
29. *Bl. 75v–76v*: Odds bragur (Bragurinn rís um bátinn einn, / brögnum þótti hann auðnu seinn) – [Höfundur: Síra Stefán Ólafsson (1619?–1688) í Vallanesi.]

30. *Bl. 77r–88v*: Hér byrjast Skautaljóð – Árni Egilsson (1679–1754) (77r–78v), Brynjólfur Erlingsson (f. 1633) (83r–v), Guðmundur Bergþórsson (1657–1705) (78v–79v, 80r–81r, 81v–83r, 83v–84v, 86r–88r), sr. Jón Grímsson á Hjaltabakka (1642–1723) (84v–86r), Sigurður Pálsson (1640?–1720) (88r–v), Þórður Halldórsson (17. öld) (79v–80r, 81r–v).
31. *Bl. 89r–93r*: Skraparots predikun. Hinn annar partur bókarinar
32. *Bl. 93r–94r*: Látrabréf ið forna – [Höfundur: Þorlákur Þórarinnsson (1711–1773).]
33. *Bl. 94v–95v*: Ein sönn historia um plágur þeirra 12 kynþátta Ísraels-sona síðan þeir píndu Messíam.
34. *Bl. 95v–97v*: Ævisaga af Júdas Ískaríoth.
35. *Bl. 97v–102r*: Hreggviðs þula – [Bréf Jóns Hreggviðssonar til Árna Magnússonar og Páls Vídalín, dagsett 31. júlí 1708. Jón skrifar sjálfur undir en bréfið er skrifað af séra Þorsteini Ketilssyni (1716–1754) presti á Hrafnagili og Þorsteini Sigurðssyni.]
36. *Bl. 102v*: Kvæði um eiganda og áritanir annarra eigenda, t.d. Guðrúnar Jónsdóttur
37. *Bl. 103r–104v*: [Ríma af rómverskum narra.] Ein ríma út af einu ævintýri til gamans (Herjans læt eg hauk úr þagnar heiði flökta, / þó valla kunni víða að skjökta) – [Nafn höfundar er bundið í lokin, e.t.v. Jón (*Rímnatal* 1966:351).]
38. *Bl. 105r–107r*: [Þjófaríma (Ramsinitus ríma).] Ein ríma af ævintýri kveðin af Jóni Þorsteinssyni (Borða svanur fjalars fer, / fram úr þagnar eiði) – Höfundur: Jón Þorsteinsson (1680–1739) í Fjörðum.
39. *Bl. 107r–110v*: [Bóndakonuríma.] Hér skrifast ríma af stuttri historíu (Dvalins læt eg dælu jór, / dragast tals úr sandi) – [Höfundur: Jón Þorsteinsson (ekki vitað hver).]
40. *Bl. 111r–113r*: Fjóra ríma Þórðar Magnússonar á Strjúgi (Hlýt eg enn, ef hlýtt er sögn, / hljóða mýkja strenginn) – Höfundur: Þórður Magnússon á Strjúgi (16. öld).
41. *Bl. 113r–114v*: Hér skrifast Einbúaklif (Karl ógiftur einn réð á, / einu sinni að klífa) – [Höfundur: Síra Jón Þórðarson (1616–1689) að Hvammi í Laxárdal.]
42. *Bl. 115r–126v*: Hér skrifast nokkrir fyrirburðir, vitranir og draumar

115r–116v: 1. vitran séð af heiðurlegum kennimanni séra Jóni Eyj-
úlfssyni yngra ásamt hans meðfylgjara Árna Guðmundssyni – **1683**

116v–119r: Önnur vitran – Vitrun og draumur síra Magnúsar Péturs-
sonar á Kirkjubæjarklaustri – **1628**

119r–122v: Þriðja vitran – Vitrun og draumur Hávarðar Loftssonar í
Ásagerði á Síðu – **1628**

122v–123r: Fjórhða vitran – Vitrun Gísla Þórðarsonar í Ytri-Skógum
undir Eyjafjöllum – **1628**

123r–124r: Fimmta vitran – Vitrun og draumar Ólafs Oddssonar á
Hjalla í Höfðhverfi – **1627**

124r–124v: Sjötta vitran – Vitrun Guðmundar Ólafssonar á Hofi á
Höfðaströnd – **1744**

124v–125r: [Vitrun Gísla Pálssonar á Flugumýri] – **1744**

125v–126v: [Draumur Guðrúnar Brandsdóttur í Stagley] – **1762**

Niðurröðun efnis

JS 582 4to hefst á trúarlegu efni, líkt og venja var í bókum sem geymdu fjölþætt efni. Sá sem hannaði handritið skiptir því í tvo parta. Sá fyrri er að drýgstum hluta trúarleg og siðferðileg kvæði en auk þess má þar finna veraldlegan kveðskap af ýmsu tagi. Síðari hlutinn hefst og honum lýkur á lausu máli. Einnig eru þar rímur, sem eru frásagnarkvæði er standa nær lausamálstextum en kveðskapurinn í fyrri hlutanum. Í handritinu er hver efnispáttur merktur, þó að misbrestur sé á því. Samkvæmt merkingum átti handritið að hefjast á kvæðinu Barnaber, sem nú er á bl. 13r–16v. Ekkert verður sagt með vissu hvenær röðin riðlaðist en þegar Páll stúdent batt handritið inn yfirsást honum þetta. Í efnisskipaninni hér að framan er Barnaber sett fremst en það látið halda núverandi blaðtali. Vegna ósamræmis er merkingum handritsins ekki fylgt út í æsar.

Á bl. 9r–35v (ætti að vera frá bl. 1r) er trúarlegt efni. Hluti af því þjónaði sem vörn gegn öllu því illa er ásótt gat og hent formæður okkar og forfeður. Í samfélagi þar sem bæði skorti félagslegt kerfi og heilbrigðisþjónustu varð fólk að treysta á Guð, lukkuna og sjálft sig. Beittastur og dugði best var kynngimagnaður kveðskapur.¹ Ekki einasta stökkta hann

1 Í umfjöllun Margrétar Eggertsdóttur um morgun- og kvöldsálma kemur hún inn á verndandi hlutverk þeirra og hvernig þeir eigi að hrekja myrkrið og hið illa á braut (Margrét Eggertsdóttir, „Sálmar og daglegt líf“, í Loftur Guttormsson, „Frá siðaskiptum til upplýsingar“, í

hinu illa á flóttu, hann veitti vernd og huggaði. Þó að trúarlegur kveðskapur hafi átt að stæla siðferðisþrek manna má af bókinni hennar Guðrúnar sjá að þangað sótti fólk ekki síður öryggisgæslu fyrir heimilið. Með bók í hönd og kvæði á tungu var kerfið virkjað og Guð á línunni. Kveðskapur þessi þrumar þó ekki einasta um aumlegt líf manns á jörðunni, í honum má finna gleðiboðskap og útópíska sýn á allt það sælgæti sem bíður manns í himnaríki.

Eins og handritið er bundið núna er fyrsti efnispáttur þess huggunar-kvæði sem dregur líka upp mynd af hinni fullkomnu eiginkonu. Fleiri kvæði vísa veg eiginkonunnar í hjónabandinu, þangað sem hún sótti fyrirmyndir. Efnið á bl. 5r–7v gefur hins vegar tóninn fyrir þann mikla fjölda kvæða eftir Guðmund Bergþórsson sem finna má í handritinu. Þar á eftir kemur kvæði með sögulegu efni en slíkt efni höfðaði greinilega til eiganda bókarinnar og var partur af menntun hans.

Gamankvæði, sagnakvæði og rímur koma aftan við trúarlegt efni. Þegar búið var að gera allt heilagt mátti skemmta sér. Mikið af gamankvæðunum fjallar um heimska karla. Sá sem skrifaði handritið hefur ekki verið viðkvæmur fyrir hönd karlkynsins. Eftirtektarvert er að í kvæðum JS 582 4to eru konur oftast en ekki aðalpersónur og í einu þeirra sýnir kona bæði hugkvæmni og snilli (Bóndakonuríma). Fleiri kvæði fjalla um það hvernig ráðkænska fleytir manni áfram í veröldinni (Ríma af rómverskum narra og Þjófaríma). Svipaður boðskapur er í kvæðunum út af dæmisögum Esóps og Samhendum Hallgríms sem Guðrún hefur sungið yfir börnum sínum.

Fáein ádeilukvæði eru í JS 582 4to og kvæði sem kalla má ritdeilu. Flest tengjast þau Guðmundi Bergþórssyni, einu af meginskáldum handritsins. Eigandinn hefur haft mætur á skáldinu því allt er reynt til að bera í bætifláka fyrir hann. Þó að ádeilan sé á tíðum býsna snörp endar hún oftast en ekki í töluverðum sáttatón. Vera kann að kvæði af þessu tagi hafi m.a. verið notuð til að losna við reiði. Flytjandinn byrjaði uppi í rjáfri með illyrðum en lauk sér af sáttur við Guð og menn.

Lausa málið á bl. 89r–102r hefst á efni sem tengist leiklistarlífi skólapilta í Skálholti. Náms efni stólsskólanna má finna í bókum kvenna

Kristni á Íslandi III, ritstj. Hjalti Hugason (Reykjavík, 2000), s. 184–195, s. 189–190). Og þó að Þórunn Sigurðardóttir fjalli ekki nákvæmlega um það hlutverk sem hér um ræðir, fjallar hún um samfélagslegt hlutverk kveðskapar: „Kvæði voru ort í félagslegum tilgangi og trúarlegum, til að heiðra, lofa, hugga, gleðja, fræða, bæta kristilegt siðferði, til minningar um látna, til að syngja yfir börnum og óska náunganum heilla, gefa heilræði, veita áminningu og deila á bresti og veikleika mannsins, græðgi og valdaffkn, svo nokkuð sé nefnt“ (Þórunn Sigurðardóttir. *Heiður og huggun, Eftirjóð, harmijóð og huggunarkvæði á 17. öld*, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 91 (Reykjavík, 2015), s. 49–52, s. 49).

(sjá fjórða kafla) og því skal engan undra að finna megi skemmtiefni þaðan. Látrabréfið sem fylgir í kjölfarið þjónar í handriti Guðrúnar fyrst og fremst sem einhvers konar þjófafæla og kallast því sumpart á við þau trúarlegu kvæði sem áttu að veita vernd. „Ein sönn historia um plágur þeirra 12 kynþátta Ísraelssona síðan þeir píndu Messíam“ og „Ævisaga af Júdas Ískaríoth“ eru af trúarlegum toga þó að efnið eigi rætur í almúgabókum. Þessar frásagnir virðast hafa verið vinsælar. Tónninn er einkar neikvæður, rétt eins og í Látrabréfinu, enda er þetta efni rammað inn af öðru sem meir er til skemmtunar og fróðleiks. Þó að hið illa sé óhjákvæmilegur fylgifiskur hins góða varð að hemja það. Hreggviðspula, sem lokar þessum hluta, er fróðleg frásögn af hrakningum Jóns Hreggviðssonar þar sem reynt er að vekja samúð lesandans. Vitranir og draumar, sívinsælt efni, binda endahnútinn á handritið. Þó að slíkar frásagnir séu alla jafna flokkaðar sem þjóðtrú, hafa þær einatt trúarlega skírskotun.

Guðrúnarbók var verkfærakista Sandhólahúsfreyju í viðsjárverðum heimi. Í hana sótti hún t.d. skapalón að máta sig við í húsmóðurhlutverkinu. Þangað leitaði hún og að vernd fyrir heimilið, bæði til að kljást við þjófa og ræningja og annað hyski ögn loftkenndara. Ekki veitt henni heldur af huggun þegar gaf á bátinn og áföll heimsins dundu yfir. Mikilvægt var fyrir Guðrúnu að halda í gleðina og því ornaði hún sér við lýsingar á dýrðinni í efra. Hluta af kveðskapnum brúkaði hún til að uppfærða börn sín og til að minna sig á að stundum þarf að beita klókindum í lífsins ólgusjó. En hún mátti líka skemmta sér og hlæja að misvitrum köllum og eiga sér uppáhaldsskáld sem gat misstigið sig og kastað hnútum að konum. Að lokum gat hún uppfært heimilisfólkið og skemmt því með sögulegum fróðleik. Bókin hennar Guðrúnar vottar að hún var vel mennt.

Helstu efnisþættir

Trúarleg kvæði

Vernd

JS 582 4to geymir fáeinar fjandafælar og kvæði er notuð voru sem vörn gegn ásóknum eða áföllum. Þó að ljós upplýsingar sé tekið að skína á landsmenn náði það ekki að lýsa upp skúmaskot sálarlífsins. Draugatrú og trú á sendingar og illa vætti var býsna lífseig. Kvæðið Barnaber (13r–16v) var t.d. talið vörn gegn draugagangi og ásókn illra anda:

Einu sinni var kona ein heima hjá ungbarði á jólanótt, en hitt fólkið fór til kirkju. Sat hún við ljós upp á þverpalli og las húslestur. Þá heyrði hún

þrusk í göngunum og kom inn á baðstofugólfíð naut mjög ógurlegt, flegið ofan að knjám og dró eftir sér húðina. Leitaði það við að komast upp á pallinn. Konan lét þá guðspjallið blasa móti nautinu og bandaði bókinni móti því. Staðnæmdist það þá á gólfinu og hristi sig. En þarna hafðist nautið við hvað gott sem konan hafði yfir þangað til hún fór loksins að raula Barnaber. Þá hvarf nautið.¹

Í lokaerindi kvæðisins kemur fram að sá sem lærir það utan að fái englavernd, hugarró og sofi áhyggjulaus. Það var því ekki nóg að eiga kvæðið niðurskrifað. Til að kalla fram áhrifamátt þess varð að gera það hluta af sjálfum sér, eins og konan gerði í þjóðsögunni.² Hægt var að syngja Barnaber, sem og stóran hluta kvæðanna í bókinni hennar Guðrúnar. Það er á köflum ágætlega ort, einkum vísurnar um dauðann sem upphaf annars og betra lífs:

29. Sumarið kemur að sönnu nú,
sérhvörn eftir vetur,
eins fer þegar endað þú,
ævina þína getur,
vorið skín með skart,
hvör veit nema hryggðar far
hafi enda snart,
vér séum komnir annað ár
í engla ljósið bjart.

[...]

32. Fyrst vor rennur aldur út,
eins og vatna straumur,
líður burt hin langa sú,
líka holdsins glaumur
og endast lífsins slóð,
ævin tekst upp önnur þá,
elskuleg og góð,
eilíft lífið allir fá
sem eignast Jesú blóð.

1 *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* I, safnað hefur Jón Árnason, útg. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (Reykjavík, 1954), s. 307.

2 Sbr. einnig hugmyndir miðaldamanna, sjá þriðja kafla.

33. Morgun hvör hann hefur kvöld,
 hér svo plagar líka,
 heimsins langa öld,
 líður og allir dagar,
 meðan veröld vara má,
 hvör veit nema styttist stund
 og störfín takist frá,
 eigi holdið allt um grund,
 aftur Guðsson sjá. (14v–15r)

Barnaber er í sumum handritum eignað Ásmundi Sæmundssyni (1590?–fyrir 1656), bónda og skáldi í Samkomugærði í Eyjafirði.¹ Í næstsíðasta erindinu biður skáldið Guð að geyma hjörðina sína fyrir grimnum úlfum, einkanlega þá við Eyjafjörð. Guðrún og hennar fólk hefur án efa tengt sterkar við kvæðið en utanhéraðsmenn.

Önnur fjandafæla er kvæðið Skjöldur (24v–27v) eftir síra Magnús Pétursson (1600?–1686) á Hörgslandi.² Í kvæðinu húðskammar Magnús kölska en endar á því að biðja Jesú að blessa heimilið og vernda fyrir ásókn djöfla:

Bæinn blessa, hús og heyið,
 heimilið allt sem hefur að geyma,
 Jesús stjórna og stilling vísa,
 sterklega að öllum landa merkjum.

Enginn djöfull að oss gangi,
 enginn fái oss unnið af mengi,
 Jesú reiði og blessað blóðið,
 bugir það allt svo týni huga. (27r)

Kvæðið veitir þeim vernd sem læra það:

Haldið kvæðið heitir Skjöldur,
 hann svo reynist hvörjum manni,
 þeim hann vilja ná eður nema,
 neyð þeim aldrei grandí eða reiði. (27r–v)

- 1 Bragi Halldórsson fjallar um rímur Ásmundur og telur að hann hafi verið ólærður alþýðumaður sem „hafi borið takmarkaða virðingu fyrir jafnt geistlegum sem veraldlegum yfirvöldum“ (Bragi Halldórsson, „Ástir Hjalmar's hugumstóra og Ingibjargar konungsdóttur í rímum síðari alda“, *Són* 7 (2009), s. 65–131, s. 72).
- 2 Sjá einnig Hannes Þorsteinsson, „Æfiágrip fjöggra klerka í Skaptafellsþingi á 17. og 18. öld“, *Blanda IV* (1928–1931), s. 93–205, s. 203.

Tvö kvæði af heilögum meyjum eru í bókinni hennar Guðrúnar, Agnesarkvæði (19v–21r)¹ og Veroníkukvæði (21r–22v).² Bæði eru þau eignuð Þorvaldi Magnússyni (1670–1740) skáldi úr Húsavík, en bragarháttur, stíll og orðnotkun eru keimlík.³ Kvæðin urðu vinsæl og þau virðast fylgjast að í handritum. Eflaust er það rétt að þau hafi sumpart átt að ýta undir siðferðisvitund almennings.⁴ Í þau hefur fólk einnig sótt styrk og vernd rétt eins og á kaþólskum tíma en viðurkennt er að kaþólskra áhrifa gætti lengi hér á landi. Agnes var verndardýrlingur ungra stúlkna en í kvæðinu um Veróníku er áhersla lögð á mátt hennar til að lækna með dúknum sem hún rétti Kristi á leið að Golgata. Íslenskum konum veitt örugglega ekki af styrk og vernd til að uppfylla þær væntingar sem gerðar voru til þeirra um hreinlífi og aðhlyningu sjúkra.

Fyrirmyndir og huggun

Hugdilla (1r–4v) nefnist harmljóð fremst í handritinu.⁵ Það er merkt númer tvö þannig að upprunalega hefur það komið næst á eftir Barnaber. Kvæðið orti síra Sigurður Jónsson (1590–1661) í Presthólum eftir Þórunni Jónsdóttur (1600?–1644) konu sína. Hugdilla er til í allmörgum handritum enda var því ætlað að hugga þá sem urðu fyrir makamissi og veita þeim líknarráð.⁶

Nú vil eg þú þiggir,
þennan nasa dúk,
sem vina harmur hryggir,
með hönum tár af strjúk,
sjá hvað gleðin gnæfir hryggð,
þá þið finnist aftur að,
upp í himna byggð. (4v).

1 Kvæðið er prentað í Tuomas Järvelä og Jon Gunnar Jörgensen, „Agnesarkvæði“, í *Fimm kvæði um heilaga menn*, verkefni á vorönn 1981 í Þjóðfræði II. Vélrit á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni (Reykjavík, 1981), s. 1–48, s. 18–26. – Hér á eftir verður ekki vísað í prentaðar útgáfur á alþekktum kvæðum. Þar sem vísað er í útgáfur er einungis ein valin.

2 Kvæðið er prentað í Soffía Ófeigsdóttir, *Veroníkukvæði*, BA-ritgerð frá heimspekideild Háskóla Íslands (Reykjavík, 1986), s. 46–50.

3 ^{sama}, s. 57–59, 66; Tuomas Järvelä og Jon Gunnar Jörgensen, *Agnesarkvæði*, s. 1–48, s. 13.

4 Soffía Ófeigsdóttir, *Veroníkukvæði*, s. 66.

5 Ítarlega er fjallað um muninn á erfiljóðum, harmljóðum og huggunarkvæðum í Þórunn Sigurðardóttir, *Heiður og huggun*, s. 75–95.

6 Yfirlit yfir handrit kvæðisins má fá í Þórunn Sigurðardóttir, *Heiður og huggun*, s. 397–398.

Í kvæðinu er dregin upp mynd af fyrirmyndareiginkonunni. Kona ljóðmælanda var guðhrædd, fróm, friðsöm og orðvör og sá aumur á þeim sem minna máttu sín. Hún var heldur ekkert að horfa útundan sér á aðra karlmenn: „hreint í hjúskap sonnum, / hélt sig alla stund“ (1v). Hústjórn hennar var með þrýði og því óx blessun búans. Hún var snyrtileg, gjafmild og síðast en ekki síst vitur: „Holl og hugul næsta, / hirtin, ör og greind“ (2r). Þar eð Hugdilla er harmljóð er nærtækt að álykta að bókin sé skrifuð eftir að Guðrún missti fyrri eiginmanninn. Á hinn bóginn hefur verið bent á að kvenmynd erfiljóða og harmljóða átti að vera ungum stúlku um vegvísir í hjónabandinu. Þangað áttu þær að leita að fyrirmyndum.¹

Merkingar efnisþátta í JS 582 4to virðast upprunalegar og því hefur Hugdilla ætíð verið hluti af bókinni hennar Guðrúnar þó að annar haldi á penna en sá sem skrifar meginhandritið. Jón gat því verið að leggja Guðrúnu lífsreglurnar í upphafi hjúskapar þeirra.

Kvenmyndin í Priggja kvenna kvæði (18r–19r) síra Jóns Einarssonar í Stærta-Árskógi er af svipuðum toga og í Hugdillu.² Fyrri hluti kvæðisins er harmljóð eftir tvær fyrstu eiginkonurnar. Þar er skýrust myndin af fyrstu spúsu hans sem deildi með honum kjörum í þrjátíu ár: „frábær var í festum trú, / fögur rósarlilja, / hún vel studdi hús og bú, / hneigð til margra gæða“ (18v). Kvæðið er aftur á móti ort þegar Jón giftist þriðju eiginkonuinni og því ríkir gleði hins nýgifta manns í síðari hluta þess: „Mér er horfin mæða, / meinsemd og fár. / Guð kann að græða, / gjörvöll mín sár“ (18r).

Huggun og gleðiboðskapur

Harmabót (16v–18r) Þorvalds Magnússonar (1670–1740) úr Húsavík er huggunarkvæði. Lagboðinn við kvæðið er sá sami og við Barnaber.³ Í því er ekki verið að syrgja einhvern ákveðinn heldur ástvini almennt. Skáldið ber saman það stutta æviskeið sem við deilum með þeim sem okkur eru kærastir og eilífðina í fangi þeirra á himnum. Það sé því full ástæða til að gleðjast. Í lokaerindinu kemur fram að sá sem lærir kvæðið öðlist hugarhæð:

- 1 Þórunn Sigurðardóttir hefur víða bent á þetta, sjá t.d. *Heiður og huggun*, s. 179, 331. – Í handriti Þóreyjar, ömmu Guðrúnar, er einnig kveðskapur þar sem dregin er upp mynd af hinni fullkomnu eiginkonu (Guðrún Ingólfsdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, 225–227. Sjá einnig fjórða kafla).
- 2 Kvæðið er prentað í Jón Samsonarson, „Sorgarljóð og gleðikvæði prestsins á Árskógsströnd“, *Gripla V* (1982), s. 7–34, s. 28–34.
- 3 Lagboði sagði til um hvaða lag átti að nota til að syngja kvæði.

22. Svo skal enda orða vers,
 um ástmenn vora kæra,
 eg af hjarta óska þess,
 allir sem það læra,
 öðlist hugar hægð,
 freistinganna fárleg neyð,
 frá oss verði bægð,
 eftir liðið æviskeið,
 erfi gleðinægð. (18r)

Geðfró¹ (27v–30r) eftir Siggú skáldu (17.–18. öld), Dúfu dilla² (30r–32v) eftir Árna Pétursson (1652–eftir 1731) skáld og lögréttu-
 mann á Illugastöðum í Fnjóskadal og Um óstöðugleika þessa lífs og þess
 armæðu frelsi³ (32v–34r) eftir Þorlák Þórarinsson (1711–1773) prófast í
 Vaðlaþingi,⁴ fjalla öll um hverfulleika og raunir jarðlífsins. Slík kvæði áttu
 að veita huggun og endurnæra: „Andi Guðs mig endurnæri“ (sbr. Dúfu
 dilla (30v)). Þó að undarlegt megi virðast fólst einnig í þeim gleðiböð-
 skapur og frelsun frá armæðu þessa heims, sbr. titillinn á kvæði Þorláks.
 Rétt eins og í Harmabót er hamrað á því að vistin með Guði sé sannkallað
 sælgæti og tilhlökkunarefni. Lýsing á vistarverunni sem bíður manns er
 síðan í Skemmukvæði (34r–35v) Jóns Guðmundssonar (1635?–1696) í
 Stærta-Árskógi: „Skemman gullinu glæst / glóir öll að sjá“, eins og segir
 í viðlaginu. Í Dúfu dillu kemur að lokum fram að mikilvægt var bæði að
 lesa og læra kvæðin: „að orðið þitt eg lesi og læri“ (30v).

Þó að Ellifró (9r–12v), eftir síra Jón Magnússon (1601–1675) í Lauf-
 ási, flokkist ekki sem trúarljóð, er efni þess grein af sama meiði og áður-
 nefnd kvæði. Kvæðið orti Jón til föður síns, síra Magnúsar Eiríkssonar.
 Ellikvæði urðu fremur vinsæl kvæðagrein á 16. og 17. öld, en elst er talið
 Ellikvæði Jóns Hallssonar sem að hluta er prentað í *Vísnaðabók Guðbrands*
 (1612).⁵ Í þeim er viðhorfið til ellinnar æði misjafnt. Gjarnan kvarta menn

1 Kvæðið er prentað í Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* II, s. 43–55. Sjá einnig
Upplýsingaröldin. Úrval úr bókmenntum 18. aldar, útg. Víkingur Kristjánsson og Þorfinnur
 Skúlason (Reykjavík, 2000), s. 89–93.

2 Kvæðið er einnig varðveitt í Kvæðabók úr Vigur, AM 148 8vo.

3 Kvæðið var fyrst prentað í Þorlákur Þórarinsson, *Nokkur Ljóðmæli* [...] (Hólar, 1775), s.
 155–158. – Oft nefnt Þorlákskver.

4 Sjá hér á eftir um Látrabréfið.

5 *Vísnaðabók Guðbrands*, útg. Jón Torfason og Kristján Eiríksson, inngangur og skýringar eftir
 Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson (Reykjavík, 2000), s. 437–439.

og kveina yfir bágrí heilsu og hrörnun.¹ Í Ellifró Jóns Magnússonar talar yngri maður til þess aldna. Meining hans er fyrst og fremst að hugga og hressa gamla pápa um leið og hann hvetur alla grákolla að taka gleði sína fyrir orð Guðs:

Hrelldar sálir hlýðið mér,
sem holdi í veiku búið,
örvasa menn aldraðir,
einkum bið eg snúið
hjarta og hugarins rót,
í anda glaðir á minn sann,
orði Drottins á mót,
sérhvör finna sjálfur kann,
sínu meini bót. (9r)

Unga fólkið getur líka dregið lærdóm af ellinni:

Fyrir æru, tryggð og auðnulag,
elliprýddra manna,
gamallra kvenna heiðurs hag,
og hugvit öldunganna,
dýrðin drottni sé,
þénti oss ungum þeirra dád
með þægu uppfóstri,
blessaður enn með bæn og ráð,
að bjarga kristninni. (12r)

Eigandi JS 582 4to var ekki aldraður á ritunartíma handritsins, en gerði sér kannski vonir um að verða það einn góðan veðurdag. Not hans af kvæðinu dvínuðu því ekki með árunum. Þess má geta að kvæðið var prentað í Hrappsey árið 1774, ásamt með Ellidikt Einars Sigurðssonar í Eyðölum, sem sýnir vinsældir þeirra.²

Ádeilukvæði

Bókin hennar Guðrúnar geymir mikið af kveðskap Guðmundar Bergþórssonar (1657–1705), afkastamikils kvæða- og rímnaskálds.³ Hún hafði

1 Óskar Halldórsson, *Bókmenntir á lærdómsöld 1550–1770* (Reykjavík, 1996), s. 37.

2 Jón Magnússon, *Kvæðið Elli-fró* (Hrappsey, 1774).

3 Um Guðmund, sjá t.d. Finnur Sigmundsson, „Guðmundur Bergþórsson, skáld“, í *Merkir Íslendingar. Nýr flokkur V* (Reykjavík, 1966), s. 75–87.

sýnilega mætur á skáldinu. Efnisþáttur þrjú (5r–7v) er svolítið safn af vísum og kvæðum þar sem tveir samtímamenn og sveitungar Guðrúnar deila um kveðskap Guðmundar. Höfundarnir eru Sveinn Sölvason (1722–1782) lögmaður á Munkaþverá og Magnús Einarsson (1734–1794) sem var frá 1769 prestur á Tjörn í Svarfaðardal. Sveinn hefur upp raust sína og sækir að skáldinu en rimmunni lýkur með löngu varnarkvæði Magnúsar. Kveðskap eftir Guðmund má víða finna í handritum og er ljóst að hann hefur notið mikilla vinsælda. Guðrún hefur því ekki þurft að réttlæta aðdáun sína á skáldinu eða þeim mörgu kvæðum sem handritið geymir. Kvæðadeila Sveins og Magnúsar er ekki einasta forvitnileg sem nokkurs konar inngangur að kveðskap Guðmundar í handritinu. Hún sýnir hversu deildar meiningar hafa alla tíð verið um skáldskap og að óskólagengið fólk fylgdist vel með bókmenntaumuræðu menntamanna, einkum þeirri sem fram fór í bundnu máli.

Guðmundur orti kvæði þar sem hann skopaðist að krókfaldinum, nýrri tísku í höfuðbúnaði kvenna. Kvæðið vakti hörð viðbrögð og urðu margir til að kveða á móti honum, en hann svaraði að bragði. Kvæðabálkurinn gengur undir nafninu Skautaljód (77r–88v), þ.e. öll kvæði Guðmundar og þeirra sem hnýttu í hann.¹ Sumir voru býsna skömmóttir, t.d. síra Jón Grímsson á Hjaltabakka, og eru yfirlýsingar hans um fötlun Guðmundar heldur ósmekklegar. Guðmundur var lamaður í fótum en einnig var hægri höndin visin. Í bókinni hennar Guðrúnar er farin diplómatísk leið að því að tilfæra kveðskapinn. Bálkurinn hefst á kvæði Árna Egilssonar, upphafskvæði Guðmundar kemur þar á eftir.² Í kvæði Árna er mikill sáttatónn: „En þó nokkur yfirsjón í þeim finnast megí, / léttur skal minn ljóða sónn, / lasta skáldið eigi“ (78r). Árni talar hlýlega um skáldið en telur að hann hefði ekki átt að yrkja Skautaljód. Hann fjallar um hvernig konur falda sig á mismunandi hátt og segir hvað hann álítur fara best. Konur séu þó fullkomlega sjálfráðar um það hvernig þær falda sig. Síðasta kvæði bálksins er eftir Sigurð Pálsson³ þar sem hann andæfir skoðun Guðmundar á hófsaman hátt. Í kvæði hans er mikið lof um konur og því einlægast að enda á því.

Ádeilan á bl. 69r–72r stendur nokkru framar en Skautaljód og virðist við fyrstu sýn ekki beinast að Guðmundi, þó ekki sé það óhugsandi.

1 Kvæðið er prentað í *Fróðlegt ijóða-safn ýmislegs efnis* II, útg. Grímur Laxdal (Akureyri, 1857), s. 109–149.

2 Að öllum líkindum sveitungi Guðrúnar, Árni Egilsson (1679–1754) lögréttumaður og skáld.

3 Að öllum líkindum Sigurður Pálsson (1640?–1720) bóndi og skáld í Syðra-Skógarnesi.

Kvæðið kallast sálmur og er bókin hennar Guðrúnar eini varðveislustaðurinn, mér vitanlega. Það á þó lítið skylt við sálm. Ljóðmælandi eys úr skálum reiði sinnar yfir viðtakanda, sem hann sakar um róg og illmælg, einkum í garð eiginkonu hans og tengdamóður, en sjálfur segist hana hafa fengið sinn skerf. Í fyrstu er tónn kvæðisins það persónulegur að sá grunur læðist að manni að það sé jafnvel ort í Eyjafirði. Við kvæðislok verður andinn ögn léttari og almennari:

Hæða skaltu ei fljóðin fróm,
fullrík eður í vesaldóm,
drukkinn af eitri drekans þú,
dúfurnar láttu kyrrar nú,
sértu fæddur af konu kind,
og kominn í heim með réttri mynd,
guðleysis slíka gjör ei synd.

María herrans móðir var,
mega því hennar systurnar,
njóta þess vel hjá öllum oss,
og atkast betur en kýr og hross,
vei þeim manni sem veldur því,
að vakið er hneyksli byggðum í,
mundu nú þessa málsgrein því.

[...]

Bið eg að lyktum lýðinn þess,
sem les eður heyrir einföld vers,
að hlæja ekki að göldum glóp,
sem gasprar hneyksli og versta hróp,
heldur hans dæmi forðist frekt,
frómleik stundi með dyggð og spekt,
valete gott fólk vingjarnlegt. (71r–72r)

Kvæðið var sönghæft, sbr. titil þess í handritinu: „Hér skrifast einn sálmur með alkunnugu lagi vor á meðal“. Vera kann að slíkur kveðskapur hafi m.a. þjónað þeim tilgangi að fá útrás fyrir reiði. Ekki einasta fyrir skáldið heldur einnig þá sem sönglað gátu í sig sáttfýsina. Ljóðmælanda er í upphafi heitt í hamsi, tala má um reiðilestur, en í kvæðislok er meira logn.

Kvæði um sögulegt efni

Í langloku (7v–8v) Illuga Helgasonar (1741–1818) skálds og bónda á Syðri-Neslöndum í Pingeyjarsýslu eru tíundaðir ýmsir heimsviðburðir og fjallað um merkismenn og guði: „[...] Sæmdarfullur Cicero, / situr þar með skynsemdir, / meistarinn sást þar Mollero, / meður sínar orðgnóttir [...]“ (8r). Kvæðið hefst á að kona er ávörpuð með von um að henni geðj-ist skáldskapurinn:

Tvinnuð núna táls af kró,
taka að hreyfa ljóðin sér,
seljan fögur reifuð ró,
Rínar bála geðjist þér,
hanska fyrri burðug bjó,
báru glóða eikin mér,
á hann síðan upp hún dró,
allra handa dýrs myndir [...] (7v–8r)

Konur bjuggu yfir sögulegri þekkingu og áhugi þeirra á slíku efni var ekki minni en karla (sbr. fjórða kafla).

Einvaldsóður (40v–53v) eftir síra Guðmund Erlendsson í Felli (1595?–1670) er ljóðabálkur undir fornyrðislagi. Veraldarsagan er hér sögð út frá hinum fornu einvaldsríkjum Assýríumann, Persa, Grikkja og Rómverja. Fimmta einvaldsríkið sem Guðmundur fjallar um er ríki páfans í Róm en þessi hluti kvæðisins er snörp ádeila á kaþólskuna. Kvæði Guðmundar byggir m.a. á kvæði eftir skoska skáldið David Lindsay.¹ Í kvæðinu er páfinn gjarnan kallaður „bölvður páfinn“ og sagan sögð af því þegar kona blekkti alla og varð páfi. Í kjölfarið varð vígsluathöfnin við páfakjör heldur kímileg.² Kvæði Guðmundar varð vinsælt og er til í fjölda handrita. Allvel menntur hlýtur sá að hafa verið álitinn sem hafði efni þessara kvæða á takteinum.

- 1 Ítarleg greinargerð fyrir heimildum Guðmundar er í Robert Cook, „The *Chronica Carionis* in Iceland“, *Cpuscula* VIII, Bibliotheca Arnarnagana XXXVIII (Kaupmannahöfn, 1985), s. 226–263, s. 249–263.
- 2 Robert Cook birtir þennan kafla eftir Lbs 121 8vo og fjallar um hann í Robert Cook, „Pope Joan in Iceland“, í *Sjötiú ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni 20. júlí 1977* I, ritstj. Einar G. Pétursson og Jónas Kristjánsson, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 12 (Reykjavík, 1977), s. 138–146.

Sagnakvæði og rímur (þ.e. kvæði ort út af ævintýrum, almúgabókum, fornaldar- og riddarasögum)

Annálskvæði (22v–24v) Guðmundar Bergþórssonar er annaðhvort ort út af almúgabók eða byggir á útlendu ævintýri.¹ Kvæðið fjallar um furstahjón í Pýskalandi sem eignast son. Hann er skírður Rósinkar en hin guðhrædda móðir hans heitir Elísabet Rósinkar. Hún deyr af barnsburði en elur þó ekki barnið. Þegar Rósinkar dvelur eitt sinn við gröf móður sinnar heyrir hann fagran söng og í ljós kemur að í gröfinni eru, auk móðurinnar, tvíburar. Elísabet rís upp og segist komin aftur til að opinbera boðskap Guðs. Ef þjóðin iðrast ekki og lætur af ágirnd, hatri, munaðarlífi og morðum, muni illa fara. Rósinkar verður svo mikið um að hann gerist prestur. Þó að sonurinn leiki stórt hlutverk er það móðirin sem er meginpersóna kvæðisins ef marka má upphaf þess:

Gjörist mörgum skemmtan skýr
skilningsgrein af fróðum,
að iðka fögur ævintýr
ort af rökum góðum,
ef sögn er sönn og hrein.
Af dyggðum prýddri vellavör
vildi eg þylja grein,
heiðurs bíði hún hæstu kjör,
en hvorki sorg né mein.

Myndinni af trúkonunni og gæslumanni góðs siðferðis var mjög haldið að konum. Inntak Annálskvæðis kallast á við boðskap margra þeirra vitrana sem fjallað verður um hér á eftir. Ef menn láta ekki af syndum spilltu líf-
erni mun þeim refsað. Í lokin vendir skáldið kvæði sínu hins vegar í kross og talar til allra góðra hjóna um þá gleði sem var ríkur partur af trúarlífi hvers manns (sbr. hér að framan): „báleg orðin bið eg hér / til besta fyrir mér virða / heiðursverðug hjón, / Guð sé ykkar gleðin fín / hann gjöri þá hjartans bón“ (24r–v).

1 Kvæðið er prentað í Guðmundur Bergþórsson, *Vinaspegill, Tólfsona-kvæði og Annálskvæði. Söguþjóð* (Reykjavík, 1909), s. 40–46. – Almúgabækur (þý. *Volksbücher*) voru afþreyingar- og skemmtisögur, upphaflega prentaðar í Pýskalandi á 15., 16. og 17. öld. Sumar voru þó uppfullar af siðferðisboðskap. Hér á landi voru þær einkum þýddar á 17. og 18. öld (Hubert Seelow, *Die Isländischen Übersetzungen der Deutschen Volksbücher. Handschriftenstudien zur Rezeption und Überlieferung ausländischer unterhaltender Literatur in Island in der Zeit zwischen Reformation und Aufklärung* (Reykjavík, 1989), s. 51).

„Eitt kvæði til gamans“ (53v–58v) eftir ókunnan höfund, hefst á því að skáldið ávarpar konu.¹ Kvæðið er stundum kallað Bertrams kvæði, þó svo að höfuðpersóna þess sé læknisdóttirin, eiginkona Bertrams. Hún er hins vegar aldrei nefnd á nafn en í uphafi er hún kynnt til sögunnar:

[...]
dóttir átti mæta
er mátti menntum ná,
æruprýdda skarti skrýdda
skarlags gná,
tungumálin kunni kljá,
kostulega hvört öðru frá.

Læknir góður líns sú tróða
lystug var,
hvörjum meiri málma freyr
hún mundi þar,
sjúkdóm kæn að lækna lar,
líka vel sem faðir hennar. (53v)

Kvæðið fjallar um kynni læknisdóttur og Bertrams greifa, hvernig hann síðan gleymir elskunni sinni og raunir hennar að endurheimta hann. Þó að hún sé vel menntuð og standi föður sínum og öðrum karlmönnum fyllilega á sporði, er í kvæðinu lögð áhersla á þá þætti sem prýða áttu konur. Bertramsfrú er umfram allt þolgóð, hefur siðferðisþrek og leggur sig fram um að líkna öðrum.

„Eitt kvæði af einu ævintýri“ (59r–62r) er stundum nefnt Kvæði af Alexander blinda og eignað Guðmundi Bergþórssyni.² Kvæðið fjallar um konungssoninn Alexander sem lærir af móður sinni að elska Guð og tilbiðja, þrátt fyrir að faðir hans og bræður séu heiðnir. Í fyrstu er konungur tregur til að senda hann til náms með bræðrum hans en gerir að vilja drottningar. Þegar þeir snúa aftur spyr faðirinn hvað Alexander hafi lært en hann segist hafa lært fuglamál. Fuglar fljúga hjá og Alexander nemur mál þeirra. Þegar hann upplýsir hvað þeir segja reiðist konungur og rekur

1 Kvæðið er varðveitt í fimm handritum en aðeins í einu þeirra er höfundur sagður S.J.R. (Reynir Þór Eggertsson, *Forwards and Backwards: The Transmission of Two „Volksbücher“ into Danish and Icelandic*, doktorsritgerð frá University College (London, 2009), s. 28, 267–268).

2 Sjá t.d. Lbs 3812 8vo.

hníf í bæði augu hans. Bræður hans senda hann síðan burt með fylgdarsvein. Á ferðum sínum hittir Alexander eitt sinn tvo fugla í kirkju sem gefa honum góð ráð til að ná sýn og öðlast konungstign. Þegar hann að lokum er orðinn konungur í öðru landi kemur hann í ríki foreldra sinna. Hann fyrirgefur föður sínum en fagnaðarfundir verða með honum og hinni guðhræddu móður hans.

Kappakvæði (62r–64v) Guðmundar Bergþórssonar er upptalning og útlistun á helstu fornköppum sem fyrir koma í fornaldar- og riddarasögum. Kvæðið er til í allmörgum handritum sem sýnir vinsældir þess. Nokkur upphefð hlýtur að hafa þótt að þekkja sögur af öllum köppum kvæðisins. Umhugsunarvert er hvort sá sem ekki kunni áður skil á þessu efni gat fyllilega notið kvæðisins.

Aftarlega í handriti Guðrúnar koma þrjár rímur hver á fætur annarri sem allar geta bæði flokkast með sagnakvæðum og gamankvæðum. „Ein ríma út af einu ævintýri til gamans“ (103r–104v) er stundum nefnd Ríma af rómverkum narra og er eftir ókunnan höfund. Ríman fjallar um ófremdarástand í Rómaborg, að þar eru engar bækur né Biblía. Borgarmenn senda þann heimskasta úr sínum hópi til að næla í lögmálið hjá Grikkjum. Sendimanni tekst með heimskupörum að plata Aþeninga upp úr skónum og ná lögmálinu. Honum er tekið með kostum og kynjum þegar hann færir varninginn heim. Í kvæðinu felst skopið fyrst og fremst í því að dáraskapur bjálfans blekkir þá „vitru“, þá sem sitja á lögmálinu.

Þjófaríma (105r–107r), stundum nefnd Ramsinitus ríma, eftir Jón Þorsteinsson (1680–1739) úr Fjörðum, byggir á sögu úr riti Herodotusar um Grikki og Rómverja.¹ Til að hafa hendur í hári á bíræfnum þjófi, sem tekst hefur ítrekað að ræna úr fjárhirslum konungs, lætur hann dóttur sína falbjóða blíðu sína svo þjófurinn gorti af afrekum sínum og hægt verði að góma hann. Svo illa vill til að þjófurinn sleppur úr gildrunni en hefur áður tekist að sænga hjá kóngsdóttur. Allt endar þó vel og þau giftast og erfa konungsríkið.

Hvað ætli Guðrúnu og þeim konum sem hlýddu á kvæðið hafi þótt um meðferðina á kóngsdóttur? Getur skeð að þær hafi sumar orðið höggdofa að kóngur skyldi fara fram á að kóngsdóttir sængaði hjá manni fyrir hjónaband? Að hann mæti meira veraldlegan auð sinn en siðferði og virðingu dóttur sinnar? Hnussaði kannski í þeim þegar það laukst upp fyrir þeim hvað þær höfðu sjálfar lítið um líf sitt að segja eða litu þær máski svo á að kóngsdóttir fengi uppreisn æru þegar hún giftist þjófnum, enda

1 [Vigfús Guðmundsson og Þórarinn Þórarinnsson,] „Rhampsinitus og þjófurinn“, *Dvöl* 3,1 (1935), s. 14–16.

var hann ráðsnjallastur allra í ríki konungs? Staða giftrar konu var þrátt fyrir allt vænlegri en vinnukonunnar.

Í Bóndakonurímu (107r–110v) kemur krókur á móti bragði því þar segir af konu sem með kænsku leikur á ágenga karla.¹ Bóndi einn á fagra eiginkonu sem þrír valdsmenn girnast, borgmeistari, prestur og býfóveti.² Þegar þeir vilja sænga hjá eiginkonunni eru góð ráð dýr. Húsfreyja róar bónda og biður hann að hlíta ráðum sínum:

Veigs kvað niptin viturlig,
vafin snilld og dáðum,
mun eg leysa mig og þig,
ef mínum hlýðir ráðum. (108v)

Leikar fara þannig að embættismennirnir eru dregnir á asnaeyrunum og verða að gjalda ósvífina dýru verði. Í kvæðislok stendur konan uppi sem sigurvegari:

Svo fór hér í sögðum leik,
seggja og vífs á milli,
viturlega vella eik,
vann það allt með snilli. (110v)

Þrátt fyrir að rímurnar hafi fyrst og fremst skemmtigildi sýna þær allar hvernig kænska getur fleytt manni langt í ótraustum heimi. Það er við hæfi að enda á rímu þar sem kona sýnir ráðsnilld og leikur á karlana.

Siðferðilegur kveðskapur

Jón Ólafsson úr Grunnavík taldi að láta ætti eldri börn lesa Dæmisögur Esóps til að uppfræða þau og innprenta þeim gott siðferði.³ Ýmsir ortu kvæði upp úr dæmisögunum og hefur fólk kyrjað þau yfir börnum. Kvæði af tófu og krumma (38v–39r) hefst t.d. svo: Margt hafa vísir / meistarar forðum, / skrifað á bækur / til skemmtunar mönnum. / Einkum þeim ungu / til uppfræðingar, / svo forðast mættu fláráða vini (38v). Kvæði um refinn

1 Ríman er t.d. prentuð í *Nokkrar rímur*, útg. Sigurður Erlendsson (Reykjavík, 1906), s. 50–63. Titillinn í handriti Guðrúnar er: „Hér skrifast ríma af stuttri historíu“.

2 Þ.e. bæjarfógeti.

3 Jón Ólafsson, *Hagþenkir. JS 83 fol.*, útg. Þórunn Sigurðardóttir (Reykjavík, 1996), s. 14.

og úlfinn (37v–38v), sem eignað er Páli Vídalín, inniber svipuð heilræði og kvæðið á undan:¹

Soddan sýnir þetta:
Sá einfaldur við
klókan semur sið
sig mun sjálfan pretta. (38v)

Í fyrra kvæðinu lætur krummi ginnast af skjalli tófunnar en í því seinna lætur úlfurinn græðgina villa sér sýn.

Samstæður Hallgríms Péturssonar (65r–68v) bera stundum titilinn Gaman og alvara. Þær eru kúnstug blanda af heilræðum og vangaveltum um lífið og tilveruna.² Kvæðið er kennsluljóð (dídaktík) en Hallgrímur fjallar um hvað varast beri í veröldinni. Líkt og í Dæmisögum Esóps er lærdómurinn kryddaður uppbyggilegri gamansemi til að hann verði auðmeltari.³ Guðrún hefur notað kvæðin við að mennta ungviðið.

Gamankvæði

Öll gamankvæði handritsins fjalla um heimska karla, sem færir manni heim sanninn um að það hafi verið skrifað fyrir konu. Karlarnir eru flestir almúgamenn sem gæti bent til að skrifari handritsins hafi talið sig og eigandann yfir þá hafna. Láka kvæði (35v–37r), sem eignað hefur verið Guðmundi Bergþórssyni, fjallar um hrakfallabálkinn Láka sem missir kút í hafið.⁴ Fjöldi þjóða sendir út her til að ná honum en allt kemur fyrir ekki, kúturinn endar hjá galdramönnum á Grænlandi. Kvæðið hefst á því að kona er ávörpuð og hún krafín um kvæðislaun:

Hér er sagan harma kauna,
hvað Þorláki bar til rauna,
vildi gullskorð góðu launa,
greina skal þar frá.
Legillinn hans Láka lagði framhjá. (35v)

1 Kvæðið er prentað í Páll Vídalín, *Vísnaðver Páls lögmanns Vídalíns (1667–1727)*, útg. Jón Þorkelsson (Kaupmannahöfn, 1897), s. 159–160.

2 Margrét Eggertsdóttir, *Barokkmeistarinn. List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 63 (Reykjavík, 2005), s. 196–197.

3 Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 224.

4 Kvæðið er prentað í *Nokkrar rímur*, s. 42–46.

Kvæðið Jólaskrá (37r–37v) fjallar um mann sem „fordrukinn af firnamiklu æði“ (37r) fer þriðja jóladag til jólamessu í Svartaskógi. Hann „framdi söng af kröftum öllum / sem vér discant köllum“ (37r), tónaði með presti, truflaði ræðuna og gerði ýmsan annan óskunda.

Eitt kvæði til gamans (39r–40v) segir af ríkum, heimskum manni og konu hans:

Panninn byrjast þessi saga,
þar var bóndi forðum daga,
nautheimskur með nógan seim.
Eina konu átti fríða,
árin fjögur fram svo líða,
enginn börnin ólust þeim. (39r)

Þar kemur sögu að þau vænta barns. Karl tekst allur á loft af gleði og áformar að halda veglega veislu. Hann sér allt í hillungum og útmálar fyrir konu sinni hvílíkt gáfumenni sonurinn verði og að mikils megi vænta af honum. Til að lækka rostann í eiginmanninum grípur eiginkonan til þess ráðs segja honum sögu af heimskum munki en iðja hans rímar um margt við hátimbraðar hugmyndir karlsins. Kvæðið endar svo:

Síst er hann [þ.e. munkurinn] við söguna lengur,
sínu viti þar frá gengur,
ekki skal mig undra slíkt,
til hans mælti víf að vonum,
vænti eg þú sért skyldur honum,
meður ykkur margt er líkt. (40v)

Skipafregn (72r–74r) eftir síra Gunnlaug Snorrason¹ (1713–1796) fjallar um karla sem bíða í ofvæni eftir skipi sem færir þeim vín og tóbak.² Þegar fregnir berast af skipakomu æða þeir í kaupstað, drekka sig fulla og láta kaupmanninn rýja sig inn að skinni. Halda þá heim með skottið á milli lappanna og tóman brennivínskút. Þar taka konurnar á móti þeim og veita aðhlynningu. Fyrst á eftir eru þeir heldur sneyptir og ekki eins miklir á lofti. Undir lok kvæðisins segir skáldið aftur á móti: „ekkert spé ætlum við bjóða / heldur gaman græskulaust“ (74r).

1 Sjá t.d. Björn K. Pórolfsson, „Árni Böðvarsson skáld“, *Andvari* 88 (1963), s. 152–180, s. 158–159.

2 Kvæðið er prentað í *Kvæði, er nefnist skipa-fregn*, útg. Eiríkur Björnsson (Kaupmannahöfn, 1788).

Meðallendingasálmur (74r–75r), m.a. eignaður Guðmundi Bergþórs-syni í nokkrum handritum, er gamankvæði um karlpeninginn í Meðallandi í Skaftárhreppi. Mikil skelfing grípur um sig þegar bjarndýr sést á sveimi um sveitina: „Á hrausta og volaða hræðslan beit, / hörmungin stofnast tvenn“ (74v). Karlarnir eru svo hræddir að þeim kemur meira að segja til hugar að flýja, en: „hvör mun bevara börn og frú, / bæinn ef flýjum vær“ (74v). Fólkið leitar ásjár prestsins sem syngur messu og vopnbýr nokkra hrausta menn til að fella björninn. Þegar þeir nálgast óargadýrið kemur í ljós að það er í raun: „ær horuð bóga rýr“ (75r).

Odds bragur (75r–76v) er eitt frægasta gamankvæði síra Stefáns Ólafssonar.¹ Kvæðið fjallar um heimskan mann sem smíðar manndrápsfleytu og rær á haf út með unga dóttur sína. Oddur endar í sjónum og hittir þar fyrir fiska sem nú vilja hefna sín á honum fyrir veiðiskapinn. Oddur bjargast og hittir aftur dóttur sína sem hrín hástöfum. Hún grætur þó ekki föður sinn heldur bátinn. Að lokum ákallar Oddur Krist. Grínið í kvæði Stefáns felst einkum „í tilvísanir í bókmennahefðina, bæði trúarlegar bókmenntir og veraldlegar, annars vegar endurlausn og hjálpræði trúarinnar, hins vegar bardaga í fornsögum. [...] Ekki fer á milli mála að hér er haft í flimtingum það sem var heilagt í opinberum kveðskap kirkju og samfélags“.² Þó að trúarlegum skáldskap hafi verið haldið að konum höfðaði karnivalískur kveðskapur eins og Odds bragur einnig til þeirra.³

Fjósaríma (111r–113r), eftir Þórð Magnússon á Strjúgi, segir af tveimur körlum sem fljúgast á í fjósi.⁴ Annar þeirra sendir ungan pilt að sækja konur til að skakka leikinn. Tvær sitja inni í bæ og rýkur sú eldri upp. Lýsingin á ferð hennar er býsna skondin:

Hringpöll eldri hljóp á stað,
hin sat eftir kvinna,
þá kom undir hlunkur í hlað,
hljómur verður af minna.

Fóta neytti falda bil,
frá var bauga selja,

1 Kvæðið er prentað eftir JS 582 4to í Stefán Ólafsson, *Kvæði I*, útg. Jón Þorkelsson (Kaupmannahöfn, 1885), s. 85–94.

2 Margrét Eggertsdóttir, *Barokkmeistarinn*, s. 150.

3 Margrét Eggertsdóttir tengir gamankvæði Stefáns við þessa hefð (Sama, s. 150).

4 Ríman er prentuð eftir JS 582 4to í *Stakar rímur frá 16., 17., 18. og 19. öld*, útg. Finnur Sigmundsson, Rit Rímnafélagsins IX (Reykjavík, 1960), s. 1–10.

dunur heyrði og dynki til,
dúðist rindar elja.

Hlaupa gjörði svo til sanns
svanninn ferðagreiði,
hún var eins og hugur manns
harla fljót á skeiði. (111v)

Þegar hún kemur í fjósið biður karlinn hana að bjarga sér, sem hún gerir snöfurmannlega:

Bað hann sér að bjarga sprund
og bót á raunum vinna,
ofan af honum auðar lund
öflug tók þá kvinna. (112r)

Þó að lýsingin á konunni sé írónísk er það vesaldómur karlanna sem er í brennidepli. Spaugið felst m.a. í því að hlutverkum er víxlað, konan er í reynd tveggja manna maki. Afgangur rímunnar er nokkurs konar forn-kappatal þar sem hver vísa endar með tilbrigðum af því að hetjurnar hafi aldrei barist í fjósi líkt og hinir skoplegu karlar. Vísan um Karlamagnús varð fleyg:

Karlamagnús keisari dýr
kenndi trúna hreina,
aldrei hann fyrir aftan kýr
orustu háði neina.

Síðasta gamankvæðið er Einbúaklif (113r–114v), sem í sumum handritum er eignað síra Jóni Þórðarsyni (1616–1689), m.a. presti í Laxárdal ytri í Skagafirði. Kvæðið er raunatala karls sem býr konulaus:

Karl ógiftur einn réð á,
einu sinni að klifa,
kvað hann þunga kvöl og þrá,
konulaus að lifa. (113r)

Karlinn tíundar öll verkin á bænum sem hann neyðist til að inna af hendi einn, bæði þau í verkahring karla og kvenna:

Einn eg rétti að mér föt,
einn eg til þeim haga,
einn eg bæti á þeim göt,
og að mér sjálfur staga. (113r)

Hann lætur þó ekki þar við sitja, allri líkamsstarfsemi þarf hann að sinna einn:

Einn eg soðið allt upp lep,
áður en sný að hátta,
einn eg lýsnar af mér drep,
einn svo fer eg að náttu. (114r)

[...]

Einn eg geymi og aftur tek,
einn eg leysi og hnýti,
einn eg hósta og einn viðrek,
einn eg geispa og snýti. (114v)

Kvæðið endar á því að hann biður þá karla sem búa við konur vel að njóta og sættist við kvenmannsleysið:

Láti þeir vel lynda sér,
líns sem bryggjur hljóta,
veiga bil þó vefi hér,
vel sé þeim að njóta.

Þó eg gangi einn til alls,
aldrei skal eg mig gifta,
þar skal niður klifið kalls,
kljáð til þagnar skrifta. (114v)

Prátt fyrir það, sem og hið spaugilega sjónarhorn kvæðisins, gengu áheyr-
endur ekki að því gruflandi að hverjum karli var nauðsyn að eiga góða
konu svo honum búnaðist vel.

Laust mál

Á bl. 89r–102r eru fimm lausamálsþættir í röð. Fyrsti þátturinn er Skrap-
arotspredikun (89r–93r), gleðipredikun sem var hluti Herranætur í

Skálholtsskóla.¹ Um aldur hennar er ekki vitað en elstu handrit sem geyma predikunina eru frá miðri 18. öld. Skraparotspredikun er skopstæling á stólræðum presta en gleðipredikanir eiga sér langa sögu víða erlendis. Líkt og slíkar ræður fylgir Skraparotspredikun klassískri uppbyggingu predikana.² Uppruni nafnsins Skraparotur eða Skraparot er ókunnur en í upphafi er hann ákallaður: „Ó, þú stóri og mektugi Skraparoth, vér þínir aumlegir lýðir birtustum hér með leigur og landskuldir vorar í þínu must-eri [...]“ (89r). Skraparotspredikun var vinsæl meðal almennings þó svo að uppruni hennar væri hjá skóladrengjum. Allnokkur orðamundur virðist milli uppskrifta.

Í Látrabréfinu forna (93r–94r) eru óbótaskammir látnar dynja á þjófi. Litlar heimildir eru til um bréfið, en í Lbs 587 4to (fimmta hluta) er athugasemd með hendi Ólafs Davíðssonar þar sem hann segir að það hafi „fundist á skemmuvegg á Látrum við Eyjafjörð í júlí 1740“.³ Ólafur telur að Látrabréfið beri keim af Hrómundarbréfi og Sjómannsbréfi, sem hann flokkar sem þulur. Látrabréfið er þó ekki þula, þrátt fyrir að í því votti fyrir rími og hrynjandi líkri þeirri í þulum.⁴ Ætlunin með bréfinu er að svæla út þjóf enda finnst það þar sem allir geta séð það. Textinn er býsna mergjaður og má vera að einhverjir hafi skrifað upp bréfið sér til skemmtunar. Sennilegra er þó að í bókinni hennar Guðrúnar þjóni það sem þjófafæla. Lengi lifði trú manna á mátt hins ritaða orðs, sem og kynngi texta (sbr. hér að framan um trúarkveðskapinn, sjá einnig III,5). Sá sem átti uppskrift að bréfinu gat notað það í upphaflegum tilgangi lenti hann í því að stolið væri frá honum.

Í handritum er Látrabréfið stundum eignað síra Þorláki Þórarinssyni (1711–1773) á Ósi í Hörgárdal og prófasti í Vaðlaþingi. Um Þorlák segir að hann hafi verið „lipurmenni, andríkur kennimaður, gáfumaður mikill og skáld“.⁵ Hann var sonur Þórarins hreppstjóra Þorlákssonar að Látrum á Látraströnd og Þorgerðar Eyjólfsdóttur. Hér á eftir fara glefsur úr bréfinu:

1 Skraparotspredikun er prentuð í Lárus Sigurbjörnsson, „Skraparotspredikun. Með athugasemd eftir Lárus Sigurbjörnsson“, *Blanda 7* (1940–1943), s. 59–69, s. 62–69. – Herranótt Menntaskólans í Reykjavík flytur ævinlega Skraparotspredikun í upphafi hvers leikárs en höfundur þessa rits er ekki kunnugt um tengsl hennar við þá gömlu.

2 Sveinn Einarsson, *Íslensk leiklist I. Ræturnar* (Reykjavík, 1991), s. 163–175.

3 Ég þakka Yelenu Sesselju Helgadóttur fyrir að benda mér á þetta handrit.

4 Yelena Sesselja Helgadóttir fjallar um þetta atriði í væntanlegri doktorsritgerð um þulur.

5 Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940 V* (Reykjavík, 1952), s. 169. – Þorláksskver (*Nokkur ljóðmæli* (sjá framar)), safn ljóðmæla eftir Þorlák, var fyrst prentað árið 1775 á Hólum og nokkrum sinnum eftir það. Eintökin sem varðveitt eru á Árnastofnun af útgáfunum frá 1775 og 1836 voru bæði úr eigu kvenna.

Sæll vertu, sveitarljúflingur, mauramyklingur, málagæflingur. Ég orsakast með einu orði að ávarpa þín velforstandigheit í hjáverkum, einkum þar mér datt í drauma. Þú dræpir ekki forgefins titlingana, maður forsjáll í birtunni, fengisæll í húminu. En muntu nokkuð gómgjarn og sýrusólginn? Svei því sem öngvu er neytt. Of stutt er þér auknafnið í æruspuninum. Ef þú þekkest, þjófsorðanagari, þorskakvinn og tunnubori. Sælla væri þér að dúsa við dálkabruðning og drekka þyrlaskólp í heimanáðum en snapa hér um gætti. Sá vís óþokki, hræsna, betla og hnupla, sjálfum þér til æv-inlegrar skammar en ærudygðugum náungum þínum til niðrunar, spotts og ama. (93r)

[...]

Heiftugur andskoti má það vera, sem þig hefur áður blekkt og ófrægan gjört við þjófadontið. Sé það sannspurt að hann skuli enn þússa þig sem hundeltan héra fram í hvört skammarforæðið af öðru, muntu loksins mjallhvítur í vilpuvaðlinum. Krásakraflarinn náttskyggni, hvörs ertu verðugur, að þú svíkur einfaldan sem þér trúir, og geldur gauksart fyrir góðfýsi. Hvörs manns afvæli gjörir þú þig, sem haldast vilt ein hreinferðug dúfa, en klínir þig í kransfluglabælinu. Fý, svei og býa, býa, því viltu svo haturlega svívirða þína persónu, þitt lán, þitt stand og þína æru? Þekkir þú ekki háðuglegt rykti þjófanna, hvörsu það ikomer uppá ættskuldina?¹ Mun það ekki þinn dómur ef ástvinir þínir bera smán og kinnroða fyrir þín skammarverk, þó saklausir? En hafi þér dropið drykkjarskurn á hendurnar, eður slorstybba gengið í spjarir þínar, þá varst þú að lauga þær í lifrarsmoltinu [...] (93v)

[...]

Eitt er ráðið, hvör hann hefur stolið, sá steli ekki framar.

Sértu maður, sjáðu mig,
sértu læs, aðgáðu mig,
sértu frómur, segðu mig,
sértu þjófur eigðu mig.²

- 1 Í handriti stendur „ekmer“ sem e.t.v. er afbökun úr ikommer / ikomer. Merkingin er þá: „hvörsu það *reiknast* uppá ættskuldina“. Ég þakka Sigríði Rögnvaldardóttur fyrir aðstoðina við þessa skýringu.
- 2 Vísan er úr háttalykli í eigu síra Eggerts Briem á Höskuldsstöðum. Engar upplýsingar eru um seinni vísuna. Höfundur háttalykilsins er ókunnur (Helgi Sigurðsson, *Söfn til bragðfræði íslenskra rímna að fornu og nýju* (Reykjavík, 1891), s. 181, 264). Í sumum handritum standa vísurnar framan við Látrabréfið.

Er eg fokinn upp til hálfis,
öngvum þó í hendur frjáls,
utan lundi linna báls,
sem lýsir mér án dylgju táls.¹ (94r)

„Ein sönn historia um plágur þeirra 12 kynþátta Ísraelssona síðan þeir píndu Messíam“ (94v–95v) er víða til í handritum, þau elstu eru frá 17. öld.² Frásögnin er þýdd eftir danskri almúgabók en útgáfan sem stuðst var við er nú glötuð. Titillinn á skyldri útgáfu frá 1734 er: *Beretning om de Tolv Jødiske Stammer Hvad enhver Stamme i sær har gjort den HERre CHristo til Spot og Forhaanelse, og hvad de derfore, endnu og paa denne Dag, maa lide* [Frásögn af tólf kynþáttum Gyðinga. Hvað hver þeirra gerði Kristi til spotts og háðungar og hvað þeir þess vegna enn í dag mega líða].³ Frásögnin er að mestu upptaling á því straffi sem hver kynþáttur hlaut:

1. Þeir af kyni Rúben, sem fangað hafa Christum í Grasgarðinum og síðan hröktu hann og slógu, þeir hafa fyrir sinn glæp 3 plágur á sér í þeim kynþætti: Allur þeirra gróði visnar í tíu daga og allt þeirra sáðverk hindrast, og þá þeir deyja vex aldrei gras á þeirra leiðum. (94v–95r)

Úr annarri danskri almúgabók er „Ævisaga af Júdas Ískaríoth“ (95v–97v), sem víða er geymd í handritum. Danska gerðin var fyrst gefin út í Kaupmannahöfn árið 1617, *En Tractat om den Slemme oc forgyftige Forræder Judas Ischarioth* [Frásögn af hinum illa og eittraða svikara Júdasi Ískaríoth]. Sagan á sér eldri rætur en á þó lítið skylt við þann Júdas sem birtist í guðspjöllunum. Í ævisögunni er mikil áhersla lögð á illsku Júdasar allt frá upphafi. Móður hans dreymir draum um að hún muni ala sveinbarn sem spilla muni ættinni og því losa þau hjón sig við barnið. Allt fer eins og sagði í draumnum því Júdas þjálfar sig fyrst og fremst í illsku- og hrekkjabrögðum.

Hreggviðspula (97v–102r), bréf Jóns Hreggviðssonar (f. 1650) til Árna

1 Vísan virðist vera gáta.

2 Prentað í *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* II, safnað hefur Jón Árnason, útg. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (Reykjavík, 1954), s. 52–54.

3 Í sömu útgáfu er sagan af Gyðingnum gangandi (*Sanafærdig Efterretning Om een Jøde (ellers kaldet) Jerusalems Skoemager, Med Navn Ahasverus, Som foregiver, at han har været tilstæde hos CHRISTI Korsfæstelse og hidindtil ved Guds Almagt er opholdet i Livet [...]*) o.fl. – Sbr. Mariane Overgaard, „AM 124 8vo: En islandske schwank-samling“, *Opuscula* VII, Bibliotheca Arnemagnæana XXXIV (Kaupmannahöfn, 1979), s. 268–317, s. 299–300.

Magnússonar, dagsett 31. júlí 1708, varð kveikjan að Íslandsklukkunni eftir Halldór Laxness. Bréfið er til á dönsku í bréfasafni Árna Magnússonar (*Arne Magnussons private breveksling*) en í JS 582 4to er það á íslensku. Ekki er vitað um önnur handrit að bréfinu. Ólafur Halldórsson birti íslenska bréfið og skrifaði formála að því, aftan við útgáfuna að Íslandsklukkunni árið 1969.¹ Bréfið var skrifað eftir Jóni og undirritað af Þorsteini Sigurðssyni, síðar sýslmanni í Múlasýslu, og Þorsteini Ketilsyni, síðar presti og prófasti á Hrafnagili í Eyjafirði. Báðir voru þeir þá í þjónustu Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Jón Hreggviðsson undirritar bréfið eigin hendi. Ólafur getur sér þess til að Þorsteinn Ketilsson hafi átt eftirrit af bréfinu og það borist manna á milli í Eyjafirði, í það minnsta séu ekki margar uppskriftir milli danska bréfsins og þess íslenska.²

Í Hreggviðspulu lýsir Jón „eymdarsögu“ sinni fyrir Árna og biður hann að tala máli sínu við kónginn. Frásögn Jóns hefst á „samför“ hans með sýslumanninum í Borgarfjarðarsýslu og fleiri mönnum sem allir urðu kófdrukknir. Í lok ferðar fannst Sigurður Snorrason böðull dauður í læk og var Jóni kennt um. Var hann hnepptur í varðhald en tókst að sleppa og komast í skip á leið til Hollands. Þar þvældist hann um, mállaus og allslaus, og framfleytti sér með vinnu fyrir bændur, því ekkert handverk kunni hann. Jón komst um síðir til Kaupmannahafnar þar sem hann gaf sig „undir militien [þ.e. gekk í herinn]“ (100r). Með bréf upp á vasann um endurupptöku málsins fann Jón sitt fólk hér á landi „í sárlegri eymd og fátækt og volæði“ (100r). Þrátt fyrir bréfin virðist ekki blása byrlega fyrir Jóni og óttast hann mjög um sinn hag og skrifar því Árna.

Þó að Jón segist vera „vanvitugur, gamall, heilsuveikur og margvelktur í mótlæti, eymdum og hrakningi“ (97v) er bréf hans bæði fróðlegt og einkennist af frásagnargleði. Tilgangur þess var þó umfram allt að hreyfa lesandann/Árna til meðaumkunar. Fyrir þá sem aldrei ferðuðust nema í huganum hlýtur bréfið að hafa látið í eyrum líkt og tröllasaga sem jafnframt veitti innsýn í fjarlæg lönd.

Síðasti hluti Guðrúnarbókar eru vitranir og draumar (115r–126v) frá 17. og 18. öld. Margar vitranirnar vekja ugg enda fela þær í sér hótun um straff fyrir syndir mannanna. Hræðsluáróðurinn leynir sér ekki. Dreymendurnir þjóna sem málþípur æðri máttarvalda, þó að einungis tveir séu vígðir menn.

Draumur Guðrúnar Brandsdóttur (1729?–eftir 1762) í Stagley frá 1762 er

1 Ólafur Halldórsson, „Hreggviðspula“, í Halldór Laxness, *Íslandsklukkan* (Reykjavík, 1969), s. 443–448.

2 Sama, s. 443.

til í fáeinum handritum. Trúlega tengist hann atburðum innanlands, en ekki er vitað hverjum. Af átta vitrunum eða draumum eru fjórir frá árinu 1628, sem tengja má Tyrkjaráninu árið 1627, þó að ekki komi það fram í draumunum. Mikill ótti ríkti á Íslandi eftir þá atburði sem draumarnir endurspegla.

Vitrun síra Jóns Eyjólfsssonar (1648–1718) frá 1683 og tvær vitranir úr Skagafirði skera sig örlítið úr enda virðast þær ekki endilega boða ógn eða refsingu. Í vitrun síra Jóns sigla skip um loftið og mannmörg atburðarás á sér stað, m.a. menn með bækur, bréf og vönd. Hvað hún á að tákna skal ósagt látið en fáeinum mánuðum síðar fannst Sigurður Snorrason böðull örendur og upphófust hörmungar Jóns Hreggviðssonar. Í Skagafirði urðu vitranirnar báðar í janúar árið 1744, önnur 24. janúar, hin þann 29. Náttúran bregður á leik en himinninn getur orðið býsna tilkomumikill á þessum slóðum. Af heimildum verður ekkert ráðið um þessar vitranir. Það að fólk hélt áfram að skrifa slíkt efni upp löngu síðar gefur þó vísbendingu um að hrollurinn sem mannskepnuna hungar í skili sér yfir aldir.

4. Samantekt

Húsfreyjan á Sandhólum og í Nesi var dável læs þegar hún var upp á sitt besta. Guðrún tilheyrði hópi þeirra best læsu af alþýðu. Hún kunni auk þess að skrifa en rithöndin ber þó með sér að hún var lítt þjálfður skrifari. Guðrún og heimilisfólk hennar tilheyrði ekki stétt betri bænda en komust bærillega af og voru vinnusöm. Skjalfest er að á heimilinu voru öll þau trúarrit sem til þurfti að húsfreyja mátti kallast vel að sér í guðsorði. Svipað menningarástand virðist í nærumhverfi Nesfólksins þó að lestrarkunnátta hafi vissulega ekki verið á eina lund á öllum bæjum. Ekkert kemur fram um skriftarkunnáttu en hún var sannarlega ekki á allra færi á þessum tíma. Það breytir því ekki að höfuðpersóna þessa kafla var íslensk hvunndagskona á síðari hluta 18. aldar. Saga hennar þætti ekki frásagnarverð ef ekki væri fyrir handritið hennar (JS 582 4to) sem náði öruggri höfn í handritageymslu Landsbókasafns eftir volk undir sótugum röftum og saggafullum.

JS 582 4to var skrifað á Sandhólum í Eyjafirði þegar Guðrún var þar húsfreyja. Athygli vekur hversu mikið af kvæðum handritsins er eftir norðlensk skáld, einkum eyfirsk, en það sama má segja um handrit ömmu hennar Þóreyjar Björnsdóttir.¹ Það sýnir e.t.v. að Eyfirðingar töldu ástæðu til að halda kveðskap sveitarinnar á lofti, að í Eyjafirði byggji menningarlegt fólk með sterka sjálfsmynd.

1 Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 223; sjá einnig fjórða kafla.

Allt er á huldu hvort bókin hennar Guðrúnar var skrifuð fyrir hana en efni hennar bendir eindregið til þess, hún var verkfærakista húsmóður. Þar sem skortur var á öryggiskerfi af ýmsu tagi svo og heilbrigðisþjónustu dugði kynngimagnaður kveðskapur til að reka á flótta allt það sem mætti manni í bæjargöngunum, hvort sem var hyski þessa heims, eða annars, ellegar pestir. Nóg er af þess háttar kveðskap í JS 582 4to.

Konur voru ekki einasta gæslumenn góðs siðferðis, þær urðu að passa upp á að kjarkinn brysti aldrei í þeirra ranni. Til að myrkrið glepti ekki við áföll þurfti huggunarkvæði og kvæði sem fluttu hugsýn um allar kræsingarnar sem biðu hjá honum Guði. Í slík kvæði sóttu þær einnig fyrirmyndir til að uppfylla húsmóðurhlutverkið. Bókin hennar Guðrúnar geymir sömuleiðis siðferðilegan kveðskap sem kyrja mátti yfir börnunum og kveðskap sem sýndi þeim hvernig ráðkænska er oft eina vopnið. Einnig hefur hún notað kvæði með sögulegu efni til að uppfræða þau og þó ekki síður til að skemmta sjálfri sér.

Það sem ýtir undir þá skoðun að handritið sé skrifað fyrir konu eru öll gamankvæðin sem fjalla um heimska karla. Guðrún hafði leyfi til að hlæja að almúgakörlum sem stóðu neðar í þjóðfélagsstiganum. Jafnframt kvæði þar sem kona er aðalpersóna og kvæði þar sem klókindi eiginkonunnar bjarga heiðri hennar og eiginmannsins. Bókin hennar Guðrúnar bera í það minnsta vott um að hún var vel að sér og bjó yfir þeim tækjum og tólum sem best dugðu til að reka og verja menningarlegt heimili á þeirrar tíðar mælikvarða.

Syrpur gefa gleggri innsýn í sjálfsmynd og hlutverk fyrri tíðar manna en flestar aðrar bækur. Af syrpu Guðrúnar og öðrum þeim syrpum sem fjallað verður um í fjórða kafla má sjá að ekki var litið smáum augum á húsmóður- og móðurhlutverkið. Heimilin voru stærsti vinnustaður landsins og það voru sannarlega ekki allar konur svo lánsamar að öðlast hinn eftirsóttta titil húsmóðurinnar. Til að konur gætu með prýði valdið þessu mikilvæga hlutverki voru þær margar nestaðar með syrpum (t.d. kvæðasyrpum) skömmu fyrir hjónaband eða í upphafi þess. Og eins og dæmið af Guðrúnu sannar voru það ekki einvörðungu yfirstéttarkonur sem lúrdðu á slíkum bókum.

Menntun karla tók fyrst og fremst mið af því hlutverki sem þeir síðar léku á opinberum vettvangi í nafni Guðs eða laganna. Menntun kvenna tók vissulega einnig mið af hlutverki þeirra innanstokks. Partur af því var að uppfræða börnin um veröldina og þá varð útsýnið að vera ögn lengra en sem nam bæjarhlaðinu.

II. Bókmenning evrópskra kvenna

1. Læsi og menntun evrópskra kvenna á miðöldum

Evrópskir miðaldamenn álitu að sá einn væri læs sem gæti lesið latínu, mál kirkjunnar og menntamanna. Dæmi eru um að konur á þessum tíma, sem læsar voru á móðurmálið, telji sig ómenntaðar og ólæsar sökum kunnáttuleysis í latínu.¹ Þegar ritun á þjóðtungunum færðist í aukana á 12. öld fjölgaði þeim sem við mundum álíta læsa, einkum í röðum veraldlegra höfðingja og aðalsins, þó svo að latínan yrði áfram mál menntamanna fram á fyrri hluta 18. aldar. Viðhorfið til þess hverjir töldust læsir breyttist því smátt og smátt. Læsi á miðöldum, að ekki sé talað um skriftarkunnáttu, var á hinn bóginn fyrst og fremst á færi nunna og munkna og útvaldra aðalskvenna og manna.² Fram á 13. öld var einnig óverulegur munur á menntun og læsi aðalskvenna og aðalsmanna í Evrópu.³

Lestur upphátt fyrir hóp manna var mest iðkaður, þó að lestur í hljóði hafi ekki verið mönnum framandi. Ágústínus kirkjufaðir (354–430) segir t.d. í *Játningum* sínum:

En þegar hann [þ.e. Ambrósíus kirkjufaðir] las, renndi hann augum yfir blöðin og braut efnið til mergjar í huganum, en hvorki bærði hann róm né tungu. [...] Ég sá hann einlægt lesa þannig í hljóði og öðruvísi aldrei. [...] Vera kann, að hann hafi ekki lesið upphátt, af því hann vildi koma sér hjá því að svara nærgöngulum og forvitnum áheyrendum, er þætti eitt-hvað óljóst, sem hann las, og vildu fá skýringar á því eða greinargerð fyrir

- 1 Dennis Howard Green, *Women Readers in the Middle Ages*, Cambridge Studies in Medieval Literature (Cambridge, 2007), s. 1–6.
- 2 Lisa M. Bitel, „Introduction: „Convent Ruins and Christian Profession. Toward a Methodology for the History of Religion and Gender“,“ í *Gender and Christianity in Medieval Europe. New Perspectives*, ritstj. Lisa M. Bitel og Felice Lifshitz (Philadelphia, 2008), s. 1–15, s. 7.
- 3 Carolyne Larrington, *Women and Writing in Medieval Europe. A Sourcebook* (London, 1995), s. 188; Roberta L. Krueger, *Women readers and the ideology of gender in Old French verse romance*, Cambridge Studies in French 43 (Cambridge, 2005), s. 21.

torveldum efnum. Með slíkum frátöfum hefði hann ekki komist það áfram í bók sinni, sem hann vildi. Má reyndar og vera, að hann hafi lesið í hljóði til þess að hlífa röddinni, en honum hætti við hæsi. Hvað svo sem honum hefur gengið til, er það víst, að slíkum manni hefur gengið gott eitt til.¹

Og:

Ég gekk því með skyndi aftur þangað, sem Alypíus sat. Þar hafði ég lagt af mér bók postulans, er ég reis á fætur. Ég greip bókina, lauk henni upp og las í hljóði það, sem mér varð fyrst fyrir augum [...]²

Lestrarhraði jókst og hljóðlestur hófst fyrir alvöru í klaustrum á 7. öld. Ástæðuna má einkum rekja til skriftartækni og kennslu í málfræði sem þróaðist á Írlandi og Englandi á 7. og 8. öld. Í elstu handritum var ekki orðabil og því var lestur mun hægari. Elstu varðveittu handritin sem skrifuð eru með orðabilum eru írsk, það eldra frá því fyrir árið 692 en hitt frá því fyrir 713. Þau geyma bæði texta á latínu. Hljóðlestur varð síðan almennari með auknum bókakosti og bókasöfnum klaustra og háskóla á 11. og 12. öld.³ Talið er að hljóðlestur hafi á 13. öld verið orðinn „a normal practice of literate society“.⁴ Snemma á 14. öld var þess beinlínis krafist að menn læsu í hljóði á háskólabókasöfnum. Á 15. öld er talið að hefðarfólk og lærðir menn hafi alla jafna lesið í hljóði.⁵

Lestri á miðöldum má skipta í bókstafligan lestur (e. *literal reading*) og það sem e.t.v. má kalla ímyndarlestur (e. *figurative reading*). Bókstafligur lestur fól í sér lestur einstaklings af bók, hvort sem var í hljóði eða upphátt, þar sem öllum skynfærum var beitt, þ.e. augum, eyrum og munni. Í ímyndarlestri er lesandinn ekki að glíma við tákn á blaði, líkt og í bókstaflægum lestri, heldur mynd í höfði. Ímyndarlestur er t.d. myndlestur en einnig þegar ólæsir gera sér mynd í höfðinu af texta sem lesinn er fyrir þá, nota eyru og innri augu.⁶ Ekki er hægt að kalla slíka tilheyrendur með öllu ólæsa.⁷

1 Ágústínus kirkjufaðir, *Játningar* II, þýð. Sigurbjörn Einarsson, Lærdómsrit Bókmennta-félagsins (Reykjavík, 2006), s. 194–195.

2 Sama, s. 289.

3 Paul Saenger, *Space Between Words. The Origins of Silent Reading* (Stanford, 1997), s. 83.

4 Sama, s. 257.

5 Brayman Hackel, *Reading Material*, s. 45.

6 Green talar um *mental reading*.

7 Green, *Women Readers*, s. 7–77. – Hugmyndir Green og þeirra sem fjallað hafa um lestur á miðöldum eru mun flóknari en hér er látið liggja að. Það þjónar hins vegar ekki meginmarkmiði bókarinnar að kafa dýpra ofan í þetta atriði en bent skal á forvitnilega umfjöllun hans.

Nú á dögum er færni í lestri og skrift óaðskiljanleg. Á miðöldum var því annan veg farið. Sá sem kunni að lesa var ekki endilega fær um að skrifa, en þetta átti einkum við um margar konur og veraldlega höfðingja. Í upphafi ritaldar sáu menn ritun fyrst og fremst sem minnishjálp, vænlegri leið til að varðveita þekkingu en skeikult minnið. Þrátt fyrir það lögðu miðaldamenn mikla rækt við utanbókarlærdóm, rétt eins og gert var á klassískum tíma, þegar lestur og minnislist voru kennd saman. Utanbókarlærdómur var í raun ein tegund af ímyndarlestri. Miðaldamenn litu svo á að maður gleypti fróðleikinn og gerði hann hluta af sjálfum sér. Það sem gleypt var þurfti síðan að melta, en hægt var að kalla þekkinguna fram á varirnar með því að þylja hana upp. Hugur manns var myndgerður í líki opinnar bókar sem búið var að melta.¹

Allnokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á læsi evrópskra kvenna á miðöldum. Á þrennan máta lærðu konur að lesa: 1. mæður kenndu dætrum sínum, 2. kennari var fenginn til að kenna dætrunum um leið og sonunum, 3. dætur voru sendar í klausturskóla. Konur nutu sannarlega góðs af upplestri fyrir hóp fólks. Þær lásu líka í einrúmi en dæmi um slíkt eru fremur fá í sagnfræðilegum heimildum. Fræðimenn hafa því nýtt skálduð verk frá miðöldum þar sem konur birtast stundum með bók í hönd. Fyrir kemur og að höfundar slíkra verka vísi til kvenna sem væntanlegra lesenda eða tileinki þeim verk sín. Konur hvöttu auk þess til bókaskrifa, trúarlegra og skáldaðra, styrktu höfundana jafnvel fjárhagslega og héldu verndarhendi yfir þeim. Á þann hátt gátu aðalskonur á miðöldum beitt menningarlegum og pólitískum áhrifum sínum.² Heimildir þessar eru vissulega misáreiðanlegar en þó eru þær ekki jafnólíkar og ætla mætti. Af pólitískum ástæð-

- 1 Sama, s. 61–62. – Innan klaustra voru lestur og skrift „talin jafngilda líkamlegri vinnu, *ora et labora*, að biðja og iðja voru undirstöðuatriði munklífsins. Lesturinn var líkamleg iðja því við hann nægði ekki einungis að nota augun heldur einnig varir, tungu og háls. Þar sem lesandinn las upphátt nam hann það sem hann las ekki síður með heyrnarminni en sjónminni. Lesturinn var hugleiðsla um leið þar sem hvert orð skyldi vegið og metið“ (Ásdís Egilsdóttir, „Upphaf bókmenningar“, í Hjalti Hugason, „Frumkristni og upphaf kirkju“, *Kristni á Íslandi I*, ritstj. Hjalti Hugason (Reykjavík, 2000), s. 357–359, s. 358). – Um utanbókarlærdóm í íslenskum heimildum, sjá einnig Ásdís Egilsdóttir, „From orality to literacy: Remembering the past and the present in Jóns saga helga“, í *Reykholt som makt- og lærdomssenter i den Islandske og Nordiske kontekst*, ritstj. Else Mundal (Reykholt, 2006), s. 215–228.
- 2 Green, *Women Readers*, s. 115–129, 204. – Joan M. Ferrante fjallar m.a. um hið flókna samspil verndara og höfundar. Hún sýnir fram á hvernig aðalskonur höfðu sumar umtalsverð áhrif á efni og boðskap þeirra rita sem þær styrktu eða föluðust eftir (Joan M. Ferrante, *To the glory of her sex. Women's roles in the composition of medieval texts* (Bloomington, 1997), s. 39–135).

um gátu höfundar sagnfræðirita gert meira úr menntun tiltekinna kvenna en efni stóðu til. Eins geta lýsingar skáldaðra verka byggt á reynslu höfundar af lesandi konum. Og þó að ekki sé hægt að krefja þá um sannsögli skiptir mestu að frásagnir þeirra fundu stað í hugum lesenda.¹ Í sagnfræðiritum getur því leynst meiri skáldskapur en í skáldskapnum sjálfum.

Þar eð konur áttu sjaldnast kost á formlegri menntun, a.m.k. ekki innan háskóla, prestaskóla eða hirðskóla, er erfiðara að kortleggja hana. Námsþorsti þeirra og fróðleiksfýsn birtist e.t.v. skýrast í frásögnum af konum sem dulbúast sem karlar til að sækja sér menntun innan skólanna.² Neikvætt viðhorf til kvenna og uppfræðslu þeirra kemur víða fram í ritum kirkjunnar manna á miðöldum.³ Hugur þeirra var álitinn óstöðugur og meiri hætta á að þær rangtúlkuðu guðsorð en karlmenn. Lestur gat afvegaleitt þær og ýtt undir ótryggð við eiginmenn, í gegnum textann ætti djöfullinn greiða leið að viðkvæmri sál þeirra.⁴ Þrátt fyrir það hvetja ýmsir miðaldahöfundar foreldra til að mennta dæturnar, menntuð móðir þjóni betur hlutverki sínu við barnauppeldið.⁵ Christine de Pizan (1364–1430?), ítalsk-franskur höfundur og skáld, varð fyrst kvenna til að brýna mæður að uppfræða dætur sínar um siðferðisefni og benti á gildi lesturs og munnlegra frásagna.⁶ Lestur aðalskvenna væri forréttindi sem stuðlaði að því

1 Sama, s. 81–82.

2 Larrington, *Women and Writing*, s. 185.

3 Viðhorf til kvenna í miðaldaritum er einkum fengið úr lögum og ritum kirkjunnar manna. Þau endurspeglar því ekki alltaf ríkjandi viðhorf í samfélaginu. Þegar guðfræðingar og skólaspekingar fjölluðu um konur voru þeir ekki að fást við raunveruleg dæmi heldur óhlutbundnar hugmyndir um konur (Ruth Mazo Karras, „Using Women to Think With in the Medieval University“, í *Seeing and Knowing. Women and Learning in Medieval Europe 1200–1550*, ritstj. Anneke B. Mulder-Bakker, *Medieval Women: Texts and Contexts* 11 (Turnhout, 2004), s. 21–33, s. 31, 33).

4 Krueger, *Women readers*, s. 220–221.

5 Green, *Women Readers*, s. 84–99.

6 Christine de Pizan (1364–1430?) var einn fyrsti atvinnuhöfundurinn í röðum kvenna og naut mikillar hylli. Skrifaði m.a. ævisöguleg rit, sagnfræðirit, handbækur og orti ljóð. Hún varð ekkja 25 ára og þurfti þá að sjá sér og börnum sínum farborða með pennanum. Christine var ekki einasta höfundur, hún var einnig skrifari og útgefandi. Hún setti á fót ritstofu sem skrifaði handrit að verkum hennar fyrir tignar velgjörðarkonur og karla (David F. Hult, „The Roman de la Rose, Christine de Pizan, and the *querelle des femmes*“, í *The Cambridge Companion to Medieval Women's Writing*, ritstj. Carolyn Dinshaw og David Wallace (Cambridge, 2003), s. 184–194, s. 190). Christine hafði áhyggjur af því að verk hennar yrðu eignuð karlmönnum, sem henti í fyrstu útgáfunum að ritgerðum hennar um pólitík og hernað. Handbók hennar fyrir konur, *Le Livre de la Cité des Dames* (skrifuð 1405), hlaut ekki sömu örlög, sem sýnir vel hversu hætt mönnum er við að eigna konum fyrst og fremst bækur um afmarkað efni (Jennifer Summit, „Women and authorship“, í *The Cambridge Companion to*

að dreifa huga þeirra frá syndsamlegum þönkum.¹ Frá síðmiðöldum eru mörg dæmi um hefðarkonur sem kenndu börnum og studdust við bækur. Sumar voru jafnvel fengnar til að kenna framtíðarkonungum en slíkt þótti mikill heiður. Hafa verður þó hugfast að bækur voru pólitískt vopn sem valdastéttin beitti til að drottna. Þær voru einnig verðmæti sem skópu henni sérstöðu, tákni um auð og völd.² Þannig þarf mynd sem sýnir konu með bók í hönd ekki að merkja að hún hafi lesið hana. Sama gildir um eignarhald á bók, það er ekki endilega vísbending um lestur.³ Heimildir um læsar konur á miðöldum sýna hins vegar að margar hlutu þær bóklega menntun.

Það voru einkum nunnur sem áttu kost á formlegri menntun í klaustrum en dæmi eru um að hefðarkonur fengju þar uppfræðslu.⁴ Sumar lærðu latínu en nýjustu rannsóknir sýna að læsi (bæði á latínu og móðurmálinu) var mun útbreiddara í evrópskum nunnuklaustum en áður var talið. Jonas Carlquist, sem rannsakað hefur gögn og handrit nunnuklaustursins í Vadstena í Svíþjóð í leit að upplýsingum um lestrar- og skriftarkunnáttu systranna, segir að ákveðnar aðstæður hafi kallað á lestrarkunnáttu, t.d. tíðasöngur. Hann telur einnig að latínukunnátta systranna hafi ein-

Medieval Women's Writing, ritstj. Carolyn Dinshaw og David Wallace (Cambridge, 2003), s. 91–108, s. 94).

1 Krueger, *Women readers*, s. 220, 222.

2 Joni M. Hand, *Women, Manuscripts and Identity in Northern Europe, 1350–1550* (Surrey, 2013), s. 39, 44.

3 Green, *Women Readers*, s. 116–117.

4 Í hugum margra miðaldamanna var munurinn á munkum og nunnum óverulegur. Hvort tveggja voru einstaklingar sem drógu sig út úr samfélagi manna til að helga sig trú og hreinlífi. Kynferði þeirra hætti þar með að skipta máli, þau runnu saman í eitt, þriðja kynið (Jacqueline Murray, „On Flesh, Two Sexes, Three Genders?“, í *Gender and Christianity in Medieval Europe. New Perspectives*, ritstj. Lisa M. Bitel og Felice Lifshitz (Philadelphia, 2008), s. 34–51, s. 51).

Ásdís Egilsdóttir hefur fjallað um hugmyndir um kynferði á miðöldum. Hún vitnar m.a. í Híerónýmus kirkjuföður, en hann segir að þegar konan ali og annist börn sé hún jafnólík karlmanninum og líkaminn sálinni. Kjósi hún fremur að þjóna Kristi en heiminum hætti hún að vera kona og mægi þá kallast karlmaður. Æviferill meyjarinnar „var samfelldur og órofinn, eins og ævi karlmans, en skiptist ekki í þrjú skeið meydóms, barneignaskeiðs og ófrjósemi, líkt og ævi venjulegrar konu“ (Ásdís Egilsdóttir, „Kvendýrlingar og kvenímynd trúarlega bókmennta á Íslandi“, í *Konur og kristmenn. Þættir úr kristnisögu Íslands*, ritstj. Inga Huld Hákonardóttir (Reykjavík, 1996), s. 91–116, s. 97). – Ásdís segir að með aukinni Mariudýrkun á 12. öld hafi athyglin beinst að konunni og hinu kvenlega. Á sama tíma komi fram trúbadúrakveðskapur í Frakklandi þar sem konan sé tilbeðin og sungið um hana lof. Þetta þurfi þó ekki að tákna að konur hafi fyrir bragðið notið meiri virðingar. Nauðsyn sé að gera greinarmun á konunni og hinu kvenlega, hið síðara vísar jafnt til karla og kvenna (Sama, s. 107, 116).

ungis tekið mið af notagildi. Þær hafi kunnað jafnmikla latínu og dagleg störf þeirra kröfðust.¹ Menntun nunna átti fyrst og síðast að búa þær undir klausturlífið sem einkum fólst í tíðagjörð, messum og bænum. Einhverjar nunnur urðu einnig að vera færar um að lesa Biblíuna og búa yfir þekkingu á táknfræði kristinnar. Innan klausturmúranna komust margar í kynni við hinar sjö frjálsu listir eða höfuðfþróttir, *septem artes liberales*, og flestar a.m.k. þríveginn (málfræði, rökfræði og mælskulist). Hinum sjö frjálsu listum var skipt í fjórveginn (tölvísi, flatarmálsfræði, stjörnufræði og tónfræði) og þríveginn. Þó að meginuppistaðan í bókasöfnum nunnuklaustra væru bækur á móðurmálinu má þar finna latínurit. *Hortus Deliciarum* er t.d. alfærðirit á latínu skrifað sérstaklega fyrir nunnur. Í því má finna það nýjasta í guðfræði frá París, en jafnframt efni sem tengist hinum sjö frjálsu listum, veraldarsögu og náttúrufræði.² David N. Bell, sem fjallað hefur um bókakost enskra nunnuklaustra, telur að bókasöfn í fáeinum klaustum hafi verið mun voldugri en varðveislan segir til um og að þar hafi ein systirin starfað sem bókavörður. Máldagar og brotakenndar heimildir bendi til þess. Fátækari klaustur hafi einnig átt bækur þó að ekki sé hægt að fullyrða um fjölda þeirra. Flest varðveitt handrit og bækur úr enskum nunnuklaustum eru frá 15. og 16. öld. Stór hluti þessa bókakosts eru guðfærðirit á ensku sem bendir til að systurnar hafi fylgst jafnvel betur með því nýjasta í fræðunum en gerðist og gekk í munkaklaustum.³ Einsetukonur, sumar upphaflega nunnur, virðast og allmargar hafa verið læsar, jafnvel á latínu. Fyrir þær voru samin leiðbeiningarrit þar sem línur voru lagðar að trúarlegum lestri þeirra. Aelred ábóti í Rievaulx (1110–1167), höfundur *De institutione inclusarum*,⁴ leiðbeiningarrits fyrir einsetukonuna systur hans, lýsir því hvernig foreldrarnir hafi menntað þau bæði, m.a. í lestri.⁵

1 Jonas Carlquist, „The Birgittine Sisters at Vadstena Abbey: Their Learning and Literacy, with Particular Reference to Table Reading“, í *Nuns' Literacies in Medieval Europe: The Hull Dialogue*, ritstj. Virginia Blanton, Veronica O'Mara og Patricia Stoop (Turnhout, 2013), s. 239–251, s. 244–245. – Sjá einnig það sem Alison I. Beach segir um menntun nunna í austuríska klaustrinu Admont, en það var þekkt fyrir lærdóm bæði munkanna og nunnanna (Alison I. Beach, *Women as Scribes. Book Production and Monastic Reform in Twelfth-Century Bavaria* (Cambridge, 2004), s. 68–72).

2 Green, *Women Readers*, s. 145.

3 David N. Bell, *What nuns read: Books and libraries in medieval English nunneries*, Cistercian studies series 158 (Kalamazoo, 1995), s. 43–45, 76–79.

4 Frekari upplýsingar um rit sem nefnd eru í megintexta þessarar bókar verða ekki tilfærðar neðanmáls nema ástæða þyki til, en hér með vísað til heimildaskrár aftan við. Ekki tókst þó ætíð að hafa upp á bókfræðilegum upplýsingum.

5 Green, *Women Readers*, s. 151. – Ekki hefur tekist að hafa upp á nafni hennar.

Á 12. öld jókst læsi aðalskvenna í Evrópu með fjölgun rita á móðurmálinu. Á tímabilinu frá 1349 til 1501 merkja menn aukna lestrarkunnátta, t.d. á Englandi, í því að bókagjafir aðalskvenna til nunnuklaustra allt að því tvöfaldast.¹ Læsi í þessum hóp tók kipp með prenttækninni og aukinni bókaútgáfu á 15. öld. Fjölgun trúarlegra og siðferðilegra rita á móðurmálinu átti ekki síður að sinna þörfum aðalskvenna en nunna.² Ýmsir hafa varað við því að túlka aukna lestrarkunnáttu aðalskvenna á móðurmálinu sem afdráttarlaus menningarleg forrættindi. Benda þeir sömu á að latínukunnátta kvenna (þar á meðal nunna) hafi farið þverrandi með aukinni ritun á móðurmálinu, en að latínan hafi þrátt fyrir allt áfram verið mál menntamanna innan skólanna.³ Undir lok 15. aldar og í upphafi þeirrar 16. má í Evrópu þrátt fyrir það finna menntaðar aðalskonur sem kunnu bæði latínu og grísku og tóku virkan þátt í fræðilegri umræðu.⁴ Í bók sinni, *De institutione feminae christiane* (Um menntun hinnar kristnu konu) sem kom út í Antwerpen árið 1524, hvetur spænski húmanistinn, Juan Luis Vives, stúlkur til þess að læra latínu svo þær geti af eigin raun kynnt sér bókmenntir sem örvi til góðra siða.⁵

Joni M. Hand fjallar um mikilvægi læsis fyrir aðalskonur á miðöldum, en margt af því tók smátt og smátt að hafa aukna þýðingu fyrir konur neðar í þjóðfélagsstiganum, einkum konur í millistétt. Fyrst ber að nefna

1 Mary Carpenter Erler, *Women, reading, and piety in late medieval England* (Cambridge, 2002), s. 39–42.

2 Sama, s. 115–129.

3 Krueger, *Women readers*, s. 22. – Ýmsir halda því fram að á tímabilinu frá 500–900 hafi trúkonur í Evrópu notið meira frjálssræðis innan kristninnar og staðið fjölbreyttari hlutverk til boða en síðar þegar kirkjan varð skipulagðari sem stofnun (Lisa M. Bitel, *Women in early medieval Europe, 400–1100*, Cambridge Medieval Textbooks (Cambridge, 2002), s. 108, sjá einnig 96). Aðrir telja jafnvel að óbreyttar nunnur hafi haft töluverð áhrif á trúrækni sína með því að skrifa handrit til eigin nota. Rannsóknir hafa verið gerðar á handritum úr eigu óbreyttra nunna sem fundust í nunnuklaustrinu í Wienhausen í Þýskalandi á tímum mikillar siðbótar sem átti sér stað innan klausturreglunnar árið 1469. Þó að svo virðist sem nunnureglur hafi ekki búið við mikið sjálfstæði, í raun lutu þær valdi ábóta af sömu reglu, sýna handritin að nunnurnar ekki einasta skrifuðu þau sjálfar, þær ákváðu hvað skyldi skrifað og hvernig því væri deilt niður. Sumar skrifuðu á móðurmálinu þýsku en aðrar á latínu. Þannig hafi óbreyttar nunnur fengið rödd innan klausturmúranna (J. Mecham, „Reading between the lines: compilation, variation, and the recovery of an authentic female voice in the *Dornenkron* prayer books from Wienhausen“, *Journal of Medieval History* 29/2 (2003), s. 109–128). Einnig má benda á rannsókn Joni M. Hand (*Women, Manuscripts and Identity*) á handritamenningu aðalskvenna á síðmiðöldum.

4 Sigurður Pétursson, „Voru til lærðar konur, *feminae doctae*, á Íslandi?“, *Skirnir* (vor 2001), s. 67–82, s. 67–73.

5 Sigurður Pétursson, „Voru til lærðar konur“, s. 71.

getuna til að mennta börn sín, bæði sökum þess að stétt þeirra og staða lagði þeim slíka skyldu á herðar en löngunin til að standa sig í móðurhlutverkinu hefur ekki síður vegið þungt. Í annan stað færði lestrarkunnátta konum vald og virðingu af því tagi sem bókaþekking ein veitir.¹ Með tíð og tíma var einnig farið að gefa út bækur sem höfðu ekki einungis til hefðarkvenna. Handbók ljósmæðra, *Der Swangern frawen und hebammen rosengarten* eftir Eucharius Rösslin, kom t.d. út í Pýskalandi árið 1513, sem sýnir að sumar voru þær læsar. Ljósmæður nutu sömu virðingar og þénuðu á við handverksmenn á þessum tíma.² Ætla verður að flestar læsar ljósmæður hafi komið úr efri millistétt eða millistétt, en hvorki efsta né neðsta lagi samfélagsins.

Til að lesa í einrúmi þurfti næði, í dyngju eða herbergi. Ýmsar frásagnir geta um slík afdrep ætluð konum þar sem þær eru sýndar við lestur og jafnvel skriftir. Til eru myndir í evrópskum handritum sem styðja það. Nunnur og einsetukonur áttu margar kost á slíku. Ekkjur gátu og skapað sér aðstæður af þessu tagi og oft voru aðalskonur lokaðar inni til að varðveita skírlífi þeirra, sem skipti miklu á hjónabandsmarkaðnum. Þetta veitti konum færi á að stunda bókamennt.³ En hvað lásu konur á miðöldum? Hefðarkonur áttu margar saltara, líkt og nunnur, enda var hann hluti af grunnmenntun.⁴ Flestar hafa þær lesið eða heyrt lesnar heilagra manna sögur og trúarrit. Sagnfræðirit bar og fyrir augu þeirra. Undir svæflinum geymdu þær svo rómönsur og allra handa kveðskap.

2. Læsi og menntun evrópskra kvenna við siðskiptin og fram á 18. öld

Siðbreyting Lúthers á fyrri hluta 16. aldar hafði umtalsverð áhrif á konur á 16. og 17. öld, þó svo að fræðimenn greini á um hversu neikvæð eða jákvæð þau hafi verið. Með lokun klaustra var t.d. girt fyrir einu formlegu leið kvenna til náms en einnig lífs utan hjónabands, þeirra sem það kusu.⁵ Í upphafi siðbreytingar er talið að konur hafi haft meira frelsi til að taka þátt í kirkjustarfi en síðar varð með stofnanavæðingu lúthersku kirkjunnar. Hugmyndin um hinn almenna prestdóm hafði áhrif á stöðu kvenna innan kirkjunnar. Með hinum almenna prestdómi er litið svo á að skírinn sé í

1 Hand, *Women, Manuscripts and Identity*, s. 201–202.

2 Larrington, *Women and Writing*, s. 79.

3 Green, s. 80.

4 Þ.e. bók með Davíðssálmum.

5 Vissulega giftist fjöldi kvenna ekki af ýmsum ástæðum. Hér er aðeins átt við að þær konur sem annars var reynt að neyða í hjónaband höfðu ekki lengur þessa flóttaleið.

raun prestsvígsla eða vígsla inn í prestsdóm trúaðra. Aðgreiningu fólks í andlega stétt og veraldlega er þar með vísað á bug!¹

Þátttaka kvenna í almennum prestsdómi fólst til að byrja með fyrst og fremst í lestri Biblíunnar og frelsi til þess að taka virkan þátt í guðsþjónustunni, að meðtöldum almennum safnaðarsöng. Ekki voru allir á því að leyfa konum að syngja eða lesa í guðsþjónustunum, en fljótlega var það viðtekin venja í Wittenberg og Strassborg, en báðar borgirnar gegndu lyk-
ilhlutverki innan lúthersku siðbótarinnar, að leyfa almennan safnaðarsöng með fullri þátttöku kvenna. Nokkrar aldir liður þó þar til þessi breyting tók gildi hér á landi, þar sem konur sungu ekki í kirkjum fyrr en komið var undir lok 19. aldar.²

Aukin áhersla Lúthers á hjónabandið og mikilvægi eiginkonunnar í þeirri menningu er ríkja átti á heimilinu, sem og hlutverk móðurinnar í menntun barna sinna, hafði jákvæð áhrif á stöðu kvenna, ekki bara í efsta lagi samfélagsins. Þrátt fyrir það hefur verið bent á að þessu hafi „fylgt hætta á frekari takmörkun á möguleikum kvenna til þátttöku í hinu opinbera lífi“.³ Aðgengi kvenna að skólum og bóklegri menntun var vissulega takmarkað á 16. og 17. öld, en með siðbreytingunni jukust þrátt fyrir allt möguleikar kvenna af lægri stigum til menntunar. Árið 1533 var að undirlagi Lúthers stofnaður kvennskóli í Wittenberg. Sama ár var tilskipun gefin út um að allir bær í Þýskalandi skyldu setja á laggirnar kvennskóla þar sem stúlkum yrði kennt að lesa, skrifa, syngja og jafnvel reikna. Í upphafi var hin mikla hugsýn um bættu menntun kvenna gjarnan orðin tóm. Áhersla var þó lögð á að kenna stúlkum að lesa, undirstöðuatriði kristinnar trúar og sálmasöng. Í sveitum var þó oftar en ekki lítill munur á menntun drengja og stúlkna.⁴ Þegar áhrifa upplýsingar fór að gæta í Evrópu á síðari hluta 17. aldar var meiri rækt lögð við praktíska menntun kvenna. Á sama tíma átti átak lúthersku kirkjunnar í fræðslu-

1 Arnfríður Guðmundsdóttir, „Lúther og konurnar. Um áhrif siðbótar Marteins Lúthers á líf kvenna“, í *Kvennabarátta og kristin trú*, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir (Reykjavík, 2009), s. 15–60, s. 17.

2 Arnfríður Guðmundsdóttir, „Lúther og konurnar“, s. 33.

3 Sama, 17.

4 Stjerna, *Women and the Reformation*, s. 45, 47. – Prentframleiðsla á bókum á móðurmáli-
inu jókst varanlega við siðbreytingu Lúthers og læsi virðist hafa aukist mjög meðal alþýðu
manna í Þýskalandi og víðar. Thomas Kaufmann bendir hins vegar á að í Þýskalandi hafi
þessi þróun þegar verið hafin næstu áratugina á undan og í raun verið nauðsynleg forsenda
siðbreytingar (Thomas Kaufmann, *Siðbótarrannsóknir á tímamótum. Fjórir fyrirlestrar um
nýjustu rannsóknir í siðbótarræðum*, þýð. og ritstj. Gunnar Kristjánsson (Kjalarnes, 2014),
s. 25–34).

málum stóran þátt í auknu læsi, einkum meðal kvenna. Að endingu má benda á að lestrar- og skriftarkunnátta markaðist ekki einasta af kyni líkt og Charlotte Appel sýnir í bók sinni, *Læsning og bogmarked i 1600-tallets Danmark*. Félagslegir þættir og fjölskylda gátu haft úrslitaáhrif á hvaða stúlkur og drengir lærðu að lesa og jafnvel skrifa. Ekki var heldur ætíð samhengi milli stéttarstöðu og læsis. Búseta virðist á hinn bóginn skipta sköpum fyrir skriftarkunnáttu danskra kvenna því fleiri skrifandi konur voru á þessum tíma í bæjum en sveitum Danmerkur.¹ Aukin þéttbýlismyndun með grósku í verslun og samskiptum fólks jók sýnilega þörfina á fjölbreyttari menntun.

Alla jafna var talið að konur ættu að einbeita sér að lestri íhugunar- og siðferðisrita og voru mörg slík gefin út víða í Evrópu. Elstu varðveittu prentuðu tíða- og bænabækurnar ætlaðar dönskum konum eru t.d. frá upphafi 16. aldar.² Aðalskonur áttu og lásu rómönsur, en tvíbent viðhorf var til lesturs eða hlustunar þess konar bókmennta. Rómönsur gátu aftur á móti ýtt undir gagnrýnan lestur kvenna og fengið þær til að íhuga stöðu sína.³ Almúgabækur (þý. *volksbücher*, e. *chapbooks*), sem tekið var að prenta í Evrópu undir lok 15. aldar en urðu einkum vinsælar á 16. og 17. öld, voru hugsaðar fyrir almenning, þó svo að þær hafi ekki síður leynst í fórum aðalsins.⁴ Þær sem fyrst og fremst voru ætlaðar konum þykja meira boðandi en þær sem karlar lásu helst, áttu að varða konum veginn um rétta hegðun. Þetta er talið bera vott um aukið læsi meðal kvenna af lægri stigum.⁵

Enskar heimildir frá 16. og 17. öld sýna fólk lesandi við ólíkar aðstæður, ekki bara sitjandi eða liggjandi, jafnvel standandi og gangandi og á ýmsum stöðum, ekki einungis í einrúmi. Fjölbreyttari lestrarvenjur vitna um aukna návist bóka meðal almennings.⁶ Næði til lesturs er þó sennilega á öllum tímum háð stétt og stöðu. Á fyrri tíð voru svefnherbergi og bókaherbergi hefðarfólks og betri borgara kjörnir staðir. Elstu dæmi um bókaherbergi enskra aðalskvenna eru frá því um 1550 en á 17. öld voru

1 Appel, *Læsning og bogmarked*, s. 84, 99.

2 Anne Mette Hansen, „Bænabók Marínu Jespersdóttur“, í *66 handrit úr fótum Árna Magnússonar*, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir (Reykjavík, 2013), s. 206. – Sjá einnig Charlotte Appel, *Læsning og bogmarked i 1600-tallets Danmark I-II*, Danish Humanist Texts 23 (Kaupmannahöfn, 2001), s. 618–627, s. 652.

3 Krueger, *Women readers*, s. 246–252.

4 *Almúgabækur* voru afþreyingar- og skemmtisögur, upphaflega prentaðar í Þýskalandi á 15., 16. og 17. öld, en þýddar hér á landi einkum á 17. og 18. öld (Seelow, *Die Isländischen Übersetzungen der Deutschen Volksbücher*, s. 51).

5 Reynir Þór Eggertsson, *Forwards and Backwards*, t.d. s. 25, 105–106.

6 Brayman Hackel, *Reading Material*, s. 37.

þau orðin býsna algeng. Þær sem ekki áttu viðlíka griðland fengu inni í bókaherbergi eiginmannsins. Á millistéttarheimilum voru slík afdrep oft hluti af sameiginlegu rými fjölskyldunnar. Svefnherbergi og bókaherbergi voru því ekki ætíð næðisöm. Upplestur fyrir marga var enn tíðkaður til að skemmta bæði læsum og ólæsum.¹

3. Skriftariðja evrópskra kvenna frá miðöldum og fram undir 18. öld

Það er allt annað er auðvelt að fjalla um skriftariðju kvenna fyrr á tíð.² Veldur þar mestu um hversu heimildir eru brotakenndar. Vert er þó að íhuga það sem Lisa M. C. Weston segir um hlutverk lesturs og ritunar í nunnuklaustrum á fyrstu öldum kristni á Englandi:

Though extant examples of women's writing may be rare, absence of evidence should not be read as evidence of absence. At the very least, their writing attests to the reading skills, the liturgical and cultural interests, and (most generally) the habits of literacy that characterized life in women's monastic communities during the first century or two of Christianity in Anglo-Saxon England.³

Hierónýmus (347?–420) kirkjufaðir reiknaði með að dætrum aðalskvenna væri kennt að skrifa. Hann skrifaði t.d. nýbakaðri móður og gaf henni nákvæmar leiðbeiningar um hvernig lestrar- og skriftarnámi dóttur hennar skyldi háttað.⁴ Ýmsir þeir sem skrifuðu um menntun kvenna á 13. og 14. öld gerðu, rétt eins og Hierónýmus, ráð fyrir að ungum aðalskonum væri kennt að skrifa, t.d. Vincent af Beauvais (1247–1249) og Francesco

1 Sama, s. 37, 41, 43–44, 46–47.

2 Hér er ekkert fjallað um skáldskap kvenna eða ritstörf, enda er það annað verkefni. Ekki er heldur fjallað um konur í prentarastétt, en dæmi eru um að konur hafi rekið prentstofur. Voru það gjarnan ekkjur sem erfðu prentstofur eftir menn sína. Slíkar konur voru margar læsar og skrifandi og gátu haft töluverð áhrif á bókamarkaðinn (sjá t.d. Jody Greene, *The Trouble with Ownership. Literary Property and Authorial Liability in England, 1660–1730* (Philadelphia, 2005) og Kirsí Stjerna, *Women and the Reformation* (Malden, 2009), s. 17–19).

3 Lisa M. C. Weston, „Conceiving the Word(s): Habits of Literacy among Earlier Anglo-Saxon Monastic Women“, í *Nuns' Literacies in Medieval Europe: The Hull Dialogue*, ritstj. Virginia Blanton, Veronica O'Mara og Patricia Stoop (Turnhout, 2013), s. 149–167, s. 167.

4 Hierónýmus, *Select letters of St. Jerome*, útg. Frederick Adam Wright (London, 1933), s. 343–365.

di Barberino (1264–1348).¹ Um útbreiðslu skriftarkennslu er þó örðugt að fullyrða.

Á miðöldum var það fátítt að skrifarar settu nöfn sín í bækur sem þeir skrifuðu. Það gefur því auga leið að erfitt getur reynst að hafa upp á konum í hópi skrifara. Fræðasamfélagið hefur auk þess allar götur gengið út frá því að munkar og prestar hafi einkum skrifað varðveittar bækur.² Baktitlar handrita og bókalistar klaustra geta þó veit mikilsverðar upplýsingar.³ Vitneskja er um ritstofur í nunnuklaustum sem framleiddu bækur, ekki eingöngu fyrir viðkomandi klaustur. Í slíkum ritstofum voru afrituð íhugunarrit, rit kirkjuféðranna, rit um kirkjusögu, ævisögur dýrlinga og bréf.⁴ Heimildir um þátttöku kvenna í bókaframleiðslu aukast í upphafi 12. aldar. Um fram allt má það þakka fleiri varðveittum klausturbókasöfnum og bókalistum. Vaxandi bókagerð má rekja til vakningar eða endurreisnar sem varð á öldinni í trúarlegum og menningarlegum efnum. Einn angi þeirrar vakningar var áhersla á menntun nunna, en á tímabilinu frá 1100–1250 meira en tvöfaldaðist fjöldi nunnuklaustra í Pýskalandi.⁵ Afraksturinn má t.d. sjá í bókalistum þýska klaustursins Wessobrunn sem sýna að nunnan Diemut (12. öld) átti stóran þátt í að byggja upp bókasafn klaustursins með ötulli skriftariðju. Hluti af bókum hennar varð eldi að bráð en tekist hefur að bera kennsla á allnokkrar, þrátt fyrir að hún hafi aldrei sett nafn sitt við það sem hún skrifaði. Handrit hennar bera vitni um þjálfaðan skrifara en einnig er talið að hún hafi lýst eða myndskreytt sum handrit sín. Sömu sögu er að segja af nunnunni Mathilde von Neuffen (d. fyrir 1150) í þýska klaustrinu í Zwiefalten.⁶

1 Susan Groag Bell, „Medieval Women Book Owners: Arbiters of Lay Piety and Ambassadors of Culture“, *Chicago Journals* 7/4 (1982), s. 742–768, s. 757.

2 Sjöunda og áttunda öld eru mikilsverður tími í sögu ritunar í vestanverðri Evrópu. Umbrot og letur handritatexta studdist á þessum tíma við það sem tíðkaðist í Róm. Írskir og engilsaxneskir munkar gerðu hins vegar mikilsverðar breytingar til að auðvelda þeim ritun sem ekki höfðu latínu að móðurmáli. Þetta gerði það m.a. að verkum að enn fleiri öðluðust skriftarfærni og lagði grunninn að skriftarmenningu karlungatímans (Marco Mostert, „Reading, Writing and Literacy: Communication and the History of Medieval Societies“, í *Literacy in Medieval and Early Modern Scandinavian Culture*, ritstj. Pernille Hermann (Viborg, 2005), s. 261–285, s. 275). Á 14. öld urðu svo enn frekari breytingar sem flýttu mjög fyrir skrifurum og auðvelduðu bókagerð. Umskiptin urðu einkum vegna vaxandi fjölda háskóla í Evrópu. Þá var tekið að nota léttiskrift einnig á bækur en áður hafði hún einungis verið brúkuð á bréf og skjöl. Aukin notun styttinga og banda var og einn liður í þessari þróun (Bell, *What nuns read*, s. 14–15). Um frekari þróun í bókagerð, sjá: Sama, s. 14–17.

3 Green, *Women Readers*, s. 182–185.

4 Bitel, *Women in early medieval Europe*, s. 141.

5 Beach, *Women as Scribes*, s. 25, 28–30.

6 Sama, s. 32–64.

Litið var á hið krefjandi starf við ritun handrita sem guðrækilega iðju. Að eigna sér heiðurinn af slíku þótti bera vott um dramb, sem skýrir hversu fáir nafngreindir skrifarar eru þekktir. Engin nunna er t.d. þekkt með nafni í hópi skrifara í hinu mikla menntaklaustri Admont í Austurríki. Í þýska klaustrinu Schäftlarn, sem bæði var munk- og nunnuklaustur eins og Admont, er hins vegar hvergi jafnhátt hlutfall þekktra kvenskrifara. Frá 12. öld eru þrír þeirra þekktir með nafni: Adelheid (er að skrifa í lok 12. aldar og við upphaf þeirrar 13.), Sophia (skrifar frá því um 1160 og til u.þ.b. 1180) og Irmingart (skrifar á tímabilinu 1164–1200). Ólíkt Admont var í Schäftlarn ekki krafa um að nunnurnar læsu mikið, en þar eð munkunum var í mun að stækka bókasafn klaustursins voru skriffærar nunnur látnar aðstoða við verkið. Ekki er talið að þeim hafi verið kennt að skrifa í klaustrinu heldur hafi þær búið yfir þessari færni þegar þær gengu í það.¹ Varðveist hafa niðurlensk predikanasöfn frá 15. og 16. öld, skrifuð á hollensku, þar sem fram kemur að nunnur skráðu þau eftir skriftafedrúnum sínum, ýmist eftir minni eða minnispunktum meðan þær hlustuðu á predikanir þeirra.² Frá sama tíma eru til handrit úr klaustrinu í Vadstena í Svíþjóð sem skrifuð voru af nunnunum, bæði á móðurmálinu og latínu.³ Ítarlegri rannsóknir vantar á skriftariðju kvenna, en taka verður með í reikninginn að framleiðsla bóka var í upphafi dýr og því voru það fyrst og fremst sæmilega vel stæð klaustur og veraldlegir höfðingjar sem staðið gátu undir ritstofum.⁴

Systrabækurnar, lífssögur (lat. *vitae*) nunna í hollenska Ágústínusarklaustrinu Diepenveen, veita einstaka innsýn í menntun og ritstörf nunnuklaustra af þessari reglu á tímabilinu 1425–1525. Systrabækur eru

1 Sama, s. 1, 68–103, 108, 117–118.

2 Thom Mertens, „Ghostwriting Sisters: The Preservation of Dutch Sermons of Father Confessors in the Fifteenth and the Early Sixteenth Century“, í *Seeing and Knowing. Women and Learning in Medieval Europe 1200–1550*, ritstj. Anneke B. Mulder-Bakker (Turnhout, 2004), s. 121–141, s. 121–136; Patricia Stoop, „Nuns' Literacy in Sixteenth-Century Convent Sermons from the Cistercian Abbey of Ter Kameren“, í *Nuns' Literacies in Medieval Europe: The Hull Dialogue*, ritstj. Virginia Blanton, Veronica O'Mara og Patricia Stoop (Turnhout, 2013), s. 293–312.

3 Monica Hedlund, „Nuns and Latin, with Special Reference to the Birgittines of Vadstena“, í *Nuns' Literacies in Medieval Europe: The Hull Dialogue*, ritstj. Virginia Blanton, Veronica O'Mara og Patricia Stoop (Turnhout, 2013), s. 97–118, s. 110; Carlquist, „The Birgittine Sisters“, s. 242; Ingela Hedström, „Vadstena Abbey and Female Literacy in Late Medieval Sweden“, í *Nuns' Literacies in Medieval Europe: The Hull Dialogue*, ritstj. Virginia Blanton, Veronica O'Mara og Patricia Stoop (Turnhout, 2013), s. 253–272, s. 257, 266–267. Ingela Hedström færir sannfærandi rök fyrir skriftariðju nunnanna í Vadstena.

4 Beach, *Women as Scribes*, s. 4.

einnig varðveittar víðar. Diepenveen fylgdi nýju guðrækninni (lat. *Devotio Moderna*), hreyfingu sem hófst í byrjun 15. aldar. Hún lagði áherslu á innileik, auðmýkt og fátækt. Af bókunum má sjá að systurnar lærðu allar latínu aðrar en hinar óvígðu systur. Í Diepenveen gegndi ein nunnan starfi bókavardar. Hún sá um að halda bókasafninu við en átti auk þess að útvega klaustrinu nauðsynleg ritföng, svo sem pappír, skinn og penna.¹

Eins og áður kom fram er talið er að fjölgun trúarlegra rita á þjóðtungum Evrópu á 12. öld hafi ekki síst orðið vegna aukins áhuga kvenna á slíkum ritum. Konur voru stundum fyrri til að drekka í sig nýjungar í trúaræfnum. Sem lesendur og tilheyrendur hirðbókmennta áttu þær og stóran þátt í að efla veraldlegar bókmenntir á móðurmálinu. Ekki verður heldur horft fram hjá hlutverki þeirra sem styrktaraðila og jafnvel höfunda. Hluttur kvenna í bókmenningu miðalda er því allt annað en skoplítill baggi, hann skipti sköpum fyrir þróun bókmennta á þjóðtungum sem á endanum ýttu latínunni út í kuldann.² Innan veggja heimilisins, sem kennarar barna sinna, fóstruðu konur menningu tengda móðurmálinu og áttu þannig ríkan þátt í að efla þjóðtungurnar í sessi sem menningartæki.³ Og þegar þær hófu í auknum mæli að skrifa eigin rit eftir árið 1000, fengu viðhorf þeirra meira rúm á síðum bóka. Ýmsir hafa t.d. bent á að konurnar í verkum skáldkonunnar Marie de France (12. öld) séu allt annað en hamingjuhrólfar.⁴ Í verkum hennar megi finna ádeilu á ríkjandi skipulag þar sem konur voru notaðar sem skiptimynt á hjónabandsmarkaðnum. Hildegard af Bingen hélt því fram að Guð hefði hvatt hana til að nota einfaldan rithátt þegar hún skrifaði vitranir sínar, skrifa ekki eins og karlmaður.⁵

Bréf hafa varðveist frá konum á miðöldum, en þau eru fremur fá, þau frægustu sennilega bréf elskendanna Heloise (1101–1164) til Abelard (1079–1142). Skiptar skoðanir eru um trúverðugleika bréfanna, að þau séu hreinlega skrifuð af Heloise og Abelard.⁶ Þeir eru þó fleiri sem líta á þau sem ósvikin og hafa fjallað um þau djúpstæðu áhrif sem Heloise hafði

1 Wybren Scheepisma, *Medieval Religious Women in The Low Countries. The 'Modern Devotion', The Canonesses of Windesheim and their Writings*, þýð. David F. Johnson (Woodbridge, 2004).

2 Green, *Women Readers*, s. 247–248.

3 Larrington, *Women and Writing*, s. 189.

4 Marie de France var fyrsta þekkta konan til að skrifa veraldlegar sögur á móðurmálinu, völsku (frakkneskri tungu).

5 Bitel, *Women in early medieval Europe*, s. 286.

6 Christopher Baswell, „Heloise“, í *The Cambridge Companion to Medieval Women's Writing*, ritstj. Carolyn Dinshaw og David Wallace (Cambridge, 2003), s. 161–171, s. 168–169.

á guðfræði og heimspekihugmyndir Abelard.¹ Híerónýmus kirkjufaðir (347?–420) leit á konur sem vitsmunalega jafningja og er stór hluti varðveittra bréfa hans skrifaður til kristinna aðalskvenna. Varðveittum bréfum fjölgar á síðmiðöldum og þó einkum á 16. og 17. öld, bæði frá hefðarkonum og nunnum. Bréf frá nunnum eru einatt stíluð til annars klaustursfólks og iðulega notuð til að koma ákveðnum boðskap og/eða lærdómi á framfæri. Þau dreifðust víða og voru stundum prentuð eins og bréf heilagrar Colette de Corbie (1381–1447), abbadísar í Besançon. Hún stýrði siðbót-arhreyfingu innan klausturreglu heilagrar Klöru og skrifaði leiðbeinandi og menntandi bréf til annarra systra innan reglunnar, m.a. um hvernig þeim bæri að haga lifnaði sínum. Bréf frá yfirmönnum kirkjunnar og annarra klaustra sýna að karlmenn báðu hana ósjaldan að beita andlegum og siðferðilegum áhrifum sínum á páfann, franska konunginn eða aðra háttsetta menn, jafnvel guðdóminn sjálfan.²

Á grasrótarárum lúthersku kirkjunnar notuðu siðbótarkonur bréf til að koma boðskap sínum á framfæri en sárafá voru prentuð. Til að fá verk sín útgefin þurfti bæði fjármagn og góð tengsl. Fæstar bjuggu svo vel og því eru rit þeirra fyrst og fremst varðveitt í handritum. Lengi var talið að fáar siðbótarkonur hefðu stungið niður penna. Í bók sinni, *Women and the Reformation*, dregur Kirsi Stjerna marga slíka höfunda fram í dagsljósið. Hún segir að siðbótarkonur hafi að hlutað sömu bókmenntategundir og kynsystur þeirra á miðöldum. Vitranir séu þó alla jafna ekki þar á meðal. Siðbótarkonur skrifuðu um fjölbreytt trúarefni, t.d. ævisögur, bænir, sálma, íhugunarrit, ritskýringar og predikanir af ýmsu tagi. Bréf voru hins vegar sá miðill sem þær notuðu helst í pólitískum og trúarlegum tilgangi en þó einkum til samskipta. Fyrir kom að bréf þeirra voru prentuð sem bæklingar og notuð í áróðursskyni.³

Á 16. og 17. öld tók grunnmenntun í Evrópu fyrst og fremst til lesturs og því var stór hluti þeirra sem voru læsir, óskrifandi, rétt eins og á miðöldum. Húmanísk menntun fól á hinn bóginn í sér kunnáttu í lestri og skrift og á þessum tíma er í æ ríkari mæli farið að tengja þetta tvennt saman. Ástæðan er sú að með nýjum aðferðum í textarannsóknum og auknum

1 Ineke van 't Spijker, „Partners in Profession: Inwardness, Experience, and Understanding in Heloise and Abelard“, í *Women and Experience in Later Medieval Writing. Reading the Book of Life*, ritstj. Anneke B. Mulder-Bakker og Liz Herbert McAvoy, The New Middle Ages (New York, 2009), s. 47–64.

2 Bert Roest, „A Textual Community in the Making: Colettine Authorship in the Fifteenth Century“, í *Seeing and Knowing. Women and Learning in Medieval Europe 1200–1550*, ritstj. Anneke B. Mulder-Bakker (Turnhout, 2004), s. 163–180, s. 166–168.

3 Stjerna, *Women and the Reformation*, s. 42.

uppskriftum eldri texta lögðu húanistar ríkari áherslu á skrift samfara lestri. Auk þess þótti mikilsvert að kenna reikning. Árið 1678 kom t.d. út í London þessi bæklingur: *Advice to the Women and Maidens of London*. Þar fjallar ónafngreindur kvenhöfundur um það hvernig konur gætu nýtt kunnáttu í reikningi til að hafa reiðu á fjármálum sínum. Og í London auglýstu skriftarkennarar grimmt þjónustu sína, en í þeim hópi voru a.m.k. tvær skriftarfrúr (e. *writing mistresses*) sem tóku stúlkur í læri.¹

Bréfaskipti hinnar 10 ára gömlu ensku hefðarungfrúr, Anne Denton, guðföður hennar Sir Ralph Verney og föður hennar, Dr. William Denton, eru að lokum forvitnilegt dæmi um lesefni og menntun heldri kvenna á 17. öld. Bréfin voru skrifuð um 1650. Anne lýsir því að hana langi til að læra hebresku, grísku og latínu og svo virðist sem faðir hennar örvi hana. Hún segist kokhraust ætla að verða leiknari en lærimeistarinn, Sir Ralph Verney. Guðfaðir hennar ráðleggur föðurnum alfarið frá því að kenna henni þessi tungumál, hún geti aftur á móti lært frönsku. Ásamt því að lesa siðferði- og trúarrit og rit sem muni styrkja hana sem verðandi húsmóður, sé hann þess albúinn að aðstoða hana við að koma sér upp bókasafni af veraldlegum frönskum bókum, t.d. rómönsum, ljóðum og leikritum. Venrey er áfram um að Anne læri að skrifa en hún á hvorki að læra að skrifa hratt né sjást skrifa opinberlega, og síst af öllu í kirkju. Hann óttast að „Fast writing, after all, might become fast living“.² Ekki er vitað hvort Anne lærði þau tungumál sem hún óskaði, þrátt fyrir velvilja föður hennar.³ Dæmi eru um konur úr efri lögum samfélagsins sem lærðu þessi tungumál og jafnvel af sjálfsdáðum.⁴ Þegar fjallað er um menntun kvenna fyrir á tíð verður að taka með í reikninginn viðhorf foreldra til menntunar. Metnaðarfullur og hvetjandi faðir gat menntað dóttur sína á

1 Victoria E. Burke, „The art of Numbering well’: Late-Seventeenth-Century Arithmetic Manuscripts Compiled by Quaker Girls“, í *Material Readings of Early Modern Culture. Texts and Social Practices, 1580–1730*, ritstj. James Daybell og Peter Hinds (Basingstoke, 2010), s. 246–265, s. 248.

2 Allt annað viðhorf til skriftariðju og „slow writing“ virðist ríkja í nunnuklaustrinu í Vadstena á síðmiðöldum ef marka má Ingelu Hedström:

The use of certain scripts in the sisters’ convent is also closely connected to why the sisters wrote. Writing was a godly work, and the form of slow writing that these scripts demanded could function as a kind of devotional meditation. When writing, the sisters not only got to know the texts they copied but also got the opportunity to contemplate the texts they were copying. (Hedström, „Vadstena Abbey and Female Literacy“, s. 264)

3 Brayman Hackel, *Reading Material*, s. 201–203.

4 Stjerna, *Women and the Reformation*, s. 46; David Wallace, *Strong Women*, s. 143, 229.

við hálærðan mann, enda má finna dæmi um slíkar konur í mannkynssögunni. Siðbreytingin, átak kirkjunnar í fræðslumálum á 17. öld og aukin prentun veraldlegra rita handa almenningi breyttu miklu fyrir menntun almúgakvenna jafnt sem almúgakarla. Dramatískustu breytingarnar urðu hins vegar með upplýsingunni á 18. öld þegar lög um lestrarkennslu tóku að líta dagsins ljós.

4. Samantekt

Miðaldamenn álitu að sá einn væri læs sem gæti lesið latínu. Með fjölgun rita á þjóðtungunum á 12. öld jókst læsi aðalskvenna, þó svo að í augum kirkjunnar manna væru þær ólæsar. Nýlegar rannsóknir á læsi evrópskra kvenna sýna að það var mun útbreiddara en áður var talið. Lesandi konur, nunnur og matrónur, hafa verið dregnar fram úr skúmaskoti gleyskunnar og í kjöltu þeirra hafa bæði setið latínurit og rit á móðurmálinu. Fræðimenn hafa ýmsir viljað greina á milli tvenns konar lesturs á miðöldum, bókstaflegs lesturs og ímyndarlesturs (myndlestur og lestur upphátt fyrir ólæsa). Þannig geti þeir sem áttu þess kost að hlýða á upplestur ekki með öllu talist ólæsir. Þar eð konur sáu iðulega um grunnmenntun barna sinna og voru ötulir lesendur bókmennta á þjóðtungunum áttu þær hvað stærstan þátt í að efla þær sem menningartæki.

Á miðöldum áttu konur alla jafna ekki átt kost á formlegri menntun í skólum. Í klaustum fengu þær lánsömu smjörþefinn af slíkri menntun en hún byggði m.a. á höfuðþróttunum sjö. Ekki hefur með óyggjandi hætti tekist að sýna í hverju munurinn á lærdómi nunna og munka fólst. Þær konur sem kennt var heima gátu aflað sér töluverðrar menntunar og dæmi eru um hámenntaðar yfirstéttakonur.

Á 16. og 17. öld jókst læsi til muna í Evrópu, einkum meðal kvenna. Ástæðurnar eru í meginatriðum tvær, átak kirkjunnar í fræðslumálum og aukin útgáfa veraldlegra rita ætluð almenningi. Á sama tíma glæðast möguleikar kvenna úr efri lögum samfélagsins og millistétt til formlegrar skólagöngu. Þær voru þó enn að mestu útilokaðar frá háskólum. Konum úr öllum stéttum var því að mestu kennt heima.

Lestrar- og skriftarkunnátta fór sannarlega ekki ætíð saman á miðöldum, hvorki í röðum kvenna né karla. Skriftarkunnátta var þó mun algengari meðal lærðra karla á miðöldum. Það voru einkum nunnur og aðalskonur sem lærðu að skrifa og var hér að framan einungis fjallað um fáeinar slíkar. Mörg fleiri dæmi má finna um skrifandi konur, einkum þegar kemur fram á 16. og 17. öld, en með húmanismanum var í auknum mæli farið að

tengja lestur og skrift saman. Á þessum tíma taka konur úr millistétt að halda út á ritvöllinn og dæmum um læsar alþýðukonur fjölgar. Rannsóknir á handritum hafa leitt lesandi og skrifandi konur fram á svið sögunnar. Frekari rannsókna er þörf sem vænta má á næstu árum. Ekkert breytir þó þeirri staðreynd að allt fram á tuttugustu öld voru konur útilokaðar frá æðri menntun.

III. Menntun og bókmenning íslenskra kvenna á miðöldum og fram á 18. öld

1. Bókklistir íslenskra kvenna á miðöldum og hlutverk mæðra í bóklegri menntun

Menntun íslenskra kvenna á miðöldum rímaði við menntun þeirra evrópsku.¹ Flestar fengu þær skólun í kvenlegum listum, svo sem hannyrðum og matseld, en aðeins útvaldar konur úr efri lögum samfélagsins lærðu að lesa. Lestrarkunnátta slíkra kvenna hefur sannast sagna verið á ólíku stigi. Hafa verður í huga að sennilega var algengara að lesið væri fyrir hóp fólks, eins og annars staðar í Evrópu, en að fólk læsi í einrúmi. Áhöld eru um hversu algengur lestur í einrúmi var á miðöldum. Sverrir Tómasson telur að fólk hafi snemma lesið í einrúmi en Stefka Georgieva Eriksen er ekki eins sannfærð.² Ingunn Arnórsdóttir af ætt Ásbirninga (12. öld) er fyrsta konan sem vitað er um að hafi fengið menntun á við karlmenn. Hún var í námi á Hólum, en óvíst er hvort hún sat í tímum með námssveinum. Hún var svo lærð að hún kenndi á staðnum þeim sem vildu nema af henni:

- 1 Hér er ekki fjallað um skáldskap kvenna eða menntun þeirra í skáldskaparfræðum. Af varðveittum kvæðum kvenna, sem ekki eru ýkja mörg, er ljóst að þær standa karlskáldum síst að baki. Um þetta efni sjá t.d. Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda I–II* (Akureyri, 1961–1963); Helga Kress, *Máttugar meyar. Íslensk fornbókmenntasaga* (Reykjavík, 1993); idem, *Fyrir dyrum fóstru. Greinar um konur og kynferði í íslenskum fornbókmenntum* (Reykjavík, 1996). – Um skáldskap á 16. og 17. öld sjá t.d. Margrét Eggertsdóttir, „Um kveðskap kvenna og varðveislu hans“, *Vefnir* 2 (1999), [án bls]. <http://vefnir.is/grein.php?id=711>; idem, „Sálmar og daglegt líf“, s. 184–195; idem, „Brúðguminn – með blómleik sinn“. Ímynd Kristis og sjálfsmynd kvenna í trúarlegum kveðskap eftir siðskipti“, í 2. *Íslenska sögubíngið 30. maí – 1. júní 2002. Ráðstefnurit* I, ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir (Reykjavík, 2002), s. 386–393.
- 2 Sverrir Tómasson, „The „fræðisaga’ of Adonias“, í *Structure and Meaning in Old Norse Literature*, ritstj. John Lindow, Lars Lönnroth og Gerd Wolfgang Weber, *Studies in Northern civilization* 3 (Óðinsvé, 1986), s. 378–393, s. 393; Stefka Georgieva Eriksen, *Writing and Reading in Medieval Manuscript Culture. The Translation and Transmission of the Story of Elye in Old French and Old Norse Literary Contexts* (Turnhout, 2014), s. 184.

Þar var og í fræðinæmi hreinferðug jungfrú er Ingunn hét. Engum þessum var hún lægri í sögðum bóklistum. Kenndi hún mörgum grammaticam og fræddi hvern er nema vildi. Urðu því margir vel menntir undir hennar hendi. Hún rétti mjög latínubækur, svo að hún lét lesa fyrir sér, en hún sjálf saumaði, tefldi eða <vann> aðrar hannyrðir með heilagra manna sögum, kynnandi mönnum Guðs dýrð eigi aðeins með orðum munnnáms heldur og með verkum handanna.¹

Ingunn gat hafa numið einungis með eyrunum eins og stundum tíðkaðist fram eftir öldum.² Orðalagið: „Engum þessum var hún lægri í sögðum [þ.e. grammatík og latínu] bóklistum“, bendir þó til að hún hafi verið læs, ella hefði skort á einn þátt bóklista hennar, þann að nema með augunum. Hún stóð sem sagt jafnfætis öðrum í bóklistum. Í *Ordbog over det norrøne prosasprog* er þessi merking gefin á orðinu *bóklist*:³

boglige færdigheder, lærdom, videnskab, “artes liberales” (usually pl.)

Fyrsta skýringin tekur til leikni eða færni (*boglige færdigheder*), næstu tvær til þekkingarinnar (*lærdom, videnskab*) og sú síðasta felur í sér kunnáttu í hinum sjö frjálsu listum (*septem artes liberales*) (sjá II,1). Hafa verður í huga að fyrstu tvær merkingarnar fela e.t.v. þá þriðju í sér, þ.e. vísað sé til færni og þekkingar í hinum sjö höfuðlíþróttum. Dæmin sem fundust um orðið *bóklist* taka ekki af allan vafa um hvort í því felst einvörðungu sú þekking sem fá má af bókum og hæfnin að miðla henni, eða það vísi líka til aðferðarinnar við að afla hennar, þ.e. bæði færnina að lesa og hæfnina að innbyrða þekkinguna með eyrunum.⁴ Haft um karl leikur minni vafi á merkingu orðsins, lestur kemur strax upp í hugann. Dæmið úr Maríu sögu sýnir það ótvírætt:

1 Jóns saga ins helga, í *Biskupa sögur I*, útg. Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foote, Íslensk fornrit XV₂ (Reykjavík, 2003), s. 173–316, s. 219–220. – Allar tilvitnanir úr prentuðum bókum og handritum eru prentaðar hér með nútímastafsetningu til hægðarauka fyrir lesendur.

2 Kristín Ólafsdóttir (1664–1733) lærði t.d. latínu af því að hlusta á Björn Þorsteinsson sjúpa sinn kenna smásveinum. Kristín þótti mikil atgerviskona til náms (Sigurður Pétursson, „Voru til lærðar konur“, s. 76. – Sigurður styðst við lýsingu á Kristínu í ættartölu í Lbs 2446 4to).

3 <http://onp.ku.dk/>

4 Í eftirfarandi umfjöllun er einblínt á orðið sjálft og reynt að grafast fyrir um merkingu þess en látið liggja milli hluta að um ólíkar bókmenntir er að ræða og sannarlega ekki alltaf konur af holdi og blóði.

Bið ég, að þú takir hann til þín og kennir honum bóklegar listir og leggir [...] hug á, að hann kunni [...] að dikta, rita, lesa og syngja [...] Jóhannes tók sakir góðvilja og hlýðni sveininn til sín, og kennir honum í fyrstu stafróf [...]¹

Haft um konu slá sumir fræðimenn því föstu að það feli ekki í sér lestur.² Að meðtöldu dæminu um Ingunni eru dæmin sem fundust um *bóklitir* kvenna eða *bóklegar listir* alls sjö. Í einu þeirra er merkingin sú að konan kunni skil á hinum sjö höfuðíþróttum án þess að það segi til um hvernig hún aflaði þekkingarinnar.³

[...] þessi jómrú hét Philotemia, hún hafði svo vel numið allar 7 bóklegar listir með öllum greinum sem af sérhvörri list má gjörast, eður greinast, svo einninn var hennar líki í öllu því kóngsríki.⁴

Sú virðist einnig merkingin í eftirfarandi dæmum:

[...] kóngur átti sér dóttur harla væna, er Díana hét, hún kunni allar bóklegar listir [...]⁵

[...] og hafði fengið eina ágæta drottningu, dóttur kóns af Indíalandi af þeirri borg er Pentapolim h(eitir). Hún hét Semerana, hún hafði numið allar bóklegar listir þær er meistara máttu henni kenna.⁶

Tvö dæmi sýna þekkingu kvenna á hebreskum bóklistum:

Dagnus kóngur [átti] væna dóttur, þá sem mjög var megtug um fram aðrar frúr. Hún var heiðarlega[a] hæf á allar sýrlenskar listir og hebreskar bóklistir.⁷

- 1 [Maríu saga] *Mariu saga. Legender om jomfru Maria og hendes jertegn*, útg. C.R. Unger (Christiania, 1871), s. 1118.
- 2 Sjá Helga Kress, *Máttugar meyjar*, s. 17–19. – Jenny Jochens (*Old Norse Images of Women* (Philadelphia, 1996), s. 260–261) og Ásdís Egilsdóttir („From orality to literacy“, s. 223) telja líkt og hér er gert að Ingunn hafi verið læs.
- 3 Í Katrínar sögu segir t.d. af námi Katrínar: „Numið hafði hún allar þær íþróttir á bókum er liberalis heita“ (Katrínar saga, í *Heilagra meýja sögur*, útg. Kirsten Wolf, Íslensk trúarit 1 (Reykjavík, 2003), s. 123–141, s. 124).
- 4 *Dínus saga dramláta*, útg. Jónas Kristjánsson, Riddarasögur I (Reykjavík, 1960), s. 12.
- 5 *Hjálmþérs saga: A Scientific Edition*, útg. Richard Lynn Harris (Iowa, 1970), s. 13.
- 6 [Adonías saga] Adonias saga, í *Late Medieval Icelandic Romances III*, útg. Agnete Loth, Editiones Arnarnæmæ B 22 (Kaupmannahöfn, 1963), s. 67–230, s. 77.
- 7 [Kirjalax saga] *Kirjalax saga*, útg. Kr. Kålund, Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur XLIII (Kaupmannahöfn, 1917), s. 2.

Hin sæla Marta var göfug að kyni en göfugri að góðum siðum og trú. [...] Hún var vel kunnandi á lögmál Móse og aðrar hebreskar bóklistir.¹

Fyrri dæmið má túlka svo að hér sé átt við kunnáttu í hebreskri tungu og færnina að lesa hebresk trúarrit, þ.e. að merkingin sé ekki bara þekking á efni bókanna. Orðalagið að vera „hæf á allar [...] hebreskar bóklistir“ ýtir undir þá túlkun, þ.e. að hér sé átt við getuna að lesa þessar bækur. Hebræska var hins vegar móðurmál Mörtu í seinna dæminu. Í Katrínar sögu, heilagra meylla sögu frá 14. öld, eru bækur settar fyrir augu Katrínar:

Til bókar var ég sett. Nam ég yfrið mikið af bóklegum íþróttum og veraldlegri speki.²

Í sögunni tekur Katrín þátt í rökræðum heimspekinga og er „miklu harðari í horn að taka [...] en stöllur hennar við áþekkar aðstæður“.³ Katrín var t.d. „verndardýrlingur ungra stúlkna, stúdenta og kennara, heimspekinga og guðfræðinga, bókavarda og prentara“.⁴

Merkingin í orðinu *bókfræði* á miðöldum tengist merkingunni í orðinu *bóklist*, sbr. *Íslenska orðabók*, en þar hljóðar skýringin á orðinu *bókfræði* m.a. svo: „bókleg fræði, þekking sem fá má af bókum“.⁵ Skýringin tekur hins vegar einungis til þekkingarinnar, enda vísar orðið *fræði* til hennar. Í Páls sögu biskups er dæmi um konu sem er atgjörvismaður í *bókfræði*. Ekkert verður fullyrt hvort hún hafi aflað þekkingar með lestri:

Börn þeirra gerðust atgjörvismenn miklir á unga aldri: Loftur í hagleik og lærdómi og viturleik, Ketill í skilningum og riti, Halla í verknaði og bókfræði, Þóra í hlýðni og í ástsemi.⁶

Í eftirfarandi dæmum er merkingin fyrst og fremst sú þekking sem fá má af bókum, óvíst er hvernig hennar var aflað:

1 Mörtu saga og Maríu Magdalenu, í *Heilagra meylla sögur*, útg. Kirsten Wolf, Íslensk trúarrit 1 (Reykjavík, 2003), s. 50–92, s. 50.

2 Katrínar saga, s. 123–141, s. 126.

3 Kirsten Wolf, „Inngangur“, í *Heilagra meylla sögur*, útg. Kirsten Wolf, Íslensk trúarrit 1 (Reykjavík, 2003), s. ix–lxvii, s. xxix.

4 Kirsten Wolf, „Katrínar saga“, í *Heilagra meylla sögur*, útg. Kirsten Wolf, Íslensk trúarrit 1 (Reykjavík, 2003), s. 174–176, s. 174.

5 *Íslensk orðabók A–I*, ritstj. Möður Árnason (Reykjavík, 2002), s. 155.

6 Páls saga byskups, útg. Ásdís Egilsdóttir, í *Biskupa sögur II*, Íslensk fornrit XVI (Reykjavík, 2002), s. 295–332, s. 315–316.

[...] svo er afsagt [hennar mennt og vísdómi, [að hún sigri hinu mestu meistara í bókfræði [...]]¹

Pessir birta framar vilja sinn og fylgi en bókfræði [...]]²

[...] hann hafði numið allskyns klerkdóm, og bókfræði [...]]³

Umfjöllun Ingelu Hedström um lýsingarorðið *bóklærður* í heimildum um menntun nunnanna í Vadstena ýtir enn frekar undir þá skoðun að Ingunn Arnórsdóttir hafi verið læs:

The words used in the passage are ‘booklærda’ [‘book learned’] and ‘olærda’ [‘unlearned’]. It is debateable what the members of the convent at the time associated with these terms. However, in Birgitta’s *Revelations* (which were texts that the sisters should be familiar with) the word ‘booklærð’ is usually a translation from the Latin word ‘litteratus’. From the contexts, both textual and cultural, the term ‘booklærð’ should be defined as learned in Latin. The use of the word ‘unlearned’ (in contrast to ‘book learned’) thus did not mean that someone could not read, but that they were without knowledge of Latin. A sister who was labelled ‘unlearned’ (and therefore needed to hear the table readings in Swedish) was not necessarily illiterate in the vernacular.⁴

Alþekkt er að kennsla í hinum sjö frjálsu listum fór fram á latínu og af bókum. Útilokað er að sá sem lærir latínu af þeirri leikni sem Ingunn bjó yfir læri hana öðruvísi en af bókum. Frásagnir af bóklistum Ingunnar og einsetukonunni Hildi, sem fjallað verður um hér á eftir, eru í yngri gerð Jóns sögu helga sem rituð var á 14. öld. Fræðimenn telja yfirleitt að samtíðarsögur, þ.e. biskupasögur eins og Jóns saga helga, svo og Sturlunga saga, byggist á nokkuð traustum heimildum um þann tíma og þá atburði sem þær lýsa, þó að viðurkennt sé að í þeim felist einnig listræn sköpun. Meiri áhöld eru um Íslendingasögur, en hér verður það viðhorf sem birtist hjá Gísla Sigurðssyni haft að leiðarljósi:

- 1 Dámusta saga, í *Fjalar Jóns saga, Dámusta saga*, útg. Luoisa Fredrika Tan-Hverhost (Haarlem, 1939), s. 48–108, s. 68.
- 2 [Jóns saga postula] Jóns saga postula, í *Postola sögur*, útg. C.R. Unger (Christiania, 1874), s. 412–436, s. 471.
- 3 [Barlams saga og Jósafats] *Barlaams ok Josaphats saga*, útg. Magnus Rindal, Norrøne tekster 4 (Oslo, 1981), s. 5.
- 4 Hedström, „Vadstena Abbey and Female Literacy“, s. 270–271.

Það eru því mikil mistök þegar fræðimenn, sem fást við þá tíma sem Íslendingasögur lýsa, neita sér um að nota sögurnar í rannsóknnum sínum. Enda þótt þar sé greinilega oft farið frjálsglega með sannleika, og lögmál listrænnar frásagnar knýi sögurnar áfram, er eigi að síður hægt að komast að meiru um hlutskipti og hugmyndir fólksins sem sagði þessar sögur – og tjáði í þeim heimssýn sína, siðfræði og hugmyndir um fortíð og samtíð – með því að lesa sögurnar vandlega en með því að leiða þær hjá sér þegar kemur að því að fjalla um heiminn utan við bókmenntirnar.¹

Hvað varðar fornaldar- og riddarasögur og heilagra manna og meyja sögur má segja að þær séu mikilsverðar heimildir um viðhorf þeirra sem söguð þær og síðar skráðu, en þær mótuðu einnig hugmyndir þeirra sem lásu eða hlýddu á þær. Ekki er útilokað að sögurnar „af þessum guðræknu menntakonum [þ.e. Ingunni og Hildi] hafi átt að benda konum á þær leiðir sem þeim stæðu opnar innan kirkjunnar“.² Í sögunum af Guðmundi góða Arasyni biskupi, sem voru ritaðar á þessum tíma, leika konur stórt hlutverk í frásögninni. Bent hefur verið á að „á þessu blómaskeiði norðlenskra sagnaritara“ aukist hlutur kvenna.³

Alla jafna var konum kennt heima en margar voru eflaust sendar í fóstur og kennt þar, einkum dætur efnamanna:⁴

Ormur var góður bóndi og vinur Þorbjarnar mikill, og var Guðrífur þar löngum að fóstri með honum.⁵

Þá bauð hann heim meyjunni Ragnheiði og fékk henni þar fóstur með sér.⁶

- 1 Gísli Sigurðsson, *Leiftur á hofinni öld. Hvað er merkilegt við íslenskar fornbókmenntir* (Reykjavík, 2013), s. 127.
- 2 Ásdís Egilsdóttir, „Klausturreglur og bókmenntir“, s. 242. – Ásdís nefnir einnig dæmið af Katrínu, abbadís í Reynistaðarklaustri, en um það verður fjallað hér á eftir.
- 3 Inga Huld Hákonardóttir, „Guðmundur góði og konur“, í Gunnar F. Guðmundsson, „Íslenskt samfélag og Rómakirkja“, í *Kristni á Íslandi* II, ritstj. Hjalti Hugason (Reykjavík, 2000), s. 52–56, s. 56.
- 4 Ítarlega umfjöllun um fóstur og fóstur má finna í Helga Kress, „Fyrir dyrum fóstur. Textafræðingar og konan í textanum út frá vísu Helgu Bárðardóttur í *Bárðar sögu Snafellsáss*“, í *Fyrir dyrum fóstur. Greinar um konur og kynferði í íslenskum fornbókmenntum* (Reykjavík, 1996), s. 67–100, s. 89–97.
- 5 Eiríks saga rauða, í *Eyrbyggja saga*, Íslenzk fornrit IV (Reykjavík, 1935), s. 193–237, s. 203.
- 6 Fljótsdæla saga, í *Ausfirðinga sögur*, útg. Jón Jóhannesson, Íslenzk fornrit XI (Reykjavík, 1950), s. 213–296, s. 239.

Eins og tíðkaðist víðast í Evrópu var það móðirin sem sá um kennslu barna sinna. Heimildir eru þó um að gamlar konur og karlar á heimilinu (stundum ömmur og afar) hafi fóstorað börn.¹ Í Fljótsdæla sögu segir t.d. af því að þegar Puríður Hámundardóttir missir Glúm mann sinn elur hún upp Oddbjörgu dóttur þeirra og menntar hana:

Puríður var hin vitrasta kona og skörungur mikill. Fæddi hún upp meyna með mikilli virkt. Var hún og allra kvenna vænst og best mennt.²

Og í Þorsteins þætti uxafóts kemur fram að það er fósturmóðir Þorsteins, Þórgunna, sem kennir honum „margt í fræðum“.³

Við kristnitöku árið 1000 héldu heimilin áfram að gegna „lykilhlutverki við uppfræðslu ungmenna og báru mæður, ömmur eða fóstrur hitann og þungann af því ábyrgðarmikla verkefni. Vera má að þannig hafi einnig verið staðið að uppfræðslu svo fljótt sem mögulegt var eða strax og úr grasi var vaxin kynslóð er sjálf hafði hlotið tilskilda fræðslu“.⁴ Þar sem uppfræðslan fólst í lestrarkennslu þurfti bækur. Í upphafi hafa einungis dætur og synir höfðingja hlotið slíka menntun, á heimilum þar sem bókaeign var möguleg.⁵ Fræðimenn telja margir að læsi hafi verið tíðara hér á landi á miðöldum en hinum Norðurlöndunum. Þá ályktun draga þeir af því að mun fleiri íslensk miðaldahandrit eru varðveitt á móðurmálinu en latínu og stærstur hluti þeirra geymir veraldlegt efni.⁶ Flest íslensk handrit

1 Um hlutverk evrópskra mæðra í menntun barna sinna, sjá II,1 og t.d. Bitel, *Women in early medieval Europe*, s. 125.

2 Fljótsdæla saga, s. 215.

3 Þorsteins þáttur uxafóts, í *Harðar saga*, útg. Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson, Íslensk fornrit XIII (Reykjavík, 1991), s. 339–370, s. 349.

4 Ásdís Egilsdóttir, „Upphaf bókmenningar“, s. 367–368. – Þar sem vinnufólk var látið sjá um fóstur barna virðist fremur af gæslu að ræða en uppfræðslu (sjá t.d. Gunnar Karlsson, „Barnfóstur á Íslandi að fornu“, í *Miðaldabörn*, ritstj. Ármann Jakobsson og Torfi Tulinius (Reykjavík, 2005), s. 37–61, s. 40–43).

5 Um bókakost á heimilum á miðöldum sjá Halldís Ármannsdóttir, *Njála sem aldarspegill. Samanburður á Brennu-Njáls sögu og nokkrum ritum sem voru útbreidd og nutu vinsælda í Evrópu á þrettándu öld*, MA-ritgerð við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands (Reykjavík, 2012), s. 12. – Ítarlega er fjallað um skóla og menntun pilta í Sverrir Tómasson, *Formdár íslenskra sagnaritara á miðöldum*, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 33 (Reykjavík, 1988), s. 15–35. Greinargott yfirlit um skólalæsi á Íslandi er í Gunnar Harðarson, „Inngangur“, í *Þrjár þýðingar lærðar frá miðöldum*, *Elucidarius*, *Um kostu og löstu*, *Um festarfé sálarinnar*, útg. Gunnar Harðarson (Reykjavík, 1989), s. 7–42, s. 10–12.

6 Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Reading and Writing in Medieval Iceland“, í *Teaching Writing, Learning to Write: Proceedings of the XVth Colloquium of the Comité International de Paléographie Latine held at The Institute of English Studies, University of London 2–5 September 2008*, ritstj. P.R. Robinson (London, 2010), s. 155–162; M.J.

voru skrifuð af höfðingjum eða fyrir atbeina þeirra. Lestrarkunnátta var þó með ýmsu móti, sumir voru stautfærir á meðan aðrir gátu lesið sér til gagns og enn aðrir flókinn texta.¹

Hugmyndin um að mæður notuðu bækur við kennsluna var ekki ókunn hér á landi ef marka má Vilmundar sögu viðutan, frumsamda riddarasögu frá 15. öld. Hvort móðir Vilmundar hefur aðstoðað hann við lestur eða lesið fyrir hann verður ekki ráðið af dæminu, en bækur hefur hún notað til að kenna honum *bóknæmi* (þ.e. bóknám): „[...] móðir hans kenndi honum bóknæmi“.² Í Mírmanns sögu, helgisagna rómans frá 14. öld,³ leika konur stórt hlutverk. Brigíða, móðir Mírmanns, er latínulærð og notar latínurit sem hún á til að kenna syni sínum. Hún brýnir hann að leggja rækt við lærdóminn og stillir sjálfri sér upp sem fordæmi, að því er virðist með neikvæðum formerkjum. Eins og áður gat fengu sannarlega ekki allar konur bóklega menntun. Þær sem voru svo lánsamar nutu í byrjun leiðsagnar en ekki er ósennilegt að þegar grunnnámi sleppti hafi margar stundað sjálfsnám. Orðalag Mírmanns sögu gefur slíkri túlkun undir fótinn, þ.e. að Brigíða sé ekki að gera lítið úr konum heldur þvert á móti undirstriki hún hversu mikið afrek hennar sé. Hún líti á sig sem fyrirmynd fyrir son sinn:

Enn er Mírmann var viij vetra gamall þá lét móðir hans kenna honum latínustafi og varð hann brátt svo greiður og harður í þess háttar námi sem roskinn maður væri. Síðan setti hún fram fyrir hann latínubækur sem hún átti og á voru margar listir. Þessi hinn fyrsta er gramatica h(ét), og margar aðrar fornar bækur. Nú síðan ræddi hún við son sinn þessum orðum. Ég hefi sýnt þér nú bækur og hefi ég þessar flestar allar numið og veit ég ef þú vilt eigi vera grey e(ða) ættarskömm þá munt þú nema vilja þvílíka atgjörvi sem hefir einn kvenmaður.⁴

Driscoll, „Postcards From the Edge: An Overview of Marginalia in Icelandic Manuscripts“, *Variants* 2/3 (2004), s. 21–36, s. 22.

- 1 Ásdís Egilsdóttir, „Upphaf bókmenningar“, s. 357–359; Preben Meulengracht Sørensen, „Social institutions and belief systems of medieval Iceland (c. 870–1400) and their relations to literary production“, í *Old Icelandic Literature and Society*, þýð. og ritstj. Margaret Clunies Ross, Cambridge Studies in Medieval Literature 42 (Cambridge, 2000), s. 8–29, s. 26.
- 2 Vilmundar saga viðutan, í *Late Medieval Icelandic Romances* IV, útg. Agnete Loth, Editiones Arnarnagæanæ B 23 (Kaupmannahöfn, 1964), s. 137–201, s. 152.
- 3 Sbr. Sverrir Tómasson, „Mírmanns saga. The First Old Norse-Icelandic Hagiographical Romance?“, í *Romance and Love in Late Medieval and Early Modern Iceland. Essays in Honor of Marianne Kalinke*, Islandica L.IV (Ithaca, 2008), s. 319–335.
- 4 *Mírmanns saga*, útg. Desmond Slay, Editiones Arnarnagæanæ A 17 (Kaupmannahöfn, 1997), s. 3.

Glögg móðir og „vel að sér“, skipti sköpum fyrir menntun þeirra barna sem voru í umsjá hennar. Í upphafi sá Halla Steinadóttir (f. 1100?) um að kenna syni sínum, Þorláki helga síðar biskupi. Til æðra náms sendi hún hann að lokum í skólann í Odda:

Sem móðir hans sá af sinni visku með Guðs forsjá hve dýrlegur kennimaður Þorlákur mátti verða af sínum góðum háttum ef nám hans gengi fram, þá réðust þau mæðgin í hinn æðsta höfuðstað í Odda undir hönd Eyjólfri presti Sæmundarsyni, er bæði hafði höfðingskap mikinn og lærdóm góðan [...]¹

Samkvæmt Þorláks sögu var „það hlutverk móðurinnar að kenna syni sínum innlendu fræðin“,² þ.e. ættfræði og mannfræði eða fróðleik um forfeðurna. Halla fyllti flokk þeirra „fróðu einstaklinga, karla og kvenna, sem heimildir greina frá að hafi haft slíkan fróðleik á takteinum og miðlað honum“.³

2. Menntun og bókmennning í íslenskum nunnuklaustrum

Fyrsta einsetukonan sem sögur fara af hér á landi var Guðrún Ósvífursdóttir (10. öld).⁴ Í Laxdæla sögu segir að Guðrún hafi gerst mikil trúkona og verið fyrst kvenna til að nema saltara á Íslandi.⁵ Þó að saltarinn hafi verið hluti af grunnmenntun er ekki útilokað að höfundur eigi við að Guðrún hafi fyrst og fremst meðtekið hann með eyrunum en ekki lesið sjálf.⁶ Laxdæla saga er sú Íslendinga saga sem gerir konum hvað hæst undir höfði og því er læsi Guðrúnar ekki óhugsandi.⁷ Hér verður þó að hafa í

1 Þorláks saga byskups in elzta, í *Biskupa sögur* II, útg. Ásdís Egilsdóttir, Íslenzk fornrit XVI (Reykjavík, 2002), s. 45–99, s. 49.

2 Ásdís Egilsdóttir, „Mannfræði Höllu biskups móður“, í *Sagnþing helgað Jónasi Krisjánssyni sjötugum 10. apríl 1994* I, ritstj. Gísli Sigurðsson, Guðrún Kvaran og Sigurgeir Steingrímsson (Reykjavík, 1994), s. 11–18, s. 13.

3 Sama, s. 13.

4 Um einsetukonur sjá einnig Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm, áður í páfádóm. Nunnuklaustrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristnisögu*, Úr sögu kvenna 3 (Reykjavík, 1988), s. 185–190.

5 *Laxdæla saga*, útg. Einar Ól. Sveinsson, Íslenzk fornrit V (Reykjavík, 1934), s. 223.

6 Sjá einnig Ásdís Egilsdóttir, „Upphaf bókmennningar“, s. 359.

7 Annað dæmi um einsetukonu er í Grænlandinga sögu en þar segir af því að Guðríður Þorbjarnardóttir gerðist „nunna og einsetukona“ í Glaumbæ í Skagafirði (Grænlandinga saga, í *Eyrbyggja saga, Grænlandinga sögur*, útg. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson, Íslenzk fornrit IV (Reykjavík, 1935), s. 239–269, s. 269).

huga að sagan er oftast talin skrifuð um miðja 13. öld og á þeim tíma þótti eðlilegt að kona læsi á saltara. Það kann því að vera að sagan endurspegli fyrst og fremst viðhorf ritunartímans.

Konur virðast fremur hafa „hneigst til einsetulífs en karlar þar sem kirkjan bauð þeim ekki upp á annað hlutverk“.¹ Karlar gátu auk þess orðið klerkar og elsta munkalaustrið var stofnsett 53 árum fyrir en fyrsta nunnuklaustrið. Guðrún P. Helgadóttir telur að íslenskar einsetukonur hljóti að hafi kunnað sitthvað fyrir sér í latínu og bóklestri líkt og nunnur.² Hvernig sem því var háttað er ljóst að einsetukonur uppfræddu aðra. Einsetukonan Hildur (12. öld) á Hólum í Hjaltadal „lærði siðlátar konur, þær er kómu til hennar í hljóði“ en kenndi fátækum dreng saltarann.³ Hugtökin *lærimóðir* og *læridóttir* koma fyrir í heilagra manna sögum, trúarlegum bókmenntum og einni riddarasögu og alla jafna höfð um einsetukonur eða nunnur. Svo virðist sem einsetukonur í Norður-Evrópu hafi notið mikillar virðingar. Þær höfðu yfir sér blæ helgi og þóttu búa yfir sérstökum krafti, voru álitnar nokkurs konar milliliðir milli Guðs og manns, erindrekar Guðs.⁴

Víða kemur þó fram að ekki þótti æskilegt að konur kenndu guðsorð: „kona skal framar ástunda að nema heldur en kenna guðleg stórmerki“.⁵ Af framansögðu er ljóst að ekki var því framfylgt, a.m.k. ekki þegar nunnur og einsetukonur áttu í hlut.⁶

Eftir að kristni var lögtekin á Íslandi voru sett á fót hér tvö nunnuklaustur af Benediktsreglu. Kirkjubæjarklaustur var stofnsett árið 1186 en Reynistaðarklaustur árið 1295. Nunnuklaustrin voru lærdómssetur, líkt og munkaklaustrin, þar sem verðandi nunnum var kennt en jafnframt ungum drengjum til prests.⁷ Alla jafna var það heldra fólk sem átti þess

1 Hjalti Hugason, „Frumkristni og upphaf kirkju“, í *Kristni á Íslandi I* (Reykjavík, 2000), s. 353.

2 Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda I*, s. 76.

3 Jóns saga ins helga, s. 253.

4 Mulder-Bakker, „Introduction“, s. 198.

5 [Jóns saga baptista] Jóns saga baptista, í *Postola sögur*, útg. C.R. Unger (Christiania, 1874), s. 842–931, s. 863.

6 Carolyn Muessig sýnir m.a. fram á að kennsla kvenna og trúarlegur lærdómur var ekki talin úreltur eða óæðri á 13. og 14. öld, þrátt fyrir andstöðu mikilsvirtra guðfræðinga og heimspekinga (Carolyn Muessig, „Communities of Discourse: Religious Authority and the Role of Holy Women in the Later Middle Ages“, í *Women and Experience in Later Medieval Writing. Reading the Book of Life*, ritstj. Anneke B. Mulder-Bakker og Liz Herbert McAvoy, The New Middle Ages (New York, 2009), s. 65–81, s. 67).

7 Svanhildur Óskarsdóttir, *Universal history in fourteenth-century Iceland. Studies in AM 764 4to*, doktorsritgerð frá University College (London, 2000), s. 57; Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm*, s. 226. – Um kennslu innan klaustranna sjá einnig Kirsten Wolf,

kost að ganga í klaustur, eins og annars staðar í Evrópu.¹ Hafi munur verið á menntun drengja og stúlkna í klaustrunum er ekki vitað í hverju hann fólst. Þó má ætla að hannyrðir hafi verið höfuðnámsgrein stúlkna, auk lesturs, skriftar og kennslu í grunnatriðum kristinnar trúar.² Rétt eins og munkar og prestsefni hafa verðandi nunnur e.t.v. fengið innsýn í höfuðþróttirnar sjö, t.d. málfræði, mælskulist, tölvísi og tónfræði. Hvort dætur höfðingja gátu verið í *fræðinæmi* í nunnuklaustrunum án þess að gangast undir klausturregluna er ekki vitað. Þær sem gengust undir reglu voru greinilega frjálssar að yfirgefa klaustrið:

síra Björgólfur gaf í klaustrið [þ.e. í Reynisnesi] Steinunni l dóttur sína, og Sigríði Sæmundardóttur frændkonu sína til þess að þær skyldu verða l systur undir reglu hins heilaga Benedicti. [...] var og svo fyrirskið þó að meyjarnar deyði innan þeirra þriggja ára skyldi klaustrið eignast þessa l peninga. Svo og þó að Steinunn dóttir hans vilji venda sig aftur til veraldarlífs þá er hún l kemur til sinna ára svo að hún á sjálf að ráða sér, skal klaustrið góssið eignast sem fyrr l segir. Skyldi síra Björgólfur pík-unum læring af klaustrinu, og tvítuga hafnarvoð hvorri þeirra til l klæða sér árlega.³

Til eru þrjár íslenskar Maríujarteinir frá 14. öld. Ein þeirra segir af konu í Kirkjubæ að nafni Þuríður sem veikist af undarlegri sótt. María guðsmóðir vitjar Þuríðar nóttina fyrir boðunardag Maríu og lofar henni heilsu með ákveðnum skilyrðum:

„Það er að fasta þvottdaga alla og syngja þriðjung saltara hvern þeirra meðan þú lifir, og fasta og fyrir Maríumessur allar og sex dægur fyrir hina fyrri Maríumessu og lifa skírlega frá þessu upp.“⁴

„Introduction“, í *A female legendary from Iceland. “Kirkjubæjarsbók” (AM 429 12mo) in The Arnarnagnewan Collection, Copenhagen*, útg. Kirsten Wolf, Manuscripta Nordica, Early Nordic Manuscripts in Digital Facsimile 3 (Kaupmannahöfn, 2011), s. 11–63, s. 16.

1 Svanhildur Óskarsdóttir, „What Icelandic Nuns Read: The Convent of Reynistaður and the Literary Milieu in Fourteenth-Century Iceland“, í *Nuns’ Literacies in Medieval Europe: The Kansas City Dialogue*, ritstj. Virginia Blanton, Veronica O’Mara og Patricia Stoop (Turnhout, 2015), s. 229–248, s. 230–231.

2 Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm*, s. 115.

3 *Íslandske originaldiplomer indtil 1450*, útg. Stefán Karlsson, Editiones Arnarnagnewanæ A 7 (Kaupmannahöfn, 1963), s. 183–184.

4 „Maríujarteinir“, í *Martukver. Sögur og kvæði af heilagri guðsmóður frá fyrri tíð*, útg. Ásdís Egilsdóttir, Gunnar Harðarson og Svanhildur Óskarsdóttir (Reykjavík, 1996), s. 67–98, s. 79.

Gunnar F. Guðmundsson telur að Þuríður hafi verið læs á latínu „því að fæstir kunnu Davíðssálma utan bókar nema helst munkar og nunnur sem höfðu það að atvinnu að syngja þá alla, 150 að tölu, viku í senn“. Þá kunn-
áttu hljóti hún að hafa sótt til systranna í Kirkjubæjarklaustri, þó að það
séu „að sjálfsögðu getgátur einar“.¹

Á Skriðuklaustri, síðasta munkaklaustrinu sem stofnað var hér á landi,
hélt bróðir að nafni Jón Jónsson skóla þar snemma á 16. öld. Árið 1524
voru í læri hjá honum tvö ungmenni, Jón og Guðrún, sem frömdu þau
bernskupör að leika sér með helga gripi kirkjunnar.² Ekki er vitað til að
skötu hjúin Jón og Gunna hafi ætlað að vinna klausturheit en þau hafa e.t.v.
setið saman undir lærdómslestrum Jóns bróður. Þar hefur gefist tóm til að
skipuleggja leiðangra viðlíkan þeim sem þau undirtóku. Víðtækar álykt-
anir verða þó ekki dregnar af þessu dæmi um almenna menntun ungmenna
innan klausturveggja á Íslandi. Innan við öld síðar er í Kvæði af Axel og
Valborgu fjallað um þá menntun sem hún fær í klaustri. Kvæðið er danskt
þjóðkvæði og var þýtt á íslensku á 17. öld. Þó að efni kvæðisins sé tilbún-
ingur sýnir það að 17. aldar menn töldu að í klaustum hafi konur lært að
lesa:

11. Herra Axel dregur af landinu út
honum fylgir siðsemd og æra
í klaustrið settist hans unga snót
að hún skyldi sauma læra
því lukkan hún vendir sér oft um.

12. Hún numdi silki sauminn dikt
svo og lesturs idkan kæra
af hennar dygd gekk herlegt rykti
henni fylgdi stór tukt og æra
því lukkan hún vendir sér oft um.³

Hversu almenn lestrarkunnátta var í nunnuklaustrunum er ekki vitað.
Klaustursystur urðu þó einhverjar að vera læsar til að geta lesið upp yfir
máltíðum, en auk þess þurfti bækur við tíðasöng. Á messudögum dýrlinga

1 Gunnar F. Guðmundsson, „Latínusöngur leikra á miðöldum“, í *Til heiðurs og hugbótar. Greinar um trúarkveðskap fyrri alda*, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir og Anna Guðmunds-
dóttir (Reykholzt, 2003), s. 93–112, s. 106.

2 Gunnar F. Guðmundsson, „Íslenskt samfélag og Rómakirkja“, í *Kristni á Íslandi II*, ritstj.
Hjalti Hugason (Reykjavík, 2000), s. 223.

3 *Íslensk fornkvæði III*, útg. Jón Helgason, Editiones Arnarnagnæanæ B 12 (Kaupmannahöfn,
1962), 130.

var og lesið úr helgisögum.¹ Í Þorláks sögu helga er forvitnilegt dæmi af nunnunni Katrínu, sem árið 1298 var síðan vígð abbadís á Reynistað:

Þann sama vetur sem systir Katrín er síðan var fyrst og þó langa tíma síðan abbadís að Stað í Reynisnesi var að Þverá og hún hafði tekið hreinlífisbúning, fékk hún svo mikinn augnakankeika að hún mátti sér ekki við heilagra bóka lestur skemmta, og eigi þóttist hún heldur saltara á bók mega lesa [...]²

Í máldaga Kirkjubæjarklausturs frá 1397 eru taldar upp helstu bækur klaustursins, yfir 50 bækur. Bækurnar voru flestar „notaðar við messur og daglegar helgar tíðir“, bæði þær á latínu og íslensku.³ Klaustrið hélt áfram að afla sér bóka, sem merkja má af því að Kirkjubæjarbók (AM 429 12mo) var að líkindum skrifuð fyrir það um 1500, en hún geymir sögur af heilögum meyjum, kvæði og bænir.⁴ Máldagi Reynistaðarklausturs frá 1525 getur einnig um helstu bækur klaustursins. Margar sömu sögubækurnar voru á Reynistað og í því mikla bókmenntaklaustri Þingeyrum, t.d. ýmsar heilagra manna sögur og Vitae Patrum, sem er safn stuttra helgisagna.⁵ Varlegt er að alhæfa að sama bókmenning hafi verið innan munk- og nunnuklaustra hér á landi. Hún hefur þó e.t.v. ekki verið jafnólík og ætla mætti. Bókaeign Reynistaðarklausturs var vísast meiri en getið er um í fyrrnefndum máldaga. Svanhildur Óskarsdóttir telur að í klaustrinu gætu hafa verið bækur sem geymdar voru annars staðar og ekki getið sérstaklega í máldaganum. Það sem styðji þessar fullyrðingar er að áttatíu árum fyrr (16. júlí 1443) gaf kona að nafni Úlfhildur Ketilsdóttir klaustrinu allar bækur sínar. Svanhildi þykir ósennilegt að Úlfhildur hafi átt helgisíðabækur, bækur hennar hafi fremur innihaldið texta á íslensku. Klaustrið hljóti auk þess að hafa átt fyrir bækur eins og þær sem nefndar eru í máldaganum. Fullmikil einföldun væri því að álykta að trúarritin í máldaganum frá 1525 mætti rekja til gjafar Úlfhildar. Ekki sé heldur hægt


1 Ásdís Egilsdóttir, „Klautreglur og bókmenntir“, s. 242; Svanhildur Óskarsdóttir, „What Icelandic Nuns Read“, s. 232.

2 Þorláks saga byskups C, í *Biskupa sögur* II, útg. Ásdís Egilsdóttir, Íslensk fornrit XVI (Reykjavík, 2002), s. 251–285, s. 262.

3 Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm*, s. 51, 49.

4 Kirsten Wolf gaf handritið út og fjallar ítarlega um það (*A female legendary from Iceland. “Kirkjubæjarbók” (AM 429 12mo) in The Arnarnagnew Collection, Copenhagen*, útg. Kirsten Wolf, Manuscripta Nordica, Early Nordic Manuscripts in Digital Facsimile 3 (Kaupmannahöfn, 2011), s. 11–63).

5 Sama, s. 155. Sjá einnig Svanhildur Óskarsdóttir „What Icelandic Nuns Read“, s. 233–234.



Mynd 2: Kirkjubæjarbók (AM 429 12mo) var sennilega skrifuð fyrir nunnurnar í Kirkjubæ.

að útiloka að systurnar hafi sjálfar átt bækur, svo virðist sem þeim hafi leyfst einkaeign með samþykki annarra systra.¹

Um latínukunnáttu nunna hér á landi er lítið vitað. Það að latínubækur skuli finnast meðal bóka þeirra ber þó órækan vott um að sumar hafi búið yfir slíkri kunnáttu. Áðurnefnd Ingunn, sem leiðrétti latínubækur, var ekki nunna, enda nunnuklaustur ekki enn stofnsett hér á landi þegar hún á að hafa verið á dögum. Þar eð hún er kölluð „hreinferðug“ má leiða getum að því að hún hafi ástundað hreinlífi líkt og nunnur. Öðru máli gegndi um þá drengi sem voru í læri í nunnuklaustum. Prestsnám fólst í lestri trúarrita, skriftarkennslu og kennslu í latínu. Um kennsluna hafa séð prestar og nunnur, eða abbadísirnar sjálfar, sem bjuggu yfir þekkingu á öllu því sem nauðsyn krafði. Árið 1443 seldu Ragnheiður Þorvarðsdóttir og Guðmundur Björgólfsson t.d. jörðina Skíðastaði í Laxárdal til Reynistaðarklausturs og tóku upp í Skarð á Reykjarströnd með því fororði að Barbara abbadís kenndi syni þeirra til prests.²

Líkt og í Evrópu nutu klaustur og kirkjur góðs af gjafmildi höfðingskvenna og karla. Nokkur dæmi eru um slíkt í íslenskum máldögum og eru bókagjafir íslenskra kvenna í sama anda og þeirra evrópsku. Árið 1397 lagði Helga húsfreyja kirkjunni í Kaldaðarnesi til ýmsar bækur, t.d. söngbækur, messubók (Missale), og altarisbók.³ Margrét Þorvaldsdóttir ánafnaði árið 1401 kirkjunni á Núpi í Núpsdal saltara í legkaup sitt.⁴ Árið 1429 gaf Margrét Bjarnadóttir (f. 1370?), eiginkona Rafns Guðmundssonar lögmanns, kirkjunni í Múla í Pingeyjarþingi saltara og altarisklæði.⁵ Inga Jónsdóttir (1470?–1537), eiginkona Teits Þorleifssonar lögmanns, ánafnaði árið 1531 kirkjunni í Hvammi í Hvammssveit Guðmundar sögu og Maríu sögu.⁶ Guðbrandur Jónsson áleit að bækur Ingu hefðu ekki verið

1 Svanhildur Óskarsdóttir, „What Icelandic Nuns Read“, s. 233–234.

2 [DI IV] *Íslenskt fornbréfasafn* IV (Kaupmannahöfn, 1897), s. 642–644; Sjá einnig Stefán Karlsson, „Ritun Reykjarfjarðarbókar. Excursus: Bókagerð bænda“, *Opuscula* IV, Bibliotheca Arnamagnæana XXX (Kaupmannahöfn, 1970), s. 120–140, s. 136; Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm*, s. 133; Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Reading and Writing in Medieval Iceland“, s. 158–159. – Þess má geta að Ísleifur Gissurarson biskup lærði í nunnuklaustri í Þýskalandi ([Hungurvaka] Hungurvaka, í *Biskupa sögur* II, útg. Ásdís Egilsdóttir, Íslenskt fornrit XVI (Reykjavík, 2002), s. 1–43, s. 6).

3 [DI IV], s. 55.

4 [DI III] *Íslenskt fornbréfasafn* III (Kaupmannahöfn, 1896), s. 670–671. – Ekkert er vitað um áðurnefndar konur.

5 [DI IV], s. 375.

6 [DI IX] *Íslenskt fornbréfasafn* IX (Reykjavík, 1909–1913), s. 591–593.

henni nauðsynlegar.¹ Heimur Ingu var vissulega heimilið og því verður bókaeign hennar ekki skýrð með vísun í opinberan starfa líkt og oft má í tilviki karla. Ekki er þó loku fyrir það skotið að læsar konur úr efri lögum samfélagsins hafi stundum stýrt guðrækni innan veggja heimilisins og notað við það bækur. Önnur rausnarleg kona var áður nefnd Úlfhildur Ketilsdóttir. Svo virðist sem hún hafi haft hug á að gerast nunna.² Dæmið af Úlfhildi vottar að konur gátu á síðmiðöldum átt dágott bókasafn á þeirra tíma mælikvarða.

3. Af bókglegri menntun kvenna í fornsögum

Lýsingar á menntun hefðarkvenna í fornaldar- og riddarasögum endurspeglar ekki endilega lærdóm kvenna af holdi og blóði. Trauðla verður því þó mótmælt að þær kunni að styðjast við raunveruleg dæmi. Það er ómaksins vert að skoða hvað fólst í menntun kvenna í þessum bókmenntum. Þó að hannyrðir væru höfuðnámsgrein aðalskvenna komust þær margar í snertingu við æðri menntun (einhverja af hinum sjö frjálsu listum, t.d. mælskulist). Þær bjuggu og yfir færni í læknislist, höfðu þekkingu á rúnum og stjörnufræði, svo og kunnu þær að tefla.³ Þegar konur eru „settar til bókar“ í riddarasögum er einkum átt við latínunám. Í Dámusta sögu, riddarasögu frá 14. öld, segir t.d. af konungsdótturinni Graciönu sem var „ung til bókar sett at læra fróðleik“. Hún varð svo lærð að hún sigraði „þá bestu klerka“. Er bóknámi hennar lauk var hún „sett að læra kvenmannslistir og hannyrðir“.⁴ Annað dæmi af menntun tiginna konu á miðöldum má einnig finna í 14. aldar riddarasögu. Blankiflúr er svo lánsöm að Flóres getur ekki án hennar verið. Þegar tímabært er að senda hann í skóla grætur hann hástöfum og biður að hún fái að nema með honum. Þeim á að kenna

1 Guðbrandur Jónsson, „Íslenzk bókasöfn fyrir siðabyltinguna“, *Landsbókasafn Íslands, Árbók 1946–1947* (1948), s. 65–78, s. 74.

2 [DI IV], s. 636–637; sjá einnig Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda I* (Akureyri, 1961), s. 102–103; Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm*, s. 125, 132, 266. – Við uppgroft á Skriðuklaustri fundust þrjár grafir sem í voru latneskar sálmaþætur, tvær grafir kvenna og ein karlmanns. Grafirnar voru allar frá fyrri hluta 16. aldar. Algengt var að höfðingjar og embættismenn létu grafa sig með munum úr eigin eigu. Ekkert annað dæmi er um að bækur hafi fundist í gróf hérlandis frá kaþólskum tíma (Steinn Kristjánsson, *Sagan af klaustrinu á Skriðu* (Reykjavík, 2012), s. 172–174).

3 Jóhanna Katrín Friðriksdóttir fjallar ítarlega um menntun kvenna í þessum bókmenntum (*Women in Old Norse Literature. Bodies, Words, and Power, The New Middle Ages* (New York, 2013), s. 30–31).

4 Dámusta saga, s. 50–51.

„hinn besti klerkur, er menn vissu þá vera“.¹ Sagan gerir engan mun á viturleik þeirra og næmi. Eins og hæfir í riddarasögu sem fjallar um ástir nema þau skötu hjúin *Ars amatoria* (Listina að elska eða Bók ástarvéla) eftir Óvíð. Þau urðu á endanum svo lærð að „þau töluðu latínu djarflega fyrir hverjum meistara, er við þau talaði“.²

Ítreka ber að gæta verður varúðar að tilfæra slík dæmi úr skálduðum ritum sem vitnisburð um raunverulegt læsi kvenna. Tengsl bókmenntaiðju og siðfágunar endurspeгла hins vegar mikilvægar áherslur í 12. og 13. aldar hirðsamfélagi.³ Íslendingar voru sannarlega hluti af því samfélagi vegna tengsla við norsku hirðina. Taka verður með í reikninginn að það sem á skinni og síðar pappír sagði af menntun kvenna og lærdómi hefur haft áhrif á sjálfsmynd þeirra kvenna sem hlýddu á eða lásu slíkar sagnir og möguleika þeirra til að afla sér bókmenntunar. Hugmyndin um hina lærðu konu var þrátt fyrir allt á sveimi hér og studdist við raunverulegar fyrirmyndir (t.d. Ingunni Arnórsdóttur og abbadísir klaustranna). Allt frá 13. öld gátu íslenskar konur jafnframt haft eftirfarandi frásögn Petrusar Comestors (d. 1178?), úr riti hans *Historia scholastica*, bæði fyrir augum og eyrum.⁴ Hann segir frá því er sú klóka kona Ísis reisti til Egyptalands. Þar kenndi hún egypskum mönnum bæði „bókstafi og ritsháttu“ sem þeir kunnu ekki áður. Eftir dauða hennar var hún tekin í guðatölu.⁵ Í Breta sögu (þýddar á 13. öld) og Veraldar sögu (skrifuð í lok 12. aldar) er konum eignuð uppfinningin að latínustafrófinu. Bæði þessi rit flokkast sem sagnfræðirit eða gervisagnfræði (pseudo-sagnfræði), en ekki er hægt að gera sömu kröfu til sannfræði þeirra og í nútíma sagnfræðiritum:

Konungur réð fyrir Ítalta, sá er Latínus hét, dóttir hans hét Latína; hún fann fyrst latínustafróf, og af hennar nafni heita allir Latínumenn þeir er þá tungu kunnu [...]⁶

Eneas gekk að eiga Lavinea dóttur Latínus konungs er latínutunga er við kennd því að Nikostræ(t)a kona hans fann latínustafróf.⁷

1 *Flóres saga ok Blankiflúr*, útg. Eugen Kölbing, Altnordische Saga-Bibliothek 5 (Halle, 1896), s. 8.

2 Sama, s. 10.

3 Krueger, *Women readers*, s. 30.

4 *Historia scholastica* hafði mikil áhrif hér á landi (Sverrir Tómasson, „Guðfræði og heim-speki“, í *Íslensk bókmenntasaga I* (Reykjavík, 1992), s. 543–561, s. 555).

5 *Síjörn*, útg. C.R. Unger (Christiania, 1862), s. 164.

6 [Breta sögur] *Breta sögur hinar fornu. Prentaðar eftir útgáfu Jóns Sigurðssonar forseta í dönskum annálum 1848* (Reykjavík, 1914), s. 8–9.

7 *Veraldar saga*, útg. Jakob Benediktsson, Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur LXI (Kaupmannahöfn, 1944), s. 46.

Pekking kvenna og lærdómur mátti þó ekki fara yfir ákveðin mörk því þá steig hann þeim til höfuðs og þær fylltust hroka og yfirlæti. Í fáeinum riddarasögum, Sigurðar sögu þögla, Dínus sögu drambláta svo og Mírmanns sögu, er fjallað um slíkar konur.¹

Í Íslendinga sögum, Sturlungu, biskupasögum, konungasögum og riddara- og fornaldarsögum, er lesandinn leiddur inn í heim karla. Fjallað er um átök á opinberum vettvangi, hernað, þinghald, ferðalög og veislur.² Þar er ekki mikið rúm fyrir lesandi konur. Sama er upp á teningnum varðandi evrópska sagnaritara á miðöldum, þeir skrifa fyrst og fremst um pólitík og hernað, ekki daglegt líf.³ Þó ber við að lesandinn sé leiddur í dyngjur eða skemmur kvenna þar sem þær sitja við sauma eða láta karlmenn skemmta sér með sögum. Frægust er sennilega sagna- og vísnaðskemmtunin í dyngju Hallgerðar langbrókar þar sem veigamiklir atburðir verða.⁴ Í Rémundar sögu keisarasonar, frumsaminni riddarasögu frá miðri 14. öld, er hins vegar dæmi af Elínu kóngsdóttur sem gengur til skemmu sinnar þar sem hún í næði getur lesið bréf frá Rémundi.⁵

4. Bækur í eigu kvenna í fornum heimildum

Í þriðja kafla (sjá III,2) var fjallað um nokkrar bókakonur sem gáfu bækur til kirkna og klaustra. Ekki er vitað hvernig þær eignuðust bækurnar en algengt var að konur erfðu lausafé, þar með talið bækur.⁶ Í Lárentíus sögu biskups segir af því að Lárentíus arfleiddi bæði menn og konur þegar hann lést árið 1331. Ráðskonan á Hólum, Guðrún Skeggjadóttir (f. 1280?), var sú eina sem fékk bók, þ.e. saltarann:⁷

Guðrún(ú) ráðskonu átta stíkur klæðis rautt og saltara [...].⁸

1 Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, *Women in Old Norse Literature*, s. 111 og 166 (grein 21).

2 Sjá einnig Helga Kress, *Máttugar meyjar*, s. 136.

3 Bitel, *Women in early medieval Europe*, s. 275.

4 *Brennu-Njáls saga*, útg. Einar Ól. Sveinsson, Íslensk fornrit XII (Reykjavík, 1954), s. 112–113.

5 *Rémundar saga keisarasonar*, útg. Sven Grén Broberg, Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur XXXVIII (Kaupmannahöfn, 1909–1912), s. 126–127.

6 Margrét Eggertsdóttir, „Um kveðskap kvenna og varðveislur hans“, [án bls]; Susanne Miriam Arthur, „The Importance of Marital and Maternal Ties in the Distribution of Icelandic Manuscripts from the Middle Ages to the Seventeenth Century“, *Gripla* XXIII (2012), s. 201–233.

7 Sjá einnig Lögmannsannáll, í *Íslandske Annaler indtil 1578*, útg. Gustav Storm (Christiania, 1888), s. 231–296, s. 270.

8 Lárentíus saga biskups, í *Biskupa sögur III*, útg. Guðrún Ása Grímsdóttir, Íslensk fornrit XVII (Reykjavík, 1998), s. 213–441, s. 438–439.

Konur fengu einnig bækur að gjöf. Í ættleiðingarbréfi árið 1541 gefur Jón Arason biskup börnum sínum bækur í tilefni af ættleiðingunni. Þar segir og að Þórunn hafi átti að taka arf til jafns við bræður sína:

[...] hér til gaf síra Jón fyrrnefndum börnum eina bók hverju þeirra en Þórunni gaf hann eina sylgu gyllta með silfur.¹

Í fornsögum eru dæmi um bækur í höndum kvenna og bókaeign þeirra flest úr ritum sem fjalla um útlent efni. Rit þessi voru ýmist frumsamin á íslensku eða þýdd. Dæmin sýna hvað þótti við hæfi að konur læsu í þessum bókmenntum. Áðurnefnd Veraldar saga segir frá því að Gregor páfi sendi Theodolindu (570?–628) drottningu bók sína í þakklætisskyni:

Á dögum Gregorii páfa gerði Agi(l)ulfus Langbarðakonungur mörg vandræði Rómverjum áður Theo(do)linda kona hans bað hann af láta að herja á Rómverja og henni sendi Gregorius páfi bók þá er Dialogus heitir og páfin gerði.²

Díalógar Gregors páfa voru snemma þýddir á íslensku³ og fyrirfinnast m.a. í bókahirslum munkaklaustranna á Þingeyrum og í Viðey.⁴ Af mál-daga Reynistaðarklausturs frá 1525 verður ekki ráðið að þeir séu meðal bóka klaustursins þó að margar sömu bækurnar hafi verið í báðum klaustrum. Í Reynistaðarbók (AM 764 4to) eru hins vegar tilvitnanir í fjórðu bók Díalóganna og kunna konur því að hafa lesið þetta rit ekki síður en karlar.⁵

Helena keisaraynja (250?–330?), móðir Konstantínusar mikla keisara Rómaveldis, fór til Landsins helga og uppgötvað kross Krists. Hún var síðar tekin í dýrlingatölu. Frá henni og fundi hennar er sagt í Inventio crucis, riti sem þýtt var á íslensku á miðöldum, elstu handrit eru frá 14. öld. Í leit sinni að krossinum styðst hún við bækur úr eigu hennar:

„Af því er það vitað drottning, að það er allt á bókum skrifað, en þetta er ekki á bókum vorum.“ Hún mælti: „Hefi ég þær bækur er það segja, hvar

1 [DI IX], s. 95. – Ekki er útilokað að merkingin sé sú að Þórunn hafi einungis fengið sylgu.

2 *Veraldar saga*, s. 66.

3 Brot af elsta handriti er frá þriðja fjórðungi 13. aldar (Hreinn Benediktsson, „Introduction“, í *The Life of St. Gregory and his Dialogues. Fragments of an Icelandic manuscript from the 13th century*, útg. Hreinn Benediktsson, Editiones Arnarnagæanæ B 4 (Kaupmannahöfn, 1963), s. 7–49, s. 45).

4 Sjá t.d. Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm*, s. 155.

5 Svanhildur Óskarsdóttir, *Universal history in fourteenth-century Iceland*, s. 89–90.

Kristur var krossfestur, og eigi beiði ég þig annars, en þú vísa mér glöggt til þess staðar, er Locus Calvarie heitir, og mun ég þar leitast um, svo sem [verða má.“¹

Í Þiðreks sögu af Bern, riddarasögu sem þýdd var á 13. öld, segir frá Hildi konungsdóttur sem gengur til kirkju „og tekur sína bók og syngur“.² Þegar Þiðreks saga var þýdd tóku kirkjugestir að hluta þátt í messusöngnum.³ Dæmi eru og um að leikir karlar og konur hafi stuðst við bækur við tíðasöng.⁴

Lunginn af bókunum í eigu veraldlegra kvenna, bæði í sagnfræðilegum heimildum og skálduðum, eru af trúarlegum toga. Ýmist eru það sögur af heilögum mönnum og meyjum, saltarinn, Díalógar Gregors páfa eða sálmaabækur. Aðeins í Flóres sögu og Blankiflúr les kona *Ars amatoria* (Listina að elska eða Bók ástarvéla) eftir Óvíð. Rit Óvíðs var á miðöldum hluti af lesefni skólanna enda situr Blankiflúr á skólabekk þegar hún les það.⁵ Trúarritum var mjög haldið að konum en ekki má gleymast að sumar bókanna voru einnig á námsskrá pilta.

5. Konur sem lesa í fornsögum

Í viðsjárverðum valdaheimi gat skipt sköpum að láta ekki aðra matreiða upplýsingar ofan í sig. Með öðrum orðum vera fær um að lesa með eigin augum bréf og skjöl. Ekki var síður nauðsyn að beita bæði ytri og innri sjón til að lesa á milli línanna allt það sem ekki stóð í bréfum en var þar eigi að síður. Gunnhildur (910?–980?) konungamóðir flaskar á þessu. Hákon jarl og Haraldur Gormsson Danakonungur brugga henni vélráð. Haraldur sendir henni bréf að undirlagi Hákonar. Bréfin eru borin til Gunnhildar „og er hún heyrði, líkaði henni harla vel þessi ráðagjörð“.⁶ Hún fellur fyrir bragðinu og er á endanum drepin. Bréfin eru lesin fyrir hana, hún les ekki sjálf. Örlög hennar hefðu e.t.v. orðið önnur hefði hún verið betur mennt.

1 Inventio Cruxis, í *Heilagra manna sögur*, útg. C.R. Unger (Christiania, 1877), s. 301–308, s. 306.

2 [Þiðreks saga af Bern] *Saga Þiðreks konungs af Bern*, útg. C.R. Unger (Christiania, 1853), s. 215.

3 Gunnar F. Guðmundsson, „Íslenskt samfélag og Rómakirkja“, s. 313 og 316.

4 Gunnar F. Guðmundsson, „Latínusöngur leikra á miðöldum“, s. 93–112.

5 Jóns saga ins helga, s. 212nm.

6 *Flateyjarbók I* (Akranesi, 1944), s. 167. Sjá einnig [Ágrip af Noregskonunga sögum] Ágrip af Noregskonunga sögum, í *Ágrip af Noregskonunga sögum. Fagrskinna – Noregs konunga tal*, útg. Bjarni Einarsson, Íslensk fornrit XXIX (Reykjavík, 1985), s. 1–54, s. 15.

Í Ósvalds sögu, helgisögu sem Björn Porleifsson bóndi á Reykhólum í Reykhólasveit þýddi á fyrri hluta 16. aldar (Reykjahólabók), segir af því að Ósvaldur konungur sendir Píu kóngsdóttur bréf.¹ Hún les bréfið og fær þar staðfestingu á öllu því sem sendiboðinn (hrafninn) hefur tjáð henni munnlega: „Síðan tekur hún bréfið og les. Og finnur þar eins sem hrafninn hafði sagt henni“. Áhrifin af lestri bréfsins eru slík að „uppkveikist hennar hjarta með þeirri logandi ást til guðs“.² Á miðöldum þegar skriftarkunnátta var aðeins á færi útvalinna var mikil trú á mætti hins ritaða orðs. Mýmörg dæmi má finna um skinnþjötur eða bréfsnifsi með texta (íðulega af trúarlegum toga) sem fólk gekk með innan klæða eða um hálsinn og notaði sem verndargripi. Bækur gátu þjónað líkum tilgangi og má sem dæmi nefna notkunina á Margrétar sögu við fæðingahjálp (sjá IV,3).³ Sendibréf gátu einnig verið áhrifamikil. Himnabréfið svokallaða, bréf Krists til þekktra sögulegra persóna (það fór eftir stund og stað hver hlaut þá náð að hafa fengið það) var talið veita sérlega vernd.⁴ Annað dæmi um magnað sendibréf er bréf abbadasarinnar Hildegard af Bingen (1098–1179) sem hún sendi hefðarkonu í vanda. Bréfið átti að bera með sér lækningamátt.⁵ Þía kóngsdóttir er heiðin en svo magnað er bréfið sem hún fær að hugur hennar snýst þegar til kristinnar trúar. Raunar er hún áður búin að hlusta á frásögn hrafnins þannig að verkunin á huga hennar er tvöföld, þ.e. boðskapurinn kemur bæði inn um augu og eyru. Á miðöldum var við vissar aðstæður talið áhrifaríkara að lesa texta upphátt.⁶ Þía lætur annan skrifa

1 Marianne Kalinke, *St. Oswald of Northumbria: Continental Metamorphoses. With an Edition and Translation of Ósvalds saga and Van Sente Oswaldo deme konninghe* (Tempe, 2005), s. x, 12.

2 Sama, s. 126 (texti Ósvalds sögu er á s. 109–171).

3 Ásdís Egilsdóttir, „St Margaret, Patroness of Childbirth“, í *Mythological Women. Studies in Memory of Lotte Motz (1922–1997)*, ritstj. Rudolf Simek og Wilhelm Heizmann, *Studia Mediaevalia Septentrionalia* 7 (Vín, 2002), s. 319–330, s. 319–320.

4 *Leiðarvísan*, kristlegt dróttkvæði frá síðari helmingi 12. aldar, byggir á Himnabréfinu/Sunnudagsbréfi. Katrina Attwood gaf kvæðið út og fjallar ítarlega um það (Katrina Attwood, „Anonymus, *Leiðarvísan*“, í *Poetry on Christian Subjects*, Part 1: The Twelfth and Thirteenth Centuries, útg. Margaret Clunies Ross, *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages VII* (Turnhout, 2007), s. 137–178); idem, „*Leiðarvísan* and the „Sunday letter” tradition in Scandinavia“, í *Til heiðurs og hugbótar. Greinar um trúarkveðskap fyrri alda*, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir og Anna Guðmundsdóttir, Snorrastofa. Rit 1 (Reykhol, 2003), s. 53–78). – Himnabréfið er víða varðveitt í íslenskum handritum.

5 Don C. Skemer, *Binding Words. Textual Amulets in the Middle Ages* (Pennsylvania, 2006), s. 55, 130.

6 Sama, 153.

svarbréf: „Eftir það lætur hún skrifa annað bréf eftir því sem hún vildi“.¹ Þíá er læs en hefur sennilega ekki kunnað að skrifa.

Í fornsögum lesa konur fleira en bréf og bækur. Strengleikar, ljóðsögur Marie de France, voru þýddir í óbundið mál á 13. öld, fyrst að undirlagi Hákonar gamla Hákonarsonar Noregskonungs. Sögurnar „bárust svo til Íslands þar sem þær voru skrifaðar upp“.² Í sögunni Geitarlauf ríður Ísönd drottning fram á staf sem ástmaður hennar, Tristram, hefur notað til að rista á skilaboð til hennar: „Drottning kom þá ríðandi og leit stafinn er stóð í veginum og tók stafinn og upp las það er á var ristið“.³ Drottning gengur burt frá fylgdarliði sínu og nýtur aðeins aðstoðar dyggjar þjónustumeyjar. Leynilegur ástarfundur þeirra Tristrams gat orðið að veruleika sökum þess að drottning var læs. Ef marka má söguna les drottning skilaboðin upphátt áður en hún gengur lengra inn í skóginn, burt frá liði sínu. Til að engan grunaði neitt hefur hún orðið að muldra það sem hún las. Í Trójumanna sögu, sem þýdd var á 13. öld, ritar Alexander á gullepli til að koma boðum til Helenu fögru.⁴ Eplinu kastar hann í kjöltu hennar og les hún það sem þar er ritað. Söguhöfundur telur ástæðu til að taka fram að á eplið sé ritað með bókstöfum, þannig að Helena er læs á bækur.⁵

Að lokum er hér dæmi um myndlæsi (e. *figurative reading*) á miðöldum, en einnig samspil höfundar/skrásetjara, lesanda og sögupersóna. Völsunga saga fjallar m.a. um samband Brynhildar Buðladóttur og Sigurðar Fáfnisbana. Um Brynhildi og hagleik hennar segir:

Hún kunni meira hagleik en aðrar konur. Hún lagði sinn borða með gulli og saumaði á þau stórmærki er Sigurður hafði gert, dráp ormsins og upp-töku fjárins og dauða Regins.⁶

Brynhildur túlkar frásagnirnar af Sigurði og myndgerir túlkun sína með sömu skynfærum og sá sem notar rittákn, þ.e. höndunum og augunum. Þó að táknin séu ólík eru sögurnar þær sömu í höfði þeirra sem segja frá.

1 Kalinke, *St. Oswald of Northumbria*, s. 126 (texti Ósvalds sögu er á s. 109–171).

2 Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Inngangur“, í *Strengleikar*, útg. Aðalheiður Guðmundsdóttir, Íslensk rit 14 (Reykjavík, 2006), s. 7–37, s. 8.

3 Geitarlauf, í *Strengleikar*, útg. Aðalheiður Guðmundsdóttir, Íslensk rit 14 (Reykjavík, 2006), 142–144, s. 143.

4 Sagan flokkast yfirleitt sem sagnfræði eða gervisagnfræði. Hún er þó stundum sett í flokk með riddarasögum.

5 *Trójumanna saga, The Dares Phrygius Version*, útg. Jonna Louis-Jensen, Editiones Arnamagnæanæ A 9 (Kauptmannahöfn, 1981), s. 18.

6 Völsunga saga, í *Völsunga saga og Ragnars saga loðbrókar*, útg. Örnólfur Thorsson (Reykjavík, 1985), s. 7–97, s. 55

Þar eð konur notuðu síður ritmál en karlar má e.t.v. líta svo á að útsaumur hafi, ásamt með munnlegum flutningi, verið þeirra leið að segja sögur. Einn hængur er hér þó á – Sigurður, söguhetjan í myndum Brynhildar, laumast að henni og sér hana „lesa“ myndirnar sem hún hefur saumað út um afrek hans:

Sigurður svarar: „Góður vinur, heyr hvað ég hugsa. Minn haukur fló á einn turn og er ég tók hann sá ég eina fagra konu. Hún sat við einn gullegan borða og las þar á mín liðin og framkomin verk.“¹

Viðtakandi myndanna, Brynhildur, er ekki einasta höfundur og lesandi eða túlkandi, án þess að verða þess vör hefur hún djúpstæð áhrif á höfuðpersónu sína, Sigurð: „Honum þykir um vert allt saman, fegurð hennar og það er hún gerir“.² Á sama augnabliki og hún „les“ eigin frásögn er hún sögupersóna í hinni rituðu sögu af Sigurði.

6. Bókleg menntun kvenna við siðbreytingu árið 1550 og fram á 18. öld

Kirkjuordinansía Kristjáns 3. Danakonungs (evangelísk-lúthersk kirkju-skipan) var lögfest á Alþingi árið 1541 fyrir Skálholtsbiskupsdæmi. Í henni var gert ráð fyrir að skólar yrðu stofnaðir fyrir pílta og stúlkur sem ekki höfðu getu til latínunáms. Slíkir skólar tóku víða til starfa á vegum bæjarfélaga í Danmörku og Noregi og rukkuðu foreldra um skólagjöld. Áform um að stofna barnaskóla hérlandis urðu hins vegar að engu og því lagðist fræðslubyrðin fyrst og fremst á presta og foreldra eða forráðamenn barna.³ Áfram var konum því kennt heima en dætur efnamanna voru stundum sendar annað, eins og fram kemur hér á eftir. Mörg dæmi eru raunar um það frá Danmörku að stúlkum hafi fyrst verið kennt heima. Sumar þessara stúlkna gengu síðar í skóla. Charlotte Appel telur ekki ósennilegt að lestrarkennsla hafi verið hluti af námi margra danskra stúlkna í heimahúsum á 17. öld.⁴ Rannsóknir hafa sýnt að lestrarkunnátta jókst mjög á Norðurlöndum á 17. öld og var útbreiddari en áður var talið. Fræðimenn telja sumir að lestrarkennsla í heimahúsum undir leiðsögn kirkjunnar hafi

1 Sama, s. 56.

2 Sama, s. 55.

3 Loftur Guttormsson, „Frá siðaskiptum til upplýsingar“, í *Kristni á Íslandi III*, ritstj. Hjalti Hugason (Reykjavík, 2000), s. 90.

4 Appel, *Læsning og bogmarked*, s. 102.

skipt miklu fyrir útbreiðslu læsis, en ekki síður aukin bókaútgáfa á efni fyrir almenning, bæði af trúarlegum toga og skemmtiefni.¹

Með tilkomu prentverks á Hólum í Hjaltadal á árunum 1529–1530 urðu gagnngerar breytingar á aðgengi fólks að lesefni.² Prentaðar bækur dreifðust í fleiri eintökum en handrit. Prentað lesefni var á hinn bóginn nær einvörðungu af trúarlegum toga. Þau trúarrit sem fengu mesta útbreiðslu voru bæna- og sálmaabækur svo og hugvekjur, en þau voru grundvöllur þess að „húsandakt gæti farið fram eftir réttum helgisíðum“.³ Allt veraldlegt efni, annað en lög og almanök, dreifðist eingöngu í handritum. Af þeim sökum er hægt að tala um mismunandi læsi, þ.e. prentlæsi og handritarlæsi.⁴ Fram á síðari hluta 18. aldar var prentaður texti með gotnesku lettri þegar latínuletur ruddi sér til rúms. Skrifletur handrita var síðan af ýmsum gerðum, t.d. settletur, kansellískrift, fljótaskrift o.s.frv. Fólk gat því verið læst á prentletur en ólæst á skrifletur og öfugt. Þeir voru og til sem aðeins voru læsir á eina tegund skrifleturs (sjá II, 1).⁵

Þegar Guðbrandur Þorláksson settist á biskupsstól á Hólum árið 1571 tók kirkjan með markvissum hætti að virkja prentsmiðjuna við boðun orðsins en það hafði áhrif á læsi, einkum í efri lögum samfélagsins. Útgáfustefna Guðbrands var þó „í anda Lúthers sem lagði áherslu á „almennt prestsdóm“,“⁶ þ.e. að hver kristinn maður geti og megi lesa, túlka og predika Guðs orð“. Sökum strjálbýlis og erfiðra samgangna taldi hann

1 T.d. Appel, *Læsning og bogmarked*; Jostein Fet, *Lesande bønder. Litterær kultur i norske allmugesamfunn før 1840* (Oslo, 1995); Egil Johansson, „The history of literacy in Sweden“, í *Literacy and social development in the west: A reader*, ritstj. Harvey J. Graff (Cambridge, 1981), s. 151–182). – Um alþýðlega bókaútgáfu í Danmörku, sjá Henrik Horstbøll, *Menigmands medie. Det folkelige bogtryk i Danmark 1500–1840. En kulturhistorisk undersøgelse* (Kaupmannahöfn, 1999).

2 Ekki er vitað nákvæmlega hvenær prentsmiðjan kom að Hólum en sæmileg sátt ríkir meðal fræðimanna um þessi ártöl.

3 Loftur Guttormsson, „Frá siðaskiptum til upplýsingar“, s. 177.

4 Um mismunandi læsi, sjá t.d. Davíð Ólafsson, *Wordmongers*, s. 129; Sjá einnig II, 1. – Talið er að við lok 18. aldar hafi stór hluti fólks á Norðurlöndum og Íslandi verið læst á prentaðan texta á móðurmálinu, ef ekki fyrr (Charlotte Appel og Morten Fink-Jensen, „Introduction. Books, Literacy, and Religious Reading in the Lutheran North“, í *Religious Reading in the Lutheran North: Studies in Early Modern Scandinavian Book Culture*, ritstj. Charlotte Appel og Morten Fink-Jensen (Newcastle, 2011), s. 1–14, s. 1).

5 Davíð Ólafsson, *Wordmongers*, s. 106–180. – Britt Liljewall fjallar um það sama varðandi lestrarfærni í Svíþjóð á fyrri hluta 19. aldar (Britt Liljewall, „Recollections of Reading and Writing. Another Picture of Swedish Literacy“, í *White Field, Black Seeds, Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth Century*, ritstj. Anna Kuismin og M.J. Driscoll, *Studia Fennica Litteraria* 7 (Helsinki, 2013), s. 30–39, s. 34).

6 Sjá einnig annan kafla.

og nauðsynlegt að þar sem fólk kæmist ekki til kirkju þyrfti það að hafa bækur til „að geta lesið og hlýtt á Guðs orð heima hjá sér“.¹ Báðar dætur Guðbrands, Halldóra (1573–1658) og Kristín (1574–1652), voru læsar. Til þeirra beindi Arngrímur lærði ávarpsorðum framan við þýðingu sína á *Eintali sálarinnar við sjálfu sig* eftir þýska guðfræðinginn Martin Moller (fyrst prentuð 1599).² Af bréfi til Guðbrands má og sjá að Páll Jónsson á Staðarhóli sendi Halldóru „bók með ýmsu í, þar á meðal kvæðum eftir sig, sem nú eru glötuð“.³

Það var þó ekki fyrr en um aldamótin 1700 þegar yfirvöld hertu kröfur um kristindómsþekkingu almennings að bóklestrarkunnátta tók verulegan kipp. Lög um lestrarkennslu tóku síðan gildi um miðja öldina.⁴ Erfitt er að fullyrða um læsi á tímabilinu frá siðskiptum og fram á miðja 18. öld þegar lög um lestrarkennslu taka gildi. Húsagatilskipunin frá 1746 um að öll börn sem fermdust skyldu vera læs skipti miklu um læsi kvenna. Margir lærðu auk þess að lesa af sjálfsdáðum, bæði vegna fræðaaþuga og ekki síst löngunar í skemmtiefni. Einnig voru þeir til sem aðeins voru *bænabókafærir*, gátu lesið trúarrit á prenti sem þeir höfðu áður lært. Rannsóknir sýna að frá 1680 og fram til 1740 fjölgaði læsum konum svo um munaði. Um miðja 18. öld er talið að um helmingur þjóðarinnar hafi verið læs en um 1790 hafi talan verið komin upp í 90%.⁵ Í nýjustu rannsóknum á alþýðlegri læsisíðkun (e. *vernacular literacy practices*) er þó mjög dregið í efa að íhlutun kirkjunnar og aukin bókaútgáfa skýri að öllu leyti mikið læsi hérlandis á 18. og 19. öld. Bent hefur verið á að á kvöldkvökunum var tvinnnað saman vinnu, námi barna og upplestri úr bókum, trúarlegum og veraldlegum. Var það gert í því augnamiði að halda fólki vakandi og léttu því stritið við vinnuna en síðast en ekki síst var hver stund nýtt til fræðslu

1 Margrét Eggertsdóttir, „„Frómuð og guðhræddum, leikum og lærðum“ Um Guðbrand biskup Þorláksson og þýðingar hans“ [væntanleg].

2 Þó að ekki verði fullyrt að þær konur sem karlmenn tileinkuðu verk sín, prentuð og óprentuð, væru læsar, virðist liggja beinast við að álykta sem svo. Flestar voru þær úr efsta eða efri lögum samfélagsins og hljóta því að hafa hlotið einhverja bóklega menntun. Þórður Bárðarson á Torfastöðum tileinkaði t.d. Guðríði Gísladóttur biskupsfrú bænabók sem prentuð var í Skálholti 1697, sama ár og Þórður biskup lést.

3 Páll Eggert Ólason, *Menn og mennir siðskiptaaldarinnar á Íslandi* IV (Reykjavík, 1926), s. 510.

4 Loftur Guttormsson, „Læsi“, í *Íslensk þjóðmenning* VI, ritstj. Frosti F. Jóhannsson (Reykjavík, 1989), s. 117–144, s. 127–133.

5 Loftur Guttormsson, „Læsi“, s. 128–129; idem, „Fræðslumál“, í *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir*, ritstj. Ingi Sigurðsson (Reykjavík, 1990), s. 149–182, s. 167; idem, „Frá siðaskiptum til upplýsingar“, s. 177–178. – Það sama er upp á teningnum á Norðurlöndunum (Appel og Fink-Jensen, „Introduction“, s. 8).

og skemmtunar. Börn vöndust þannig snemma að leita á náðir bókmennta til að gleyma amstri daganna. Lífsbaráttan var og hörð og algengt að þau kæmust snemma í kynni við dauðann. Í dagbókum og ævisögulegum skrifum megi sjá að til að lifa af í hörðum heimi og til að styrkja tilfinningalífið hafi börn leitað svölunar, gleði og menntunar í bókmenntum. Allt hafði þetta áhrif á læsi. Rannsóknir skortir hins vegar svo heimfæra megi þetta upp á fyrri aldir.¹

Líkt og á miðöldum réði viðhorf mæðra til lærdóms oft úrslitum um skólagöngu og menntun barna þeirra. Hildur Arngrímsdóttir (1643–1725), móðir lærdómsmannsins Páls Vídalín, var t.d. „alltíð mest fyrir framan um kennslu hans og læring og reið jafnvel sjálf til að koma honum fyrir, áður en hann fór til skólans á Hólum“.² Þær stúlkur sem lærðu að lesa hafa margar lært af móður sinni.³ Dæmi eru og um að konur hafi haldið skóla og kennt þar bæði stúlkum og drengjum. Jón Ólafsson úr Grunnavík getur þess í bókmenntasögu sinni að Vilborg (f. 1555?), dóttir Gísla Jónssonar biskups, hafi haldið skóla. Svo og að Sigríður Jónsdóttir (1677–1730), eiginkona Jóns Vídalín biskups, hafi kennt bæði börnum og unglingum „sín kristileg fræði og þeirra skilning“. Þriðja konan sem Jón nefnir varðandi skólahald er Ingibjörg (1555–eftir 1643), dóttir síra Ásgeirs Hákonarsonar og eiginkona Jóns Gunnlaugssonar bónda í Kollabæ, en hún kenndi bæði drengjum og stúlkum.⁴

Prestskonur aðstoðuðu gjarnan eiginmenn sína við kennslu drengja, einkum hinna treggáfaðri og órólegri, og tóku jafnframt stúlkur í læri.⁵ Til þess að sinna slíku urðu þær að vera læsar og sumar jafnvel skrifandi.⁶

1 Sigurður Gylfi Magnússon, „From Children’s Point of View: Childhood in Nineteenth-Century Iceland“, *Journal of Social History* 29 (vetur 1995), s. 295–323; idem, *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsóknir á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar* (Reykjavík, 1997); Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Minor Knowledge and Microhistory Manuscript Culture in the Nineteenth Century* (væntanleg).

2 Jón Ólafsson, „Sagan af Páli lögmanni Vídalín“, í *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, útg. Guðrún Ása Grímsdóttir (Reykjavík, 2013), s. 113–162, s. 116.

3 Britt Liljewall fjallar einmitt um þetta atriði varðandi lestrarkennslu í Svíþjóð á fyrri hluta 19. aldar (Britt Liljewall, „Recollections of Reading and Writing. Another Picture of Swedish Literacy“, s. 33).

4 Jón Ólafsson, *Tilreiðsla íslenskrar bókmenntasögu* [væntanleg], Jón hófst handa við að skrifa bókmenntasöguna árið 1738. Hún er varðveitt í Add 3 fol en er væntanleg á prenti innan tíðar.

5 Guðrún Ása Grímsdóttir, „Um íslensku prestskonuna á fyrri öldum“, í *Konur og kristmenn. Þættir úr kristnisögu Íslands*, ritstj. Inga Huld Hákonardóttir (Reykjavík, 1996), s. 215–247, s. 239.

6 Í Danmörku má finna dæmi um kvenkennara á 17. öld. Oft hófu konur kennaraferil sinn á því að aðstoða eiginmennina við heimakennslu en tóku alfarið við kennslunni að eiginmann-

Þrátt fyrir að konur væru útilokaðar frá stólsskólunum, Hólum og Skálholti, bjuggu sumar yfir talsverðri færni í bóklegum listum. Því miður er þess ekki kostur að kafa ofan í „námsskrá“ þeirra „skóla“ sem konur héldu, til að kanna hversu formleg hún var. Fyrst þær tóku drengi í læri er nokkuð víst að menntunarþrógramm þeirra hafi verið of hið sama far og tíðkaðist í skólum sem karlar ráku.

Í grein um lærðar konur nefnir Sigurður Pétursson sjö sem kunnu latínu á 17. öld og styðst m.a. við frásögn Jóns Ólafssonar úr Grunnavík í áðurnefndri bókmenntasögu.¹ Flestar ólust konurnar upp hjá prestvígðum mönnum. Aðeins tvær voru biskupsdætur (önnur var Ragnheiður Brynjólfssdóttir (1641–1663)), hinar komu frá heimilum óbreyttra presta. Sigurður telur að þetta sýni „að lærdómsiðja með háleitum markmiðum fór fram víðar á Íslandi en í húsum stórmenna“.² En hver kenndi konum latínu? Allt er á huldu hver uppfræddi systurnar Guðlaugu (d. 1676) og Guðnýju (1623?–1683?), dætur Páls Erasmussenar m.a. kirkjuprests í Skálholti og mikils lærdómsmanns.³ Þær lærðu báðar Dónatinn en hann var hluti af grunnnámi. Guðný studdist síðar við hann þegar hún kenndi börnum sínum.⁴

Guðlaug Pálsdóttir og Guðný Pálsdóttir kunnu vel söng, rím. Þær kunnu og báðar Dónatinn og kenndi Guðný börnum sínum hann.⁵

Af þessu er ljóst að mæður hafa stundum leitt fyrstu atlögu að latínunámi. Ekki er heldur ósennilegt að bræður, sem ýmist voru við nám í stólsskólunum eða kenndu þar, hafi látið fáeina fróðleiksmola falla á námspúlt systra sinna. Þegar Páll Vídalín var skólameistari í Skálholti kenndi hann

inum látnum. Eftirtektarvert er að undir lok aldarinnar var lestarkunnátta danskra stúlkna á ákveðnum svæðum síst minni en drengja, t.d. í Vonsild á Fjöni. Það gæti m.a. skýrst af því að konur á þessum stað voru ýmsar virkar í hinni útbreiddu heimakennslu. Einnig skiptir máli að stærri og ríkari sveitarfélög lögðu meiri rækt við barnakennslu en þau minni og fátækari. Hér verður að geta þess að átt er við lestrarfærni á prentaðan texta (Appel, *Læsning og bogmarked*, s. 243 og 319).

- 1 Í greininni fjallar Sigurður um tungumálakunnáttu og almenna menntun íslenskra og evrópskra kvenna.
- 2 Sigurður Pétursson, „Vorur til lærðar konur“, s. 77.
- 3 Sjá einnig sama, s. 77.
- 4 Guðlaug Þórðardóttir (f. 1643), dóttir Guðnýjar, lærði einnig tímatafsfræði af móður sinni því að árið 1703 útbjó hún rímtöflu sem sonur hennar, Bjarni Þorleifsson prestur á Kálfsfellsstað, skrifaði fyrir hana (Guðrún Ingólfssdóttir, „Rímtaflan frá Guðlaugu frænku“, í *66 handrit úr fórum Árna Magnússonar*, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir (Reykjavík, 2013), s. 201).
- 5 Jón Ólafsson, *Tilreiðsla íslenskrar bókmenntasögu* [væntanleg].

Sigríði (um 1671–1717) systur sinni latínu þegar hún var forfölluð frá annarri vinnu eitt sumarið. Ekki er vitað hvar námið fór fram, hvort það var í Skálholti eða Víðidalstungu, né hví Sigríður var ófær til vinnu. Ókunnugt er einnig um hvort hún sat undir lestrum Páls í félagsskap skólasveina. Á fyrri tíð var hver stund nýtt, annaðhvort til vinnu eða náms, ekki dugði að sitja með hendur í skauti. Latínunámið hefur þótt ásættanleg iðja fyrir heimasætuna. Síðar nýttist latínukunnáttan henni þegar hún kenndi sonum sínum Dónatinn.¹

Ragnheiður Brynjólfsdóttir gat þakkað það andlegu atgervi sínu að faðir hennar sá ástæðu til að mennta hana eins og best varð á kosið og lét m.a. kenna henni latínu:

Hun var forstandig nock, og havde store sindets gaver, saa at faderen loed en af sine tienere som hand holdt meget af, lære hende latin. Men eftersom de var begge unge og levendes folk, optændtes deraf den daglige omgiængelse en stor kiærlighed dem imellem, og hand med det samme at lære hende sprog, lærte hende at giøre børn.²

Fleiri dæmi um bóklega menntun kvenna má finna í heimildum frá 17. og 18. öld. Kvæðabók úr Vigur (skrifuð 1676–1677 af Magnúsi Jónssyni í Vigur) geymir erfikvæði eftir Ara Magnússon sýslumann í Ögri og Kristínu Guðbrandsdóttur Þorlákssonar, sem bæði létust árið 1652. Kvæðið er sennilega ort stuttu eftir andlát þeirra:

Ung á æskuskeiði
iðkuðu börnin bókamennt,
synir og seima meiðir
sem þeim varð þá framast kennt.
Námu líka naumur gulls til handa,
handyrðir sem hæversk fljóð
með hegðan góð,
þótti þá til standa.³

Börn þeirra hjóna, þar með taldar stúlkurnar, „iðkuðu [...] bókamennt“. Menntun drengjanna var hins vegar drýgri: „sem þeim varð þá framast kennt“. Stúlkurnar fengu tilsögn í hannyrðum en óvíst er hvort þær hafi fengið tilsögn í skrift.

1 Sama; sjá fjórða kafla.

2 Jón Ólafsson, *Tilreiðsla íslenskrar bókmenntasögu* [væntanleg].

3 *Kvæðabók úr Vigur. AM 148, 8vo*, útg. Jón Helgason, Íslenzk rit síðari alda 2. flokkur, ljósprentanir 1. bindi A (Kaupmannahöfn, 1955), bl. 47v.

Píslarsaga síra Jóns Magnússonar þumlungs (skrifuð 1658–1659) er hvort tveggja í senn deilurit og varnarræða. Prestur hafði fengið tvo feðga, Jóna Jónssyni á Kirkjubóli í Steingrímsfirði, brennda fyrir galdur. Taldi hann þá valda að veikindum sínum. Sá eldri var sæmilega stöndugur bóndi. Jón þumlungur reyndi síðar að fá Þuríði (f. 1632) dóttur eldra Jóns ákærða fyrir galdur og skrifaði *Píslarsöguna* sem innlegg í þeirri málsókn. Þó að síst sé það ætlun Jóns að bera lof á Þuríði má af frásögn hans ráða að hún hefur verið gáfuð og glæsileg stúlka sem kom sér alls staðar vel. Í *Píslarsögunni* reynir prestur að rökstyðja galdraáburðinn á Þuríði með því að hún hafi, ekki síður en bróðir hennar, lært galdralistina af bókum:

Hún er og skilgetin systir yngra Jóns, hvör eð sumir segja tólf vetra, sumir fimmtán vetra hafi tiltekið galdrakunstina að læra, [...] hverjum samtíða að systir hans Þuríður iðkaði bókalistirnar, af hvörs menntasafni að ólíklegt sýnist að hún hafi ekkert vitað [...]¹

Prestur hafði ekki erindi sem erfiði og haustið 1658 var Þuríður lýst sýkn saka á Mosvöllum í Önundarfirði.²

Á við og dreif má finna sagnfræðilegar heimildir frá síðari öldum af bókaeign kvenna, einkum úr efri lögum samfélagsins, og tengslum þeirra við bækur. Í bréfi, frá Jóni Arasyni prófasti í Vatnsfirði árið 1647 til Jóns Jónssonar prófests í Holti í Önundarfirði, er fjallað um bók sem fylgir bréfinu og ætluð er Halldóru Jónsdóttur (1610?–1688), eiginkonu þess síðarnefnda:

[...] þá sendi ég nú bókarkornið áður ánafnað systur mi[nni] elsk. Halldóru Jónsdóttur [...] biðjandi hana að meðtaka og eiga sem og iðka til ástar og þakklætismerkis af mér [...]³

Í Halldóru þessari átti Þuríður Jónsdóttir helst skjól í deilum sínum við Jón þumlung. Ein bókakona styður hér aðra.

- 1 Jón Magnússon, *Píslarsaga séra Jóns Magnússonar*, útg. Matthías Viðar Sæmundsson, Þórður Ingi Guðjónsson og Jón Torfason bjuggu viðauka til prentunar (Reykjavík, 2001), s. 126.
- 2 Matthías Viðar Sæmundsson, „Ævi séra Jóns Magnússonar“, í Jón Magnússon, *Píslarsaga séra Jóns Magnússonar*, útg. Matthías Viðar Sæmundsson (Reykjavík, 2001), s. 9–45, s. 30.
- 3 AM 1058 III 4to, (24) 1r. – Í þessari bók eru tilvitnanir í handrit með nútímastafsetningu og leyst upp úr böndum/styttingum án auðkenna. Orðmyndum er þó haldið. Við aldursgreiningu handrita var stuðst við rannsóknir fræðimanna, *Ordbog over det norrøne prosasprog. Registre* (Kaupmannahöfn, 1989), handrit.is og handritaskrár, prentaðar og óprentaðar. Yfirlit yfir handritaskrár má fá í viðauka og nánari upplýsingar í heimildaskrá.

Frá banalegu og andláti síra Einars Sigurðssonar skálds í Eyðölum segir í Fitjaannál við árið 1626. Áður en hann lést gerði hann ýmsum til góða:

Þar eftir gaf hann eina kú þeirri stúlku, sem honum hafði þjónað og leitt hann og lesið fyrir honum frá hennar ungdómi [...]¹

Merkingin í „lesið fyrir honum“ er sú að stúlkan hefur lesið fyrir hann. Sambærilegt dæmi má finna í Íslendingasögu um síðustu ævidaga Guðmundar góða: „Hann söng löngum eða lét lesa fyrir sér sögur heilagra manna á latínu þá er hann vakti“.² Síra Einar varð með aldrinum sjónþapur og að endingu blindur.³ Hann hefur því þurft að láta einhvern lesa fyrir sig. Þar eð stúlkan var látin lesa fyrir prest má ætla að hún hafi verið mjög vel læs. Engar heimildir eru því miður til um stétt hennar. Líklegt má telja að væri hún af góðum ættum hefði hún verið nafngreind. Eitt er víst, hún var varla úr efri lögum samfélagsins. Máski var hún dóttir fátæks prests eða bókamanns sem hafði nægan metnað fyrir hönd dóttur sinnar til að láta kenna henni að lesa. Ekki er heldur hægt að útiloka að hún hafi verið alþýðustúlka alin upp á heimilinu. Til að þjóna presti svo vel væri hefur þurft að kenna henni að lesa.

Þjónustustúlka Einars er síður en svo einsdæmi um læsa konu af lægri stigum á 17. öld. Vorið 1688 hélt danska þjónustustúlkan Mette Jensdatter (1658–1688) á markaðinn í Kolding til að kaupa sér sögubók af hinni fögru Magelónu. Kalt var í veðri og á heimleiðinni varð hún úti. Fíknin í sögur varð henni að fjórtjóni. Mette var svo fátæk að hún var ekki fær um að borga skatt en hún virðist hafa lært að lesa af eigin rammleik. Lestrarlærdómurinn var því ekki einasta píslarganga í leit að tilgangi með baslinu hér á jörð, nestuð með trúarritum sem yfirvöld matreiddu ofan í almenning. Hann var líka skemmtiganga í fylgd með bókmenntum sem nærðu ævintýraþrána, þó að náttstaðurinn yrði ekki ætíð sá sem helst var kosið. Presturinn sem söng yfir Mette var vanur að skrifa stuttlega um ævi þeirra sem hann jarðsetti og þannig varðveittist sagan af þessari mögnuðu vinnukonu.⁴ Frásögnin af vinnukonu Einars átti að varpa ljósi á gjafmildi hans. Ekki er fjallað um læsi þjónustustúlknanna sem undur eða

1 Oddur Eiríksson, Fitjaannál, í *Annálar 1400–1800* II (Reykjavík, 1927–1932), s. 15–385, s. 106.

2 *Sturlunga saga* I, ritstj. Örnólfur Thorsson (Reykjavík, 1988), s. 385.

3 Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, s. 555.

4 Appel, *Læsning og bogmarked*, s. 17, 355–356.

stórmerki. Af því má ætla að slíkt hafi ekki verið fordæmalaust. Prentaðar almúgabækur, eins og sú sem Mette þyrsti í, urðu geysivinsælar á 16. og 17. öld. Ásamt með fræðsluátaki kirkjunnar áttu þær án efa þátt í að lestrarkunnátta almennings jókst á 17. öld. Íslendingar prentuðu engar slíkar en þýddu þess í stað fjölmargar sem varðveittar eru í handritum.¹

Áður en lög um lestrarkennslu tóku gildi gekk lestrarkunnátta í röðum kvenna iðulega í ættum, þó að ekki sé það einhlítt. Og í þeim ættum þar sem rík hefð var fyrir bókmennta- og skáldskapariðkun er meiri von til að rekast á læsar konur (sjá fjórða kafla).

Í Gýgju, kvæðabók séra Guðmundar Erlendssonar í Felli í Sléttuhlíð, í kvæði „Til lesarans“, kemur fram markmiðið með bókinni:

Börnum mínum bjó eg til því
bókarkornið þetta,
hvört þau skyldu horfa í
og hugraunum svo létta. (12. er.)²

Bókina ætlar skáldið börnum sínum, sonum og dóttur, Margréti (1625–eftir 1703), til létta þeim lundina „og sefa sorgir sem óhjákvæmilega muni plaga þau á lífsleiðinni“.³ Ekki er vitað hvort börnin fengu sitt eintakið hvert af Gýgju en ekki er það óhugsandi. Þórunn Sigurðardóttir fjallar t.d. um kvæðahandrit sem skrifuð voru fyrir börn Jóns Arasonar í Vatnsfirði og Hólmsfríðar Sigurðardóttur (1617–1692). Þó að ekki hafi varðveist eintök úr eigu allra þeirra gefa handritin vísbendingu um að lögð var áhersla á að afkomendurnir eignuðust bækur með kveðskap fjölskyldumeðlima. Handritin geyma ekki að öllu leyti sama efni, sem gæti skýrst af ólíkum smekk, en þau áttu eigi að síður að varðveita menningarlega arfleifð ættarinnar.⁴

Ingibjörg (1699–1731?), sonardóttir síra Bjarna Gissurarsonar skálds í Þingmúla, var greinilega læs ef marka má ljóðabréf sem afi hennar sendi henni:

1 Sjá Seelow, *Die Isländischen Übersetzungen der Deutschen Volksbücher*, s. 58–234.

2 Þórunn Sigurðardóttir, *Heiður og huggun*, s. 105). – Guðmundur eignaðist fimm syni og tvær dætur en svo virðist sem yngri dóttir hans, Þóra, hafi dáið ungabarn (sbr. *Íslendingabók*, <http://islendingabok.is>).

3 Þórunn Sigurðardóttir, *Heiður og huggun*, s. 105–106.

4 Þórunn Sigurðardóttir, „Constructing Cultural Competence in Seventeenth-Century Iceland. The Role of Poetical Miscellanies“, í *Mirrors of Virtue. Manuscripts and Printed Books in Post-Reformation Iceland*, ritstj. Margrét Eggertsdóttir og Matthew James Driscoll (Kaupmannahöfn) [væntanleg].

Kleprótt gengur karli nú að skrifa.
Af þessu blaði þú kannt sjá (skáletrun mín)
þar er ei nokkur myndin á;
í orði hvörju illskublettur og rifa.¹

Ingibjörg var dóttir Jakobs Bjarnasonar prests á Kálfafellsstað. Báðir afar hennar voru prestar og sjálf varð hún prestsfrú á Skeggjastöðum á Langanesströnd. Bjarni Gissurarson orti mikið af ljóðabréfum og er stór hluti þeirra til kvenna. Flest eru bréfin til Arndísar dóttur hans (f. 1652) sem var prestsfrú á Hallormsstað, Vilborgar Jónsdóttur (1666–1734) sýslumannsfrú á Felli og Guðnýjar Pálsdóttur (f. 1610?) prestsfrú á Kálfafellsstað, áður nefndrar lærdómskonu. Milli þessara kvenna og Bjarna voru ættar- og vináttutengsl.

Í *Ævisögu Jóns Steingrímssonar* eru mýmörg dæmi um læsar konur og bækur í höndum kvenna. Síra Jón gaf Helgu dóttur sinni (1762–1846) sálmaþók, svo og konu númer tvö, Margréti Sigurðardóttur (1757–1820):

[...] þá hef ég, eins og fyrr segir um kvæðin, samantekið tvær sálmaþækur, aðra gefið Helgu dóttur minni, en aðra minni núverandi ektakvinnu.²

Pórunni Jónsdóttur dótturdóttur sinni (1784–1863) gaf hann ættartölubók sem fylgt hafði ættlegg fyrri konu hans Þórunnar Hannesdóttur (1718–1784). Jón segir að Þórunn eldri hafi verið svo skörp og næm að hún hafi lært heilmikið af þeim „vísdomsræðum“ sem stjúpfaðir hennar, Stefán Einarsson prófastur, „kenndi bræðrum hennar“.³ Stjúpbörn prófasts borðuðu daglega með honum og þá var hann vanur að brydda upp á „borðsögu um háttsemi annarra þjóða, trúarbrögð þar og þar var hann með historíur úr biblíunni og ýmsar greinir þaðan er hann var að spyrja þau að og lagði svo allt út fyrir þeim“.⁴ Stefán dáðist svo að skarpleik Þórunnar að honum varð eitt sinn að orði: „Ó, hvað gekk guði til þess að þú, Þórunn, varðst ekki drengur, þú nemur allt og manst allt“.⁵ Ummælin sýna í hnotskurn hversu sárt það hefur verið fyrir marga foreldra að geta ekki boðið efnilegum dætrum upp á æðri menntun. Erla Hulda Halldórsdóttir fjallar um

1 Bjarni Gissurarson, *Sólarsýn. Kvæði*, útg. Jón M. Samsonarson (Reykjavík, 1960), s. 59.

2 Jón Steingrímsson, *Ævisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4to)*, útg. Jóhannes B. Sigtryggsson (Reykjavík, 2011), s. 154.

3 Sama, s. 138.

4 Sama, s. 138.

5 Sama, s. 138.

svipað dæmi frá því eftir miðja 19. öld. Sagt var um Margréti, elstu dóttur Sigurðar Guðmundssonar prests á Hallormsstað, „að hún hafi lært latínu með piltunum sem faðir hennar bjó undir nám við Lærða skólann og að hún hafi séð um kennsluna þegar hann var fjarverandi vegna embættiserinda. Um Margréti á séra Sigurður að hafa sagt: „Mein var að því, að hún Grjeta mín skyldi ekki verða piltur“.¹

Frá upphafi vega var sú stund sem fór í að matast og melta gjarnan notuð til spaklegra samræðna. Samdrykkjur eða veislur, þar sem bæði var matast og drukkið, voru einn angi þeirrar hefðar. Í ævisögu Páls Vídalín segir af borðhaldi í Víðidalstungu:

Mikið hélt Páll lögmaður af borðræðum, ég meina að tala eitthvað skynsamlegt yfir máltíð. Vakti hann því oftast einhvern léttan discurs sjálfur, en þó stuttan, vildi helst um lög tala, en þá þeir voru ei borðsitjendur sem til þess dugðu, þá vakti hann sjálfur einhverjar stuttar frásögur og ævintýr. Hann var vanur að kalla það condimenta cibi og sales [krydd og salt matarins]. Nefndi og Saxonem grammaticum er segði borðræður vera matarkrydd Íslendinga. Kunnugt er að miklir skynsemdarmenn hafa svo forðum gjört, Lutheri Tischreden [borðræður Lúthers] eru kunnar. [...] En nú má um marga segja, að hugsjúkir eti harmabrauð, heimskir og ófróðir, bráðhnuggnir og byrstir í bússorgar hnauki.

Eins gjörir dótturmaður hans Bjarni Halldórsson, hann hendir mikla skemmtan af borðræðum.²

Löng hefð er fyrir borðræðum á Íslandi og enn í dag eru matmálstímar nýttir til að leysa lífsgátuna eða brjóta brýn málefni til mergjar. Það voru því ekki aðeins kvöldvökurnar sem opnuðu fólki leið inn í heim lærdóms og bóka, hver stund sem gafst var nýtt til að uppfræða og lyfta andanum. Þórunn Hannesdóttir aflaði sér umtalsverðrar þekkingar, ef marka má orð eiginmannsins, og hafa stundirnar við fótiskör Stefán sennilega verið drjúgar. Konur tóku ekki þátt í lærðri umræðu á opinberum vettvangi en sagan af Þórunni sýnir að þær hafa margar tekið fullan þátt í borðræðum heimilisins. Hafa verður í huga að heimilin voru stærsti vinnustaður landsins og innan veggja þess eyddi fólk drýgstum hluta ævi sinnar:

Hún kunni svo mikið af kvæðum og sálum að ég get þar ei orðum eður tölu á komið því um þann 32 ára tíma sem við vorum saman heyrði ég ætíð

1 Erla Hulda Halldórsdóttir, *Núttíman konur, Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903* (Reykjavík, 2011), s. 109.

2 Jón Ólafsson, „Sagan af Páli lögmanni Vídalín“, s. 146.

ár eftir ár eitthvað nýtt til hennar og eins á hennar síðasta endadægri, og margt af þess háttar hefi ég eftir henni skrifað sem ei er annars staðar að fá. Svo voru henni kunnug öll Vídalíns verk að hvar sem í þau var tekið kunni hún að bæta við og lesa lengra. Hún saknaði og fullskjótt ef hlaupið var yfir eina eður tvær línur. Þetta guðsorð er hún kunni iðkaði hún ei alleinasta fyrir sig heldur hélt þar til börnum sínum og heimilisfólki. Frá nýjari til hvítasunnu lét hún í húsinu lesa kvöld og morgun hvenær sem því varð mögulega við komið [...]¹

En það voru ekki einasta eiginkonur Jóns Steingrímssonar, dætur og dætradætur sem voru bókakonur. Helga Guðmundsdóttir (f. 1675) móðuramma Jóns og Sigríður Hjálmsdóttir (1702–1783) móðir hans studdust við bækur í guðrækni sinni:

Hún [þ.e. Helga] í sama máta var bænærkinn maður svo aldrei við sig skildi læribók herra Guðbrands. Seinast gaf hún móður minni það kver er vakti yfir henni þá hún héðan burtkallaðist á Hjaltastöðum í Flugumýrarsókn hjá þar þáverandi syni sínum, síra Sigurði.²

Guðný Stefánsdóttir (f. 1678) afasystir Jóns var ekki síður merkileg kona, en hún var alla tíð ógift og barnlaus. Hún var ættfróð og „kunni fingrarím það gamla og rímtal eftir þeim forna móð en af fornfræðum, kveðlingum, sálum svo mikið að ótrúlegt mætti sýnast“. Hún átti Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar og kunni allt inntak þess. Guðný var há, sterkleg og gildvaxin. „Hún kunni slátt og var ágætur ljáa-smiður að allur fjöldi sótti sín ljásmíði til hennar, er slógu henni aftur, að ei þurfti slíkt út að kaupa“. Guðný var í foreldrahúsum árið 1703 en eftir það er ekkert vitað um verustað hennar. Ef marka má *Ævisöguna* hefur hún annaðhvort dvalist síðustu æviárin á heimili foreldra Jóns eða í nábýli við æskuheimili hans.

Það hversu vel Guðný var að sér til munns og handa hefur gert hana að eftirsóttum vinnukrafti. Jón segir og að hún hafi verið „skrifandi og lesandi er mikið þótti á þeim dögum“.³ Fæstar konur voru skrifandi. Eftirtektarvert er að enginn prestlærður maður er í ættinni annar en langafi Guðnýjar, Sigurður Jónsson prestur í Goðdölum í Vesturdal í Skagafirði. Foreldrar hennar voru bændur, svo og afar og ömmur í báðar ættir. Foreldrar Guðnýjar voru raunar stórbændur á Silfrastöðum í Skagafirði og

1 Jón Steingrímsson, *Ævisaga*, s. 138–139.

2 Sama, s. 5.

3 Sama, s. 7–8.

því er ekki útilokað að gott bókasafn hafi verið á heimilinu, þó að ekki komi það fram í *Ævisögu* Jóns. Mörg dæmi eru um að bændur hafi verið bókamenn og konur, ekki síður en prestlærðir karlar.

Pegar fram í sótti jókst áhersla á bókmenntun barna almennt og nutu stúlkur góðs af því. Skipti viðhorf foreldra miklu í því sambandi. Hólmfríður Jónsdóttir (1810–1887) húsfreyja í Djúpadal í Skagafirði og Eiríkur Eiríksson hreppstjóri vöndu börn sín t.d. á að „lesa húslestra ung að aldri“. Í lýsingu Hólmfríðar kemur fram að hún las mikið og var með eindæmum minnisgóð, þrátt fyrir að sinna mannmörgu heimili. Hafa börn hennar sýnilega notið góðs af bókhneigð hennar:

Hólmfríður kona Eiríks var hraust kona til líkama og sálar. Hún hafði góðar gáfur og nær því einstakt stálminni. Álit manna var, að hún kynni ritninguna spjaldanna á milli sögulega, og ógrynni kunni hún af alls konar sögnum og sagði mjög sögur; var hún þeirri gáfu gædd, er frásagnarlist mætti kallast: sagði frá bæði skýrt og skipulega. Voru og sögur lesnar og rímur kveðnar í Djúpadal á vetrarkvöldum, eins og þá var víða títt. Vildu þau hjón bæði þann sið hafa. Voru þar lesnir húslestrar alla vetur og á sunnudögum allt árið. Vöndu þau börn sín á það að lesa húslestra ung að aldri. Héldu þau öll þeim sið er þau urðu fullorðin. [...] Eitt sinn voru þeir Bólu-Hjálmar og Jón Bergsteð gestir í Djúpadal. Voru þeir að ræða við Hólmfríði og komust þau í ritninguna og margar bækur aðrar. Fór svo, að hún rak þá í vörðurnar. Þá sagði Hjálmar: Bæði hefir þú lesið margt, enda er minni þitt fágætt. Minni sínu hélt hún til dauðadags.¹

Á 18. öld vöknud menn til vitundar um mikilvægi alþýðufræðslu og barnafræðslu og undir lok aldarinnar var allnokkuð gefið út af alþýðlegu fræðslu- og skemmtiefni undir merkjum upplýsingarinnar. Í *Kvöldvökunum* sem Hannes Finnsson biskup gaf út árið 1796 er mikið af efni fyrir börn sem flest hefur uppeldisgildi, t.d. leikrit, smásögur og dæmisögur. Það er tímanna tákn að í sögunni Fríðleikur sálar og líkama er sagt frá tveimur systur og bóknámi þeirra. Önnur er fríð og heitir Fríða, hin er ljót og heitir Ljótunn. Þær nenna í fyrstu ekkert að læra en um síðir sér Ljótunn að sér:

Í fyrstunni leiddist Ljótunni svo hún gat ekki á sér tekið, en til að hafa af fyrir sér, fór hún í bókakamers föður síns [...]²

- 1 Stefán Jónsson, *Djúpdæla saga*, ritstj. Hjalti Pálsson, Sölvi Sveinsson og Þórdís Magnúsdóttir, Ritsafn I (Reykjavík, 1984), s. 202–203.
- 2 [Fríðleikur sálar og líkama] Fríðleikur sálar og líkama, í Hannes Finnsson, *Qvöld-vøkurnar 1794* (Leirárgarðar, 1796), s. 237–251, 239.

Hún tekur bók og byrjar að lesa og sér ljósið. Eftir það keppist hún við námið og verður ákaflega fróð og ef eitthvað er fríkkar hún í augum eiginmannsins. Systir hennar hugsar hins vegar um ekkert annað en böll og skart og hennar maður er fyrst og fremst hugfanginn af fegurð hennar. Sú sæla varir þó ekki lengi og um síðir gefst hann upp á henni og sendir burt, enda er hún fáfróð og leiðinleg. Í þrengingunum kemur Ljótun til systur sinnar og hvetur hana að mennta sig:

Þú hefir nógann skarpleika, en þú þarft að vekja hann upp og brýna, með að lesa góðar bækur, og brúka eftirþanka.¹

Fríða fer að ráðum hennar og endurheimtir eiginmanninn, allt vegna bókafróðleiksins. Ungar stúlkur við lok 18. aldar hafa ekki farið í graf-götur um boðskapinn. *Sumargjöf handa börnum* sem séra Guðmundur Jónsson gaf út 1795 er rit af sama toga og *Kvöldvökurnar*. Þar er að finna stutta sögu, „Að sauma, prjóna og spinna“, sem fjallar um unga stúlku, Þóru, sem lítinn hug hefur til hinna kvenlegu iðna en vill þess í stað einungis leggja stund á bókmenntir. Faðir hennar reynir að telja um fyrir henni og tekur dæmi af systur hennar:

Líttu til hennar Sólborgar, hún er enn þá ekki eins gömul og þú, og hefir þó sjálf prjónað uppá sig sokka, húfu og margt annað, saumað sér treyju --- og kann dá-vel að spinna.²

Þóra lætur ekki slá sig út af laginu:

Það er satt, faðir minn! svaraði Þóra, að Sólborg kann það, sem þér segið, en hún kann ekki að lesa, skrifa og reikna, og það kann ég. Og það er tíu-sinnum betra, enn að prjóna, sauma og spinna. Satt að segja, þá hefi ég enga lyst á því, annars gæti ég verið búin að læra það.³

Faðir hennar sér sitt óvænna og leggur nú niður fyrir henni hvers vegna hún þurfi að kunna handverk. Hann er þó síður en svo andvígur bókalærdómi hennar en kona sem einungis er lærð á bókina getur ekki tekist á við húsmóðurskyldur sínar:

1 Sama, s. 243.

2 [Að sauma, prjóna og spinna] Að sauma, prjóna og spinna, í Guðmundur Jónsson, *Sumar-Gjöf handa Børnum* (Leirárgarðar, 1795), s. 124–129, s. 124.

3 Sama, s. 125.

Er það að sönnu mikið gott, að þú finnur yndi í að lesa, skrifa og reikna; en maður má þarfyrr ekki forsóma aðra nytsamlega hluti. Það er satt, að með því að lesa, skrifa og reikna hlýtur þú að undirbúa þig til þíns eftirkomandi búskapar, en að kunna þetta eintómt, og ekkert annað, er ekki einhlýtt. Engum ektamanni er þént einungis með lærðri konu, sem allan daginn situr við bækur og lætur vinnufólkið sjálfrátt, en skiptir sér ekkert af mat-seld, vinnu eður neinum búskapar háttum [...]¹

Svo fer að lokum að Þóra lætur sér segjast. Bóklærð kona var sannarlega betur sett en sú sem ekki hafði veður af bókum. Það hlutskipti sem Þóra óskar eftir er aðeins fyrir karla:²

[...] því hvörninn viltu fá þitt lífsuppheldi, og af hvörju ætlar þú að búa síðar meir? einungis með því að lesa, skrifa og reikna verður það ei. Bókmenntir getur þú ekki heldur lagt fyrir þig einungis, því þær eru fyrir karl-menn eina.³

Vera má að uppörvunin sem konur fengu frá upplýsingafrömuðum til að mennta sig hafi gert sumar svo frakkar að þær hafi verið farnar að horfa vonaraugum til Bessastaða. Öld var hins vegar í að lög um skrifar- og reikningskennslu tækju gildi og því segir það merkilega sögu hversu jákvæður faðir Þóru er að hún læri þessar greinar. *Sumargjǫf handa börn-um* var ætlað almenningi en engar heimildir eru til um útbreiðslu þess.

7. Bókasöfn kvenna og heimildir um bókaeign þeirra í dánarbúum

Fátæklegar heimildir eru um bókasöfn íslenskra kvenna fyrr á tíð.⁴ Valgerður Árnadóttir (1779–1872), sýslumannsfrú á Kjarna í Eyjafirði, átti gott bókasafn í upphafi 19. aldar og til eru og frásagnir af bókakonu frá 18. og 19. öld sem sumar hverjar erfðu stór bókasöfn. Þorbjörg Magnúsdóttir (1667–1737) erfði t.d. bækur eftir föður sinn, Magnús Jónsson í Vigur, og eiginmann, Pál Vídalín lögmann. Báðir voru þeir annálaðir lærdóms- og bókamenn. Hólmfríður (1667–1737) dóttir hennar erfði einnig bækur úr búi foreldra sinna. Valgerður Jónsdóttir (1771–1856) ekkja

1 Sama, s. 129.

2 Sjá einnig Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútmans konur*, s. 88.

3 [Að sauma, þrjóna og spinna], s. 125.

4 Það sama á við um bókasöfn kvenna annarstaðar í Evrópu (Erler, *Women, reading, and piety*, s. 48).

biskupanna Hannesar Finnssonar og Steingríms Jónssonar erfði eftir þá eitt stærsta bókasafn landsins. Bókasafn Valgerðar varð á endanum stofninn í Stiftsbókasafninu, forvera Landsbókasafns Íslands. Þrátt fyrir að dæmi séu um að bókasöfn hjóna væru aðskilin á heimilum efnamanna, hefur alla jafna verið sameiginlegt bókasafn sem heimilisfólk hafði allt aðgang að.¹

Í dánarbúum leynast mikilsverðar upplýsingar um aðstæður fólks og eigur, þar á meðal bókaeign. Már Jónsson hefur hvað ötulast stundað rannsóknir á dánarbúum. Hann birti úrval úr þeim í *Sterbúsins fémunir framtöldust þessir*.² Dánarbúiin eru hvaðanæva að af landinu á árunum 1722–1820 og frá fólki úr öllum stéttum, þar á meðal dánarbúi nokkurra kvenna. Hér á eftir verður rýnt í bókakost kvenna í áðurnefndum dánarbúum.

Lunginn af bókunum eru prentbækur, yfirleitt er þess getið sé bók skrifuð. Drýgstur hluti þeirra eru trúarrit af ýmsu tagi og sálmaðækur enda voru nær eingöngu prentuð slík rit fram undir lok 18. aldar.³ Trúarrit gegndu þýðingarmiklu hlutverki í lífi manna. Þangað sótti fólk dýrþri skilning á tilgangi lífsins, huggun og vernd í viðsjálum heimi. Veraldleg rit (skemmtiefni og fræðibækur) dreifðust að mestu í handritum. Þó mætti ætla að útgáfu upplýsingarmanna sæi ljósari stað þegar líður á tímabilið, svo er ekki. Aðeins ein kona, Guðný Þóroddsdóttir (1778–1815) á Bakkakoti í Skorradal, á *Kvöldvökurnar* eftir Hannes Finnsson og *Skemmtilega vinagleði* sem Magnús Stephensen tók saman. Í þússi hennar má einnig finna *Tyro Juris eður Barn í lögum, sem gefur einfalda undirvísun um þá íslensku lagavísku og nú brúkanlegan réttargangsmáta [...]* eftir Svein Sölvason, *Hentuga handbók fyrir hvörn mann* eftir Magnús Stephensen, 15 lögþingsbækur og fingrarím. Í dánarbúi Guðnýjar eru alls 13 bóka færslur.⁴ Stundum eru fleiri en ein bók í færslu en vera kann að bækurnar séu bundnar saman og fá því eina færslu. Guðný var vel stað og átti fjölda bóka. Önnur efnuð bókakona úr Borgarfjarðarsýslu var Sigrún Guðlaugsdóttir (1750–1809) á Þyrli og í Stóra-Botni. Sigrún var sögð vel

1 Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 328–331.

2 *Sterbúsins fémunir framtöldust þessir. Eftirlátnar eigur 96 Íslendinga sem létust á tímabilinu 1722–1820*, Már Jónsson tók saman, Sýnisbók íslenskrar alþýðumennningar 18 (Reykjavík, 2015).

3 Sjá einnig Már Jónsson, „Inngangur“, í *Sterbúsins fémunir*, s. 11–29, s. 26. – Það kemur heim við rannsóknir Sólrúnar B. Jensdóttur á bókaeign á 18. öld (Sólrún B. Jensdóttir, „Bókaeign Austur-Húnavetninga 1800–1830“, *Landsbókasafn Íslands. Árbók* 1968 (1969), s. 142–166; idem, „Books Owned by Ordinary People in Iceland 1750–1830“, *Saga-Book* XIX (2–3) (1975–1976), s. 264–292).

4 *Sterbúsins fémunir*, s. 330–337.

að sér. Í dánarbúi hennar er fjöldi bóka, alls þrettán færslur, þar af tvær veraldlegar, Jónsbók (rotin) og Vasakver bænda eftir Jón Jónsson (*Vasakver fyrir bændur og einfaldlinga á Íslandi eður ein auðveld reiknings-list, hvarí finnst allskonar útreikningur á upphæð og verðaurum í kaupum og sölum, bæði eftir innlensku og útlensku verðlagi. Einnig útdráttur af hinn Konungl. íslensku kaup-taxta og breifburðar-tilskipun*).¹ Um gagn kvenna af Jónsbók verður fjallað í fjórða kafla en Vasakver bænda var greinilega handbók fyrir alþýðu manna. Hverjir féllu undir það að vera *einfaldlingar* skal ósagt látið.

Flestar bækurnar átti Halldóra Kolbeinsdóttir (1767–1807?) húsfreyja í Kalmanstungu, alls 26. Bæði faðir hennar og móðurafi voru stöndugir prestar sem hljóta að hafa átt dágott bókasafn og jafnvel gaukað bókum að dætrum sínum. Í bókasafni Halldóru má finna Steinsbiblíu „í góðu standi“, Vídalínspostillu o.fl. Eina veraldlega ritið sem prýðir bókahirslur hennar er *Tyro Juris*. Úr Mýrasýslu er enn önnur stöndug bókakona, Þórný Snorradóttir (1750–1810) í Hjörsey. Þórný átti 10 bækur, enga veraldlega.² Allar bækur Þórnýjar, sem og flestar þær bækur sem finnast í dánarbúum annarra kvenna, tengjast heimilisguðrækni. Þær fáu veraldlegu bækur sem skjóta upp kollinum í förum þeirra lúta allar að uppfræðslu (að vísu með skemmtun í bland) (*Skemmtileg vinagleði* og *Kvöldvökurnar*) eða praktískum samfélagsmálum (Jónsbók, *Tyro Juris* og Vasakver bænda). Það táknar þó ekki að konur hafi ekki komist í tæri við skemmtiefni eða veraldlegt sagnæfni. Í dánarbúi hjónanna Jóns Hallssonar og Þórunnar Benediktsdóttur (1731–1784) má sjá dæmi um Landnámu og Ólafs sögu helga (að öllum líkindum prentuðu útgáfurnar frá 1688 og 1689–1690). Bú þeirra Jóns og Þórunnar var fremur bágborið en þó voru 15 til 16 bækur á heimilinu. Þar á meðal var „Kjalnesinga saga með þeim henni fylgja“ en hér er komin bókin *Nokkrir marg-fróðir sögu-þættir Íslendinga* sem Björn Markússon lögmaður lét prenta á Hólum 1756. Auk Kjalnesinga sögu voru prentaðar Bandamanna saga, Víglundar saga, Ölkofra þáttur, Hávarðar saga, Þórðar saga hreðu, Grettis saga og Bárðar saga Snæfellsáss. Í dánarbúi Erlends Halldórssonar og Ólafar Bjarnadóttur (1732–1774), sem bjuggu sæmilegu búi í Skagafirði, má auk trúarrita og sálmaþoka t.d. finna Grettis sögu.

Bókæign ræðist stundum af efnahag eða erfðum. Ekki eru það þó alltaf þeir ríkustu sem flestar eiga bækurnar.³ Hörður Ágústsson nefnir dæmi

1 *Sterbúsins fémunir*, s. 325–330.

2 *Sterbúsins fémunir*, s. 317–324.

3 Sbr. Sólrún B. Jensdóttir, „Bókæign Austur-Húnavetninga 1800–1830“, s. 166.

um fátækt heimili sem átti „hvorki meira né minna en 21 bók árið 1784“.¹ Sólrún B. Jensdóttir rannsakaði bókaeign Austur-Húnavetninga á árunum 1800–1830 og komst að því að hvert heimili átti að meðaltali 15 bækur, nær einvörðungu guðsorð.² Sólrún studdist bæði við dánarbú og sóknarmannatöl. Hörður Ágústsson komst að svipaðri niðurstöðu eða 12–17 bækur.³ Hörður studdist einvörðungu við sóknarmannatöl, sem prestar tóku saman, en þeir skráðu aðeins guðsoð.⁴ Athyglisvert er að Halldóra Sigurðardóttir (1766–1795), eiginkona Gísla Þórðarsonar Thorlacius rektors Hólavallaskóla, átti engar bækur samkvæmt dánarbúi hennar.⁵ Halldóra og Gísli tilheyrðu efsta lagi samfélagsins og voru vegna starfa hans í nánnum tengslum við bækur. Ekki er hægt að útiloka að bækur hennar fyrir hjónaband hafi runnið inn í bókasafn eiginmannsins og því ekki komið fram í arfskiptunum. Áhugaleysi á bókum gæti líka verið um að kenna, þó að torvelt sé að sjá hvernig það rímar við aðgengi að viðlíka bókakosti. Þegar Páll Vídalín lést virðast öll ritverk hans hafa hafnað hjá eiginkonunni, Þorbjörgu Magnúsdóttur (1667–1737), þannig að þau komu aldrei fram í skiptunum eftir hann.⁶ Annað dæmi um bækur sem gufa upp í dánarbúum er frá æskuheimili Guðrúnar Ketilsdóttur (1759–1842). Þegar presturinn húsvitjaði í janúar 1785 og skráði bókaeign heimilisins voru þar 20 guðsorðabækur.⁷ Ketill, faðir Guðrúnar, lést í október sama ár og þegar dánarbúið var skráð í nóvember 1786 er aðeins fimm bóka getið í arfskiptunum. Guðný Hallgrímsdóttir telur sennilegustu skýringuna þá „að eitthvert af börnunum hafi tekið þær eignarhaldi. Ef til vill höfðu þau komið þeim undan af ótta við að standa uppi eignalaus við uppgjör dánarbúsins. Líklega hafa systkinin gert sér fulla grein fyrir skuldum búsins við andlát Ketils og vissu að erfitt yrði að standa skil á þeim með þeim rýra bústofni sem eftir var í Teigi“.⁸

Björg Sturlaugsdóttir (1747–1818), bláfátæk tómthúskona í Gull-

1 Hörður Ágústsson, *Laufás við Eyjajörð. Staðurinn*, Staðir og kirkjur III, ritstj. Mördur Árnason (Reykjavík, 2004), s. 291.

2 Sólrún B. Jensdóttir, „Bókaeign Austur-Húnavetninga 1800–1830“, s. 164.

3 Hörður Ágústsson, *Laufás við Eyjajörð*, s. 291–298.

4 Sjá einnig Guðný Hallgrímsdóttir, *Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur. Einsöguvannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu*, Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 16 (Reykjavík, 2013), s. 55–56.

5 *Sterbúsins fémunir*, s. 229–244.

6 Arne Magnussons *private brevvæxling*, útg. Kr. Kálund og Finnur Jónsson (Kaupmannahöfn, 1920), s. 105.

7 Guðný Hallgrímsdóttir, *Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur*, s. 55–56, 77.

8 Sama, s. 96.

bringu- og Kjósarsýslu, átti Hugvekjur Gerhards og Hugvekjusálma Sigurðar Jónssonar á Presthólum (2015:389–391). Eins eru þrjár bókafrásur í dánarbúi Guðrúnar Ívarsdóttur (1770–1802), fátækrar vinnukonu í Snæfellsnessýslu. Hún átti *Manuale* eftir Martin Moller, sem fjallar um að það hvernig maður eigi að lifa kristilega og deyja guðlega, Passíusálmana, Upprisusálma (*Psalterium Triumphale*) eftir Stein Jónsson Hólabiskup og söngsaltara.¹ Allt er á huldu hvernig Björg og Guðrún eignuðust bækur, hvort það var að erfðum, að gjöf eða þær hafi keypt þær. Það sama gildir raunar um allar konurnar í áðurnefndum dánarbúum. Dánarbú veita aftur á móti ofurlitla innsýn í prentbókageign kvenna. Í fjórða kafla verður kafað ofan í handrit í eigu þeirra til að sjá hvað leynist þar.

Aðeins ein kona, Sigríður Einarasdóttir (1721–1791) húsfréyja á Krossi á Skarðsströnd, Dalasýslu, kemur bæði fyrir í skránum mínum yfir handrit kvenna og dánarbúum sem Már Jónsson birtir í *Sterbúsins fémunir*. Nafn Sigríðar og systur hennar, Ingveldar Einarasdóttur (f. 1727) húsfréyju á Melum í Skarðssókn, Dalasýslu, koma fyrir í sálmaabók (JS 52 8vo). Í dánarbúi Sigríðar eru hins vegar engar bækur. Á öftustu síðu í meginhandritinu í JS 52 8vo (aftan við er yngri kver með annarri hendi) virðist Ingveldur vera að æfa sig að skrifa nafnið sitt og bæn. Til hliðar við það sem Ingveldur skrifar er sama bæn að hluta skrifuð með þjálfadri hendi sem nokkurs konar forskrift. Auk nafna þeirra systra koma fyrir karlmannsnöfnin Þórður og [Bjarni?]. Hvorki Þórður né Bjarni eru í fjölskyldu Ingveldar. Svo virðist sem Ingveldur skrifi öll nöfnin en ekki er útilokað að systir hennar skrifi sjálf. Handritið er lítið og nett og hefur sennilega verið skrifað fyrir konu, e.t.v. Ingveldi. Foreldrar þeirra systra voru bændur á Skarðsströnd, m.a. Geirmundarstöðum, en töldust ekki til stórbænda. Bændur á Skarðsströnd voru þó í röðum þeirra sem bærilegast komust af. Nábylið við Skarð, en þar bjó löngum mikið bókafolk, hefur án efa haft áhrif á bókmenningu á svæðinu, þannig að skriftarfærni þeirra systra þarf ekki að koma á óvart.

8. Bækur sérstaklega gefnar út fyrir konur og almúgafólk

Ekkert var prentað héraðs af a.m.k. 28 trúarlegum ritum sem sérstaklega voru gefin út fyrir konur í Danmörku á 16. og 17. öld.² Skýringin er einfalt

1 *Sterbúsins fémunir*, s. 276–279.

2 Sjá Appel, *Læsning og bogmarked*, s. 618–627. – Árið 1749 var rit fyrir yfirsetukonur, *Sá nýi yfirsetukvennaskóli eður stutt undirvísun um yfirsetukvennakúntina* (Sa nye yfersetukvenna skoole, eður stutt undervijisun umm yfersetu kvenna konstena), prentað hér á landi.

sú að kirkjan, sem hafði einokun á prentverki, hefur ekki talið markaðinn nægilega stóran. Aðeins eitt þessara rita hef ég fundið í íslenskri þýðingu sem varðveitt er í nokkrum handritum, en það er „Dyggðarspegill eður ein nytsamleg undirvísun fyrir allar guðhræddar meyjar“ eftir þýska prestinn Lucas Martinus. Jón Arason í Vatnfirði þýddi rit Martinusar árið 1639.¹ Ekki er loku fyrir það skotið að fleiri rit leynist í handritum.

Fáein ritt sem sögð voru fyrir almúgafólk og ungmenni voru prentuð á þessum tíma, sum margoft. Þau eru einkum:²

1558: *Að Guðs lcf megi ætíð aukast á meðal kristinna manna, þá eru hér nokkrir sálmar.*³

1596: *Hortulus animae. Það er, Aldingarður sálarinnar, hvar inni að finnast sérlegar góðar greinir, ólærðum til undirvísunar, svo og heilnæmar lækningar fyrir þá sem hungraðir og þyrstir eru eftir Guðsríki.*

1596: *Sú rétta confirmatio, sem í fyrstunni hefur í kristilegri kirkju tíðkuð verið. Og nú er upp aftur tekin og við magt haldin í landi Saxen, og annars staðar þar sem er hreinn og klár evangeli lærdómur. Samanlesin og tekin út af þeirri saxverskri kirkju agenda, eður ordinatiu, Guðs orði til framgangs og ungdóminum til gagns í Hólastigti.*

1597: *Ein ný hússpostilla. Það er, Guðspjöll og pistlar árið um kring, með stuttu innihaldi, og lítilli orðaúleggingu, fyrir ungdóminn og almúgafólk, með nökkrum kristilegum bænum, af hvörju guðspjalli eftir Guðbrand Þorláksson.*

1599: *Biblia laicorum. Það er Leikmannabiblíá, sá gyllini Catechismus þess dýrðlega guðsmanns D. Martini Lutheri, lcflegrar minningar, samsettur og aukinn með stuttum einföldum spurningum og andsvörum, fyrir ungmenni og einfalt almúgafólk eftir Johann Aumann.*

1603–1605: *Barnapredikanir. Útleggingar yfir þau evangelia sem í kirkjunni lesin verða, frá aðventunni og til páskadags eftir Dietrich Veit. Kom út í tveimur hlutum.*

1 Þórunn Sigurðardóttir vinnur að útgáfu þessa rits.

2 Hér verður ekki farið út í umræðu um fyrstu eiginlegu barnabókina á íslensku en bent á ítarlega umfjöllun Dagnýjar Kristjánsdóttur um elstu barnabækur og bækur fyrir börn (Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn. Íslenskar barnabókmenntir verða til* (Reykjavík, 2015), s. 11–66).

3 Til að auðvelda lesturinn eru titlarnir allir með nútímastafsetningu.

1610: *Catechismus. Sönn, einföld og ljós útskýring kristilegra fræða, sem er grundvöllur trúar vorrar og sálhjálp lærdóms [...] Guði almáttugum til lofs og dýrðar en almúganum til gagns og góða eftir Johann Spangenberg.*¹

1694: *Frómir foreldrar edur hvað foreldrarnir séu sínum börnum umskyldugir eftir Dominicus Beer.*

1695: *Eitt lítið stafrófskver. Fyrir börn og ungmennti.*²

1722: *Spurningar út af fræðunum. Samanteknar handa börnum og fæfróðu almúga-fólki eftir Jón Árnason biskup (stundum kallað Jónsspurningar).*³

Framboð á prentbókum hérlandis var sannarlega ýmsum takmörkunum háð. Hvorki voru hér bæir né borgir sem héldu markaði þar sem seldar voru bækur líkt og t.d. í Danmörku, og því sáu farandsalar sennilega að einhverju leyti um bóksöluna. Byggðin var og dreifðari og því var það takmarkað sem farandsalar gátu borið með sér. Fyrir vikið kann munurinn á lesefni karla og kvenna að hafa verið minni á Íslandi en víða annars staðar. Þó að ekki komi fram í titli að bók sé ætluð bæði leikum og lærðum má víða sjá þess stað í formálum Guðbrands Þorlákssonar biskups að útgáfubókum hans.⁴ Bent hefur verið á að útgáfustefna biskups „hafi verið sú að efla menntun hjá öllum stéttum landsins“.⁵ Svo virðist sem Guðbrandur geri ráð fyrir að á hverju heimili sé einhver fær um að lesa fyrir annað heimilisfólk. Ekki er hægt að gefa sér að karlar hafi ætíð gegnt því hlutverki.

Af heimildum má sjá að konur höfðu ýmsar engu minni löngun en karlar til að lesa það sem var forboðið, þó að trúar- og siðferðisritum væri haldið að þeim. Dæmi um slíkt er sagan af Margréti Jónsdóttur í Stafni

1 Margrét Eggertsdóttir fjallar um þýðingar Guðbrands, Sjá Margrét Eggertsdóttir, „Frómum og guðhræddum, leikum og lærðum“ [væntanleg]; idem, „Barnabækur Guðbrands biskups“, í *Svanajjadrir skornar Svanhildi Maríu Gunnarsdóttur fimmtugri 2. júlí 2015* (Reykjavík, 2015), s. 42–46.

2 Dagný Kristjánsdóttir (*Bókabörn*, s. 31) segir að fyrstu íslensku stafrófskverin hafi verið „hagnýtir listar af bókstöfum, sérhljóðum og samhljóðum, atkvæðum og æfingaorðum“. Í raun hafi fyrsta „verulega nútímalega stafrófskverið fyrir íslensk börn“ verið *Lítið ungt stöfunarbarn* [...] sem fyrst kom út árið 1782. Höfundur þess var síra Gunnar Pálsson í Hjarðarholti.

3 Hér var stuðst við Halldór Hermannsson, *Icelandic Books of the Sixteenth Century (1534–1600)*, *Islandica IX* (Ithaca, 1916); idem, *Icelandic Books of the Seventeenth Century 1601–1700*, *Islandica XIV* (Ithaca, 1922).

4 Margrét Eggertsdóttir, „Frómum og guðhræddum, leikum og lærðum“ [væntanleg].

5 Sama.

(1833–1922). Hún var sögð „greind, skapstór og einörð, og sagði jafnan, sem henni bjó í brjósti við hvern sem hún talaði“.¹ Margrét lærði ung að lesa og var látin lesa kverið úti í fjósi svo ekkert truflaði hana. Þegar prestur kom að húsvitja kom í ljós að í stað kversins hafði Margrét sökk sér ofan í Njólu eftir Björn Gunnlaugsson kennara við Bessastaðaskóla og kunni hana alla. Njóla er ferskeyttur, heimspekilegur ljóðabálkur og var fyrst prentuð árið 1842. Hún varð afar vinsæl meðal almennings en ýmsir álitu hana „trúarvillubók, sem börn máttu ekki sjá“.² Margrét lærði síðar kverið og var jafnvel heima í því.

9. Á hvaða aldri lærðu íslenskar konur að lesa?

Á hvaða aldri lærðu íslenskar stúlkur að lesa? Í Evrópu var ögn breytilegt hvenær drengir hófu bóknám en algengast var við sjö ára aldur.³ Svo er að sjá sem þeirri reglu hafi verið fylgt hér á landi á miðöldum.⁴ Jón úr Grunnavík tekur í sama streng í riti sínu *Hagþenki* (skrifað 1737). Hann telur börn ekki tilbúin fyrr en við sex eða sjö ára aldur.⁵ Þó eigi að uppfræða börn um siðalærdóm og grunnatriði kristinnar trúar þegar þau eru fimm ára, áður en bóknám hefst:

Að fara til að kenna barni, sýnist eigi tækilegt, fyrr en það er fimm-vetra. Þá er vant að kenna þeim fyrst bænir, borðsálmana, og trúarlærdóminn, þann minna Lutheri Catechismum, sem menn almennilega kalla fræði.⁶

Jón segir að byrja eigi að kenna börnum þær tvær bækur sem mestu varðar, Biblíuna og lögbókina, Biblíuna þó fyrr. Þegar þau eru eldri megi kynna fyrir þeim ævintýri og dæmisögur, einkum dæmisögur Esóps, þeim til skemmtunar og siðalærdóms.⁷ Athyglisvert er að Jón talar ætíð um

1 Kristín Sigvaldadóttir, „Margrét í Stafni“, í *Hlynir og hreggviðir*, Svipir og sagnir II (Akureyri, 1950), s. 93–125, s. 97.

2 Sama, 98.

3 Pierre Riché, *Écoles et enseignement dans le Haut Moyen Age* (París, 1999), s. 200.

4 Brynhildur Þórarinsdóttir, „Hirðin og hallærisplanið. Forgelgjur og unglingar í Eglu“, í *Miðaldabörn*, ritstj. Ármann Jakobsson og Torfi H. Tulinius (Reykjavík, 2005), s. 113–136, s. 120.

5 Þegar Árni Magnússon handritasafnari var kominn hátt á áttunda ár var hann „allæs á íslensku og búinn að læra latínu í tvo vetur“ (Guðrún Ása Grímsdóttir, „Af slóðum Sturlunga sögu“, í *Ástumál kveðin Ástu Svavarsdóttur sextugri 19. janúar 2015* (Reykjavík, 2015), s. 10–12, s. 10; sjá einnig Jón Ólafsson, „Árni Magnússon“, í *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, útg. Guðrún Ása Grímsdóttir (Reykjavík, 2013), s. 3–89, s. 5).

6 Jón Ólafsson, *Hagþenkir*, s. 13. Ljóst er að sá sem kennir barninu notar við það bækur.

7 Sama, s. 13–14.

börn í fyrsta kafla ritsins þar sem fjallað er um lestur. Í kaflanum um skriftarkennslu talar Jón einungis um sveininn sem bendir til að stúlkur hafi fengið sömu uppfræðslu og drengir fram að því að farið var að kenna skrift. Upphaf bóknáms hefur þó sennilega verið breytilegt eftir fjölskyldum. ÍB 211 4to geymir líkræðu yfir Halldóru Sigurðardóttur (1716–1753) biskupsfrú á Hólum. Þó að í henni sé dregin upp mynd hinnar guðhræddu, þolinmóðu og dyggðumprýddu konu leynast þar áhugverðar upplýsingar um menntun Halldóru:

Á hennar aldurs tólfta ári veik hún ásamt sínum góðu foreldrum að Holti við Öndurfjörð og tók eftir aldrinum til bóknáms og annarra kvenlegra mennta sem hún lærði og iðkaði með öllum sóma og siðprýði. Þar eftir hefur hún verið heima hjá sínum foreldrum og með [hér er eyða] byggt uppá sagðan grundvöll til góðrar framfarar, bæði í andlegum og líkamlegum efnum, svo hún óx með aldrinum í vísdomi og kunnáttu og náð hjá Guði og mönnum.¹

Líkræða langömmu hennar, Hólmfríðar Sigurðardóttur (1617–1692), er varðveitt í sama handriti. Af henni má ráða að hún hafi verið átta ára þegar farið var að kenna henni „vegu drottins, dyggðanna iðkun og ástundan kvenlegra lista“. Svo næm var hún að á fjórtánda ári hafi hún verið „fullgjör orðin [...] í öllu því atgjörvi sem Íslands innbyggjarar í þann tíma öktuðu hið ágætasta kvenpersónum til frama og frægðar“.² Af bókaeign Hólmfríðar má ráða að hún var læs (sjá fjórða kafla). Hún hefur því verið yngri en tólf ára þegar bóknám hennar hófst fyrst hún var fullnuma þrettán ára. Ekki er ósennilegt að byrjað hafi verið að kenna henni að lesa við átta ára aldur þegar hún var upplýst um „vegu drottins“. Það sem á undan sagði átti einkum við um stúlkur í efri lögum samfélagsins. Lestrarkunnátta jókst aftur á móti meðal smærri bænda og alþýðufólks um miðja 18. öld. Þær konur sem á annað borð lærðu að lesa virðast flestar orðnar stautfærir um fermingu. Á því hefur þó verið allur gangur eins og sjá má af fyrsta kafla þar sem niðursetan er *stautfær* sex ára en heimasætan *les nokkuð* átta ára gömul árið 1786.

10. Samantekt

Frá miðöldum eru sögulegar heimildir um menntun íslenskra kvenna og bækur í þeirra höndum ekki ýkja miklar. Bókagjafir yfirstéttarkvenna

1 ÍB 211 4to, s. 268.

2 Sama, s. 154.

til kirkna og nunnuklaustranna tengja konur þó snemma við bækur sem og frásagnir af lærdómskonunum Ingunni Arnórsdóttur og Hildi einsetukonu.

Í skálduðum ritum á íslensku og ritum sem flokkuð hafa verið sem gervisagnfræði eru nokkur dæmi um bóklistir kvenna en öll snúast þau um útlendar konur. Frásagnir þessar gefa hins vegar vísbendingar um viðhorf til menntunar kvenna, þær voru fordæmi sem hafa mátti að leiðarljósi. Allt það sem konur lásu eða hlýddu á hafði einnig áhrif á sjálfsmynd þeirra. Íslenskum lærdómskonum bregður fyrst og fremst fyrir í biskupasögum og fornbréfum. Þó að ekki séu þær ýkja margar sýna dæmin að mynd lærdómskonunnar var ekki innantóm hugsýn.

Af bókalistum íslensku nunnuklaustranna á Reynistað og í Kirkjubæ, svo og bréfum þeirra og skjölum, má ráða að systurnar voru ýmsar læsar og sumar ef til vill skrifandi. Þar eð prestsefnum var kennt í nunnuklastrunum þurftu abbadísirnar eða þær nunnur sem önnuðust kennsluna að hafa latínu á valdi sínu og vera færar um að skrifa. Hafa verður þó í huga að prestar sáu oft um þessa kennslu innan nunnuklaustranna.

Á 16. öld fjölgar sögulegum heimildum um læsi íslenskra kvenna og um leið birtast okkur læsar konur í neðri lögum samfélagsins. Líkt og á miðöldum var íslenskum konum kennt heima en dætur efnamanna fóru sumar í fóstur.¹ Jón Ólafsson gerði ráð fyrir að lestrarkennsla stúlkna og drengja héldist í hendur framan af en leiðir virðist hafa skilið við upphaf skriftarkennslu. Eins og fram kemur hér á eftir lærðu aðeins útvaldar stúlkur að skrifa.

Þó að stúlkur kæmu að lokuðum dyrum í stólsskólunum eru heimildir frá 17. og 18. öld um skóla sem konur héldu þar sem drengjum og stúlkum var kennt. Prestsmaddömur tóku ungar stúlkur einnig í læri og aðstoðuðu eiginmenn sína við kennslu tornæmari drengja. Lög um lestrarkennslu tóku gildi um miðja 18. öld en lög um skriftarkennslu árið 1880. Samkvæmt rannsóknnum á læsi hérlendis eftir siðskiptin fjölgaði læsum konum umtalsvert á tímabilinu frá 1680 og til 1740. Af ritum upplýsingamanna má ráða að þó að konur væru hvattar til að leggja sig eftir bókalærdómi var ekki talið æskilegt að þær köfðu of djúpt í heim bóka. Þrjónarnir og nálin áttu ætíð að vera í seilingarfjarlægð.

1 Heimakennsla var við lýði hér á landi fram á fyrri hluta 20. aldar og á stöku stað jafnvel lengur. Britt Liljewall telur að heimakennsla í Svíþjóð hafi átt sinn þátt í að seinka nútímavæðingu samfélagsins og fjölgun skóla þar á landi (Britt Liljewall, „Recollections of Reading and Writing. Another Picture of Swedish Literacy“, s. 38). Það sama verður sennilega sagt um Ísland.

Rannsóknir á dánarbúum sýna að prentbókæign var allnokkur á íslenskum heimilum og í röðum kvenna. Þar eð kirkjan einokaði prentverkið fram til 1773 þegar Hrappseyjarprent var stofnað voru trúarrit stór hluti þess sem prentað var á fyrstu öldum prentverks hér á landi. Trúarrit þjónuðu sannarlega þeim tilgangi að setta fólk við hlutskipti sitt, stétt og stöðu, og fullvissa það um að vegir drottins væru órannsakanlegir. Í þau leitaði almenningur einnig að huggun og vernd, að svörum við spurningum um tilgangi lífsins og hinstu rök, en síðast en ekki síst að merkingu í baslið og eymdina.

Þrátt fyrir að trúarrit væru prentuð voru þau einnig skrifuð upp. Veralðlegar bókmenntir dreifðust hins vegar nær einvörðungu í handritum. Aðeins eina prentbók úr eigu konu hefur rekið á fjörur mínar frá tímabilinu sem var til rannsóknar. Bækur þeirra eru allar handskrifaðar.

IV. Handrit í eigu íslenskra kvenna frá miðöldum og fram á 18. öld

1. Ímynd bókakvenna, tengslanet og fjölpætt hlutverk bóka

Elsta dæmið um orðið *bókhneigður* í íslenskum heimildum fannst í blaðinu *Heimskringlu* frá 9. febrúar 1899: „Það er lélegt rit sem bók-hneigður maður hefir enga skemtun af að lesa“.¹ Næstelsta dæmið er líka úr *Heimskringlu* frá 27. mars 1902 en blaðið var gefið út í Kanada.² Þriðja elsta dæmið er í blaðinu *Fjallkonunni* frá 12. janúar 1906. Það kom út á Íslandi.³ Allt frá 18. öld þekkist hins vegar orðalagið *að vera hneigður til bóknáms*.⁴

Það er býsna forvitnilegt að skoða dæmin um orðið *bókhneigður*, en þau spanna tímann frá 1899 til byrjunar 21. aldar.⁵ Frá fyrstu tíð virðast bækur hafa verið ríkari þáttur í lífi karlmannna, einkum þeirra sem nutu skólagöngu, og því skyldi maður ætla að lýsingarorðið væri fremur haft um þá. Lausleg athugun sýndi að svo er þó ekki og að fleiri dæmi finnast um bók-hneigðar konur. Munurinn var ekki afgerandi. Ein skýringin gæti vissulega verið sú að bók-hneigð kvenna hafi þótt frásagnarverð. Annar flötur fæst ef skoðaðar eru niðurstöður úr PISA-könnunum sem sýna að allnokkur munur er á læsi og lestrarmagni drengja og stúlkna, þeim síðarnefndu í hag. Þetta á jafnt við um Ísland sem flest önnur þátt-tökulönd í könnuninni.⁶ Rannsóknir á lestrarupplifun eða tilfinningalegri

1 Snær Snæland, „Valið“, *Heimskringla* (9. febrúar 1899), s. 1. Timarit.is

2 Benedikt Sigurðsson, „Danarfren“ (sic), *Heimskringla* (27. mars 1902), s. 1. Timarit.is

3 „Mannalát í Árnæssýslu“, *Fjallkonan* (12. janúar 1906), s. 7. Timarit.is

4 Sbr. Ritmálssafn Orðabókar Háskólans. <http://lexis.hi.is/cgi-bin/ritmal/leitord.cgi?adg=innsl>

5 Hér var stuðst við Ritmálssafn Orðabókar Háskólans (<http://lexis.hi.is/cgi-bin/ritmal/leitord.cgi?adg=innsl>) og Íslenskt textasafn (<http://corpus.arnastofnun.is/>) á heimasíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, svo og Timarit.is.

6 Sjá t.d. Menntamálastofnun (<http://www.mms.is/> [Sótt á netið 18. október 2014]); Özen Odağ, *Wenn Männer von der Liebe lesen und Frauen von Abenteuern [...] Eine empirische*

þátttöku karla og kvenna við lestur frásagnartexta sýna aftur á móti að um óverulegan mun er að ræða og að persónueinkenni og samlíðun (e. *empathy*) vegi þyngra en hið líffræðilega kyn.¹ Samkvæmt öllum sólarmerkjum ætti lestur bókmennta því að höfða jafnsterkt til karla sem kvenna.²

Fræðasamfélagið hefur iðulega horft fram hjá þætti kvenna í bókmenningu eða skorið hann niður við trog. Hafa ýmsir fræðimenn fjallað um það vandamál.³ Líkt og fram kom í öðrum kafla sýna nýlegar rannsóknir að bókaeign evrópskra kvenna og læsi var mun meira en áður var talið. Ekki verður því litið framhjá þeirri mynd sem rannsakendur hafa á síðustu árum dregið upp af bókmenningu kvenna í Evrópu.

Til að fá innsýn í hlut íslenskra kvenna í bókmenningu fer hér á eftir rannsókn á handritaeign þeirra.⁴ Reynt verður að grafast fyrir um hvers konar handrit þær áttu og hvað þau segja okkur um áhugamál eigendanna og heimsmynd, en ekki síður hvernig þau nýttust í höndum ólíkra kvenna. Hér er gengið út frá því að konur sem áttu handrit hafi í flestum tilvikum verið færar um að lesa. Þar sem því var ekki að heilsa má þó alltént gera ráð fyrir að þær hafi komist í tæri við efni viðkomandi handrita með því að láta aðra lesa fyrir sig. Slík rannsókn leitast vissulega við að gefa sannferðuga mynd af veruleikanum en segir ekki alla söguna. Ekki gefur hún heldur fullkomna mynd af því hvað konur lásu. Sumar áttu prentbækur

Rezeptionsstudie zur emotionalen Beteiligung von Frauen und Männern beim Lesen narrativer Texte (Bremen, 2007), s. 17–18. – Svipaðar niðurstöður komu út úr rannsókn Hildar Óladóttur („*Ég er alveg að lesa mikið, ég hef bara ekki tíma núna*“. *Nemendur í 8. bekk spurðir út í lestrarvenjur sínar*, meistaraþrófsritgerð við Háskólann á Akureyri (Akureyri, 2010).

1 Odağ, *Wenn Männer von der Liebe lesen*.

2 Í rannsókn Hildar Óladóttur („*Ég er alveg að lesa mikið*“) kom fram munur á áhugasviði drengja og stúlkna sem birtist í vali á lesefni. Bæði kynin höfðu þó gaman af spennusögum en drengir sóttu meira í myndasögur. Minnkandi áhugi ungs fólks á lestri er hins vegar áhyggjuefni að mati Hildar.

Orðalagið *ást á bókum* og orðið *bókaást* þekkist fyrst á 20. öld, ef marka má dæmi. Formæður okkar og forfeður hafa efalaust ekki síður elskað bækur sínar þó að ekki teldu þau þörf á að færa það í slík orð. Af ýmsum spássfugreinum lesenda og eigenda handrita má stundum greina ósvikna bókaást.

3 Sjá t.d. Joyce Coleman, „The Flower, the Leaf, and Philippa of Lancaster“, í *The Legend of Good Women. Context and Reception*, ritstj. Carolyn P. Collette, Chaucer Studies XXXVI (Cambridge, 2006), s. 33–58.

4 Hér er rétt að árétta það sem sagði í inngangi. Með bókmenningu er átt við aðkomu kvenna að bókum/handritum, sem lesendur, eigendur og skrifarar. Skáldskapur kvenna og ritstörf eru ekki umfjöllunarefni hér enda um annars konar rannsókn að ræða. Vert er og að taka fram að bréf og bréfasöfn voru ekki hluti af rannsókninni þar eð það hefði slígað hana. Ekki varð þó hjá því vikið að koma inn á það efni í leit að dæmum um skrifarfærni kvenna (sjá fimmta kafla).

sem nú eru glataðar og á heimili þeirra gat verið sæmilegt safn bóka sem þær höfðu aðgang að.¹ Í inngangi að greinasafni um læsi spænskra kvenna á árnýöld fjallar Anne J. Cruz um það hvernig bókasöfn karlmanna sem næstir stóðu aðalskonum og konum í borgarastétt hafi opnað þeim leið inn heim menntunar í guðfræði, bókmenntum, siðfræði og jafnvel lögum. Þær hafi ósjaldan erft bókasöfn karla og aukið við þau með kaupum á bókum sem veita innsýn í þeirra eigin smekk og hugðarefni.² Hún telur nauðsynlegt að rannsaka allar þær bækur sem konur höfðu aðgang að til að varpa ekki einasta ljósi á menntun þeirra heldur hugsanlegt val á lesefni.³

Og hvað með upplestur á kvöldvökum? Á miðöldum var bókaeign fyrst og fremst möguleg á höfuðbólum en það breyttist á 16. öld þegar Íslendingar tóku að nota pappír við bókagerð og hófu prentun bóka. Áhugasvið þeirra sem áttu kost á upplestri úr bókum hefur án efa verið ólíkt enda gat áheyrendahópurinn verið fjölskrúðugur á íslenskum sveitabæjum, þ.e. konur, leikir og lærðir karlmenn, börn og leikir og lærðir gestir. Það kallaði á bækur af ólíku tagi.⁴

Málin vandast þegar rannsakandinn leiðir hugann að öllu því sem konur hlýddu á með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Stundum var og lesið úr bókum sem fengnar voru að láni af öðrum bæjum. Ekki er heiglum hent að henda reiður á slíku. Að endingu má ekki vanmeta áhrif móðurinnar í menntun dætra sinna.⁵ Kannski átti hún bók eða bækur sem hún nýtti

1 Eina prentaða bókina, mér vitanlega, sem sannarlega hefur varðveist úr eigu konu frá tímanum sem er til rannsóknar er *Harmonia Evangelica* eftir Martin Chemnitz, Polycarp Leyser og Johann Gerhard. Hún var fyrst prentuð í Skálholti árið 1687. Bókina sendi þýðandinn, Þórður biskup Þorláksson, til Ragnheiðar Sigurðardóttur (1648–1727), eiginkonu Sigurðar Björnssonar lögmanns og sýslumanns í Kjósarsýslu. Á saurblaði er þessi áletrun: „Göfugri, dygdumprýddri og guðhræddri höfðingshústrú Ragnheiði Sigurðardóttur minni elskulegri systur, sendist þett[a] kver, til eignar og iðkunar, með bestu heillaóskum, fyrir líf og sál. [...] Skálholti, þann 10. októbris, annó 1687“. Þetta mun elsta prentaða áritunareintakið til konu sem þekkt er (Einar G. Pétursson, „Margt er skrítið í Harmoníu“, í *Grímsævintýri sögð Grími M. Helgasyni sextugum 2. september 1987*, fyrri hefti (Reykjavík, 1987), s. 25–27). – Einungis var kafað ofan í eitt dánarbú eftir konu í leit að prentbókum en afar fá dánarbú hafa varðveist frá tímanum sem er til rannsóknar.

2 Anne J. Cruz, „Introduction“, í *Women's Literacy in Early Modern Spain and the New World*, ritstj. Anne J. Cruz og Rosilie Hernández (Surrey, 2011), s. 1–18, s. 8.

3 Idem, „Reading over Men's Shoulders: Noblewomen's Libraries and Reading Practices“, í *Women's Literacy in Early Modern Spain and the New World*, ritstj. Anne J. Cruz og Rosilie Hernández (Surrey, 2011), s. 41–58, s. 44.

4 Eriksen, *Writing and Reading*, s. 162.

5 Sjá t.d. Cruz, „Introduction“, s. 8: „[...] women's interests were strongly influenced by their mothers, who did not hesitate to teach them the social and intellectual means to protect themselves in their social milieu“.

við kennsluna. Og þegar börnin voru nógu burðug við lesturinn hafa þau sjálf fengið að stauta sig í gegnum fróðleikinn. Aðeins eitt erfði bókina og kannski lenti hún í glatkestunni sem urðu örlög margra þeirra. Mikilvægar kennslustundir við móðurkné koma því ekki alltaf fram í tölu- legum upplýsingum. Víða í Evrópu þekktist það að mæður söfnuðu og skipulögðu tíðabækur¹ fyrir börn sín og dæturnar nestuðu þær með góðri bók þegar leiðin lá að heiman.² Segir stundum fátt af slíkum bókum. Menningarlegur sjóndeildarhringur kvenna gat sannarlega verið víðari en varðveisla bóka þeirra gefur til kynna. Helgimyndin af formæðrum okkar sem haldið hefur verið á lofti er ekki síður þrándur í götu þess sem ætlar að rannsaka bókmenningu kvenna. Engum blöðum er um það að fletta að stór hluti af lesefni þeirra var guðsorð. Handskrifaðar tíðabækur og ýmsar bæna- og sálmaabækur voru hins vegar mjög fjölbreyttar að efni og sniðnar að persónulegum þörfum og áhuga eigandans. Prentuð trúarrit boðuðu vissulega þá heimsmynd sem talin var rétt hverju sinni en hafa ber í huga að langt fram á 18. öld var handritaeign algeng meðal fólks, þrátt fyrir aukna prentun bóka. Tíðabækur kvenna þjónuðu mun víðtæk- ara hlutverki en að vera einfaldar bænabækur. Þær gátu fært huggun og hugarró, verið uppbyggilegar og leiðbeinandi, dreift huganum og glatt. Að

- 1 „Á tíðabókum voru leskaflar, sálmar og bænir sem hafðar voru yfir við tíðagjörð en hún fór fram átta sinnum á sólarhring í kirkjum og klaustrum. Hryggjarstykkið í þessum bókum voru Maríutíðir hinar minni og þegar kom fram á síðmiðaldir voru þær ekki bara sungnar af klausturfólki og klerkum heldur einnig af leikmönnum í heimahúsum. Efnafólk tók þá að leggja mikið upp úr því að eignast fallegar tíðabækur og á 15. og 16. öld stóð markaður með þær með miklum blóma, einkum í París þar sem flestar bækurnar voru skrifaðar og lýstar. Tíðabækur frá þessum tíma byrja yfirleitt á almanaki þar sem hátíðir kirkjuársins og dýrlingadagar eru skráðar í fallegum litum“ (Svanhildur Óskarsdóttir, „Gullslegin tíðabók“, http://www.arnastofnun.is/page/handritapistlar_tidabok).
- 2 Bell, „Medieval Women Book Owners“, s. 758. – Samband mæðgna getur á öllum tímum einkennt af kálfshári og fifu. Yfirleitt fóru dætur að ráðum foreldra sinna um hjónaband og í sumum tilfellum var fullt samráð haft við dótturina. Dætur gátu þá eins og nú verið óráðþægnar og hunsað allar reglur um rétta hegðun og mæður hugsað fyrst og fremst um heiður fjölskyldunnar en ekki hamingju dætra sinna. Margery Paston, sem síðar varð Margery Calle (d. ca 1479), giftist ráðsmanni fjölskyldunnar og varð ekki talin af því hvað sem tautaði eða raulaði, móður hennar til sárrar gremju. Móðirin gerði hana arflausa og talar allt annað en hlýlega til hennar í bréfi til sonar síns. Hún arfleiddi að vísu börn Margery en í erfðaskránni koma þau í goggunnarröðinni aftan við óskilgetna dóttur sonarins. Samband frænku Margery, Elisabeth Paston (1429–1488), við móður sína var einnig stormasamt út af hjónabandsmálum. Gekk það svo langt að fullyrt var að móðirin, Agnes Berry Paston (d. 1479), berði hana til hlýðni einu sinni til tvisvar í viku og jafnvel tvisvar á dag þegar mest gekk á. Elisabeth giftist ekki fyrr en þrítug og giftist tvisvar en missti báða mennina. Hún varð á endanum vellauðug ekkja og sá til þess að einkadóttir hennar erfði nægilegt fé til að fá sér sæmilegt mannsefni (Watt, *Medieval Women's Writing*, s. 136–156).

afskrifa bænabækur miðaldakvenna og líta einungis á þær sem trúræknirit ber ekki einasta vott um skilningsleysi á þörf miðaldakvenna fyrir andlega næringu, það sýnir einnig þekkingarleysi á fjölscrúðugu innihaldi bænabóka þeirra.¹

Bent hefur verið á að við rannsóknir á fortíðinni gæti vissrar tilhneigingar til að gera hana og íbúa hennar einsleitari en efni standa til. Þetta eigi fyrst og fremst við um konur sem oft eru smættaðar niður í snyrtilegar, tilbrigðalausar persónugerðir, einkum þegar kemur að kynferðislegri hegðun þeirra og þrá. Konur gátu sumsé bæði átt bænabækur og ýmislegt annað safaríkt léttmeti.² Rannsóknir á bókaeign enskra kvenna á 15. og 16. öld sýna einnig að þær tóku þátt í pólitískum hræringum samtímans og jafnvel lærðri umræðu. Konur voru ýmsar í nánnum tengslum við lærða karlmenn sem höfðu svipaðan bókaáhuga.³

Hin lítilláta, guðhrædda kona, sú sem birtist okkur í líkræðum, virðist stundum eiga sviðið þegar fjallað er um íslenskar konur frá fyrri tíð. Margbrotnari mynd birtist þegar rýnt er í annars konar heimildir og bókmenntir. Í fornum bókmenntum eru mýmörg dæmi um vitrar konur, óstýrilátar konur, jafnvel í anda Amasónanna í grískri goðafræði, lítillátar konur, blóð- og hefndarþyrstar konur, gamlar konur, illgjarnar konur, sáttasemjara og friðarbera, skapmiklar konur, fróðar konur, trúræknar konur, slúðurkellingar, veikburða konur, ungar konur, heilagar konur og göldróttar konur. Í rannsókninni sem hér fer á eftir um handritaeign kvenna er þess ekki vænst að allar þessar kvenmyndir spretti fram úr bókum þeirra en vonandi fleiri en ein.

Íslenskar konur voru snemma riðnar við bækur ef marka má heimildir (sjá þriðja kafla). Frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar hafa þó hvorki varðveist handrit úr eigu kvenna né skrifuð af konum. Hér verður að taka með í reikninginn að einungis brót af bókakosti þessa tíma situr nú í handritageymslum okkar og því er það ekki nema smjörþefurinn sem við fáum af þeim textum og handritum sem þá voru í umferð. Vandinn er líka sá að fátæklegar heimildir eru til um feril varðveittra handrita eða hann illa skráður, sem einkum er raunin um handrit kvenna. Svo fá mætti yfirsýn yfir handrit úr eigu kvenna gerði ég skrá yfir handrit sem geymd eru í

1 Bell, „Medieval Women Book Owners“, s. 754.

2 Nicola McDonald, „Games Medieval Women Play“, í *The Legend of Good Women. Context and Reception*, ritstj. Carolyn P. Collette, Chaucer Studies XXXVI (Cambridge, 2006), s. 176–197, s. 187.

3 Erler, *Women, reading, and piety*, s. 136.

íslenskum söfnum en einnig handrit í söfnum erlendis.¹ Til að fá inni í skránni varð eignarstaðfesting eða nafn konu að koma fram í viðkomandi handriti. Aðeins var vikið frá þessari reglu í umfjöllun um elstu handrit, þar sem fræðimenn hafa sýnt fram á að konur hljóti að hafa verið eigendur. Nafn í handriti án eignarstaðfestingar þarf þó ekki að tákna að um eiganda sé að ræða. Vera kann að kona sé einungis að æfa sig að skrifa í bók sem annar á. Það að hún skrifar nafn sitt sýnir hins vegar að bókin var partur af nánasta umhverfi hennar. Hún gat því annaðhvort hafa lesið hana eða heyrt.

Hér á eftir er fjallað um hverja öld fyrir sig sem og hvern eiganda og svara leitað við eftirfarandi spurningum: 1. Hver eru elstu handritin í höndum kvenna, 2. Hvernig eignuðust þær handrit?, 3. Hvernig nýttu þær handritin?, 4. Geta bækur kvenna varpað ljósi á líf þeirra og menningar-umhverfi?

Á síðustu árum hafa fræðimenn beint sjónum að tengslaneti innan handritamenningar, þ.e.a.s. sambandi skrifara, dreifingu texta og hlutverki handritamiðstöðva.² Hafa þeir m.a. notað hugtakið *rísóm* til að „skilja og skýra virkni kerfis eða menningar eins og miðlun handritaðs efnis sem einkennist öðru fremur af fljótandi textum og afnámi miðju og stigveld-

1 Skráin er prentuð í viðaukum ásamt greinargerð um þær heimildir sem stuðst var við.

2 Í rannsóknarverkefninu *Prentsmiðja fólksins – Handrita- og bókmenning síðari alda* sem Matthew James Driscoll stýrði, hafa fræðimenn ýmist birt greinar eða fjallað um þetta efni á ráðstefnum. Sjá t.d. Tereza Lansing, „Manuscript Culture in Nineteenth Century Northern Iceland. The Case of Þorsteinn Þorsteinsson á Heiði“, í *Vernacular Literacies – Past, Present and Future*, ritst. Ann-Catrine Edlund, Lars-Erik Edlund og Susanne Haugen, Northern Studies Monographs 3 (Umeå, 2014), s. 193–211; Silvia Hufnagel, „The farmer, scribe and lay historian Gunnlaugur Jónsson from Skuggabjörg and his scribal network“, *Gripla* XXIV (2013), s. 235–268; Davíð Ólafsson, „Scribal Communities in Iceland. The Case of Sighvatur Grímsson“, í *White Field, Black Seeds, Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth Century*, ritstj. Anna Kuismin og M.J. Driscoll, Studia Fennica Litteraria 7 (Helsinki, 2013), s. 40–49; Matthew James Driscoll, „Um gildi gamalla bóka“, Magnús Jónsson í Tjaldanesi und das Ende der Handschriftenkultur in Island“, í *Text, Reihe, Transmission: Unfestigkeit als Phänomen skandinavischer Erzählprosa 1500–1800*, Beiträge zur Nordischen Philologie XLII (Tübingen, 2011), s. 1–28; ídem, „The Long and Winding Road. Manuscript Culture in Late Pre-Modern Iceland“, í *White Field, Black Seeds, Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth Century*, ritstj. Anna Kuismin og M.J. Driscoll, Studia Fennica Litteraria 7 (Helsinki, 2013), s. 50–63. – Í rannsóknarverkefninu *Menningarlegt og félagslegt hlutverk íslenskra kvæða- og sálmahandrita eftir siðskipti* sem Margrét Eggertsdóttir stýrði, hefur sjónum m.a. verið beint að handritamiðstöðvum. Afrakstur verkefnisins mun birtast í *Mirrors of Virtue. Manuscripts and Printed Books in Post-Reformation Iceland* [væntanleg].

is“.¹ Áður var stigveldishugsunin eða tréð allsráðandi þar sem talið var að textar bærust að ofan frá valda- og menntastéttinni. Tengslanetið átti sér aukinheldur brennipunkt í þeim hinum sömu stéttum. Hið háa og hið lága voru lykilandstæður. *Rísómið* er af allt öðru tagi, það „á sér hvorki upphaf né endi, það er alltaf í miðjunni, á milli hlutanna, millivera, *intermezzo*. Tréð er skyldleiki eða sifjar en rísómið er bandalag og ekkert nema bandalag. Tréð þarf á sögninni „að vera“ að halda en rísómið helst saman með tengingunni „og... og... og...“.² Með því að líkja tengslaneti innan handritamenningar við *rísóm* eru ættar- og vináttubönd leyst upp og þau tengd upp á nýtt í allar áttir. Komið hefur í ljós að fólk af sama landsvæði skiptist á textum þvert á stéttir og landakort hugans leiddi bókafélk oftast en ekki saman á leið þess að áningastað allra áningastaða, textanum eða bókinni.³

Bókaáhugi og bókaeign gat legið í ættum.⁴ Jafnframt hefur verið bent á að yfirstéttarkonur hafi einkum eignast bækur að erfðum gegnum kvenlegg, auk þess sem þær léku stórt hlutverk í dreifingu bóka með því að tengja saman valdamiklar bókaættir.⁵ Það má til sanns vegar færa en líkt og fram kemur hér á eftir höfðu feður og eiginmenn ekki síður mikil áhrif á bókaeign kvenna með því að skrifa handrit fyrir þær. Þar eð upplýsingar um feril elstu handrita eru heldur fátæklegar er varhugavert að draga víðtækar ályktanir um leið handrita í hendur kvenna. Engum blöðum er þó um það að fletta að konur eignuðust bækur einkum í gegnum ættar- og vinatengsl en það rímar við niðurstöður Erlu Huldu Halldórsdóttur sem rannsakað hefur bréfaskipti kvenna á 19. öld. Hún bendir á að

1 Davíð Ólafsson, „Handritamenning, hypertexti og rísóm. Drög að einhverskonar kenningu“, í *Íslensk menning II. Til heiðurs Sigurði Gyfa Magnússyni* (Reykjavík, 2007), s. 44–52, s. 49.

2 Gilles Deleuze og Félix Guattari, „Rísóm“, í *Heimspeki verðandinnar. Rísóm, sifjar og innrætt siðfræði*, þýð. Hjörleifur Finnsson, ritstj. Geir Svansson, Atvik 7 (Reykjavík, 2002), s. 15–58, s. 57.

3 Sá sem helst hefur fjallað um hugtakið rísóm í tengslum við handritamenningu á Íslandi er Davíð Ólafsson („Handritamenning, hypertexti og rísóm“, s. 44–52; idem, *Wordmongers*, s. 191–195).

4 Sjá t.d. Stefán Karlsson, „Bókagerð Björns málara og þeirra feðga“, í *Glerhardar hugvekjur þénandi til þess að örva og upptendra Þórunni Sigurðardóttur fimmtuga 14. janúar 2004* (Reykjavík, 2005), s. 73–78, s. 73; Margrét Eggertsdóttir, „Handritamiðstöðin í Skálholti“, í *Menntun og menning í Skálhóltsstifti 1620–1730*, ritstj. Kristinn Ólason, Glíman (sérrit 1) (Reykjavík, 2010), s. 79–88, s. 84.

5 Arthur, „The Importance of Marital and Maternal Ties in the Distribution of Icelandic Manuscripts“, s. 201–233.

konur skrifi fyrst og fremst til ættingja og fjölskylduvina til að styrkja og viðhalda tengslum.¹

Til að lýsa tengslaneti kvenna skýtur myndin af trénu óhjákvæmilega upp kollinum, enda ber flestum saman um að konur hafi ekki verið jafnvíðförlar og karlar. Á fyrri öldum fluttist fólk þó oft búferlum og því gátu konur, rétt eins og karlar, myndað ný tengsl sem víkkuðu menningarlegan sjóndeildarhring þeirra. Margar voru auk þess sendar til kvenna sem héldu skóla þar sem áhersla var lögð á hannyrðir og aðrar þær listir sem nauðsynlegar þóttu til undirbúnings húsmóðurhlutverkinu. Þar komust þær sumar í tæri við bóklega menntun og hittu konur úr öðrum sóknunum sem kynntu þær fyrir nýjum textum. Í handritum má og finna mýmörg dæmi þess að skáld tileinki konum kvæði sín eða skrifi fyrir þær handrit, sem sýnir að þær höfðu áhrif á menningarstarfsemi. Ekki er því rétt að hugsa tengslanet kvenna á annan máta en karla þó svo að það hafi ekki verið jafnvíðfeðmt.

Fram yfir miðja 17. öld voru það einkum konur af valdamestu ættum landsins sem áttu handrit í þússi sínu, þ.e. ætt Skarðverja, Svalbarðsætt og Árnaætt. Skarðverjar róktu ættir sínar til Björns ríka Þorleifssonar hirðstjóra á Skarði á Skarðströnd og konu hans Ólafar Loftsdóttur (1410–1479). Svalbarðsætt var rakin til Jóns ríka Magnússonar á Svalbarði á Svalbarðsströnd við Eyjafjörð og Ragnheiðar Pétursdóttur á rauðum sokkum (1494–1540). Árnaætt var rakin til Árna Gíslasonar sýslumanns á Hlíðarenda í Fljótshlíð og Guðrúnar Sæmundsdóttur (1520–1596).² Konur af þessum ættum voru ekki einasta í náþýli við lærðustu menn landsins, þær höfðu margar tæk á að hafa skrifara í þjónustu sinni. Á 18. og 19. öld fór veldi þessara ætta þverrandi.

Bækur voru á fyrri tíð partur af því menningarlega auðmagni (fr. *capital culturel*) sem greindi yfirstéttina frá almúganum. Hlutverk þeirra var m.a. að halda á lofti afrekum ættarinnar á sviði skáldskapar og mennta.³ Þar með er ekki öll sagan sögð. Bækur þjónuðu fjölpættu hlutverki. Í skólum og klaustrum voru framleiddar námsbækur, handbækur og þekkingarhlöður (e. *Storehouses of Wholesome Learning*). Í þeim síðastnefndu var fróðleik um veröldina safnað saman, þær voru bæði varð-

1 Erla Hulda Halldórsdóttir, „Kvennabréfin á Hallfredarstöðum“, s. 57–91; idem, „Do Not Let Anyone See This Ugly Scrawling“, s. 1–20.

2 Sjá Guðrún Ása Grímsdóttir, „Fornar menntir í Hítardal. Eilítið um íslenska tignarmenn og ættartölurit á 17. öld“, *Ný saga* 7 (1995), s. 43–52, s. 48.

3 Þórunn Sigurðardóttir, „Constructing Cultural Competence in Seventeenth-Century Iceland. The Role of Poetical Miscellanies“ [væntanleg]. – *Menningarlegt auðmagn* er hugtak sem Þórunn sækir til franska þjóðfélagsfræðingsins Pierre Bourdieu.


veislustaðir og birgðageymslur þeirra sem þangað gátu sótt næringu. Þó að bækur til einkanota gætu á yfirborðinu verið uppspretta skemmtunar var menntunargildið aldrei langt undan. Flestar þjónuðu þær sem menningartæki á leið fólks til aukins þroska. Sumar áttu einnig að varpa ljósi á menntun, hugðarefni, sjálfsmynd og hlutverk eigandans, segja til um hvers konar maður þar væri á ferð. Í einhverjum skilningi voru (og eru) bækur hápólitískar þrátt fyrir að sumar geymi eldfimara efni en aðrar. Bókæign var í raun flókið samspil menningarlegs auðmagns, menntunar, skemmtunar og sjálfsmyndasköpunar. Hér á eftir má einnig sjá að hlutverk og notagildi bóka var ekki ætíð það sama í höndum ólíkra eigenda.

2. Handrit í höndum kvenna á 14. og 15. öld

Sögur fara fyrst af handritum í eigu kvenna á síðari hluta 14. aldar. Sum hver voru skrifuð fyrir þær sem styður að konur hafi snemma tekið virkan þátt í bókmenningu þjóðarinnar. Reynistaðarbók (AM 764 4to) sem skrifuð var á síðari hluta 14. aldar, geymir einkum landalýsingu, veraldarsögu sem skipt er niður í átta heimsaldra, jarteinir, kristnar dæmisögur og annál. Bókin var sett saman af nunnunum á Reynistað eða fyrir þær og gefur góða innsýn í þá texta sem voru í umferð á þessum tíma og menntun systranna.¹ Kirkjubæjarkbók (AM 429 12mo) var skrifuð um 1500, að öllum líkindum fyrir nunnurnar í Kirkjubæ, og geymir heilagra meylla sögur, kvæði og bænir. Bókin fékk svo nýtt hlutverk á 17. öld.²

Ef frá eru talðar nunnur voru það konur úr efsta lagi samfélagsins sem handfjötlugu bækur á þessum tíma. Konungasagnahandritið Hrokkinskinna (GKS 1010 fol) var skrifað fyrir Ingunni Arnardóttur (eða Árnadóttur) (1380–eftir 1427) húsfreyju á Grund í Eyjafirði.³ Þar eð saga Íslendinga var samofin sögu Noregs var áhugi á Noregskonungasögum

- 1 Svanhildur Óskarsdóttir, *Universal history in fourteenth-century Iceland*; idem, „Arctic Garden of Delights: The Purpose of the Book of Reynistaður“, í *Romance and Love in Late Medieval and Early Modern Iceland. Essays in Honor of Marianne Kalinke*, ritstj. Kirsten Wolf og Johanna Denzin, *Islandica LIV* (Ithaca, 2008), s. 279–301; idem, „Reynistaðarbók. Margvíslegur fróðleikur handa nunnunum“, í *66 handrit úr fjórum Árna Magnússonar*, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir (Reykjavík, 2013), s. 92. – Í doktorsritgerð sinni, *Universal history in fourteenth-century Iceland*, fjallar Svanhildur ítarlega um efni, byggingu, tilurð og tilgang Reynistaðarbókar og í áðurnefndum greinum gefur hún glögga innsýn í þessi efni.
- 2 Sjá fimmta kafla (sjá V,5). Í þriðja kafla (sjá III,2) er fjallað um bókæign og menntun í íslenskum nunnuklaustum.
- 3 Jonna Louis Jensen, *Kongesagastudier. Kompilationen Hulda Hrokkinskinna*. Bibliotheca Arnamagnæana XXXII (Kaupmannahöfn, 1977), s. 12.



Mynd 3: Reynistaðarbók (AM 764 4to). Handritið var skrifað fyrir nunnurnar í Reynistaðarklaustri. Ekki er talið ósennilegt að systurnar hafi komið nærri tilurð bókarinnar. Tvö handrit hafa fundist sem tengja má nunnuklaustrunum tveimur í Reynisnesi og Kirkjubæ. Máldagar bera okkur einnig fregnir af bókaeign nunnuklaustranna.

alla tíð mikill. Tengsl við norsku hirðina voru einnig lengi sterk og síðast en ekki síst röktu sumir ættir sínar til norskra konunga. Hvað af þessu kveikti áhuga Ingunnar skal ósagt látið. Eitt frægasta konungasagnahandrit íslenskt, Flateyjarbók (GKS 1005 fol), virðist hafa verið í eigu Guðnýjar Jónsdóttur (f. 1380), dóttur Jóns Hákonarsonar sem lét gera bókina, en hún var eini erfingi hans.¹

Konur af ætt Skarðverja, einni auðugustu ætt landsins, áttu um tíma Skarðsbók Jónsbókar (AM 350 fol), veglegt lögbókarhandrit sem lokið var við að skrifa árið 1363. Ólafur Halldórsson gerði tilraun til að lýsa ferli handritsins innan ættar Skarðverja á þessa leið: Ormur Snorrason lét gera bókina, Guðmundur sonur hans erfði hana, þá Þorbjörg dóttir hans (1385?–1431), Kristín Guðnadóttir dóttir hennar (1410?–eftir 1490), Guðni Jónsson, Björn Guðnason, Guðrún Björnsdóttir (1489–1563), Eggert Hannesson, Ragnheiður Eggertsdóttir (1550–1642). Ólafur telur að ferillinn gæti allt eins hafa verið þessi: Ormur Snorrason – Guttormur Ormsson – Loftur ríki Guttormsson – Þorvarður Loftsson – Ragnhildur Þorvarðsdóttir (f. 1440?) – Ragnhildur Bjarnadóttir (f. 1460?) – Guðrún Björnsdóttir (1489–1563) – Eggert Hannesson, Ragnheiður Eggertsdóttir (1550–1642).² Mikið orð fór ætíð af Skarðverjum sem bókamönnum og hafa konur í ættinni vísast hlotið bóklega menntun.

Ungir piltar lærðu að lesa á lögbókina og tileinkuðu sér efni hennar og það sama hefur gilt um þær stúlkur sem lærðu að lesa.³ Spássúgrein í Jónsbókarhandritinu AM 128 4to: „Ljótt er letur mitt ef lítur það mey hvít“ (85v), gefur a.m.k. vísbendingu um að sá sem skrifar sé hræddur um álit stúlnanna sem lesa munu handritið og það sem hann skrifar. Höfðingjar lögðu metnað í að gera lögbókarhandrit sín sem glæsilegust og því voru þau dýrgripir sem vógu þungt í arfskiptum. Lögbókin var þó fyrst og fremst notuð á lögþingum „í lögskiptum manna og nauðsynlegur nytjagripur öllum sem eitthvað sinntu almennum málum“.⁴ Jónsbók og Kristinréttur Árna Þorlákssonar voru víða til í landinu, „enda um mikilvægt

1 Sigurður Nordal, „Formáli“, í *Flateyjarbók I* (Akranes, 1944), s. V–XXIX, XIV; Arthur, „The Importance of Marital and Maternal Ties“, s. 213.

2 Ólafur Halldórsson, „Skarðsbók – Uppruni og ferill“, í *Skarðsbók. Codex Scardensis. AM 350 fol.*, Jónas Kristjánsson, Ólafur Halldórsson og Sigurður Línadal skrifuðu formála, Íslensk miðaldahandrit I (Reykjavík, 1981), s. 19–25, s. 23.

3 Sjá Sigurður Línadal, „Helstu lagaverk Skarðsbókar. Jónsbók – Hirðskrá – Kristinréttur yngri“, í *Skarðsbók. Codex Scardensis. AM 350 fol.*, Jónas Kristjánsson, Ólafur Halldórsson og Sigurður Línadal skrifuðu formála, Íslensk miðaldahandrit I (Reykjavík, 1981), s. 26–35, s. 33.

4 Sama, s. 31.

lesefni jafnt fyrir leika sem lærða“ þar eð hér var saman komin „heildar-löggjöf Íslands á ofanverðum miðöldum“. ¹ Skarðsbók þurfti því ekki að vera fyrst og fremst ígildi fjár í augum kvennanna sem erfðu hana.

Helga Jónsdóttir (1567–1662) er talin hafa notað lögbók, Skálholtsbók yngri (AM 354 fol), til að kenna syni sínum Gísla Oddssyni að lesa. ² Hann varð síðar biskup. Spássíugreinar í handritinu gefi það til kynna. Ekki er því lokað fyrir það skotið að konurnar frá Skarði hafi lært á lögbókina og síðan notað hana við lestrarkennslu barna. Ritningin var þó allt frá miðöldum ein aðalnámsbókin og er talið að börn hafi lært „að lesa og skrifa af saltaranum“. ³ Það að ritningin og lögbókin voru notaðar við lestrarkennslu tengist tvennu. Í fyrsta lagi grundvölluðust einu opinberu störfin á þessum bókum og í öðru lagi urðu þeir sem hrærðust í samfélaginu að hafa lágmarksþekkingu á þeim sáttmálum sem það byggði á. Þeir sem ekki kunnu að lesa urðu að afla sér slíkrar þekkingar á annan máta.


Á 15. öld áttu konur annað veglegt lögbókarhandrit, Staðarhólsbók (AM 334 fol). Handritið var að mestu skrifað á árunum 1260–1281 og geymir einnig Kristinrétt hin forna, tíundarstatútu, Járnsíðu og Jónsbók. Fyrsti þekkti eigandi handritsins var Hólmfríður Erlendsdóttir (1477–1543) í Stóradal undir Eyjafjöllum. Hólmfríður var af ætt Skarðverja, móðir hennar var Guðríður Þorvarðsdóttir Loftssonar ríka. Hún var því bæði komin af lögmönnum og miklum bókamönnum. Ef marka má Jón Espólín tók Hólmfríður þátt í átökum um eignir og völd þó að eiginmenn og bræður hafi á þingum komið fram fyrir hennar hönd. Þegar fyrsti eiginmaður hennar varð heilsulaus er sagt að hún hafi tekið framhjá með Jóni Hallssyni sem varð eiginmaður númer tvö (þeir urðu alls þrír). ⁴ Um

1 Már Jónsson, „Jónsbókarhandrit frá 14. öld sem Ámi Magnússon eignaðist ungur“, í *Góssið hans Árna. Minningar heimsins í íslenskum handritum*, ritstj. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir (Reykjavík, 2014), s. 128–141, s. 131. Sjá einnig útgáfu Máss Jónssonar á lögbókinni: *Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578*, Már Jónsson tók saman, Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 8 (Reykjavík, 2004).

2 Stefán Karlsson, „Af Skálholtsvíst Skálholtsbókar yngri“, *Gripla V* (1982), s. 197–200, s. 199–200. – Skálholtsbók er talin skrifuð um 1400. Hún geymir Jónsbók, Kristinrétt Árna biskups, kirkjuskipanir o.fl.

3 Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara*, s. 16. – Í *Hagþenki*, riti um menntun á Íslandi á 18. öld, gerir Jón Ólafsson úr Grunnavík ráð fyrir að börn læri fyrst að lesa ritninguna, síðan lögin. Sá háttur hefur eflaust verið hafður á mörgum heimilum (Jón Ólafsson, *Hagþenkir*, s. 14).

4 Jón Espólín, *Íslands Árbækur III*, ljósprentað árið 1946 eftir útgáfunni sem kom út í Kaupmannahöfn 1824 (Reykjavík, 1946), s. 33 o.v.



Mynd 4: Staðarhólsbók (AM 334 fol). Veglegt lögbókarhandrit úr skinni. Fyrsti þekkti eigandinn var Hólmfríður Erlendsdóttir (1477–1543) í Stóradal undir Eyjajöllum. Konur áttu margar lögbækur sem þær notuðu við lestrarkennslu.

Hólmfríði segir að hún hafi verið „skörúngr mikill á sinni tíð og við mart brugðin, en þó merkiskona“.¹ Þó að vera kunni að Hólmfríður hafi brúkað Staðarhólsbók til að kenna börnum sínum að lesa, er ekki ótrúlegt að jafnlitrík kona hafi stundum séð ástæðu til að sækja þangað fróðleik. Árið 1540 arfleiddi hún Filippus Runólfsson að handritinu en hann gaf það síðar Páli lögmanni Vigfússyni. Páll var barnlaus og þegar hann dó árið 1570 erfði Guðríður systir hans (1490–1570) bókina en naut hennar ekki lengi. Guðrún dóttir hennar (1520–1596), húsfreyja á Hlíðarenda í Fljótshlíð, erfði þá handritið eftir móður sína. Svo virðist sem „að mörg veglegustu handrit fyrri alda hafi ekki síður gengið erfðum og gjöfum mektarkvenna á milli en valdsmanna“.²

Skarðverjar áttu einnig heilagra manna sögur sem þeir varðveittu í merkilegu handriti sem nú ber safnmarkið Holm perg 2 fol og skrifað var á árunum 1425–1445. Tvær konur skrifa á spássíur handritsins og sú af ætt Skarðverja er að öllum líkindum á barnsaldri eða ung stúlka (sjá VI,3). Heilagra manna sögur hafa víslega verið partur af lesefni stúlkna sem hlutu bóklega menntun og til að æfa skriftina hafi þær fengið að pára á spássíur handritsins.

Óslitinn ferill handrita er sjaldnast kunnur. Nöfn á víð og dreif á spássíum svo og eignarstaðfestingar gefa einhverja mynd af honum. Þrátt fyrir að tölulegar upplýsingar liggi ekki fyrir er ljóst að karlmenn koma tíðar við feril bóka en konur. Þegar farið er að rýna í ættar- og vin-áttutengsl þeirra sem við sögu koma dúkka konur oftast en ekki upp, líkt og í ferli Skarðsbókar (AM 350 fol). Á meðan bækur voru einnig verðmæti í arfskiptum hefur eignarhald á þeim vart farið milli mála. Sameign var þó síður en svo dæmalaus og má vera að oftast en ekki hafi svo verið um þær bækur sem hvort hjóna lagði til búsins.³ AM 556 a–b 4to, sagnahandrit sem skrifað var á síðasta fjórðungi 15. aldar, virðist dæmi um slíkt. Á blaði 88v er eftirfarandi klausa:

Veit ég að yður mun þykja spillt efni en stolið afgangi, og bættu nú um, bóndi minn, því meir veldur mér efnaleysi, en gjarna vilda ég að allt væri betra af minni hendi, og tak nú við bók þinni og lát öngvan þann hafa hana meðferðar er verr fari með, því hún er nú illskár en áður, og gjör sjálfur að spjöldin, því ég get ekki fengið til þeirra; skaltu þó njóta diktabókar þinnar

1 [DI I] *Íslenzkt fornbréfasafn I* (Kaupmannahöfn, 1857–1876), s. 88.

2 Viðar Pálsson, „Staðarhólsbók Grágásar“, í *66 handrit úr fótum Árna Magnússonar*, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir (Reykjavík, 2013), s. 113.

3 Sjá einnig Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi.“, s. 329.

og Oddnýjar minnar, en gjalda þó eigi sjálfs þíns. En engi gjörir af öngu, klukkan kallar löngum.¹

Klausuna skrifar sá sem fengið hefur bókina að láni og þannig berast okkur fregnir af eigendum. Vandinn er sá að klausan er torskilin. Jón Helgason hefur t.d. ekki fyrir því að skýra hana, segir einungis: „Þessi grein er hér sett handa hugvitsmönnum að spreyta sig á að ráða hver sú saga muni vera sem undir felst, en ekki verður farið út í þá sálma hér [...]“.² Kristian Kålund skilur klausuna svo að *diktabók* vísi til handritsins sjálfs og að bóndinn og Oddný (eiginkona?) eigi hana saman.³ Þó að hér sé farið að dæmi Kálunds er ekki hægt að útiloka annars konar bók. Sture Hast skilur klausuna þannig að vísað sé til kvæðahandrits.⁴ Samkvæmt orðabók Fritzners og Ordbog over det norrøne prosasprog lýtur orðið *diktur* ekki einungis að kveðskap.⁵

Áðurnefndir fræðimenn ársetja klausuna til um 1500 og þá koma einkum fjórar Oddnýjar til greina. Oddný Ketilsdóttir (f. 1440) á Borg, Oddný Finnsdóttir (f. 1460?) á Hvoli í Saurbæ, Oddný Ásgrímsdóttir (f. 1480?) í Tungu í Fljótum og Oddný Jónsdóttir (f. 1485?) í Bólstaðarhlíð. Eiginmenn flestra voru lögréttumenn en faðir Oddnýjar Ketilsdóttur var prestur, þ.e. fólk sem hafði efni á að eiga bækur á þessum tíma. Að Oddnýju og bónda hennar gengnum er ekkert vitað um ferill AM 556 a–b 4to. Eggert Hannesson lögmaður átti bókina á 16. öld en hann fluttist til Hamborgar árið 1580. Ragnheiður dóttir hans, eiginkona Magnúsar Jónssonar prúða, virðist þá eignast hana. Þorleifur sonur hennar erfði bókina og síðan Prúður (1625?–1658) dóttir hans. Næstur átti handritið Þórður Steindórsson (1630–1707) sýslumaður á Ingjaldshóli, auðugur bókamaður. Langa- langa-langafi Þórðar var Arnór Finnsson, bróðir Oddnýjar Finnsdóttur. Bóndi hennar var Oddur Sigurðsson lögréttumaður. Hvernig Þórður komst yfir bókina er ekki vitað en fýsileg hlýtur hún að hafa verið í augum hans þar eð hún hafði áður verið í ætt hans.

1 Sjá Jón Helgason, *Handritaspjall* (Reykjavík, 1958), s. 78. – Sture Hast prentar klausuna stafrétt á s. 179 (Sture Hast, „Inledning“, í *Harðar saga*, útg. Sture Hast, Editiones Arnarnagnæanæ A 6 (Kaupmannahöfn, 1960), s. 13–115). – Ekki er hægt að útiloka þá merkingu að bóndinn eigi að njóta Oddnýjar, eiginkonu þess sem fékk bókina lánaða, þó svo að hér sé það talið hæpið.

2 Jón Helgason, *Handritaspjall*, s. 78.

3 Kristian Kålund, *Katalog over den Arnarnagnæanske håndskr.ftsamling I* (Kaupmannahöfn, 1889), s. 707.

4 Hast, „Inledning“, s. 17.

5 Johan Fritzner, *Ordbog over Det gamle norske Sprog I* (Kristjánía, 1886), s. 245. – Ordbog over det norrøne prosasprog. <http://onp.ku.dk/>

Aftan við Grettis sögu í AM 556 a–b 4to hefur kvæðið Grettisfærsla staðið en verið skafið burt.¹ Kvæðið er allklúrt og er talið að það hafi jafnvel tengst frjósemisdýrkun. Ekki er vitað hvenær Grettisfærsla var ritskoðuð burt. Það hefur þó gerst áður en Þorleifur Magnússon eignaðist bókina þar eð eignarstaðfesting hans er skrifuð á uppskafninginn.² Oddný og spúsi hennar eru að öllum líkindum í hópi fyrstu eigenda bókarinnar. Hafi þau átt hana saman gefur það vísbendingu um að konur á fyrri tíð hafi ekki síður en karlar haft smekk fyrir erótísku efni.

Engum blöðum er um það að fletta að konur og karlar hlýddu á og lásu iðulega sömu sögur þó að efni og boðskapur gæti beinst að þeim á víxl. Þegar grannt er skoðað geymir AM 556 a–b 4to sögur þar sem kvenskörungur (t.d. útlagasögurnar) og stundum herskáar konur (t.d. meykóngarnir í riddarasögum) eru áberandi. Samband kynjanna, hjónabönd, brottám og nauðganir og hvernig konur reyna að verjast slíku er einnig algengt þema.³ Í Harðar sögu og Gísla sögu segir að lokum frá samhentum hjónum eins og Oddnýju og spúsa hennar sem deila handritinu í bróðerni. Allar fjalla sögurnar um efni sem hlaut að brenna á konum. Í ævisögulegum ritum frá 19. og 20. öld kemur víða fram hversu mikil áhrif lestur fornbókmennta og þá einkum Íslendingasagna hafði á sjálfsmýnd fólks. Á kvöldvökunum voru sögurnar ekki einasta lesnar, efni þeirra var brotið til mergjar og reynt að fá botn í gjörðir persónanna. Frásagnir af karl- og kvenhetjum stæltu líka kjarkinn í glímunni við óblíð kjör, í þær leitaði fólk að fyrirmyndum.⁴ Þó að ekki séu til sambærilegar heimildir frá þeim tíma sem hér er til rannsóknar má gera því skóna að það sama hafi þá verið uppi á teningnum.

- 1 Ólafur Halldórssyni tókst að lesa hluta textans og ráða í efni hans (Ólafur Halldórsson, „Grettisfærsla“, í *Grettisfærsla. Safn ritgerða eftir Ólaf Halldórsson gefið út á sjötugs-áfmæli hans 18. apríl 1990*, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 38 (Reykjavík, 1990), s. 19–50, s. 22–25).
- 2 Ólafur Halldórsson, „Grettisfærsla“, s. 20–21; Sverrir Tómasson, „Bósa saga og Herraudðs: skemmtun allra tíma. Eftirmáli við nýja útgáfu“, í *Bósa saga og Herraudðs*, útg. Sverrir Tómasson (Reykjavík, 1996), s. 47–67, s. 64–65.
- 3 Um þessar sögur, sjá Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, *Women in Old Norse Literature*; Marianne Kalinke, „Norse Romance (*Riddarasögur*)“, í *Old Norse-Icelandic Literature: A Critical Guide*, ritstj. Carol J. Clover og John Lindow (Toronto, 2005), s. 316–363.
- 4 Sigurður Gylfi Magnússon, „Living by the Book. Form, Text and Life Experience in Iceland“, í *White Field, Black Seeds, Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth Century*, ritstj. Anna Kuusmin og M.J. Driscoll, *Studia Fennica Litteraria* 7 (Helsinki, 2013), s. 64–75; idem, *Sjálfssögur. Minni minningur og saga*, Sýnisbók íslenskrar alþýðumeningar 11 (Reykjavík, 2005), s. 83–87.

Prátt fyrir Jón Helgason geri ráð fyrir konum sem eigendum að AM 556 a–b 4to lítur hann fyrst og fremst á þær sem millilið í bókasöfnun karlanna:

Þrúður dóttir Þorleifs Magnússonar giftist Gísla Magnússyni sýslumanni (Vísa Gísla), og átti hann bókina næstur.¹

Jón er ekki einn um þetta viðhorf, því bregður víða fyrir í útgáfum og greinum fræðimanna, en er nú mjög á undanhaldi. Reynt hefur verið að skýra hví svo fá merki finnast um konur á spássíum handrita. Ein skýringin er sú að þær hafi verið lattar til að tjá sig opinberlega. Handrit ferðuðust frá einum eiganda til annars og voru því í einhverjum skilningi opinber.² Spor eftir eiginmenn á spássíum handrita í eigu kvenna eru ekki sönnun þess að karlarnir eigi bækurnar. Rödd þeirra mátti heyrast og þeir höfðu fleiri tækifæri til að iðka bókamennt. Ekki er þó hægt að eigna karlmönnum allt ónafngreint spássúkrot. Í fimmta kafla er fjallað um skriftarfærni kvenna sem virðist hafa verið meiri en áður var talið.

AM 589 a–b 4to er safn riddara- og fornaldarsagna, skrifað á síðari hluta 15. aldar. Á spássíu á blaði 2v biður einhver Brandi Jónssyni, Sigríði Fúsadóttur og dætrum Guðs blessunar.³ Spássíugreinin er ekki mikið yngri en handritið sjálft og ýmsar skýringar mögulegar á tilurð hennar. Sá sem skrifaði hana hefur verið í nánnum tengslum við umrætt fólk, þ.e. ættingi eða góður vinur sem fékk bókina lánaða. Um Brand og Sigríði er allt á huldu svo og um eignarhald þeirra á handritinu. Sá Brandur sem helst kemur til greina er Brandur Jónsson (1410–1494) lögréttumaður á Hofi á Höfðaströnd en ekkert er vitað um eiginkonu hans. Enga Sigríði Fúsadóttur/Sigfúsdóttur/Vigfúsdóttur fann ég í nábyli við mann með þessu nafni. AM 589 a–b 4to geymir sögur sem mjög voru vinsælar og því höfðaði efni þess til alls þessa fólks, Brands, Sigríðar, dætra og skrifara klausunnar. Varðveislan bendir eindregið til að handritið hafi oft verið handleikið þar eð einungis er varðveitt brot af því.

3. Handrit í eigu 16. aldar kvenna

Lögbækur halda áfram að vera í eigu kvenna á 16. öld. Ísleifur Sigurðsson lögréttumaður á Grund í Eyjafirði var einn eigandi Konungsbókar Grágás-

1 Jón Helgason, *Handritaspjall*, s. 78.

2 Brayman Hackel, *Reading Material*, s. 196–255. Sjá einnig Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 330–331.

3 Svo virðist sem orðið sé *dætrum*.

ar (GKS 1157 fol) sem talin er skrifuð um miðja 13. öld. Þegar Ísleifur lést gaf Þórunn Jónsdóttir (1511–1593) eiginkona hans, Jóni Magnússyni lög-réttumanni á Svalbarði, bókina sem vináttuvott.¹ Bækur voru iðulega notaðar í gjafaskiptum til að styrkja pólitísk tengsl manna í millum og ekki er ósennilegt að það eigi við hér.² Svalbarð og Grund voru hvorttveggja stórbýli í Eyjafirði og því er ekki loku fyrir það skotið að þau Jón og Þórunn hafi sitthvað haft saman að selda. Sonur Jóns, Staðarhóls-Páll, erfði handritið og síðan dóttir hans Ragnheiður (1565?–1636), móðir Brynjólfs biskups, síðasta eiganda bókarinnar hérlandis.³ Nöfn afa og ömmu Brynjólfs, Staðarhóls-Páls og Helgu Aradóttur (1538?–1614), eru með hans hendi í GKS 1157 fol, sem segir þó ekkert um sambúð Helgu og bókarinnar. Hafi móðir Brynjólfs gefið honum handritið eða arfleitt hann að því má vera að hún hafi áður notað það til að kenna honum að lesa. Ef marka má Jón úr Grunnavík var Ragnheiði ekki fysjað saman fremur en ýmsum formæðrum hennar:

Hands moder var Ragneider, den berönte Staderhols-Pauls daatter, om hvilken adskillige historier fortælles, saavel hendes behertzighed, at hævne sig paa de spanske, naar hendes første mand (hr. Svend var den sidste) var slagen, saavel som styrke og standhaftighed, da hun gick svanger med Bryniolf, og skulde besøge sin fader Poul paa hands yderste. In summa: Alle historier vise, at det var helsemod i den folke art. Men at endeel har giort sommetids noget for meget deraf, ere vel de, det meene.⁴

Soffía Tómasdóttir (f. 1570) átti Jónsbók (AM 156 4to) undir lok 16. aldar eða í upphafi þeirrar 17. Talið er að Soffía hafi erft handritið eftir Tómas Arason föður sinn en hún var laungetin. Ari Jónsson afi hennar og synir hans Tómas og Jón voru frægir skrifarar á Vestfjörðum og koma við sögu margra merkilegra bóka.⁵ Fólk þetta var af ætt Skarðverja og því má gera ráð fyrir að Soffía hafi fengið bóklega menntun. Á blaði 38v stendur á spássíu: „Soffía Tumasdóttir mín elskuleg mágkona“, með sömu hendi og nafn Magnúsar Jónssonar (18r og 56v). Nöfn Jóns Bjarnasonar (74v) og Jóns Magnússonar (72v) má og finna á spássíum en talið er að allir séu

1 Páll Eggert Ólason, „Introduction“, í *The Codex Regius of Grágás. MS. No. 1157 fol. in the Old Royal Collection of The Royal Library, Copenhagen*, Corpus Codicum Islandicorum Medii Aevi III (Kaupmannahöfn, 1932), s. 5–10, s. 7.

2 Sjá t.d. Hand, *Women, Manuscripts and Identity*.

3 Páll Eggert Ólason, „Introduction“, s. 7.

4 Jón Ólafsson, *Tilreiðsla íslenskrar bókmenntasögu* [væntanleg]

5 Ólafur Halldórsson, *Helgafellsbækur fornar*, Studia Islandica 24 (Reykjavík, 1966), s. 24–27.

þessir menn vestfirskir.¹ Engar frekari heimildir eru til um Soffíu en af þessu má ráða að hún hafi gíft og verið mágkona manns að nafni Magnús Jónsson. Hvaða höndum hún fór um AM 156 4to er allt á huldu. Hafi hún átt þess kost að dilla börnum hefur hún notað það við lestrarkennslu.

Belgsdalsbók (AM 347 fol), sem m.a. geymir Jónsbók og hluta af Grágás og skrifuð var á tímabilinu 1350–1370, var í eigu Steinunnar (1513–1593) dóttur Jóns á Svalbarði og Ragnheiðar Pétursdóttur (1494–1540). Fyrri maður Steinunnar var síra Björn Jónsson Arasonar biskups en sá síðari Eggert Hannesson lögmaður. Dóttir þeirra Eggerts var Ragnheiður sem ásamt föður sínum kemur við feril Skarðsbókar Jónsbókar (AM 350 fol) (sbr. hér að framan). Svalbarðsætt var, eins og áður sagði, ein valdamesta ætt á Íslandi á 16. og 17. öld og bókaeign þar allnokkur líkt og í Skarðsætt.² Í AM 219 4to er bréf frá Steinunni sem gæti verið með hennar hönd (sjá VI,5). Gera má ráð fyrir að svo stórættuð kona hafi fengið bóklega menntun. Leiddar hafa verið líkur að því að Ari Magnússon í Ögri hafi skrifað AM 433 c 12mo (skrifað 1525–1550) fyrir Steinunni en í handritinu eru Margrétar saga og bænir fyrir jóðsjúkri konu auk Maríu jarteina.³ Margrétar saga var löngum notuð við fæðingarhjálp og hafa mörg handrit sögunnar tilheyrt konum.⁴ Stefán Karlsson er þess fullviss að Steinunn hafi verið læs og vísar í ummæli Jóns Guðmundssonar lærða sem hitti hana þegar hann var 14 ára og hreifst af gáfum hennar og ásýnd. Síðar átti Halldóra Björnsdóttir (f. 1545), dóttir hennar, bókina og þá hennar dóttir, Margrét Bjarnadóttir (f. 1580) prestfrú í Vesturhópshólum. Nafn Margrétar er á spássíu á 56v, e.t.v. með hennar hendi. Í AM 238 XVIII fol stendur á spássíu á blaði 4v: „Þessa bók hefur Halldóra Björnsdóttir lært“. Handritið var skrifað á ofanverðri 15. öld eða í upphafi þeirrar 16. og geymir m.a. brot af Elucidariusi, vinsælli skólabók á miðöldum fyrir byrjendur í guðfræði.⁵ Sennilegt er talið að það sé Halldóra Steinunn

1 Sama, s. 26.

2 Sjá einnig Pál Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, s. 9.

3 Stefán Karlsson, „Kvennahandrit í karlahöndum“, í *Sögur af háalçftinu sagðar Helgu Kress* 21. september 1989 (Reykjavík, 1989), s. 75–80, s. 79.

4 Ásdís Egilsdóttir, „St Margaret, Patroness of Childbirth“, s. 319–320; idem, „Handrit handa konum“, í *Góssið hans Árna. Minningar heimsins í íslenskum handritum*, ritstj. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir (Reykjavík, 2014), s. 50–61, s. 54. – Margrétar sögu handritin voru mörg skrifuð löngu eftir siðskiptin (Idem, „St Margaret, Patroness of Childbirth“, s. 319).

5 Sjá Evelyn Scherabon Firchow og Kaaren Grimstad, „Introduction“, í *Elucidarius in old norske translation*, útg. Evelyn Scherabon Firchow og Kaaren Grimstad (Reykjavík, 1989), s. xvii–cvii, s. xxi).

ardóttir.¹ Hér er í það minnsta fengin enn ein sönnun þess að konur lærðu snemma á bækur.²

Steinunn átti hugsanlega einnig Oddabók sem geymir Njálu (AM 466 4to). Þorleifur Jónsson prófastur í Odda, langömmubarn Steinunnar, átti Oddabók og er sennilegasti ferill bókarinnar rakinn í gegnum móðurætt hans: Steinunn, þá dóttir hennar Guðrún Ólafsdóttir (1553–1648) og síðast Ragnheiður Hannesdóttir (f. 1594) móðir Þorleifs. Hafi Þorleifur hins vegar erfð Oddabók úr föðurætt sinni koma ýmsar konur við ferilinn.³

AM 428 a 12mo geymir Margrétar sögu og bænir. Á blaði aftan við titilsíðu kemur fram að Helga Sigurðardóttir eigi handritið. Eignarstaðfestingin er töluvert skreytt líkt og tiltilsíðan. Það er án efa Helga (1485–1559) fylgikona Jóns Arasonar biskups því á s. 92 kemur fram að hann hafi m.a. átt bókina. Síðar átti bókina sonardóttir hennar og nafna, Helga Aradóttir (1538?–1614), eiginkona Staðarhóls-Páls (s. 92). Páll var bróðir áðurnefndrar Steinunnar. Páll og Helga eignuðust þrjú börn og hefur bókin komið í góðar þarfir á heimilinu. Sambúð þeirra var þó æði stormasöm og skildu þau árið 1578. Bæði þóttu erfð í skapi og sendu hvort öðru ýmsar hnútur. Um Helgu á Páll t.d. að hafa ort:

Lítið er lunga
í lóupræls unga;
þó er enn minna
manvitið kvinna.⁴

AM 433 a 12mo (skrifað um 1550) er annað Margrétar sögu handrit sem skrifað var fyrir konu. Á spássíum handritsins kemur fram að faðir skrifar það fyrir dóttur sína: „Nú er ég hræddur við dóttur mína, svo ég þori ekki annað en að skrifa bókina hennar“ (26v–27v).⁵ Máski hefur skrifarinn „búið við konuríki og verið settur hálfnaðugur til Margrétar sögu skrifa“.⁶ Spássíugreinarnar þykja frekar skondnar og líta sumir fyrst og fremst á þær sem pennaprufur. Neðri spássíur handritsins séu „hlutfallslega mjög stórar svo að það getur hugsast að ætlunin hafi verið að

1 Stefán Karlsson, „Kvennahandrit í karlahöndum“, s. 79–80.

2 Firchow og Grimstad, „Introduction“, s. lxxiii.

3 Arthur, „The Importance of Marital and Maternal Ties“, s. 214–216.

4 Sjá Páll Eggert Ólason, *Menn og mennir* IV, s. 490–522.

5 Sjá einnig Stefán Karlsson, „Kvennahandrit í karlahöndum“, s. 77–78; Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Reading and Writing in Medieval Iceland“, s. 160.

6 Stefán Karlsson, „Kvennahandrit í karlahöndum“, s. 77.

skera neðan af þeim og þá hefðu spássúgreinarnar fokið“.¹ Árið 1657 skrifar Jón Sigfússon að hann eigi handritið (29v) en einnig má á spássíum finna nafn Guðrúnar Sigfúsdóttur með óæfðri eða barnslegri hendi (18v og 35r). Guðrún er e.t.v. að æfa sig að skrifa nafnið sitt. Vera kann að þetta séu systkinin Jón Sigfússon (f. 1630?) bóndi á Norðurlandi og Guðrún Sigfúsdóttir (f. 1635?) húsfreyja á Vöglum á Þelamörk.² Faðir þeirra var Sigfús Ólafsson lögréttumaður á Öxnhóli en móðir Þórána Jónsdóttir (f. 1600), fólk sem hafði efni á að eiga bækur.³ Ásdís Egilsdóttir telur að konur hafi lært utan að sumt af efni Margrétar sögu handrita, t.d. lausnarbænir og þulur yfir jóðsjúkum konum, og sönglað við barnsfæðingar. „Þannig hafi bænirnar verið til hjálpar líkt og öndunaræfingar sem kenndar eru nú á dögum“.⁴

Fleiri handriti voru skrifuð fyrir konur á þessum tíma. Gísli Jónsson biskup í Skálholti gaf Helgu dóttur sinni (1540?–1583) kvæðabók árið 1549 (AM 622 4to). Helga var þá níu ára eða þar um bil. Ætla má að hún hafi verið læs sem bendir til að stúlkur hafa ýmsar numið þá list á svipuðum aldri og drengir (sjá III,9). Móðir Helgu var Kristín Eyjólfsdóttir (f. 1515?) af ætt Skarðverja, afi hennar var Þorleifur Björnsson hirðstjóri og fræðimaður á Reykhólum, „en þeir Reykhólamenn voru annálaðir bókgæðarmenn“.⁵ Helgubók er í raun þrír handritshlutar sem ekki voru skrifaðir í samfellu eða hugsaðir sem ein heild. Í fyrsta hluta „er að finna sálma og nótnaskrift, þar sem blandað er saman kaþólsku efni og lúterskum sálum. Hér er sálmur sem prentaður var í Kaupmannahöfn árið 1547 og sýnir hve hratt nýtt efni hefur borist til Íslands“.⁶ Í öðrum hluta eru mörg frægustu helgikvæði síðmiðalda og í þriðja hluta eru eingöngu kaþólsk helgikvæði eftir Hall Ögmundsson, frænda Kristínar. Gísli skrifaði kvæðabók Halls í AM 622 4to e.t.v. fyrir eiginkonu sína Kristínu. Hann

1 Ítarleg umfjöllun um spássúgreinar handritsins er einnig í Christine M. Schott, *Footnotes on Life. Marginalia in Three Medieval Icelandic Manuscripts*, MA-ritgerð við íslensku og menningardeild Háskóla Íslands, Medieval Icelandic Studies (Reykjavík, 2010), s. 37–40, 106–110.


2 Þau áttu annan bróður sem hét Jón (f. 1635?) og var bóndi í Borgarfirði.

3 Ludger Zeevaert, „Margrétar saga“, í *66 handrit úr fornum Árna Magnússonar*, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir (Reykjavík, 2013), s. 175.

4 Ásdís Egilsdóttir, „Handrit handa konum“, s. 59. Umfjöllun um notkun Margrétar sögu handrita er á s. 50–61.

5 Guðrún Nordal, „Helgubók“, í *Góssið hans Árna. Minningar heimsins í íslenskum handritum*, ritstj. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir (Reykjavík, 2014), s. 20–35, s. 23.

6 Guðrún Nordal, „Helgubók. Kvæðasafn á mörkum kaþólsku og lútersku“, í *66 handrit úr fornum Árna Magnússonar*, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir (Reykjavík, 2013), s. 127.



Mynd 5: Helgubók (AM 622 4to). Gísli Jónsson Skálholtsbiskup gaf Helgu (1540?–1583) dóttur sinni þessa bók árið 1549. Heimildir benda til að stúlkur hafi lært að lesa á svipuðum aldri og drengir. Lestrarkennsla hófst gjarnan við sjö ára aldur en þó gat allur gangur verið á upphafi námsins.

hafi síðan felld hlutana saman og gefið Helgu. Vilborg (f. 1555?), yngri systir Helgu, eignaðist bókina á eftir henni.¹

Í bókmenntasögu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík er þessi póstur um Vilborgu:

Vilborg Gísladóttir biskups Jónssonar, kona Þorvarðs Þórólfssonar, kenndi og piltum söng og hélt svo sem skóla þar með. Dauð fyrir meir en 100 árum.²

Ekkert annað handrit hefur fundist úr eigu Vilborgar sem hlýtur að hafa átt bækur fyrst hún hélt skóla. Að endingu barst bókinn í hendur afkomanda Vilborgar, Kristínar Ísleifsdóttir (f. 1676) húsfreyju í Innra-Hólmi. Helgubók sýnir að skörp skil hafa ekki orðið í menningar og trúarlífi þjóðarinnar við siðbreytingu. Þrátt fyrir að Gísli væri heitur siðbótarmaður heldur hann kaþólskum helgikvæðum að dóttur sinni.³

Frá 16. öld hafa varðveist nokkrar bæna- og tíðabækur úr eigu kvenna.⁴ Talið er að allmargar varðveittar bænabækur séu skrifaðar af konum eða fyrir þær.⁵ Árið 1577 fékk Sigríður Ormsdóttir (f. 1577?) bænabók í tannfé frá móður sinni Ragnhildi Steinþórsdóttir (f. 1550?) (81v). Faðir Sigríðar var af Skarðsætt. Bókinn ber safnmarkið MS Iceland g 1 og er varðveitt í Bodleian-safninu í Oxford. Ragnhildur Steinþórsdóttir (1610–1703), bróðurdóttir Sigríðar, eignaðist handritið (4v) og síðan dóttir hennar Sigríður Eggertsdóttir (f. 1630) (4r). Á blaði 81v kemur fram að Ástríður Þorleifsdóttir (1652–1734) fékk það að gjöf frá móður sinni, Sigríði Eggertsdóttur. Jafnframt má hér finna eignarstaðfestingu Margrétar Magnúsdóttur (1754–1833), langömmubarns Ástríðar (83r). Móðir Margrétar, Guðrún Hákonardóttir (f. 1713), var dótturdóttir Ástríðar. Handritið hefur því erfst í kvenleg Ragnhildar Steinþórsdóttur yngri. Sigríður Ormsdóttir fékk handritið í tannfé, sem táknar að hún hefur fengið það á fyrsta eða öðru ári, helgast af tilkomu fyrstu tannar. Sigríður gæti af þeim sökum hafa lært að lesa á bænabókina sína þegar hún var enn á barnsaldri. Að

1 Ídem, „Helgubók“, s. 24–25, 33–34.

2 Jón Ólafsson, *Tilreiðsla íslenskrar bókmenntasögu* [væntanleg]. – Ekki er hægt að skilja orð Jóns á annan veg en að Vilborg hafi einungis kennt drengjum.

3 Guðrún Nordal, „Helgubók. Kvæðasafn á mörkum kaþólsku og lútersku“, s. 127; ídem, „Helgubók“, s. 26.

4 Sjá skilgreiningu á tíðabókum í þriðja kafla (sjá III,1).

5 Svavar Sigmundsson, „Prayer Books“, í *Medieval Scandinavia. An Encyclopedia*, ritstj. Phillip Pulsiano (New York, 1993), s. 515; ídem, *Íslenskar bænir fram um 1600* [væntanleg].


minnsta kosti er ósennilegt að áratugur hafi liðið áður en hún tók að rýna í bókina.

General Register House nr. 22 er almanak og tíðabók talin skrifuð á árunum 1586/88–1589. Ólafur Halldórsson telur auðsýnt að bókina sé skrifuð fyrir konu og nefnir fyrirsögn á blöðum 107r-v því til stuðnings: „Kunni einn bóndi að eignast þessa bók þá má hann svo biðja“.¹ Á bl. 23v er nafnið Oddný Narfadóttir. Tvær Oddnýjar koma helst til greina og voru þær báðar á Pyrli í Hvalfirði. Sú eldri var fædd 1585 en sonardóttir hennar og nafna var fædd 1683. Ólafur Jónsson maður eldri Oddnýjar var sennilega lögréttumaður. Engar heimildir finnast um eiginmann yngri Oddnýjar.² Sé það nafn eldri Oddnýjar sem er á blaði 23v kann það að hafa verið skrifað fyrir hana á ungum aldri, sbr. handrit Sigríðar Ormsdóttur.³ Tíðabókum fylgdi iðulega almanak enda fór fljótt að fara það orð af konum að þær væru sleipar í tímatalisútreikningi.⁴

Fyrir kemur að konur eru ritbeiðendur. NKS 11 fol, sem geymir guðspjöll Lúkasar og Jóhannesar, er dæmi um slíkt. Í Lúkasarguðspjalli er sagt frá „þungun Elísabetar og Maríu og frá fæðingu Jóhannesar og Jesú“ og í Jóhannesarguðspjalli frá upphafi heimsins en „sköpunarsagan var talin hafa lækningamátt“. Handrit með þessu efni kallast sumpart á við Margrétar sögu handrit. Heimildir eru erlendis frá að auk Margrétar sögu hafi Jóhannesarguðspjall verið lesið yfir jóðsjúkum konum svo og Katrínar saga.⁵ Vert er að taka fram að handrit með guðspjöllunum voru einnig hluti af almennri guðrækni kvenna.

Aftast í NKS 11 fol er harmljóð yfir Guðrúnu Árnadóttur (1545?–1576?), eiganda bókarinnar, eftir eiginmann hennar Eirík Árnason sýslumann í Múlasýslu. Í fyrirsögn kvæðisins kemur fram að bókina var skrifuð að bön Guðrúnar:

- 1 Sbr. Ólafur Halldórsson, *Skrá yfir íslensk og norsk handrit í Edinborg*, ópr. vélrit á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- 2 Krístrúnu Höllu Helgadóttur, starfsmanni Íslendingabókar, þakka ég hjálpina við að hafa upp á Oddnýjunum.
- 3 Svavar Sigmundsson fjallar um áðurnefndar bænabækur í væntanlegri bók sinni, *Íslenskar bænir fram um 1600*. Hann gerir grein fyrir mörgum fleiri bænabókum sem allar voru skrifaðar á 16. öld, en þar eð nöfn kvenna koma ekki fyrir í þeim verður ekki fjallað um þær hér og vísað til umfjöllunar Svavars. Þó má geta þess að í Uppsala R:719 kemur nafnið Hallbera fyrir á bl. 18v. Þar eð ekkert er vítað um Hallberu verður ekki fjallað um handrit hennar hér. Umfjöllun okkar Svavars er óháð hvor annarri en eftir á bárum við saman bækur okkar. Vert er að geta þess að frásögn hans er ítarlegri.
- 4 Sbr. Guðrún Ingólfsdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 193, 204–257; idem, „Rímtaflan frá Guðlaugu frænku“, s. 201.
- 5 Ásdís Egilsdóttir, „Handrit handa konum“, s. 57–58.



Mynd 6: NKS 11 fol sem Guðrún Árnadóttir (1545?–1576?) bað eiginmann sinn að skrifa fyrir sig. Handritið geymir Lúkasarguðspjall og Jóhannesarguðspjall. Konur eignuðust bækur einkum að gjöf eða þær voru skrifaðar fyrir þær. Alla jafna eru það eiginmenn eða fedur sem skrifa handrit kvenna.

Pessa bók á sú eðla kvinna Guðrún Árnadóttir Péturssonar. Fyrir hennar bón og beiðslu skrifuð. [...]¹

Af harmljóðinu má ráða að Guðrún hefur verið mikil bókakona sem einnig kunni að skrifa. Um þau hjón segir Jón Espólín:

hún var góð kona og bætti ráð hans.²

Guðrún dó barnlaus árið 1576 og því þjónaði handritið henni aldrei sem styrkur við barnsfæðingu. Bókina skildi hún hins vegar eftir sig sem merki um tilvist trúfastrar lærdómskonu.

Konungs skuggsjá er varðveitt í GKS 1913 4to. Aftan við textann stendur með hendi skrifara: „Finis annó 1571 / Halldóra Sigurðardóttir á bókina“. Hvort Halldóra fékk bókina að gjöf, lét skrifa hana fyrir sig eða skrifaði sjálf er ekki vitað. Hafa ber hugfast að á þessum tíma voru bækur fyrst og fremst í eigu auðugra og ættstórra kvenna. Hugsanlega er þetta Halldóra (fædd milli 1539 og 1548? – dáin milli 1571 og 1573) dóttir síra Sigurðar Jónssonar prests á Grenjaðarstað, stórauðugs manns og sonar Jóns Arasonar biskups og Helgu Sigurðardóttur.³ Jonna Louis-Jensen fjallar ítarlega um Halldóru og örlög hennar, sem og GKS 1318 fol er geymir Jesú Síraksbók og orðskviði Salomons. Það handrit var annaðhvort í eigu Halldóru eldri Árnadóttur (f. 1580) eða Halldóru yngri Árnadóttur (f. 1585), sonardætra Þuríðar, hálf systur Halldóru Sigurðardóttur. Þuríður var skilgetin en Halldóra óskilgetin, sem og bróðir þeirra Pétur. Sagan segir að Þuríður hafi brugðist ókvæða við þegar í ljós kom að systkinin fengju jafnan arfshlut. Halldóra og Pétur dóu hins vegar bæði ung og barnlaus. Í grein Jonnu er sögð dramatísk saga af því hvernig hjónabandsáform Halldóru Sigurðardóttur fóru út um þúfur þegar kærastinn stökk af landi brott.⁴

1 Sjá Þórunn Sigurðardóttir, *Heiður og huggun*, s. 354.

2 Jón Espólín, *Íslands Árbækur V*, ljósprentað eftir útgáfunni sem kom út í Kaupmannahöfn 1826 (Reykjavík, 1946), s. 24. Sjá einnig Einar Jónsson, *Ættir Ausfirðinga II*, útg. Einar Bjarnason og Benedikt Gíslason frá Hofteigi (Reykjavík, 1955), s. 343: „Hann var óeirðarmaður, en kona hans bætti úr öllu, sem hún mátti“.

3 Jóhanna Katrín Friðriksdóttir dregur sömu ályktanir og ég um eiganda GKS 1913 4to. Hún viðurar einnig þá hugmynd að Halldóra sé skrifari bókarinnar (Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, „*Konungs skuggsjá* and Women Patrons and Readers in Late Medieval Iceland“ [væntanleg]). Sjá einnig fimmta kafla (sjá V,5).

4 Jonna Louis-Jensen, „Halldóra Sigurðardóttir á mig“, í *Con Amore. En artikelsamling udgivet på 70-årsdagen den 21. oktober 2006*, ritstj. Michael Chesnutt og Florian Grammel (Kaupmannahöfn, 2006), s. 39–51.

Konungs skuggsjá var skrifuð um miðja 13. öld og hafa fræðimenn velt vöngum yfir hvers konar rit það er og hverjum ætlað:

[...] ritið er óneitanlega bókmennta- og málskrúðsverk, sem á að kenna mönnum að haga orðum sínum við ýmis konar aðstæður, það er einnig kennslubók fyrir framgjarna unglinga, í því er haldið fram kenningum um konungsveldi og stjórnsmál, og það hefur að geyma langa kafla um landafræði og náttúrufræði. Innan um þessi atriði, sem fræðimenn hafa fjallað mikið um, eru svo önnur, sem ekki hefur jafnmikill gaumur verið gefinn. Í ritinu eru t.d. einnig langir kaflar um hernaðarlist og vopnaburð, siði við hirðina og biblískýringar [...].¹

Siðaboðskapur ritsins átti þó erindi við alla:

side-by-side with his political agenda – to write a treatise on kingship and justice – the author of *Kgs* had a moral, didactic purpose, namely to provide as a mirror for everyone's benefit a study of the progress of a soul towards self-knowledge.²

Til eru allnokkur handrit að Konungs skuggsjá og allt fram á 19. öld er verið að skrifa upp hluta ritsins, m.a. dæmisögur þess. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir hefur m.a. sýnt fram á að mörg handrit Konungs skuggsjár voru í eigu yfirstéttakvenna í Eyjafirði á 15. öld og jafnvel skrifuð fyrir þær.³ Þrátt fyrir að ritið fjalli einkum um hegðun á opinberum vettvangi, þar sem konur létu lítt til sín taka, er ekki þar með sagt að þær hafi ekki talið það ómaksins vert að kynna sér hvað karlarnir voru að bauka. Siðaboðskapur verksins höfðaði og til þeirra. Landa- og náttúrufræðifróðleikur, svo og innsýn í pólitík og hernaðarlist, hlýtur að hafa heillað margar konur og gagnast þeim á ýmsan máta.⁴ Vel menntuð móðir var betri lærimeistari barna sinna en auk þess gerði fjölskrúðug þekking konur gjaldgengar í samræðum lærðra manna. Hvað sem öðru líður er athyglisvert að slík bók hafi verið skrifuð fyrir konu sem vottar að sjóndeildarhringur margra þeirra var sannarlega ekki eins takmarkaður og ætla

1 Einar Már Jónsson, „Staða Konungsskuggsjár í vestrænum miðaldabókmenntum“, *Gripla* VII (1990), s. 323–354, s. 327–328.

2 Andrew Hamer, „Searching for wisdom“, í *Speculum regale. Der altnorwegische Königsspiegel (Konungs skuggsjá) in der europäischen Tradition*, ritstj. Jens Eike Schnall og Rudolf Simek, *Studia Mediaevalia Septentrionalia* 5 (Vín, 2000), s. 47–62, s. 49.

3 Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, „*Konungs skuggsjá* and Women Patrons and Readers in Late Medieval Iceland“ [væntanleg].

4 Christine de Pizan (1364–1430?) skrifaði ritgerðir um pólitík og vopnaburð (sjá II,1).

mætti. Á bl. 1r stendur kvenmannsnafnið: Þuríður Gísladóttir, með óæfðri hendi. Engin deili kann ég á Þuríði þessari og ekki tókst að tengja hana við Halldóru Sigurðardóttur, en freistandi er að álykta að hér sé hún að æfa sig að skrifa.

Við bréfaskriftir og handritsgerð varð pappírnotkun ráðandi hérlandis á síðustu tveimur áratugum 16. aldar, „á sama tíma og prentun hófst fyrir alvöru í tíð Guðbrands Þorlákssonar“ biskups á Hólum.¹ Um svipað leyti jókst áhugi og uppskriftir á íslenskum textum sem hafði því miður óheillavænleg áhrif á afdrif skinnhandrita. Þegar búið var að skrifa texta þeirra upp aftur fyrir fólk sem ekki gat auðveldlega lesið hina gömlu skrift var þeim ósjaldan fargað eða fengið nýtt hlutverk, t.d. sem saurbloð eða kápur utan um aðrar bækur. Kerfisbundin eyðilegging íslenskra skinnhandrita hófst við lok 16. aldar en náð hámarki kringum 1660–1680.² AM 567 II 4to er eitt þeirra skinnhandrita sem ekki komst heilt úr höndum 17. aldar manna. Einungis er varðveitt brot af því og víða hefur verið skorið utan af blöðunum, alveg inn í textaflöt. Á bl. 5r stendur með hönd frá því ca 1600: „heiðursamligri dándikvinnu Vilborgu Þorsteinsdóttur“. Af orðalaginu að dæma hefur Vilborg þegið handritið að gjöf, en hér er að öllum líkindum komin húsfreyjan á stórbýlinu Kalmannstungu (f. 1580?). Handritið geymir brot af fjórum riddarasögum sem allar voru vinsælar og mikið lesnar jafnt af konum sem körlum. Hafi Vilborg átt handritið við lok 16. aldar eða upphaf þeirrar 17. hefur það væntanlega verið að mestu heilt. Ekki er þó hægt að útiloka að Vilborg og heimilisfólk hennar hafi verið iðið við lestur bókarinnar og þannig hafi hún smátt og smátt látið á sjá og því verið enn útsettari fyrir frekari skemmdum.

AM 229 IV fol (skrifað 1350–1375) hlaut jafnbítur örlög og handrit Vilborgar.³ Handritið er skrifað af tveimur skrifurum og geymir brot af Gyðinga sögu og Elucidariusi. Fyrri ritið segir frá Ísraelsmönnum á tímum Makkabeanna, en það síðara var, eins og áður gat, vinsæl skólabók á miðöldum. Á bl. 1r stendur: „heiðarligri kvinnu Sigríði Árnadóttur“. Talið er að það sé Sigríður (1555–1611) dóttir Árna Gíslasonar sýslumanns á Hlíðarenda og eiginkona Árna Magnússonar lögréttumanns á sama stað. Handritið hafi verið í eigu Árna Gíslasonar eða einhvers í tengslaneti hans

- 1 Arna Björk Stefánsdóttir, „Um upptöku pappírs á Íslandi á sextándu og stautjándu öld“, *Sagnir* 30 (2013), s. 226–236, s. 233. – Íslendingar hófu pappírnotkun töluvert seinna en aðrar Evrópuþjóðir. Sennilegasta skýringin er hátt innflutningsverð (Sama, s. 227, 233).
- 2 Már Jónsson, *Arnas Magnæus Philologus (1663–1730)*, The Viking Collection 20 (Óðinsvé, 2012), s. 36–37, 39.
- 3 Sjá Jón Helgason, „Gyðinga saga i Trondheim“, *Opuscula V*, Bibliotheca Arnamagnæana XXXI (Kaupmannahöfn, 1975), s. 343–376, s. 371n.

eða tengslaneti Sigríðar.¹ Orðalagið gefur þó til kynna að Sigríður sé eigandi. Í höndum Sigríðar gat það hafa verið heilt eða því sem næst, eins og handrit Vilborgar.

Allt fram á 19. öld var verið að gera eftirrit af Gyðinga sögu eða hluta hennar. Öðru máli virðist gegna um Elucidarius en eftir 1500 fundust einungis fjögur handrit (fleiri gætu leynst í handritageymslum). Það rímar við að hann hafi fram til 15. aldar „verið mikið lesinn“ en þó hætt „snemma að höfða til lærðra manna“.² AM 229 IV fol var að öllum líkindum í eigu Sigríðar á síðari hluta 16. aldar eða í upphafi þeirrar 17. þegar viðhorf siðbreytingar voru að ryðja sér til rúms og Guðbrandur Hólabiskup tekur af miklum móð að prenta það nýjasta í fræðunum. Þrátt fyrir að kaþólskra áhrifa hafi lengi gætt hér á landi eftir siðbreytingu er umhugsunarvert að kona skuli eignast rit sem fæstir fengust lengur við að skrifa upp. Þar eð gjarnan var litið á konur sem varðveislumenn gamals fróðleiks kann að vera að rit sem ekki voru ýkja mikið lesin hafi stundum lent í þeirra eigu til varðveislu. Ekki er þó útilokað að gömul námsbók hafi freistað þess sem aldrei vermdi skólabekk. Af handritinu eru aðeins varðveitt tvö blöð og ógerningur að segja til um ástand þess þegar Sigríður sprangaði með það.

Að endingu verður fjallað um Þormóðsbók af Njáls sögu (AM 162 B delta fol). Deltabrotið er talið skrifað í upphafi 14. aldar og er í hópi elstu handrita Njálu. Það er 24 blöð. Á aftasta blaði handritsins eru upplýsingar um feril. Þar kemur fram að Högni Finnbogason hafi fengið það frá dáindiskvinnunni „orunni“. Dáindiskvinnan er að öllum líkindum Jórunn Þórðardóttir (f. 1525), húsfreyja á Hvítárvöllum, móðursystir Högna og eiginkona Þórðar Guðmundssonar lögmanns. Það að Högni skrifar á aftasta blað handritsins gæti gefið vísbendingu um að það hafi verið óheilt þegar hann eignaðist það. Ekkert verður þó með vissu fullýrt.³

4. Bókakonur á 17. öld sem áttu fleiri handrit en eitt

Handritageymd segir ekki nema hálfa söguna um bókaeign fólks á fyrri tíð. Handritafræðingar telja að í hæsta lagi 15–20% og í minnsta lagi 6–7% af handritum þjóðarinnar hafi varðveist frá miðöldum og árnýöld.⁴

1 Kirsten Wolf, „Introduction“, í *Gyðinga saga*, útg. Kirsten Wolf, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Rit 42 (Reykjavík, 1995), s. xiii–clxi, s. li.

2 Gunnar Harðarson, „Inngangur“, s. 23.

3 Svanhildur Óskarsdóttir og Ludger Zeevaert, „Við upptök Njálu. Þormóðsbók – AM 162 B delta fol.“, í *Góssíð hans Árna. Minningar heimsins í íslenskum handritum*, ritstj. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir (Reykjavík, 2014), s. 160–169, s. 166–169.

4 Driscoll, „The Long and Winding Road“, s. 51.

Eitthvað viðlíka má sennilega segja um prentbókæignina. Eftir því sem á líður batnar handritavarðveislan og á 17. öld finnast mun fleiri dæmi um konur sem eiga tvær bækur eða fleiri. Varðveislunnar vegna gætu þær sumar hafa átt margfalt fleiri bækur. Þar eð fátæklegar heimildir eru til um bókasöfn fólks á fyrri öldum og engar skipulegar rannsóknir hafa verið gerðar á bókæign karla á þessum tíma er samanburður við bókæign kvenna ekki gerlegur, enn sem komið er. Skipta má einkabókasöfnum í tvennt, bókasöfn fræðimanna og síðan þeirra sem safna ánægjunnar vegna og áhugans (stundum fræðaáhuga).¹ Bókasöfn kvenna eru af síðari tegundinni eins og virðist reyndin með bókasöfn flestra karla, fljótt á titið. Engin dæmi eru um konur sem áttu bækur í sama mæli og fræðimenn á borð við Pál Vídalín og Bjarna Halldórsson sýslumanns, svo aðeins tveir séu nefndir.²

Eftir siðbreytingu bárust hingað áhrif frá húnáttunda og níunda öldum eða fornmenntastefnu sem lýsti sér hárlandis einkum í auknum áhuga á fornum íslenskum bókmenntum. Í kjölfarið hófst mikið uppskriftarstarf þar sem gömul handrit voru skrifuð upp, bæði fyrir íslenska fræðimenn og útlenda. Þorlákur Skúlason Hólabiskup og Brynjólfur Sveinsson Skálholtsbiskup ráku fræðamiðstöðvar á biskupsstólunum og voru með allmarga skrifara á sínum snærum.³ Handritamiðstöðvar risu einnig á nokkrum öðrum stöðum á landinu þar sem fram fór mikið uppskriftarstarf.⁴ Handritasöfnun biskupanna Þorláks og Brynjólfs átti sér þó engan sinn líka nema síðar í Árna Magnússyni. Brynjólfur arfleiddi síðar frænku sína, Helgu Magnúsdóttur (1623–1677) í Bræðratungu, og mágkonu, Sigríði Halldórsdóttur (1622–1704) í Gaulverjabæ, að helmingi íslenskra bóka sinna og handrita, bæði sagna- og fræðibóka.

1 Um bókasöfn á fyrri tíð, sjá Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 85–96.

2 Um bókasöfn Páls og Bjarna, sjá Jón Helgason, „Bækur og handrit á tveimur húnvetnskum höfuðbólum á 18du öld“, *Landsbókasöfn Íslands, Árbók 1983* (1985), s. 5–46; Guðrún Ingólfssdóttir „Í hverri bók er mannsandi“, s. 88–93.

3 Um skrifara biskupanna, fræðastarfsemi og handritaskóla, sjá Jakob Benediktsson, „Den vågnende interesse for sagalitteraturen på Island i 1600-tallet“, í *Lærdómslistir*, ritstj. Halldór Guðmundsson, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson (Reykjavík, 1987), s. 227–242; Stefán Karlsson, „Skrifarar Þorláks biskups Skúlasonar“, í *Skæðagröf. Skrif til heiðurs Sigurjóni Björnssyni sjötugum 25. nóvember 1996*, ritstj. Sölvi Sveinsson (Reykjavík, 1997), s. 175–200; Haraldur Bernharðsson, *Málblöndun í sauðjándu aldar uppskriftum íslenskra miðaldahandrita*, Málfræðirannsóknir 11 (Reykjavík, 1999); Margrét Eggertsdóttir, „Handritamiðstöðin í Skálholti“, s. 79–88.

4 Sjá Peter Springborg, „Antiquæ historiæ Lepores – om renæssancen i den islandske håndskriftproduktion i 1600-tallet“, *Gardar VIII* (1977), s. 53–89.

Milli Brynjólfs biskups og fjölskyldunnar í Bræðratungu voru ekki einasta fjölskyldutengsl heldur einnig sterk vináttutengsl.¹ Þrjú stór handrit sem Brynjólfur arfleiddi Helgu að hafa varðveist, þ.e. AM 65 fol, JS 28 fol og Lbs 675 fol. Að drýgstum hluta eru þetta sagnahandrit sem geyma Íslendingasögur og þætti, fornaldar- og riddarasögur og konungasögur. Brynjólfur „arfleiddi Helgu að bókum sínum og handritum vegna þess að hann mat hana mikils. En kannski einnig vegna þess að Helga kunni að meta góðar bókmenntir. Ekki er ólíklegt að hún hafi alist upp við sagnalestur“.²

Magnús Björnsson lögmaður, faðir Helgu, var einnig mikill bókamaður. Möðruvallabók, eitt frægasta Íslendingasagnahandrit frá miðöldum, var í eigu hans. Flest rök hníga að því að það hafi hann fengið úr móðurætt sinni og að ýmsar formæður hans hafi átt það.³ Frá honum erfði Helga veglegt skinnhandrit frá miðöldum (AM 152 fol) sem á eru Íslendingasögur, fornaldar- og riddarasögur og hómilía.⁴ Jón Helgason kallar AM 152 fol helstu sögubók 15. aldar.⁵ Auk þess má nefna að AM 178 fol var skrifað eftir skinnhandriti í eigu Helgu. Í því er Þiðreks saga af Bern.

Handrit Brynjólfs gaf Helga síðar dætrum sínum Elínu Hákonardóttur (1644–1717) (AM 65 fol, AM 152 fol og Lbs 675 fol) og Jarprúði (1650?–1686) (JS 28 fol).⁶ Um miðja 18. öld, og jafnvel fyrr, var fornsögum

- 1 Sigurður Pétursson, „Brynjólfur biskup og fólkið frá Bræðratungu“, *Árnesingur* 5 (1998), s. 179–200.
- 2 Margrét Eggertsdóttir, „Handritamiðstöðin í Skálholti“, s. 85.
- 3 Arthur, „The Importance of Marital and Maternal Ties“, s. 210–212.
- 4 Ferill AM 152 fol hefur m.a. verið rakinn frá Ara Jónssyni (1510?–1550) lögmanni og til Vigfúsar Guðbrandssonar, sonar Elínar Hákonardóttur. Árni Magnússon fékk handritið frá Vigfúsi. Magnús, faðir Helgu í Bræðratungu, var sonur Elínar Pálsdóttur (1571–1637) en hún var dóttir Helgu (1538?–1614), dóttur Ara lögmanns Jónssonar. Tvær formæður Helgu í Bræðratungu áttu þannig handritið á undan henni (Arthur, „The Importance of Marital and Maternal Ties“, s. 216–219; hér var og stuðst við lengri gerð pistils eftir Guðvarð Má Gunnlaugsson. (<http://www.arnastofnun.is/page/handritapistlar-sagnahandrit>); sjá einnig Jón Helgason, *Handritaspjall*, s. 74–75. – Jóhanna Katrín Friðriksdóttir fjallar um tilurð og tilgang AM 152 fol á miðöldum: „AM 152 fol. is no ordinary manuscript for everyday use, but, rather, a prestigious, elite codex that was probably intended to encode certain ethical values and serve an ideological function“ (Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, „Ideology and identity in late medieval northwest Iceland. A Study of AM 152 fol.“, *Gripla* XXV (2014), s. 87–128, s. 94).
- 5 Jón Helgason, *Handritaspjall*, s. 74.
- 6 Margrét Eggertsdóttir, „Handritamiðstöðin í Skálholti“, s. 85–86, sjá einnig Guðrún Ingólfsdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 315–317.

hald-ið að skólasveinum.¹ Fyrir konur var menntunargildi slíkra bókmennta ekki talið minna. Veturinn 1750–1751 skrifaði Jón Ólafsson úr Grunnavík t.d. Kall 613 4to fyrir unga frænku sína, Ragnheiði Einarsdóttur (1742–1814). Handritið geymir safn fornaldar- og riddarasagna og almúgabóka og var hugsað sem kennslukver í lestri og skrift (sjá VI,5). Sögurnar eru hæfileg blanda af skemmtun og siðferðisboðskap sem þótti hvað áhrifaríkast. Af riddarasögum mátti t.d. læra kurteisni og rétta hegðun.²

Lbs 625 8vo var hugsanlega skrifað fyrir Helgu. Handritið geymir ættartölu og ævisögu sonar hennar, Vigfúsar Hákonarsonar, sem lést árið 1670. Í ævisögunni kemur fram að Helga lagði allt kapp á að halda Vigfúsi „til bóklegra lista og kunnáttu“ (8v). Ekki er þess getið í hverju menntun dætranna fólst:

Lagði hún þá strax alla stund á þennan sinn unga son ásamt öllum hinum öðrum sínum elskulegum börnum í kristilegum aga, umvöndun og ótta drottins og öllu prýðilegu siðgæði, sem og sómasamlegum listum og menntum sem sérhvorju kyni fyrir sig hlýddi og hæfði. (8v)³

Menntun sonarins og dætranna var auðsjáanlega ekki sú sama í öllum greinum. Af bókaeign dætranna má ráða að þær hafa lært að lesa. Ekki er ótrúlegt að þær hafi, líkt og móðir þeirra, verið skrifandi, að í skjölum leynist undirskrift þeirra. Hlutverk þeirra fer þó ekki milli mála:

En af þeim sjö umgangast hér með oss enn nú þrjár virðulegar dætur, ehru-göfugar höfðingsjómfrúr, hverjar góður Guð náðarsamlega blessi og bevari sinni dygðaríkri móður til gleði, en sjálfum þeim til gagns og góða. En umfram allt sínu heilaga nafni til lofs og dýrðar, sannkristnum náungum og ástvinum til stoðar og nytsemdar, bæði vel og lengi eftir sínum föðurlegum náðarvilja, í Jesú nafni. Amen. (7r)

Aðeins eitt handrit frá Brynjólfi (JS 337 4to, skrifað 1659) er varðveitt úr eigu áðurnefndrar Sigríðar Halldórsdóttur. Handritið er eig-

- 1 Guðrún Ása Grímsdóttir, „Stílakompa úr Skálholtsskóla“, í *Guðrúnarstikki kveðinn Guðrúnu Nordal fimmtugri 27. september 2010* (Reykjavík, 2010), s. 25–27, s. 26.
- 2 Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Barnshugur við bók – um uppeldishugmundir Jóns Ólafssonar“, *Vefnir* 3 (2003), s. 1–8. – Ragnheiður átti annað handrit með fornaldar- og riddarasögum, NKS 1157 fol.
- 3 Margrét Eggertsdóttir fjallar m.a. um ævisöguna og birtir stóran hluta hennar stafrétt eftir AM 96 8vo (Margrét Eggertsdóttir, „Ofurlítil íslensk bænabók í Wolfenbüttel“, *Gripla* XV (2004) s. 223–244 (ævisagan er á s. 237–242).

inhandarrit Hallgríms Péturssonar að Passíusálmunum sem hann sendi árið 1661 til Ragnheiðar dóttur biskups. Frá Sigríði barst það í hendur fácinna karlmannna áður en það hafnaði hjá Ragnheiði Ólafsdóttur Scheving Stephensen (1774–1826), systur Magnúsar Stephensen háyfirdómara og bókaútgefanda. Um Ragnheiði segir að hún hafi verið „valkvendi og merkiskona“.¹ Sigríður Halldórsdóttir erfði líka Sturlunga sögu og Árna sögu biskups (AM 114 fol, skrifað 1640) eftir eiginmann sinn, síra Torfa Jónsson í Gaulverjabæ, sem lést 1689. Handritið staldraði ekki lengi við hjá Sigríði því hún gaf það syni sínum árið 1691. Ekki er útilokað að Sigríður hafi margoft lesið sögunar þar eð handritið var á heimili þeirra hjóna. Sigríður skrifar sjálf nafnið sitt undir yfirlýsinguna um gjöfina (2r).

Áðurnefnd Jarþrúður Hákonardóttir var fyrri kona Magnúsar Sigurðssonar bónda í Bræðratungu. Seinni kona hans var Þórdís Jónsdóttir (1671–1741), dóttir Jóns yngri Vigfússonar Hólabiskups (Bauka-Jóns) og Guðríðar Þórðardóttur. Guðríður var dóttir síra Þórðar Jónssonar í Hítardal, þess mikla fræðapular en hann „skrifaði og lét uppskrifa fjölda rita fornra og nýrra“.² Helga, eiginkona Þórðar í Hítardal, var dóttir Árna lögmanns Oddssonar Einarssonar biskups. Ærinn bókaáhugi var í ætt húsfreyjunnar í Bræðratungu. Þórdís var oft langdvölum í Skálholti hjá Sigríði systur sinni (sjá III,6) og manni hennar Jóni biskupi Vídalín. Þar komst hún í kynni við Árna Magnússon handritasafnara en tvennum sögum fer af viðskiptum þeirra. Halldór Laxness gerir þau að elskendum í *Íslandsklukkunni* sinni en af handritum í eigu Þórdísar má ráða að Árni hefur fremur ágirnst bækur hennar.³ Ekkert sannaðist a.m.k. þrátt fyrir ásakanir jungkærsins Magnúsar.⁴ Árið 1707 gaf Þórdís Árna rímnahandrit með Móses rímum og Davíðs rímum (AM 608 4to) eftir síra Guðmund Erlendsson í Felli í Sléttuhlíð (sbr. seðil). Um svipað leyti lánaði hún honum AM 96 8vo sem geymir líkpredikun yfir Helgu Magnúsdóttur í Bræðratungu og ævisögu hennar, ævisögu Vigfúsar Hákonarsonar (þá sömu og er í Lbs 625 8vo), svo og ævisögu Þórðar Daðasonar, barnabarns Brynjólfs biskups. Handrit þetta hlýtur að hafa verið í eigu Jarþrúðar, sem skýrir hvers vegna Þórdís færir Árna það ekki að gjöf. Ekki er ljóst hvort Árni hafi fengið Hyndl-

1 Klemens Jónsson, „Brúðkaup Ísleifs Einarssonar 1804“, í *Blanda I*, Sögurit XVII (Reykjavík, 1918–1920), s. 229–233, s. 231.

2 Guðrún Ása Grímsdóttir, „Um ættartöluhandrit seinni alda og bókiðju séra Þórðar Jónssonar í Hítardal“, í *Ættartölusafnrit séra Þórðar Jónssonar í Hítardal II*, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 70 (Reykjavík, 2008), s. 295–498, s. 314.

3 Halldór Laxness, *Íslandsklukkan* (3 bindi) (Reykjavík, 1943–1946).

4 Már Jónsson fjallar nokkuð ítarlega um samband Árna og Þórdísar (Már Jónsson, *Arnas Magnæus Philologus* (1663–1730), s. 140–141, 163).

urímur (AM 146 b 8vo) eftir Steinunni Finnsdóttur að gjöf frá Þórdísi eða láti jafnvel skrifa þær eftir henni. AM 146 b 8vo samanstendur af tveimur handritum og virðist Árni einungis hafa fengið Hyndlurímur frá Þórdísi (sbr. seðil). Í grein um Steinunni fjallar Bergljót Soffía Kristjánsdóttir m.a. um uppskriftina að rímunum:

Hyndlurímur eru í fyrri hlutanum og er uppskrift þeirra fjarri því að vera nógu góð; bæði eru eyður í textann og svo mikið um stafavíxl að 20. aldar manni gæti dottið í hug að skrifarinn hafi verið lesblindur. Stundum er líka eins og hann hafi ekki skilið það sem hann var að skrifa og hefur því verið stungið upp á að hann hafi skrifað rímurnar eftir minni eða upplestri [...]¹

Hyndlurímur fjalla um konu sem hneppt er í álög og breytt í hund. Hér verður ekki gerð tilraun til að tengja örlög Þórdísar við áhuga hennar á efni rímnanna. Rímur voru allt fram á 19. öld ein vinsælast bókmenntageinin meðal alþýðu manna þrátt fyrir að stöku menntamaður gerði tilraun til að kveða þær í kútinn. Rímur af veraldlegu efni og trúarlega má finna í kvæðabókum kvenna.

NKS 75 a 8vo, sem geymir rím (Calendarium Islandicum) frá ca 1560, segir að Þórdís Jónsdóttir eigi sig með réttu (9v – skrifað með 17. aldar hendi). Á blöðum 9r og 10r er kona með fangamarkið T.B.d. einnig sögð vera eigandi. Í Jónsbókarhandritið GKS 3269 b 4to, skinnhandrit frá 1330–1340, skrifar Þórdís Jónsdóttir nafnið sitt á blað 38v (með 17. aldar hendi). Ógerningur er að segja til um hvort hér sé á ferðinni hús-freyjan í Bræðratungu eða hvort ein og sama Þórdísin eigi bæði handritin. Sama hönd er að minnsta kosti ekki á áritunum bókanna. Þó má ætla að svo stórættuð kona sem Bræðratungu-Þórdís hafi átt eða haft aðgang að rímhandriti til að vera í takt við tímann, svo og lögbók til að nýta við lestrarkennslu barna sinna, en hún eignaðist fimm börn.

Önnur mikil bókakona úr efsta lagi samfélagsins er Ragnheiður Jónsdóttir biskupsfrú (1646–1715). Ragnheiður var dóttir síra Jóns Arasonar prófests, skálds og fræðimanns í Vatnsfirði og Hólmsfríðar Sigurðardóttir (1617–1692).² Faðir Jóns var Ari Magnússon sýslumaður í Ögri og móðir

1 Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „Gunnlöð ekki gaf mér neitt af geymsludrykknum forðum...“ Um Steinunni Finnsdóttur, Hyndlurímur og Snækóngrímur“, í *Gudamjöður og arnarleir. Safn ritgerða um eddulist* (Reykjavík, 1996), s. 165–219, s. 169–170.

2 Hólmsfríður átti sálmaþekktu bók sem varðveitt er í MS Boreal 77 og vera má að hún sé einnig eigandi annars sálmahandrits sem varðveitt er í Fiske-safninu í Cornell (sjá Þórunn Sigurðardóttir, „Constructing Cultural Competence in Seventeenth-Century Iceland“ [væntanleg]; sjá einnig III.9). Jón Grunnvíkingur segir að Hólmsfríður hafi verið talin drambstöð: „Það var sú sem lét færa sér utan gylltan lit til hárs síns, að sagt er, og einhverja vinnukonu þvo

Kristín Guðbrandsdóttir Þorlákssonar biskups. Í báðar ættir var Ragnheiður komin af biskupum og miklu lærdóms- og bókaþólki. Langafi hennar í móðurætt var Oddur Einarsson Skálholtsbiskup. Úr safni Ragnheiðar eru varðveittar 7 bækur en faðir hennar þýddi einnig fyrir dætur sínar rit-ið „Dyggðaspegill eður ein nytsamleg undirvísun fyrir allar guðhræddar meyjar [...]“.¹ Það gerði hann til að búa þær undir hlutverk hinnar guðhræddu húsmóður en ekki síður til að gera þær að álitlegum kvenkostum fyrir væntanlega biðla og kenna þeim „að hegða sér í samræmi við stétt og stöðu hefðarfólks“. Rit þetta er varðveitt í nokkrum 17. aldar handritum sem flest eru talin skrifuð fyrir konur af þessari ætt.² Eintak Ragnheiðar hefur ekki varðveist. Elsta bókin úr eigu hennar er sálmaþók og kvæða (NKS 56 d 8vo). Á saurblaði stendur: „Ragnheiður Jónsdóttir á þessa bók með réttu annó 1678“. Handritið var skrifað fyrir Ragnheiði á Hólum árið 1676 og tengist efni þess bæði konum almennt en ekki síður henni sjálfri, t.d. kveðskapurinn eftir föður hennar þar sem finna má erfiðjód um ættingjana. Tilgangurinn með handritinu hefur einkum verið að gleðja Ragnheiði og heiðra en einnig til að varðveita kveðskap fjölskyldunnar.³

Gísli Þorláksson Hólabiskup, eiginmaður Ragnheiðar, lést árið 1684 og fluttist hún þá í Gröf á Höfðaströnd. Ragnheiður var þriðja og síðasta kona Gísla. Árið 1696 giftist hún Einari Þorsteinssyni Hólabiskupi en hann lést skömmu eftir brúðkaupið og fluttist Ragnheiður þá aftur í Gröf. Í ekkjustandinu lætur hún skrifa fyrir sig nokkur handrit með fjölbreyttu efni. Freistandi er að álykta að sem ekkja fjær Hólavaldinu sé Ragnheiður frjálssari að því að velja lesefni sitt. Í einni sæng með biskupnum á hún einungis sálmaþók sem var, eins og áður kom fram, sniðin fyrir hana eins og títt var um handskrifaðar sálmaþækur.⁴ Slíkar bækur, rétt eins og bæna- og tíðabækur, voru öðrum þræði hugsaðar sem hluti af tilbeiðslu eigandans en í þær sótti hann einnig huggun, sálarstyrk og gleði. Vert er að árétta

sér ef hún tók á nokkru óhreinu, og sú er sagði: „mun ég þá verða að segja æ?“ þá hún fann sig fyrst þungaða. Af þessu fólki var nefnd *Vatnsjardardarambsemin*“ (Jón Ólafsson, *Evisögur ypparlegra merkismanna*, útg. Guðrún Ása Grímsdóttir (Reykjavík, 2013), s. 154).

1 Titill fenginn úr ÍBR 4 8vo.

2 Þórunn Sigurðardóttir, *Heiður og huggun*, s. 239.

3 Margrét Eggertsdóttir fjallar ítarlega um Ragnheiði í: Margrét Eggertsdóttir, „Handrit og hannyrðir á Hólum og í Gröf“, í *Handritasýrpa. Rit til heiðurs Sigurgeiri Steingrímssyni sjötugum 2. október 2013*, ritstj. Rósa Þorsteinsdóttir (Reykjavík, 2014), s. 85–101, s. 89. Sjá einnig Þórunn Sigurðardóttir, „Constructing Cultural Competence in Seventeenth-Century Iceland“ [væntanleg].

4 Sjá Margrét Eggertsdóttir, „Sálmar og daglegt líf“, s. 184.


að handritageymdin segir ekki nema hálfa söguna. Gera má því skóna að sem eiginkona biskups í nábýli við eitt stærsta bókasafn landsins hafi ekki verið eins brýnt fyrir Ragnheiði að eignast allar þær bækur sem hún kaus að lesa. Í Gröf varð hún að koma sér upp bókasafni. Þar hefur og verið dágott skjalasafn. Um aldamótin 1700 kom Oddur bróðir Ragnheiðar til dvalar í Gröf. Hann hafði áður verið klausturhaldari á Reynistað. Til eru uppskriftir af skjölum „skrifaðar eftir gögnum frá Ragnheiði eða Oddi í Gröf“.¹

Árið 1687 skrifaði Jón Guðmundsson í Felli Kvæðabók Ólafs Jónssonar á Söndum handa Ragnheiði (Lbs 1205 4to). Bók sem höfðaði jafnt til karla og kvenna og virðist gjarnan hafa verið í eigu kvenna.² Svo virðist sem Jón hafi fært Ragnheiði bókina í sumargjöf.³ Titilsíðu vantar á handrit Ragnheiðar en í ÍB 70 4to segir um tilganginn með kvæðabókinni:

Ein kvæðabók eður samdráttur þeirra söngvísna sem um tuttugu ára tíma, hefur endur og sinnum af munni fallið, til andlegrar dægrastyttingar. En nú samantekin í eitt, svo að unnið erfiði sé ei til einskis, heldur að það megi verða Guði til ævinlegrar lofgjörðar, en þeim til eilífs sálargagns og gleði, sem þetta iðka vilja, í fyrstu samanskrið og ort af séra Ólafi sál. Jónssyni góðrar minningar. (1r)

Lbs 1528 8vo (skrifað 1692–1703) geymir líkræður eftir Hólmfríði Sigurðardóttur móður Ragnheiðar og Guðlaugu Guðmundsdóttur mágkonu hennar, svo og „erfíkvæði og grafskrift eftir Hólmfríði sem séra Jón Guðmundsson í Felli orti að beiðni Ragnheiðar“.⁴ Uppskrifaðar líkræður þjónuðu sumpart sama hlutverki og minningargreinar nútímans.

- 1 Guðrún Harðardóttir, „Grafarkirkja“, í *Fríðaðar kirkjur í Skagaðarpræfastsdæmi. Barðskirkja, Fellskirkja, Grafarkirkja, Hofs Kirkja, Hofsstaðakirkja, Hóladómkirkja, Knappsstaðakirkja, Viðvíkurkirkja*, ritstj. Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson, Kirkjur Íslands 6 (Reykjavík, 2005), s. 61–86, s. 64.
- 2 Eitt þessara handrita er ÍB 70 4to. Á bl. 2v, aftan við formálann, er eignarstaðfesting í ramma: „Veleðla A.B.D. á, þessa kvæða B / efnið til yndis C / andargagn láti í T“. Hjalti Þorsteinsson í Vatnsfirði skrifað handritið fyrir konu með framangreint fangamark. Þóra Brynjólfssdóttir (1728–1803) á Heydalsá í Steingrímsfirði átti bókina árið 1759 (12r). Þóra skrifar áritunina sjálf: „Jeg undirskrifuð er þessarar bókar eigandi. Þóra Brynjólfssdóttir. Annó 1759, Heydalsá, dag 29. september“ (12r). Um feril ÍB 70 4to, sjá t.d. Finnbogi Guðmundsson, „Ein kvæðabók ort af Séra Ólafi Sál. Jónssyni á Söndum m.h. síra Hjálta Þorsteinssonar í Vatnsfirði ÍB. 70 4to“, *Landsbókasafn Íslands, Árbók 1992* (1993), s. 5–26.
- 3 Þórunn Sigurðardóttir, „Constructing Cultural Competence in Seventeenth-Century Iceland“ [væntanleg].
- 4 Þórunn Sigurðardóttir, „Handrit Ragnheiðar Jónsdóttur í Gröf“, í *Margarítur hristar Margrét Eggertsdóttur fimmtugri 25. nóvember 2010* (Reykjavík, 2010), s. 101–103, s. 102.



Mynd 7: Kvæðabók Ólafs Jónssonar á Söndum (Lbs 1205 4to) sem skrifuð var fyrir Ragnheiði Jónsdóttur (1646–1715) í Gröf á Hljóðaströnd. Ragnheiður hafði skrifað á sínum snærum en einnig rak hún skóla í Gröf fyrir ungar stúlkur. Í Ejóðminjasafni er varðveitt sjónabók (munsturbók) sem talið er að Ragnheiður hafi átt en hluti bókarinnar er þó talinn eldri (sarpur.is). Ragnheiður var annáluð hannyrðakona og kenndi m.a. þá iðn. Hún er eina konan sem hlotnast hefur sá heidur að fá mynd sína á peningaseðil.



Mynd 8: Bænhúsið í Græfá Hlíðaströnd sem Ragnheiður Jónsdóttir (1646–1715) lét gera að þriðjungskirkju.

Þær heiðruðu minningu hins látna og í þeim leitundu syrgjendur huggunar. Í þeim gátu eftirlifendur auk þess fundið staðfestingu á ákveðnum eiginleikum ættarinnar sem vert var að halda á lofti. Það sama má segja um erfi- og huggunarkvæði.¹ Eins og sæmdi stórættaðri konu átti Ragnheiður einnig ættartölubók sem skrifuð var í Gröf um 1688, en er nú glötuð. Lbs 2677 4to er afrit þeirrar bókar.² Lengi framan af skiptu ættartölur og ættartölubækur miklu fyrir ímynd og virðingu fólks af höfðingjaættum.³ Þær geymdu einnig upplýsingar um jarðeignir og erfðarétt og „þjónuðu því markmiði að halda ríkismannaættum saman og festa með því óbreytta eignaskiptingu á landi í lengstu lög“. Að endingu voru þær settar saman af þeirri félagslegu nauðsyn að þeim efnameiri bar að koma fjárþrota ættlingjum til bjargar.⁴

Ragnheiður hafði líka gaman af sögum. Hún átti Þóris þátt hasts og Bárðar birtu sem m.a. segir frá tilurð Grafar og kirkjubyggingu á staðnum (AM 551 d alfa 4to, bl. 70r-72v). Þáttinn fékk Ragnheiður frá Jóni Þorlákssyni sýslumanni, mági sínum (sbr. seðil milli bl. 70 og 71). Í bókmenntasögu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík segir að nafni hans Þorláksson hafi „logið 7 þáttum inn í Ólafs sögu“,⁵ þar af er einn um Þóri hast, sem hafði átt að búa á Höfðaströnd. En það gjörði hann í gratiam hústrú Ragnheiðar.⁶ Þegar Ragnheiður fluttist í Gröf var þar einungis bænhús. Í tíð sinni jók hún guðsþjónustuhald á staðnum og kom því til leiðar að bænhúsinu var breytt í þriðjungskirkju⁷ árið 1687.⁸ Ekki er útilokað að Jón skrifi þáttinn fyrir Ragnheiði í þeim pólitíska tilgangi að réttlæta og styrkja kröfuna um breytinguna á bænhúsinu. Jón útvegaði henni einnig hið fræga þetu-brot Egils sögu sem skrifað var um miðja 13. öld (AM 162 A þeta fol).⁹

Í AM 588 a 4to er Ívents saga Arthúrskappa, skrifuð eftir handriti sem skrifað var fyrir Ragnheiði. Ívents saga er riddarasaga sem fjallar um vandkvæði Ívents og verðandi eiginkonu að ná saman. Hann gleymir t.d. að mæta á tilsettum tíma í brúðkaupið og við taka ýmsar þrautir. Allt

1 Sjá Þórunn Sigurðardóttir, *Heiður og huggun*.

2 Sjá Guðrún Ása Grímsdóttir „Um ættartöluhandrit seinni alda“, s. 447–452.

3 Sjá Þórunn Sigurðardóttir, *Heiður og huggun*, s. 238.

4 Guðrún Ása Grímsdóttir, „Um ættartöluhandrit seinni alda“, s. 297–300.

5 Þ.e. Ólafs sögu Tryggvasonar.

6 Jón Ólafsson, *Tilreiðsla íslenskrar bókmenntasögu* [væntanleg].

7 Í þriðjungskirkjum var einungis messað þriðja hvern helgan dag.

8 Guðrún Harðardóttir, „Grafarkirkja“, s. 64.

9 Alex Speed Kjeldsen, „AM 162 A – fol (Reykjavík)“, *Opuscula XII*, Bibliotheca Arn-magnæana XLIV (Kaupmannahöfn, 2005), s. 183–208, s. 184.

fer þó vel að lokum. Óvíst er að Ragnheiður hefði talið við hæfi að láta skrifa slíkar ástarbókmenntir fyrir sig á Hólum. Í ekkjudómi hafa sögur af þessu tagi máski verið henni hugleiknar og liður í að sefa sorgina eftir eiginmenn sem hún naut ekki lengi.

Í bandi Jónsbókarhandrits er að finna bréf til Ragnheiðar: „Maternæ Ragnheiði Jónsdóttur“ (UppsUB 370 4to – skrifað um 1700). Í ljósi rit-unartímans gæti handritið verið skrifað fyrir hana. Eins og áður kom fram skrifaði Jón Guðmundsson í Felli handrit fyrir Ragnheiði og orti að beiðni hennar og til hennar. Hann virðist hafa verið nokkurs konar hirðskáld hennar:

Ragnheiður Jónsdóttir biskupsfrú, og síðar biskupsekkja, var greinilega velgjörðarmaður (*patron*) prestsins í Felli og skipar sér þannig á bekk með ýmsum biskupum 17. aldar, sem skáldin ortu um, til og fyrir í þakklæt-isskyni, og til þess að hljóta umbun eða velvild.¹

Alþekkt er einnig að Ragnheiður var „velgjörðarmaður (*patron*) lista og listamanna, svo sem Guðmundar Guðmundssonar frá Bjarnastaðahlíð“ en hann er talinn eiga heiðurinn að bænhúsinu í Gröf, a.m.k. skreyti þess.²

Uppskriftir á dánarbúum eru teljandi á fingrum annarrar handar frá tímanum sem var til rannsóknar. Uppskrift á dánarbúi Ragnheiðar er ein þeirra en hún gefur innsýn í prentbókæign hennar. Í dánarbúi Ragnheiðar er bókaskápur með 35 bókum, sem sumar hverjar eru í nokkrum eintök-um. Í honum má t.d. finna *Diarium Christianum* eftir Hallgrím Pétursson, *Eintal sálarinnar* eftir Martin Moller, *De Imitatione Christi* (Breytni eftir Kristi) eftir Thomas à Kempis, Leikmannabiblú (*Biblia Laicorum*) eftir Johann Aumann, Passíusálma Hallgríms Péturssonar, Pangratíuspostillu, guðspjallabækur, Retórík (*Rhetorica*) eftir Petrus Ramus og fjölda annarra latínubóka. Rit þessi voru mörg hver notuð við heimilisguðrækni og pers-ónulega íhugun en sum voru kennslubækur í stólsskólunum.³

Ragnheiður átti engin börn en tók þess í stað ungar stúlkur úr fjöl-skyldunni í læri í hannyrðum og kvenlegum listum, án efa einnig bóklist-um. Það að prentbækur hennar eru sumar til í mörgum eintökum bendir eindregið til notkunar í kennslustofu. Í þriðja kafla var m.a. fjallað um

1 Þórunn Sigurðardóttir, „Handrit Ragnheiðar Jónsdóttur í Gröf“, s. 103.

2 Guðrún Harðardóttir, „Grafarkirkja“, s. 66–67. Bænhúsið var endurbyggt á 20. öld.

3 Ég þakka Guðrúnu Harðardóttur fyrir upplýsingarnar en hún rannsakar nú dánarbú Ragnheiðar ásamt Sigurði Péturssyni. – Í heimildaskrá má finna tilvísanir í útgáfur sem líklegt má telja að Ragnheiður hafi handfjatlað. Retórík Ramusar kom raunar út í mörgum útgáfum undir mismunandi heitum.

latínunám kvenna en erfitt er að fullyrða hversu djúpt það risti. Getur t.d. verið að námsmeyjar Ragnheiðar hafi verið færar um að melta Retórik Ramusar? Hvernig sem því var háttað hefur verið bent á að líkja megi samfélaginu í Gröf við lærð samfélög kvenna erlendis sem deildu sams konar áhugamálum.¹ Rétt eins og Ragnheiður áttu námsmeyjar hennar handrit:

Hvað eiga hannyrðir og handrit sameiginlegt? Hvort tveggja er búið til í höndunum og er áþreifanlegur vitnisburður um þá sem skópu og áttu. Það er athyglisvert hvernig listgreinar eins og myndlist, tónlist, hannyrðir og bókagerð tengdust saman og blómstruðu innan ákveðinna fjölskyldna sem tilheyrðu hinni lærðu embættismannastétt sem var að meira eða minna leyti í þjónustu kirkjunnar. Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart að konur sem fengust við hannyrðir áttu líka handrit. Handritin minna á þá staðreynd að þær fengust ekki aðeins við saumaskap; þær lásu líka, skrifuðu ef til vill og sungu örugglega.²

Elín Þorlákisdóttir Skúlasonar biskups (1639–1726), mágkona Ragnheiðar Jónsdóttur, var flink hannyrðakona. Faðir hennar lagði mikið upp úr menntun hennar og fékk m.a. kennslukonu frá Englandi til að kenna henni hannyrðir. Auk þess byggði hann handa henni skemmu þar sem hún naut næðis til að þjóna lund sinni.³ Þrjú handrit hafa varðveist úr eigu Elínar og voru tvö þeirra áður eign föður hennar. Annað er AM 561 4to, skinnhandrit frá því um 1400, sem nú er óheilt. Á því eru Íslendingasögur (Reykðæla, Gull-Þóris saga og Ljósvetninga saga) og Úlfhams ríma. Erfitt er að fullyrða í hvaða ástandi handritið var þegar það komst í eigu Elínar en óheilt var það þegar hún færði Árna Magnússyni það í upphafi 18. aldar. Í handritinu er spássúkrot á stöku stað. Á bl. 5v stendur: „Þú ert fín kona Guðrún ef þú værir haldinorð“ og á 6v: „Guð eigi mig alla [nema]“. Þetta er skrifað með 16. aldar hendi og að öllum líkindum af konu.⁴ Ofan við klausuna á 6v skrifar hún hluta af stafrófinu (a-g). Sennilegasta skýringin er sú að spássían hafi verið notuð til að kenna Guðrúnu að skrifa og

1 Margrét Eggertsdóttir, „Script and print in seventeenth- and eighteenth-century Iceland: The case of Hólar í Hjaltadal“, í *Mirrors of Virtue. Manuscripts and Printed Books in Post-Reformation Iceland*, ritstj. Margrét Eggertsdóttir og Matthew James Driscoll (Kaupmannahöfn) [væntanleg].

2 Margrét Eggertsdóttir, „Handrit og hannyrðir á Hólum og í Gröf“, s. 86.

3 Jón Espólin, *Íslands Árbækur* V, s. 154.

4 Kristian Kålund segir ca 1500 (Kristian Kålund, *Katalog over den Arnemagnæanske håndskriftsamling* I (Kaupmannahöfn, 1889), s. 713). Skriftin er sennilega ögn yngri að mati Guðvarðs Mås Gunnlaugssonar handritafræðings.

því nær stafrófið aftur að stafnum hennar. Kennslustundin hefur einnig verið nýtt til að brýna fyrir henni þagmælsku.

Hitt handritið er AM 329 II 4to sem geymir Hemings þátt. Þátturinn var áður hluti af stærra handriti sem Elín átti en Árni Magnússon tók í sundur. Í því voru einnig Gunnars Saga Keldugnúpsfífls, Hrafnkels saga, tvö austfirsk ævintýri, Gunnars saga Þiðrandabana, Vopnfirðinga saga, Reykdæla saga og Valla-Ljóts saga. Elín lúrdi sem sagt á sögubókum eins og áður nefndar frænkur hennar í Bræðratungu.

Í þússi hennar má líka finna litla bænabók með bænum eftir Johann Habermann, þýskan guðfræðing (Cod Guelf Extravagantes 315). Fræðimenn hafa bent á að aðalskonur hafi ekki einasta átt og skrifað bænabækur og hugvekjurit, þær hafi sumar þýtt slík rit. Elín skrifar e.t.v. sjálf bænabókina sína.¹ Á saurblaði fremst í handritinu skrifar hún nafnið sitt og að hún eigi bókina árið 1659. Elín skrifar „með skrautskrift sem minnir helst á blúndur“. Árið 1668 sendi hún bókina „til nöfnu sinnar og frænku, Elínar Hákonardóttur í Bræðratungu, eins og sjá má á því að nafn hennar er skrifað aftast í handritið“.² Enda þótt að áritanirnar séu líkar eru þær ekki taldar með sömu hendi, aðeins sé verið að líkja eftir þeirri fyrri í hinni seinni. Þiggjandinn feti í fótspor gefandans og skrifar nafn sitt á líkan máta. Þýðingin á riti Johanns Habermanns var fyrst prentuð á Hólum 1621 og oft eftir það. Handrit Elínar Þorlákisdóttur var „skrifað eftir prentuðu bókinni með nokkrum frávikum“.³

Mágkona Elínar, Guðríður Gísladóttir (1651–1707), átti einnig bækur. Hún var gift Þórði Þorlákssyni Skálholtsbiskupi, ötulum bókaútfenda. Guðríður var dóttir Vísa-Gísla Magnússonar sýslumanns á Hlíðarenda og mikils brautryðjanda í ræktun hér á landi og Þrúðar Þorleifsdóttur. Þrúður var afkomandi Magnúsar Þrúða skálds og fræðimanns af hinni kunnu Svalbarðsætt og Ragnheiðar Eggertsdóttur af ætt Skarðverja. Í eigu Guðríðar voru a.m.k. tvær skinnbækur, AM 382 4to frá miðri 14. öld og AM 243 f fol tímasett til loka 15. aldar eða upphafs þeirrar 16.⁴ Bæði eru hand-

1 Margrét Eggertsdóttir, „Ofurlítil íslensk bænabók í Wolfenbüttel“, s. 227.

2 Margrét Eggertsdóttir, „Handrit og hannyrðir á Hólum og í Gröf“, s. 88.

3 Sama, s. 88. Margrét fjallar einnig ítarlega um Elínu í: Margrét Eggertsdóttir, „Script and print in seventeenth- and eighteenth-century Iceland: The case of Hólar í Hjaltadal“ [væntanleg].

4 Þorbjörg Bjarnadóttir er eitt þeirra nafna sem finna má á spássíum AM 243 f fol. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir telur að hér sé komin húsfreyjan úr Eyjafirði, fædd 1580. Hún var skyld Magnúsi Björnssyni, afa Guðríðar (Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, „*Konungs skuggsjá* and Women Patrons and Readers in Late Medieval Iceland“ [væntanleg]). – Már Jónsson fjallar um það hvernig handritin komust í eigu Guðríðar (Már Jónsson, „Þórður biskup

ritin óheil og því erfitt að átta sig á hvaða þýðingu þau höfðu fyrir Guðríði þrátt fyrir að þau geymi sumpart efni sem enn var lesið á hennar dögum. AM 382 4to er þó sínu verr leikið en AM 243 f fol, af mörgum blöðum þess standa einungis blaðstubbbar, sumir upp við kjöl. Í AM 382 4to er Þorláks saga helga og kvæði um Þorlák en AM 243 f fol geymir Konungs skuggsjá, Maríuvísur, heimsósóma og Hugsvinnsmál.

Stafróf er á nokkrum blöðum AM 243 f fol og AM 674 a 4to sem geymir Elucidarius og var í eigu Vísa-Gísla.¹ Handritin voru sýnilega notuð við lestrar- og skriftarkennslu. Flest blöð AM 243 f fol eru einnig þakin spássúkroti sem bendir eindregið til að einhver eða einhverjir séu að æfa sig að skrifa. Vísi-Gísli kom í Skálholt í hornið hjá dóttur sinni og tengdasynti, annaðhvort árið 1686 eða 1687.² Brynjólfur, yngri sonur Guðríðar, var þá 5 eða 6 ára og skorti einungis eitt eða tvö ár til þess er hann hæfi bóknám. Freistandi er að álykta að hún hafi notað hinar gömlu lúðu bækur við kennslu sonarins. Guðríður átti einnig, eins og Ragnheiður biskupsekkja í Gröf, afrit af ættartölubók Þórðar Jónssonar í Hítardal sem skrifað var árið 1681 (Lbs 456 fol). Þá bók eignaðist hún eftir föður sinn.³

Páll Gunnarsson prestur að Gilsbakka útlagði árið 1697, sama ár og Þórður Þorláksson lést, „Guðhræddra ekkna hryggðar- og huggunar-spegill – fyrir svilkonurnar Guðríði og Ragnheiði í Gröf. Þýðing Páls er varðveitt með hans hönd í Lbs 1530 4to. Seinni hluti handritsins geymir líkræður yfir Hannesi Scheving sýslumanni (d. 1726) og Þorleifi syni hans (d. 1728) og er sennilega skrifaður árið 1728 fyrir Jórinni Steinsdóttur (1699–1775), ekkju Hannesar. Guðríður og Ragnheiður hafa ekki deilt handritinu enda bjuggu þær ekki undir sama þaki. Ekki er ósennilegt að Páll hafi skrifað tvö handrit, sitt handa hvorri, og annað einungis varðveist. Þar eð Guðríður bjó í nábýli við einu prentsmiðju landsins, sem á biskupsárum Þórðar Þorlákssonar var í Skálholti, hefur hana ekki vanhagað um lesefni, enda lét biskup bæði prenta trúarleg rit og fornrit.

Þorláksson og söfnun íslenskra handrita á síðari hluta 17. aldar“, í *Frumkvöðull vísinda og mennta. Þórður Þorláksson biskup í Skálholti*, ritstj. Jón Pálsson (Reykjavík, 1998), s. 179–196, s. 191).

- 1 Firchow og Grimstad, „Introduction“, s. xxxii. – Handritið er skrifað á síðari helmingi 12. aldar. Guðríður átti afrit af þessu handriti (AM 676 b 4to) og síðar Brynjólfur sonur hennar (Jón Helgason, „Introduction“, í *The Arna-Magnæan manuscript 674A*, 4th ed. *Elucidarius*, Manuscripta Islandica IV (Kaupmannahöfn, 1957), s. V–XXXIII, s. X).
- 2 Sama, s. XII; Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* IV (Reykjavík, 1949), s. 67.
- 3 Sjá Guðrún Ása Grímsdóttir, „Um ættartöluhandrit seinni alda“, s. 428–429.

Mágkona Guðríðar, Guðrún eldri Eggertsdóttir (1637–1724) Björns-sonar ríka sýslumanns á Skarði á Skarðsströnd, átti tvær sögubækur. Guðrún var gift Birni Gíslasyni sýslumanni í Bæ á Rauðasandi og skorti þau hjón hvorki fé né ættgöfgi, bæði komin af mestu höfðingjaættum landsins. Björn var sigldur og vel menntaður, hafði bæði numið við Oxford og í Leiden í Hollandi. Hann þótti harðdrægur í viðskiptum og „þau hjón bæði“.¹ Björn sýslumaður lést úr sárasótt árið 1679 en þau Guðrún eignuðust tvö börn sem dóu nýfædd. Telja ýmsir „að Guðrún hafi smitast af honum og af þeim sökum misst börn sín í bernsku og orðið blind“.² Sannarlega beiskjublandin ævi. Guðrún lifði lengi ekkja en var „umsvifamikill landeigandi og stóð í miklum rekstri og útgerð á jörðum sínum“.³ Í *Jarðabókinni* lýsir Árni Magnússon Guðrúnu og samskiptum hennar við leiguliðana á mjög neikvæðan hátt.⁴ Athyglisvert er að hann skrifar athugasemdir sínar á frönsku og þýsku, og telja flestir að það sé til að sem fæstir skilji þær. „Æ síðan hefur Guðrúnu Eggertsdóttur í Bæ verið lýst sem sérlega valdasjúkri og miskunnarlausri konu“.⁵ Hér verður ekki kafað frekar ofan í sálarlíf Guðrúnar að öðru leyti en því hvað bækur hennar segja en tekið undir með Kristínu Svövu Tómasdóttur að Guðrún og ímynd hennar sem jarðeiganda og atvinnurekanda er sannarlega verðugt rannsóknarefni.

Guðrún átti AM 116 fol sem geymir Sturlungu og Árna sögu biskups.⁶ Sögur er segja frá valdatafli og höfðingjum sem voru harðir í horn að taka. Handritið var skrifað á 17. öld fyrir Björn bónda hennar.⁷ Árni Magnússon falaðist eftir AM 116 fol en Guðrún „vildi halda sinni bók“.⁸ Hún átti einnig Bæjarbók (AM 73 b fol), skinnhandrit sem skrifað var á árunum 1370–1390. Af Bæjarbók eru nú aðeins varðveitt 4 blöð af Ólafs sögu

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940 I* (Reykjavík, 1948), s. 214.

2 Kristín Svava Tómasdóttir, „Tvær breiðfirskar breddur á síðum tímans“, *Smjörfjall sögunnar* (28. september 2013). <http://smjorfjall.blogspot.com/2013/09/tvr-breifirskar-breddur-sium-timans.html> [Sótt á neti? 18. mars 2014.] [Sótt á netið 18. mars 2014.]

3 Sama, án bls.

4 Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 6, ljósprentun eftir útgáfunni sem prentuð var í Kaupmannahöfn 1913–1943 (Reykjavík, 1983).

5 Kristín Svava Tómasdóttir, „Tvær breiðfirskar breddur á síðum tímans“, án bls.

6 Sjá Þorleifur Hauksson, „Inngangur“, í *Árna saga biskups*, útg. Þorleifur Hauksson (Reykjavík, 1972), s. vii–cxii, s. xlviii.

7 Athugasemd Árna Magnússonar í AM 122 c fol, bl. 32r, sjá einnig Guðrún Ása Grímsdóttir, „Um ættartöluhandrit seinni alda“, s. 418.

8 Guðrún Ása Grímsdóttir, „Af slóðum Sturlunga sögu“, í *Ástumál kveðin Ástu Svavarsdóttur sextugri 19. janúar 2015* (Reykjavík, 2015), s. 10–12, s. 11–12.

helga hinni sérstöku. Þó að söguhetjan eigi að heita helgur maður fór hann ekki silkihönskum um andstæðinga sína. Af bókaeigninni að dæma hefur Guðrún haft áhuga á stórum persónum og dramatískum atburðum, rétt eins og ævi hennar sjálfrar er á spjöldum sögunnar. Eftir að Guðrún varð blind hefur hún einungis numið bækur sínar með eyrunum. Oft er haft á orði að blindir hafi skarpari heyrn en þeir sem bæði heyra og sjá. Vopnagnýrinn úr sögunum hefur glumið í eyrum í samskiptum hennar við aðra.

Guðrún lét Hjalta Þorsteinsson mála minningartöflu sem prýðir kirkjuna í Bæ. Hún sýnir þau hjón, Guðrúnu og Björn, krjúpandi við kross frelsarans. Sú mynd sem hún reynir að draga upp af sjálfri sér er í litlu samræmi við þá ímynd sem sagan hefur skenkt henni. Sá grunur læðist óneitanlega að manni að altariastaflan í Bæ sé tilraun valdamikillar konu til að endurskrifa söguna en hún geri í raun lítið annað en að staðfesta orðróminn.

Þegar síra Páll Björnsson í Selárdal, föðurbróðir Guðrúnar, gekk um garða var hann talinn einhver mestur lærdómsmaður íslenskur sem þá lifði. Hann var einnig annálaður predikari og kennimaður. Páll var hálfbróðir Eggerts, móðir hans var Helga Arngrímsdóttir lærða Jónssonar. Páll var því ekki einasta af Svalbarðsætt og Skarðverjum, hann tengdist líka hinum lærðu Vídalínnum. Líkt og Arngrímur afi hans samdi hann fjölda rita og átti í bréfaskiptum við lærða menn í Evrópu. Um hann segir Páll Vídalín:

Hann [...] gekk yfir alla vora landa í lærdómsins vegsemd, hann var mikilsháttar maður, alkunnugur í K(aupinn)h(afn) og Englandi af bréfaviðskiptum lærðra manna, minnisverður hér af gestrisni, höfðingsskap, ljúflyndi og hugarhreysti [...]¹

Mér vitanlega hafa einungis tvö rit hans verið prentuð, kennslukver í predikunum sem ber heitið *Kennidómsins spegill*² og galdraritið *Kennimark kölska (Character bestiae)*.³ Páls er nú einkum minnst fyrir galdraofsóknir en hann og kona hans, Helga Halldórsdóttir, komu mörgum mannum á bálið. Þó að með nokkrum rétti megi halda því fram að

1 Páll Vídalín, *Recensus poetarum et scriptorum Islandorum hujus et superioris seculi*, útg. Jón Samsonarson, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 29 (Reykjavík, 1985), s. 150–151.

2 Hluti ritsins var prentaður í Páll Björnsson, „Kennidómsins spegill“, útg. Kolbeinn Porleifsson, *Andvari* (1977), s. 101–120, s. 105–118.

3 Páll Björnsson, *Kennimark kölska (Character bestiae)*, útg. Lýður Björnsson (Reykjavík, 1976).

lærdómsiðkun Páls hafi fuðrað upp á bálkesti gleymskunnar er rétt að hafa í huga að rit hans eru varðveitt í handritum og fræðimenn hafa ýmsir reynt að halda nafni hans á lofti.¹ Ekki fer miklum sögum af sonum Páls og Helgu og afkomendum þeirra sem ýmist dóu ungir eða juku ekki kyn sitt. Svipaða sögu er að segja af Þóru dóttur þeirra. Ættin hélt velli fyrir tilstilli dætranna Ingibjargar (1654–1740) og Helgu (1650–1737). Þeirra verður einkum minnst hér fyrir bókæignina. Hún veitir okkur forvitnilega sýn á ævi þeirra og menningarumhverfi, einkum og sér í lagi af því að um er að ræða konur sem hljóta að hafa fengið sömu menntun.

Ingibjörg, eiginkona Jóns Magnússonar bónda á Eyri við Seyðisfjörð, átti merkilegt skinnhandrit sem skrifað var um miðja 16. öld (AM 510 4to). Handritið geymir sögur sem allar voru vinsælar hér á landi enda fjalla margar þeirra um ástir og örlög. Hér eru t.d. Víglundar saga, Jarlmanns saga og Hermanns, Friðþjófs saga, Drauma-Jóns saga, Þorsteins þáttur bæjarmagns og Finnboga saga ramma. Í handritinu eru einnig sögur sem einkennast af gamansemi og erótík eins og Jónsvíkinga saga og eldri gerð Bósa sögu, sem er mun berorðari en yngri gerðin sem skrifuð var á 17. öld.² Höfundur Jónsvíkinga sögu lítur „á mannlíf það sem hann segir frá með þakkaralegu glotti“ og segir gleggja „frá sérkennilegum mönnum en hinum, sem kallast mega venjulegir menn“.³ Ingibjörg og ættmenn hennar gátu sannarlega ekki talist venjulegt fólk. Handritið gefur vísbendingu um hvað eigendunum þótti skemmtilegt og merkileg er sú staðreynd að prófastsdóttirin gat verið þekkt fyrir að eiga Bósa sögu.

Á bókæign Ingibjargar má þó finna annan flöt. Sigríður Jónsdóttir, Þrjóna-Sigga, sem flæktist um Vesturland á síðari helmingi 19. aldar, bar ætíð með sér tvær bækur, Bósa sögu og Nýja testamentið. Sigga missti manninn eftir aðeins tveggja ára hjónaband og setti það ævarandi mark á hana. Hún virðist hafa verið af stöndugu fólki og á móðir hennar að hafa gefið henni Nýja testamentið fyrir brúðkaupið en faðir hennar Bósa sögu. Ef Sigga komst á snöðir um væntanlegt brúðkaup gerði hún sér ferð til brúðarinnar og færði henni rósaleppa eða fingravettlinga. Með í för var ætíð Bósa saga, því Sigga vildi uppfræða verðandi brúður hvers vænta

1 Sjá t.d. Gunnar Marel Hinriksson, „Menntun og starf séra Páls Björnssonar í Selárdal“, í *Menntun og menning í Skálholtsskóla 1620–1730*, ritstj. Kristinn Ólason, Glíman (sérítt 1) (Reykjavík, 2010), s. 37–51.

2 Sverrir Tómasson, „Bósa saga og Herrauds: skemmtun allra tíma“, s. 65.

3 Ólafur Halldórsson, „Inngangur“, í *Jónsvíkinga saga*, útg. Ólafur Halldórsson (Reykjavík, 1969), s. 5–55, s. 51, 54.

mætti í hjónasænginni.¹ Bósa saga í kvennahöndum var kannski ekki svo fráleit eftir allt saman.

Á spássíu á blaði 23v stendur: „löt að læra Steinunn“. Með sömu hendi er skrifað á 33v: „Þessa bók ljæ ég þér litla stund frændi því hún er komin af h“. Talið er að þetta sé skrifað af eiganda bókarinnar á 17. öld.² Jón eldri Magnússon prúða Jónssonar, langafi Jóns bónda á Eyri, átti dóttur sem hét Steinunn (f. 1620). Hún var gift Jóni yngra Marteinsyni bónda á Vogalæk í Álfthaneshreppi en dó barnlaus. Þegar athugasemdin um Steinunni er skrifuð hefur mæðufull lestrarstund með henni verið nýafstaðin. Sól hefur skinið í heiði og hún fremur haft hugann við leik en lestur. Hafi Steinunn lært að lesa af AM 510 4to hefur Bósa saga trauðla verið brúkuð. Af framansögðu má draga þá ályktun að handritið hafi fyrst verið í eigu Jóns bónda áður en það barst til Ingibjargar. Hún var því fjarri augum hins hálærða föður síns þegar hún eignaðist Bósa sögu.

Að manni sínum gengnum eignaðist Ingibjörg Jónsbók en bókina hafði Jón fengið frá Magnúsi föður sínum (AM 343 fol, Svalbarðsbók). Jón dó um eða fyrir 1700 og lifði Ingibjörg því langa ævi í ekkjudómi. Á seðlum sem fylgja báðum handritunum kemur fram að Ingibjörg gaf þau frænda sínum, Jóni biskupi Vídalín, líklega til að styrkja vináttubönd við einn af valdamestu mönnum landsins.

Á Eyri hefur verið gott bókasafn og greinilega hefð fyrir því að konur ættu þar bækur með skemmtisögum. Tengdamóðir Ingibjargar, Ólöf Guðmundsdóttir (1637–1684), átti sögubók með fornaldar- og riddarasögum sem skrifuð var á 17. öld. Árni Magnússon fékk bókina árið 1710 frá frænda Ólafar. Árni hlutaði bókina í sundur og eru nú aðeins varðveittar úr henni Sigurgarðs rímur frækna sem stóðu aftan við sögurnar (AM 615 d 4to). Á seðli Árna sem fylgir handritinu kemur fram að eftirfarandi sögur voru í bókinni: Vilhjálms saga sjóðs, Dínus saga drambláta, Hrólfs saga Gautrekssonar, Sörla saga sterka og Fertrams saga og Platós.

Helga (1650–1737), systir Ingibjargar, var gift síra Sigurði Jónssyni í Holti í Önundarfirði, bróður áður nefndrar Ragnheiðar biskupsekkju í Gröf á Höfðaströnd. Hann var talinn „vel að sér og fróðleiksmaður“.³ Jón úr Grunnavík hafði eftir Árna Magnússyni að Sigurður hefði átt eitt það

1 Halldóra Kristinsdóttir og Sigríður Hjördís Jörundsdóttir, *Utangarðs? Ferðalag til fortíðar* (Reykjavík, 2015), s. 76–77.

2 Jón Helgason, „Nokkur íslensk handrit frá 16. öld“, *Skírnir* (1932), s. 143–168, s. 164.

3 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940 IV* (Reykjavík, 1951), s. 234.


besta prestabókasafn sem hann hefði séð.¹ Á árunum 1700–1710 skrifaði Sigurður upp kvæðabók sem geymir sálma og trúarlegan kveðskap (JS 643 4to). Bókin var í eigu Halldóru Sigurðardóttur (207v). Sigurður átti dóttur með þessu nafni sem fæddist 1675 og var enn í föðurlúsum árið 1703. Hún dó ógift og barnlaus. Einnig gæti þetta verið sonardóttir hans, dóttir séra Sigurðar Sigurðssonar. Hún fæddist 1716 en dó 1753 og var biskupsfrú á Hólum (sjá III,9). Efni handritsins tengist mjög fjölskyldu skrifarans. Hér er t.d. varðveittur kveðskapur eftir Sigurð, ortur til systur hans og eiginkonu, sem og kveðskapur eftir bræður hans.²

Ekki er heiglum hent að segja til um hvað leyndist í bókasafninu í Holti en svo virðist sem bækur tengdar trúariðkun hafi verið þær einu sem ekki lentu í glatkistunni. Úr fórum Helgu Pálsdóttur í Holti er varðveitt ein bók sem geymir predikanir föður hennar (JS 602 4to). Á titilsíðu kemur fram að Hákon Guðbrandsson skrifaði handritið fyrir hana árið 1697. Hákon var eiginmaður Ólafar systurdóttur Helgu (dóttur Ingibjargar):

Guðrækileg yfirvegan þínunnar og dauðans drottins vors Jesú Christi, í tuttugu og þremur merkilegum predikunum innibundinn, hvörjar ágætlega útskýra lærdóma, hugganir og áminningar sem þar af út af dragast, Guðs börnum til eilífrar nytsemdar. Samanteknar af þeim virðulega og hálærða kennimanni, síra Páli Björnssyni prófasti í Barðastrandarsýslu. En að nýju uppskrifaðar að forlagi hans elskulegrar dóttur, göfugrar höfðingsmatronæ, Helgu Pálsdóttur að Holti við Önundarfjörð, af Hákonni Guðbrandsyni, Annó Christi MDCXCVII (1r)

Á bandi er gullþrykkt fangamark Helgu og skriftarár handrits, þannig að uppruni þess og eignarhald er engum vafa undirorpið. Þegar handritið var skráð í Handritaskrá Landsbókasafns hverfur Helga úr sögu þess, sem vill henda handrit kvenna í meðförum síðari tíma manna. Predikanasafn Páls hefur Helga notað við heimilisguðrækni en eitt þekktasta predikanasafn til heimabruks var Vídalínspostilla, fyrst prentuð árin 1718–1720. Óvíst er að prófestsfrúin í Holti hafi átt sögubók sem innihélt Bósa sögu enda var hún í meira nábýli við föður sinn en Ingibjörg, sem sat á Eyri í skjóli við hana frá vökulum augum hins mikla fræðimanns og siðapostula. Til að hlýða á slíkt efni hefur hún orðið að skreppa til systur sinnar á Eyri.

- 1 Guðrún Ása Grímsdóttir, „Skjalabækur að vestan“, í *Góssíð hans Árna. Minningar heimsins í íslenskum handritum*, ritstj. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir (Reykjavík, 2014), s. 142–157, s. 145.
- 2 Þórunn Sigurðardóttir, „Constructing Cultural Competence in Seventeenth-Century Iceland“ [væntanleg].



Mynd 9: JS 602 4to sem geymir predikanir Páls Jónssonar í Selárdal. Helga (1650–1737) dóttir hans lét skrifa þetta fallega handrit fyrir sig. Þó að tilurð bókarinnar tengist fyrst og fremst guðrækni eigandans hefur tilgangurinn einnig verið sá að halda á lofti afrekum föðurins á fræðasviðinu.

Ástríður Jónsdóttir (1646–1719), eiginkona Magnúsar Jónssonar í Vigur hins mikla bóka- og fræðimanns, var einkabarn auðugra foreldra.¹ Bæði voru hjónin af Svalbarðsætt og Skarðverjum. Föðurafti Ástríðar var Jón Sveinsson prófastur í Holti og hálfbróðir Brynjólfs biskups Sveinssonar. Ástríður var þannig af miklu bókafélki. Hjónaband Magnúsar og Ástríðar endaði með skilnaði að kröfu hennar árið 1675. Magnús hafði áður tekið framhjá konu sinni og eignast barn með konu á heimili þeirra hjóna. Undi Ástríður því ekki og fluttist að eignajörð sinni að Mýrum í Dýrafirði.²

Magnús í Vigur átti mikið bókasafn en ekki er vitað hvort Ástríður átti hlut í því. Úr eigu hennar er varðveitt eitt handrit og upplýsingar um annað. BLAdd 4883 er skinnbók sem geymir „Handbók eður umhugsunarbók pínunnar og dauðans vors endurlausnara Jesú Christi“. Ari í Ögri, sonur Magnúsar þrúða og Ragnheiðar Eggertsdóttur (1550–1642), þýddi ritið úr dönsku árið 1624. Hann tileinkaði þýðinguna móður sinni og sendi henni handritið. Það komst síðar í eigu Magnúsar Jónssonar, móðurbróður Ástríðar, sem gaf henni handritið. Árið 1718 færði hún dótturdóttur sinni, Hólmfríði Pálsdóttur Vídalín (1697–1736), það að gjöf, „með þeim fyrir-mælum og skilyrði, að hún láti bókina ekki úrættis ganga“ (2v). Klausan er öll með hendi Ástríðar.³ Víðar í handritum má sjá viðlíka óskir um að handrit haldist innan ætta. Þrátt fyrir það létu erfingjar Hólmfríðar handritið frá sér. Ástríður átti einnig Ólafs sögu helga í fólíó-broti. Það handrit er glatað en AM 71 fol er eftirrit af því. Ólafs saga helga og Ólafs saga Tryggvasonar eru órjúfanlegur þáttur í kristnisögu Íslands og því mikilvægt lesefni þeim sem afla vildu þekkingar á sögu þjóðarinnar. Handritavarðveislun, og það að Ólafs saga Tryggvasonar var prentuð í Skálholti árið 1689, sýnir vinsældir þessara sagna hér á landi. Þær má báðar finna í eigu kvenna.

Auk BLAdd. 4883 átti Hólmfríður tvö önnur handrit sem ekki hefur tekist að hafa upp á. Upplýsingarnar um þau eru í skrá Jóns Ólafsson-

1 Magnús var bróðir Ragnheiðar Jónsdóttur í Gröf á Höfðaströnd.

2 Jóhann Gunnar Ólafsson, „Magnús Jónsson í Vigur“, *Skírnir* (1956), s. 107–126, s. 110–111. – Um skilnað Ástríðar og Magnúsar segir Jón úr Grunnavík: „Hún var skilin við Magnús sökum ósamlyndis, og það Magnús tók fram hjá henni, en þó til að geta skilið við hana, er menn segja, að kæmi af stríðlyndi hennar í fyrstu, meir en af hans völdum“ (Jón Ólafsson, „Sagan af Páli lögmanni Vídalín“, s. 151).

3 Sjá Jón Helgason, *Catalogue of the Icelandic Manuscripts in the British Library*, ópr. vélrit á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. [Óheimilt er að vísa beint í skrána en nota má upplýsingar úr henni.]; sjá einnig Jón Helgason, „Bækur og handrit á tveimur húnvetnskum höfuðbólum“, s. 41.

ar úr Grunnavík yfir bækur Páls lögmanns Vídalín.¹ Annað var sögubók í kvartó-broti sem geymdi m.a. riddarasögurnar „af Þjalar-Jóni, Nitidu frægu, Drauma-Jóni og Nikulási leikara“. Hitt „var Dimma, í oktavó-broti [...] sem innihélt dæmisögur og spekimál“.² Hólmfríður var handgengin bókum og hefur án efa notið góðs af því að alast upp á einhverju mesta menningarheimili landsins á þessum tíma. Þegar faðir hennar lést erfði hún hluta af bókasafni hans. Ormur Daðason sýslumaður leit svo á að bækur Páls hefðu runnið inn í bókasafn spúsa hennar, Bjarna Halldórssonar sýslumanns.³ Viðhorf Orms segir þó ekkert um not hennar af bókunum né að hún hafi afsalað sér þeim.

Í bókmenntasögu sinni fjallar Jón úr Grunnavík um kveðskap Hólmfríðar og segir að hún hafi verið „hugvitsöm“ og gert „liðlegar vísur“.⁴ Í lausavísnaðsafni Páls í Lbs 360 8vo er varðveitt brot af kveðskap Hólmfríðar:

Pessa vísu kvað Hólmfríður um Markús litla Snæbjarnarson á ferð til alþingis 1723 undir Sandfelli 23. junii. Hún fór þá fyrst austur í Skálholt:

Forðast hverki fár né hel,
fæstu mun sá kvíða,
mágur minn er varla vel
vandur á að ríða.⁵

Og:

Um veturinn minnisstæða 1723. Þau töluðu eitt sinn við föður sinn mæðginin um einhverja lagfæring. Hólmfríður bætti síðari hluta vísunnar við. Hann kvað:

Þú mátt lofa fögru fljóð,
fer það sem er vani.

Hún lagði til:

Sáttin verður á svenskan móð,
sem þeir gjöra við Dani.⁶

1 Jón Helgason, „Bækur og handrit á tveimur húnvetnskum höfuðbólum“, s. 5–46.

2 Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 328.

3 Arne Magnússons private brevvæxling, s. 105; sjá einnig Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 327–328.

4 Jón Ólafsson, *Tilreiðsla íslenskrar bókmenntasögu* [væntanleg].

5 Guðrún Ingólfssdóttir, *Um lausavísur Páls Vídalíns í handriti Jóns Ólafssonar frá Grunnavík, Lbs. 360, 8^{vo}*, BA-ritgerð frá heimspekideild Háskóla Íslands (Reykjavík, 1987), s. ci.

6 Sama, s. xcvi.

Þorbjörg, móðir Hólmfríðar, erfði sitthvað af bókum og handritum föður síns þó að ekki sé með vissu hægt að tilgreina handrit í eigu hennar.¹ Jón Helgason bendir á að af bréfaskiptum Magnúsar í Vigur og Páls Vídalín megi sjá að þeir aðstoðuðu hvorn annan um uppskriftir. Athyglisvert er að Jón hefur fyrir satt að Páll hafi erfð eftir Magnús þá frægu bók, Kvæðabók úr Vigur (AM 148 8vo), ekki Þorbjörg.² Þórunn Sigurðardóttir gerir hins vegar ráð fyrir að Árni Magnússon hafi fengið handritið frá þeim Páli og Þorbjörgu, þ.e. að hún sé einnig eigandi.³ Í arfskiptunum eftir Pál komu sögubækur úr Vigur í hlut Þorbjargar, sem gefur vísbendingu um að hún hafi aldrei sleppt hendi af þeim. Einnig gengu þær sögusagnir að hún hafi sölgað öll ritverk Páls undir sig þannig að þau komu aldrei fram í skiptunum.⁴ Engum sögum fór af því að Þorbjörg hafi selt safnið til að afla fjár. Fremur má ætla að hún hafi talið mikilvægt að bækur héldust innan ættarinnar, rétt eins og móðir hennar.

Kristín Magnúsdóttir (1672–1712), systir Þorbjargar, var gift Snæbirni Pálssyni (Mála-Snæbirni) lögréttumanni og bjuggu þau á Mýrum í Dýrafirði, móðurleifð Kristínar. Páll Vídalín og Snæbjörn deildu síðar ákaft um erfðamál eftir lát Kristínar. Kristín átti a.m.k. tvö handrit. Annað er lögbók sem geymir Grágás, Járnsíðu og hluta úr Kristindómsbálki (Steph 9). Handritið var skrifað á síðari hluta 17. aldar. Á fremsta saurblaði (rektó-hlið) stendur: „Kristín Magnúsdóttir er réttur eigandi þessarar Gráfugls lögbókar hvörja hún í arf hlaut eftir sinn sl. hjartans föður Magnús Jónsson annó 1702“. Kristín dó „frá fjórum ungum börnum árið 1712, Magnúsi sjö ára, Markúsi fjögurra ára, Halldóru tveggja ára og Hákonu árgömlum“.⁵ Elsti sonurinn er sá eini sem mögulega gæti í stuttan tíma hafa notið leiðsagnar hennar við bóknám. Kristín átti einnig fornkvæðabók sem í voru 183 kvæði. Efnisyfirlit bókarinnar var áður í AM 153 I–VI 8vo en er þar ekki lengur.⁶ Eftirrit af sumum kvæðunum eru hins vegar varðveitt í þessu handriti. Árni Magnússon hefur eftir Kristínu

1 Ég hef ekki fundið nafn hennar í neinu handriti.

2 Jón Helgason, „Inngangur“, í *Kvæðabók úr Vigur. AM 148 8vo*, útg. Jón Helgason, Íslensk rit síðari alda 2. flokkur, ljósprentanir 1. bindi A (Kaupmannahöfn, 1955), s. 7–74, s. 25–28. – Kvæðabók úr Vigur var skrifuð á árunum 1676–1677, m.a. af Magnúsi. Á handritinu eru tólf hendur.

3 Þórunn Sigurðardóttir, „Kvæðabók úr Vigur“, í *66 handrit úr fjórum Árna Magnússonar*, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir (Reykjavík, 2013), s. 208.

4 Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 328.

5 Valgerður Sigurðardóttir, *Ranglega jforájarfað mitt mál. Mála-Snæbjörn*, BA-ritgerð við sagnfræði- og menningardeild Háskóla Íslands (Reykjavík, 2014), s. 20.

6 Sbr. AM 477 fol.

að Magnús í Vigur hafi þýtt sum kvæðanna úr dönsku (sbr. seðil b). Svo virðist sem fornkvæðabók Kristínar hafi verið skrifuð fyrir hana.

Af bókmenntasögu Jóns úr Grunnavík má sjá að Kristínu var ýmislegt til lista lagt. Hún var ekki einasta skrifandi og læs á ýmis tungumál, hún var líka lögfróð. Lögbókin hennar nýttist henni því sjálfri sem þekking-arhlaða. Eflaust hefur Mála-Snæbirni ekki veitt af lögfróðri konu sér við hlið. Áður hefur komið fram að þekking á lögum var nauðsynleg bæði leikum og lærðum, konum jafnt sem körlum:

Kristín kunni ei einasta vel að skrifa og stíla, heldur og að gjöra innlegg í málásóknum. Var mikið lagin á ýmsan bókafróðleik og sér í lagi á sprog, kunni dönsku og þýsku, og ef mig rétt minnr að ég heyrtr hafi, nokkuð í engelsku, hollensku, spönsku og byskaísku.¹

Hildur (1643–1725), tengdamóðir Þorbjargar Magnúsdóttur, var dóttir Arngríms lærða Jónssonar Vídalín, einhvers lærðasta manns á Íslandi á 17. öld. Hún kemur við sögu þriggja handrita. AM 655 XII–XIII 4to er brot af skinnbók sem árssett er til síðasta fjórðungs 13. aldar. Blöðin geyma postulasögur. Á seðlum Árna Magnússonar sem fylgja handritinu kemur fram að tvö önnur blöð úr þessari sömu bók hafi Árni áður fengið utan af kveri í eigu Hildar. Því miður kemur ekki fram hvaða efni kver Hildar innihélt. Árni Magnússon lét skrifa Brjáns sögu eftir Hildi, en hann lét skrifa allnokkuð af sögum og kvæðum eftir fróðum kellingum. Uppskriftin er varðveitt í AM 602 d 4to. Aftan við söguna skrifar Árni: „Þessi skróksaga er uppskrifuð eftir Hildi Arngrímsdóttur í Hvammi annó 1707“. Brjáns saga var m.a. prentuð í *Þjóðsögum Jóns Árnasonar* og flokkuð með kímilegum ævintýrum.² Þriðja handritið (AM 692 a 4to) virðist Árni hafa fengið að láni hjá Hildi (sbr. seðil). Hún dvaldi þá ekkja í Hvammi í Hvammssveit hjá dóttur sinni, Sigríði Jónsdóttur (1671–1717), og Magnúsi Magnússyni prófasti manni hennar. Handritið var skrifað á síðari hluta 17. aldar og inniheldur guðfræðilegt efni á latínu. Í títtnefndri bókmenntasögu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík segir m.a. um Hildi í kafla-num um lærðar konur:

Hildur, dóttir Arngríms Jónssonar Vídalín, hins lærða prests sem var á Melstað. Hana gat hann með sinni seinustu kvinnu Sigríði, 1646. Hún var fyrst á Melstað nokkur misseri með móður sinni, eftir andlát föður síns, sem skeði 1648, fyrst þá s^{ta} Erlendur Ólafsson var sestur á þann stað. Síð-

1 Jón Ólafsson, *Tilreiðsla íslenskrar bókmenntasögu* [væntanleg].

2 *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* II, s. 477–479.

an nokkur ár með henni á Torfustöðum í Miðfirði og síðan hjá hálfbróður sínum s^{ra} Porkeli Arngrímssyni í Görðum á Álftanesi. Þaðan giftist hún 19 vetra gömul, Jóni Þorlákssyni í Víðidalstungu 1664, er dó hér um 1696. Þar eftir bjó hún eitt ár á Litlu-Ásgeirsá í Víðidal. Síðan brá hún búi og var hjá dótturmanni sínum, prófastinum s^{ra} Magnúsi Magnússyni í Hvammi í Hvammsveit, inn til hann andaðist circa 1724, og þar eftir hjá syni sínum, Páli lögmanni Jónssyni Vídalín í Víðidalstungu, þangað til Guð burtkallaði hana 1724, 11. octobris, ætatis 78. Hún var hin frábærasta skynsemdar og rausnarkona sem ég hefi nokkurn tíma þekkt eður haft afspurn af. Hún hefur gjört þrjá sálma til heilagrar þrenningar, sem ég hefi séð, og margar liðlegar stökur, sem ég á uppteiknaðar.¹

Hildur er eina konan sem fær sérstaka færslu í kaflanum um lærða karla, svo mikið álit hafði Jón á henni. Pósturinn um hana þar er á dönsku og ögn lengri, en nær samhljóða ofangreindri frásögn. Á Víðdalstunguárum sínum segist hann tíðum hafa rætt við Hildi og orðið fróðari um fyrri tíma. „Í rauninni minnir lýsingin á Hildi sumpart á lýsingu Ara fróða Þorgilssonar á Þuríði Snorradóttur (um 1024–1112) goða, sem var „margspök og óljúgfróð“ um fortíðina“.² Lýsing Jóns á Hildi í ævisögunni um Pál son hennar styður það einnig:

Hún mátti vel teljast með þeim merkilegustu konum, er verða kunna að skynsemi, guðhræðslu, rausn og búskaparviti og var kvenskörungur hinn mesti og drottningar ígildi. Svo máltæki ass. Árna var ei ósatt, er hann sagði við mig, að Páll lögmaður hefði sína góðu skynsemi alla frá hinum lærða Arngrími í gegnum hana Hildi.³

Ekki kemur fram hvort Hildur kunni latínu, en það gerði Sigríður dóttir hennar (sjá III,6):

Hennar dóttir Sigríður, kona nefnds séra Magnúsar, kunni fyrstu rudimenta í latínu og kenndi sonum sínum Dónatinn. Páll bróðir hennar hafði kennt henni eitt sumar, þá hann var skólameistari, en hún forfölluð frá annarri vinnu.⁴

- 1 Jón Ólafsson, *Tilreiðsla íslenskrar bókmenntasögu* [væntanleg]. – Fátt eitt af kveðskap Hildar er varðveitt í lausavísnaðsfni Páls Vídalín í Lbs 360 8vo (sjá Guðrún Ingólfsdóttir, *Um lausavísur Páls Vídalíns*, s. xcix).
- 2 Guðrún Ingólfsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir, „Inngangur“, í Jón Ólafsson, *Tilreiðsla íslenskrar bókmenntasögu* [væntanleg].
- 3 Jón Ólafsson, *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, s. 163.
- 4 Jón Ólafsson, *Tilreiðsla íslenskrar bókmenntasögu* [væntanleg].

Óvíst er hvaða gagn Hildur hafði af AM 692 a 4to en Sigríður gat hafa notað það við kennslu eða til að þjálfra sig í latínu. Sigríður var greinilega vel menntuð kona. Aðeins eitt handrit er varðveitt úr eigu hennar, svo vit- að sé, eða AM 89 8vo sem geymir m.a. trúarleg kvæði, sálma og Diarium Christianum, íhugunarrit eftir Hallgrím Pétursson sem mikið var notað við heimilisguðrækni. Handritið var skrifað á síðari hluta 17. aldar. Í fódri við upprunalega kápu fundust sendibréf tengd Víðidalstungufólki.¹ Í handrit- inu sjálfu er Sigríður sögð eigandi. Að öllum líkindum hefur hún eignast það þegar hún var enn í fódurhúsum.

Árni Magnússon handritasafnari, góðvinur Páls Vídalín, ólst að hluta upp undir verndarvæng afa síns og ömmu, síra Ketils Jörundssonar og Guðlaugar Pálsdóttur (sjá III,6). Þegar Árni kom í Hvamm var Halldóra Ketilsdóttir móðursystir hans (1640–1727) enn heima. Hann kallar hana enda systur sína, þó svo að líklegt sé að hún hafi komið nálægt uppeldi hans, orðin rúmlega tvítug þegar hann kom inn á heimilið. Halldóra átti þrjú handrit með hendi föður síns sem hún gaf Árna, þ.e. Hungurvöku (AM 378 4to), Snorra Eddu (AM 755 4to) og Grænlands Chronicu eftir Claus Lyschander Christophersen (AM 779 b 4to).² Mikið af handritum Ketils geymir sögur og sögulegt efni. Hafi hann gefið Halldóru áðurnefnd handrit má vera að það endurspegli sameiginlegan áhuga þeirra á slíku efni. Bóka- og sagnfræðiáhugi erfist ekki einvörðungu í karllegg. Úr eigu Halldóru er einnig varðveitt lítið kver, AM 436 12mo. Kverið er syrpa með ýmsu efni, svo sem ættfræðiupplýsingum, lækningapósti, Um sköp- un barns í móðurkviði, kvæði af ýmsu tagi (andleg kvæði, heimsádeildur og rímur), Hugsvinnsmál, hluta af borðsiðariti Sulpiciusar, draumráðn- ingar o.fl.³ Árna þótti kverið ekki ýkja merkilegt (sbr. seðil) en sýnt hefur verið fram á hvernig það getur þrátt fyrir allt „veitt okkur dálitla innsýn í daglegt líf fjölskyldu Árna þegar hann var að alast upp“ og er „ómetanleg heimild um daglegt líf, amstur og áhyggjur, barnauppeldi, söngnám og mixtúrugerð á æskuheimili Árna Magnússonar“.⁴

Síra Þorstein á Útskálum var sonur Björns Grímssonar málara og sýslu- manns sem var frægur listaskrifari. Þorsteinn kom „sér upp slíku safni uppskrifta íslenskra miðaldarita um söguleg efni að ekki jafnast á við neitt á hans tíma nema bókasöfn húmanistanna á Hólum og í Skálholti, Þorláks

1 Nú í AM 1058 4to.

2 Margrét Eggertsdóttir, „Handritið hennar Dóru systur“, í *38 vöplur bakaðar og bornar fram Guðrúnu Ingefsdóttur fimmtugri 1. maí 2009* (Reykjavík, 2009), s. 63–66, s. 63.

3 Nánar er fjallað um þetta efni hér á eftir í umfjöllun um syrpu Önnu digru Jónsdóttur.

4 Margrét Eggertsdóttir, „Handritið hennar Dóru systur“, s. 64, 66.

og Brynjólfs“.¹ Um Þóru (f. 1640) dóttur Þorsteins verður einnig fjallað í fimmta kafla, en faðir hennar kenndi henni bæði að lesa og skrifa. Í svo mikilli bókaætt má gera ráð fyrir að konurnar hafi allar kunnað að lesa og jafnvel skrifa. Þóra Þorsteinsdóttir átti þrjú handrit, svo vitað sé, en þar eð bróðir hennar dó ungur má ætla að hún hafi ein erft bókasafn föður síns. Allnokkur sagnahandrit eru varðveitt með hendi Þorsteins en óvíst er hvað af þeim var í eigu Þóru. Í forum Þóru var brot af Alexanders sögu sem skrifað var á 17. öld (AM 190 b fol). Brotið hefur að öllum líkindum verið hluti af bókasafni föður hennar sem lagði sig eftir fornum textum. Árni Magnússon handritasafnari segir á pappakápu handritsins: „Er úr þeirri gömlu Alexandri Magni sögu [sem tekin er úr Carminibus Galteri Insulensis], enn ei úr þeim nýju translationibus, sem úr dönsku gjörðar eru“.

Þóra átti einnig AM 243 r fol sem skrifað var á 17. öld og inniheldur Konungs skuggsjá. Aftast í handritinu eru „Nokkur skemmtiljód eður bragleysur með fornum kvæðahætti“ sem strikað hefur verið yfir. Að öllum líkindum er það verk Árna Magnússonar, ekki Þóru. Ekki kemur á óvart að bókakona á borð við Þóru eigi Konungs skuggsjá. Þriðja handrit Þóru er AM 578 g 4to sem geymir Tiodels sögu riddara. Árni tók það í sundur, en slík urðu örlög fleiri handrita, og var AM 522 4to áður sambylingur þess.² Í því handriti eru Blómsturvalla saga og Sigurgarðs saga frækna. Allar tilheyra sögurnar flokki riddarasagna sem, eins og áður sagði, féllu jafnt að smekk kvenna sem karla. AM 522 4to var skrifað árið 1680 (26r) og má gera ráð fyrir að AM 578 g 4to sé skrifað um líkt leyti. Þorsteinn faðir Þóru lést árið 1675 sem sýnir að bókakonan Þóra hefur haldið áfram að auka við bókasafnið eftir að faðir hennar lést.

Guðrún Ögmundsdóttir (1661–1750) húsfreyja í Flatey útvegaði Árna fjölda skinnbrota sem að öllum líkindum höfðu verið í eigu Tómasar Jónssonar eiginmanns hennar og fjölskyldu hans. Um ætt og uppruna Guðrúnar er lítið vitað en hún giftist inn í mikla bókaætt í Flatey. Flest eru skinnbrotin frá síðari hluta 15. aldar eða upphafi þeirrar 16. Heillegustu skinnhandritin sem Árni fékk frá Guðrúnu voru rímkver en sá fróðleikur sem þau geyma „þótti enn brúklegur“. Guðrún sendi Árna fleiri handrit, t.d. pappírshandritið AM 162 8vo sem geymir Skáldu.³ Það sem skipti sköpum fyrir varðveislu handritanna í höndum Guðrúnar var að hún „var hirðusöm og glögg kona, eins og þær fáu setningar sem Árni hefur eftir henni bera vott um. Hún hafði sinnu á að grafa fram þessi grómtæknu, dökku og ósjálegu

1 Stefán Karlsson, „Bókagerð Björns málara og þeirra fedga“, s. 78

2 Tove Hovn Ohlsson, *Tiodielis saga* (Reykjavík, 2009), s. lvi.

3 Svanhildur Óskarsdóttir, „Flateyjarbækur. Af Guðrúnu Ögmundsdóttur“, s. 65–83.

blöð og koma þeim í hendur Árna, ekki síður en nýrri pappírsbókum eins og Skáldu sem henni sjálfri hefur kannski þótt meira varið í¹. Guðrún var vel menntuð, bæði læs og skrifandi. Og hvað sem segja má um nöfnu hennar í Bæ á Rauðasandi, þá átti hún sinn þátt í varðveislu bókmenningar en einnig hún lét Árna í té mikið af bréfum og skjölum.²

Lærdómsmenn og bókelskar konur hljóta oft að hafa leitt hesta sína saman og jafnvel skipst á bókum. Mýmörg dæmi eru um að konur bæði lánuðu og gáfu Árna Magnússyni bækur en einnig verður fjallað hér á eftir um bókaskipti Árna og Ingibjargar Jónsdóttur (1643–eftir 1710). Aðeins tvö dæmi fundust hins vegar um að Árni gjaldi í sömu mynt og láni konum bækur eða útvegi þeim uppskriftir. Valgerður Kr. Brynjólfsdóttir fjallar m.a. um uppskrift af Mábilar rímum sem Þrúður Þorsteinsdóttir (1666–1738), eiginkona Björns Þorleifssonar Hólabiskups, lét Árna útvega sér. Ekki er vitað hvað varð af handritinu sem Árni kærkti í fyrir Þrúði. „Biskupshjónin voru mikið bókafolk en bókastofa sem Björn hafði látið byggja brann í nóvember 1709. Þar fór margt forgörðum og hugsanlega bækur Þrúðar þar með“. Rímurnar af Mábil hljóta að hafa höfðað til kvenna enda segja þær „frá konu sem hegðar sér ekki eins og aðrar konur. Hún er riddari sem berst fyrir rétti sínum til erfða og sjálfstjórnar og er öllum körlum fremri, bæði að vitsmunum og afli“.³

Ólöf Árnadóttir (f. 1695), systurdóttir Jóns biskups Vídalín, dvaldi í Skálholti eftir að hún missti foreldra sína. Þar hitti Árni hana fyrir enda var hann löngum í Skálholti meðan á dvöl hans hérlendis stóð. Þegar Árni kvaddi Ísland í hinsta sinn lánaði hann Ólöfu fjórar bækur, tvö handrit af konungasögum og eitt af Íslendingasögum og eina prentaða bók, Vísnaþók Guðbrands. Jonna Louis-Jensen telur að það hafi hann gert til að liðka fyrir kyonbænum Böðvars Pálssonar frænda síns. Jafn bókasár maður og Árni hefði aldrei látið sér slíkt til hugar koma nema mikið lægi við. Það lukkaðist því Böðvar og Ólöf gengu sama ár í heilagt hjónaband.⁴ Árni vissi manna best hvar hjartað sló í bókelsku fólki.

1 Sama, s. 81.

2 Sjá Guðrún Ása Grímsdóttir, „Skjalabækur að vestan“, s. 144. Í greininni fjallar Guðrún um ýmsa þá sem útveguðu Árna bréf og skjöl.

3 Valgerður Kr. Brynjólfsdóttir, „Rímur um konu varðveittar af konum“, http://www.arnastofnun.is/page/valgerdur_kr_brynjolfsdottir [Sótt á netið 22. desember 2015.]; idem, Meyjar og völd. Rímurnar af Mábil sterku, MA-ritgerð við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands (Reykjavík, 2004), s. 89.

4 Jonna Louis-Jensen, „Af láni og óláni“, í *Con Amore. En artikelsamling udgivet på 70-årsdagen den 21. oktober 2006*, ritstj. Michael Chesnutt og Florian Grammel (Kaupmannahöfn, 2006), s. 103–107.

5. Bókakonur á 17. öld sem áttu eitt handrit

Lögbækur

Mun meira er varðveitt af handritum frá 17. öld en öldinni á undan, þó að hún færi ómjúkum höndum um skinnhandrit. Lögbækur má áfram finna í eigu kvenna og nú ber svo við að þær láta skrifa slíkar bækur fyrir sig.¹ Áðurnefndur Björn Grímsson málari skrifaði handritið Uldall 320 4to árið 1603 að bón Höllu (f. 1570?) systur hans: „Eftir bón og forlagi Höllu Grímsdóttir systur minnar“ (sbr. titilsíða). Handritið geymir Jónsbók og réttarbætur og er fagurlega skreytt, eins og margar bækur skrifarans. Björn og síra Grímur Skúlason faðir hans voru miklir bókagerðamenn og til eru lögbækur í uppskriftum þeirra.² Halla var gift Þormóði Kortssyni klausturhaldara og lögréttumanni í Skógum undir Eyjafjöllum. Ekki er óhugsandi að Halla hafi látið bróður sinn skrifa lögbókina handa eiginmanninum. Það sem mælir gegn því er vísa aftan við Jónsbók sem Björn yrkir til eigandans Höllu.

Bókin segir svo:


Það vil eg birta þér bauganá
sem bókina á
gaumgæfiliga að því gá
sem greini eg frá.
Sjá, búið er bókina að skrá³
Björn vill kaupið fá
þó orðin sé fá og skriftin smá
sem kalla má
því listiliga þó lukkast þá
lögbókin eftir á
og ljós þér verða lögin há
eg læt svo stá. (110v)

Björn gerir sýnilega ráð fyrir að Halla muni kynna sér efni lögbókarinnar: „og ljós þér verða lögin há“. Halla hefur kannski lært að lesa á eina þeirra lögbóka sem faðir hennar skrifaði upp og því haft þekkingu á slíku efni, eins og Kristín Magnúsdóttir. Hún hefur einnig kennt börnum

1 Áður var fjallað um AM 334 fol en fyrsti þekkti eigandi þess var sú stórbrotna kona Hólmfríður Erlendsdóttir. Það sýnir að konur hafi frá fyrstu tíð látið skrifa fyrir sig lögbækur.

2 Stefán Karlsson, „Bókagerð Björns málara og þeirra fedga“, s. 73–78.

3 Í hdr. virðist standa: „að að skrá“.



Mynd 10: Jónsbók (GKS 3274 a 4to) sem Þórunn ríka Jónsdóttir (1594–1673) átti. Handritið skrifaði Björn Grímsson málari. Hann skrifaði einnig fagurt lögbókarhandrit fyrir Höllu systur sína. Handrit Björns voru ekki einasta nýjagripir, þau voru sannkölluð listaverk.

sínum að lesa á lögbókina enda voru ekki mörg ár í að þrír yngstu synir hennar hæfu lestarnám þegar bókin var skrifuð. Þeir urðu allir embættismenn.

Björn skrifaði annað Jónsbókarhandrit (GKS 3274 a 4to) sem kona er fyrsti þekkti eigandinn að, Þórunn ríka Jónsdóttir (1594–1673). Þórunn var dóttir auðugra foreldra, Jóns Vigfússonar sýslumanns á Galtalæk og Ingibjargar Björnsdóttur. Árið 1613 eða 1614 giftist hún Sigurði syni Odds Einarssonar Skálholtsbiskups. Á kápu handritsins er ártalið 1614 og má vera að Þórunn hafi fengið það að gjöf þegar hún gifti sig.¹ Með Sigurði eignaðist hún eina dóttur, títtnefnda Hólmfriði, móður bókakunnar miklu, Ragnheiðar Jónsdóttur biskupsekkju í Gröf á Höfðaströnd. Þórunn missti fyrri eiginmanninn og giftist Magnúsi Arasyni sýslumanni á Reykhólum árið 1620. Hún gaf Magnúsi handritið en hann síðan Jóni elsta syni þeirra: „Mínum unga elskulega syni Jóni Magnússyni eignast nú þessi bók með ástsemd, er hans dygðarlega móðir gaf mér áður. Og bið ég að ekki í burtu fáiist til hans athugaaldurs“ (1r).² Árið 1626 gaf Magnús nafna sínum Björnssyni lögmanni á Munkaþverá bókina (1r), þrátt fyrir að hafa áður gefið syninum hana. Jón var þá fimm ára. Það mun Magnús hafa gert um leið og hann kom Jóni í fóstur hjá lögmanninum.³ Þórunn mun ekki hafa orðið uppiskroppa með lesefni þó að bókin hyrfi af heimilinu enda Reykhólamenn miklir bókagerðarmenn.

Porkatla Finnsdóttir (1595?–eftir 1651) er enn eitt dæmið um konu af ætt bókafélks sem á lögbók í þússi sínu (Icelandic MS. No. 5). Porkatla var húsfreyja í Skálarnesmúla, gift Þórólfi Einarssyni bónda. Faðir hennar og bróðir, Finnur Jónsson og Jón Finnsson í Flatey, voru annálaðir bókamenn. Jón gaf Brynjólfi Sveinssyni biskupi t.d. Flateyjarbók. Í Icelandic MS. No. 5 kemur fram að Porkatla átti handritið árið 1635. Sonur hennar sem erfði síðan bókina gæti við móðurkné hafa lært að lesa af henni.

Oddný Guðnadóttir (f. 1661) frá Kolbítssá⁴ í Strandasýslu fékk sína lögbók (AM 135 4to) í heimanfylgju. Handritið var skrifað á árunum 1340–1525 og kallast Árnarbælisbók. Kolbítssá var tuttugu hundruða jörð samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*.⁵ Það táknar að

1 Halldór Hermannsson, *Illuminated manuscripts of the Jónsbók*, Islandica XXVIII (Ithaca, 1940), s. 22.

2 Í gömlu kvæði um aldur mannsins kemur fram að *athugaaldur* er þegar hann er 50 ára.

3 Halldór Hermannsson, *Illuminated manuscripts of the Jónsbók*, s. 21.

4 Stundum nefnd Kolbeinsá.

5 Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 7, ljósprentun eftir útgáfunni sem prentuð var í Kaupmannahöfn 1913–1943 (Reykjavík, 1984), s. 437.

foreldrar Oddnýjar voru góðir og gegnir bændur, þó að ekki teldust þeir til stórbænda. Oddný var seinni kona síra Teits Einarssonar í Skálholtsvík en þau giftust árið 1695, sama ár og Teitur lést. Lítið er vitað um afdrif Oddnýjar eftir lát Teits en hún er talin hafa lent í vinnumennsku. Oddný hefur sennilega ekki átt rétt á lífeyri eftir mann sinn, hjónaband þeirra stóð of stutt til þess. Svo illa var hún stödd fjárhagslega að hún gat ekki forðað Guðna syni sínum frá því að lenda á sveit. Hann fæddist árið 1695. Árið 1703 er Guðni sagður framfærisómagi á Brunngili í Strandasýslu en hann komst síðar í tölu smábænda.¹ Bókin hennar Oddnýjar barst í hendur eftirmanns Teits, síra Þorbergs Illugasonar, sem sennilega var giftur maður þegar hann tók við Skálholtsvík. Oddný hefur tæpast eða ekki risið undir skuldum búsins við lát eiginmannsins og þannig hefur leiðir þeirra Arnarbælisbókar skilið. Um ástæður þess að Þorbergur fósraði einungis bókina en ekki son Oddnýjar er allt á huldu. Oddný mátti hins vegar sjá á eftir öllu því sem henni var kært.

Ekki er hægt að gera ráð fyrir að allar þær konur sem áttu lagahandrit hafi nýtt þau á þann hátt sem áður gat. Ingibjörg Jónsdóttir (1643–eftir 1710) erfði merkilegt lögbókarhandrit eftir mann sinn Arnór Ásgeirsson (d. 1677) lögréttumann í Ljárskógum. Árið 1686 fékk Árni Magnússon Ljárskógabók (AM 344 fol) „í skiptum fyrir heldur lítilfjörlegt pappírs-handrit sem geymdi Trójumanna sögu í íslenskri þýðingu danskrar þýðingar sem var prentuð í Kaupmannahöfn árið 1623“. Már Jónsson telur að „Ingibjörgu hafi þótt sá texti áhugaverðari til aflestrar en Jónsbók“.² Láí henni hver sem vill en hér er forvitnilegt dæmi um bókaskipti á fyrri tíð. Árni virðist ekki hafa gefið neitt í milli sem bendir til að sínum augum lítur hver á silfrið. Ingibjörg giftist þrisvar og þegar hér var komið sögu var yngsta dóttir hennar átta ára (Steinunn Sigurðardóttir) og yngsti sonur fimm ára (Sigurður Sigurðsson), bæði á þeim aldri þegar lestrarkennsla er annaðhvort nýhafin eða rétt að hefjast. Sonurinn varð bóndi en talið er hugsanlegt að dóttirin hafi lent í vinnumennsku.³ Aðeins einn sonur Ingibjargar varð áhrifamaður, Jón Arnórsson hreppstjóri. Hvort Ingibjörg hafi notað lögbókina til að kenna eldri börnunum að lesa skal ósagt látið. Þó að lögbókin og ritningin hafi einkum verið notuð við lestrarkennslu má finna dæmi um að bækur sem geyma fornaldar- og riddarasögur hafi gengt slíku hlutverki (sbr. Kall 613 4to). Það er því sannarlega ekki útilokað að Ingibjörg hafi notað Trójumanna sögu til að kenna yngri börnunum að lesa.

1 Sbr. *Íslendingabók*, <http://www.islendingabok.is>.

2 Már Jónsson, „Jónsbókarhandrit frá 14. öld“, s. 131.

3 Sbr. *Íslendingabók*, <http://www.islendingabok.is>.

Ingibjörg átti einnig Löngu-Eddu sem skrifuð var um 1680 (AM 738 4to). Handritið geymir einkum fornan kveðskap, efni úr Snorra Eddu, kveðskap eftir síðari alda skáld, t.d. Hallgrím Pétursson, skýringar Hallgríms við Ólafs sögu Tryggvasonar, vísnaskýringar Björns á Skarðsá við Sigurdrífumál og villuletur, svo það helsta sé nefnt. Langa-Edda var hugsanlega skrifuð í Skálholti, því „margt bendir til að það hafi átt að höfða til þeirra sem hlotið höfðu menntun um leið og í handritinu vottar fyrir ungæðislegum uppátækjum og jafnvel gáska“.¹ Handritið beri þess og vott að skrifarinn hafi áhuga á ástarkveðskap. Áður en handritið komst í eigu Ingibjargar átti það hálfbróðir hennar, Sigurður Gíslason skáld á Bæ í Miðdölum. Sigurður var óskólagenginn en talinn góðum gáfum gæddur. Foreldrar þeirra systkina voru ekki úr efri lögum samfélagsins en þó af betra standi en sléttur almúgi.² Föðurafi Ingibjargar var sýslumaður en móðurafi prestur. Hún giftist einnig inn í ætt þar sem bókaeign var fyrir, en allt skipti þetta máli fyrir aðgengi hennar að bókum.

Lítill handrit og nett, mátuleg í svuntuvasa, koma fyrst upp í hugann þegar hann hvarflar að handritum í höndum kvenna á 17. öld. Þá varð pappír ódýrari og handritaeign almennari. Handrit sem ætluð voru til einkanota voru alla jafna minni en handrit stofnana, rétt eins og prentaðar bækur á þessum tíma, og á það bæði við um handrit karla og kvenna.³ Slíkar bækur voru ekki einasta handhægari, þær voru líka ódýrari í framleiðslu. Þórður Þorláksson (1637–1697) Skálholtsbiskup lét t.d. prenta mikið af bæklingum og smáritum, „en segja má að hann hafi rutt braut vasa-bókaútgáfu hérlandis. Menn áttu sýnilega ætíð að hafa bækur meðferðis í pokaskjöttum sínum eða vösum. Þeir áttu sýkt og heilagt að vera að hressa sálina eða mennta sig“.⁴ Flest handrit í eigu kvenna eru í kvartó-broti (fjögurrablaðabroti) (48%), næstflest í oktavó-broti (áttablaðabroti) (30%), þá koma fólíantar (arkarabrot) (18%) en fæst eru í tölfblaðabroti (4%).

Lunginn af handritunum í tölfblaðabroti eru skinnhandrit frá 15. og 16.

1 Margrét Eggertsdóttir, „Langa-Edda. Goð og gyðjur í máli og myndum“, í *Góssið hans Árna. Minningar heimsins í íslenskum handritum*, ritstj. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir (Reykjavík, 2014), s. 112–127, s. 126.

2 Sama, s. 114–115, 122, 126.

3 Flest handritin í eigu síra Ásgeir Bjarnason (1703–1772), afkastamikils skrifara og handritasafnara, voru í oktavó- og kvartó-broti (Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er manns-andi“, s. 136).

4 Guðrún Ingólfssdóttir, „„En að sá helgi stíll saurgist af sögum.“ Útgáfustarf Þórðar biskups Þorlákssonar“, í *Frumkvöðull vísinda og mennta. Þórður Þorláksson biskup í Skálholti. Erindi flutt á ráðstefnu í Skálholti 3.–4. maí 1997 í tilefni af þriðju hundruðustu ártíð Þórðar biskups Þorlákssonar*, ritstj. Jón Pálsson (Reykjavík, 1998), s. 161–177, s. 166.

öld og er efni þeirra ýmist rím eða heilagra meylla sögur. Fjögur geyma Margrétar sögu sem löngum var notuð við fæðingarhjálp (sjá IV,3). Smæð þeirra helgast af því að þau voru iðulega bundin um læri fæðandi kvenna.¹ AM 460 12mo, sem inniheldur Búalög, lagaformála og réttarbætur, er aftur móti pappírshandrit skrifað á 17. öld. Handritið var í eigu Þuríðar Ólafsdóttur (1670–1729), húsfreyju í Skipholti og á Búrfelli í Árnessýslu. Þuríður var eiginkonu Jóns Jónssonar lögréttumanns. Árni Magnússon fékk AM 460 12mo frá Þuríði árið 1708 og var maður hennar þá á lífi, þannig að hún hefur ekki erfð það eftir hann. Hæpið er að Þuríður hafi notað svo smágert lagahandrit til lestrarkennslu þó að ekki sé loku fyrir það skotið. Fyrr á öldum var fjárhagur hjóna að einhverju leyti aðskilinn og hafa þær konur sem voru sæmilega fjáðar þurft að gæta þess að fé þeirra rýrnaði ekki. Búalög fjalla um verðlag, viðskipti og búskap, í raun nauðsynlegan fróðleik fyrir fólk sem eitthvað átti undir sér, konur jafnt sem karla. Þuríður átti einnig AM 215 a 4to sem geymir ritgerð Bárðar Gíslasonar um tvíræðar lagagreinar. Það gefur vísbendingu um að þekking á lögum og skilningur á virkni þeirra í samfélagi manna var hluti af íhugun jafnt kvenna sem karla um veröldina.

Sögubækur

Margar 17. aldar konur koma við sögu sagnabóka, þó að ekki verði þeirra allra getið hér. Mest ber á Íslendingasögum í fórum þeirra, konungasögum, biskupasögum, riddara- og fornaldarsögum, Sturlungu og Margrétar sögu. Guðrún Ásgeirsdóttir (f. 1630) húsfreyja á Hjalla í Ölfusi átti Ólafs sögu Tryggvasonar og þætti úr sögunni (AM 313 4to). Guðrún var móðir Ásgeirs Jónssonar, sem var skrifari Árna Magnússonar handritasafnara og Þormóðs Torfasonar sagnaritara Danakonungs. Guðrún og Þormóður voru systkinabörn, afkomendur Torfa ríka Jónssonar í Klofa, mikils höfðingja á sinni tíð. Síra Benedikt Pétursson að Hesti í Borgarfirði gaf Guðrúnu handritið 6. júní 1673 (sbr. saurblað). Benedikt var frændi Jóns Jónssonar lögréttumanns, eiginmanns Guðrúnar. Bókagjöfin endurspeglar sagnfræðiáhuga þiggjandans enda þarf ekki að leita langt að slíkum áhuga innan ættarinnar.

Árið 1678 gaf síra Þorsteinn Jónsson á Eiðum Krístrúnu dóttur sinni (1650–1732) sagnahandrit sem geymir Hungurvöku, Þorláks sögu, Lár-entíus sögu, Eyrbyggju og Eglu. Árið 1641 var bókin í eigu Þorláks Skúlasonar biskups. Ekki er vitað hvort hún var skrifuð fyrir hann en hann

1 Zeevaert, „Margrétar saga“, s. 175.

lét skrifa mikið af sagnahandritum. Guðbrandur sonur hans eignaðist síðan bókina og færði manni að nafni Jón Jónsson. Hvort hér sé kominn brytinn á Hólum skal ósagt látið. Jón þessi gaf hana Þorsteini á Eiðum árið 1662 (sbr. seðil). Ingunn Skúladóttir, móðuramma Krístrúnar, var systir Þorláks biskups, þannig að bókin komst aftur í eigu ættarinnar, þó með nokkrum krókaleiðum. Þegar Árni Magnússon eignaðist handritið tók hann það í sundur og er það núna varðveitt undir þessum safnmörkum: AM 380 4to, AM 404 4to, AM 446 4to og AM 458 4to.¹

Áður en Þorsteinn varð prestur að Eiðum var hann um tíma heyrari í Hólaskóla. Hann hélt síðan skóla að Munkaþverá, þá í þjónustu Magnúsar Björnssonar lögmanns. Þorsteinn þótti vel að sér og góður kennari.² Hann átti þrjár dætur (enga syni), Krístrúnu, Sigríði og Ingunni, en aðeins hefur varðveist handrit úr eigu Krístrúnar. Ef marka má það orð sem fór af lærdómi Þorsteins hlýtur hann að hafa átt dágott bókasafn sem dæturnar síðan erfðu. Bókagjöfin til Krístrúnar sýnir að áður en til þess kom hefur hann einnig skenkt þeim bækur. Innan ættarinnar var hefð fyrir bóklegri menntun kvenna og undirstrikar bókagjöfin það einnig. Ætla má að jafngóður kennari og Þorsteinn hafi látið dæturnar njóta góðs af þekkingu sinni.

Kvæða- og sálmaþætur

Séu handrit kvenna á 17. öld flokkuð eftir efni eru kvæða- og sálmaþætur í meirihluta en á hæla þeirra koma sagnahandrit. Sálmar og trúarleg kvæði voru ekki aðeins notuð við kirkjusöng og heimilisguðrækni til að styrkja trúar- og siðferðisvitund fólks, líkt og fram kom í fyrsta kafla leitaði fólk einnig að vernd í slíkum kveðskap. Handskrifaðar sálmaþætur voru gjarnan í eigu kvenna og beinlínis skrifaðar handa ákveðnum konum.³ Fyrir kemur að konur eru ritbeiddur. Ingibjörg Björnsdóttir (1664–1709), af mestu höfðingjaættum landsins og því skyld mörgum konunum sem áður var fjallað um, lét skrifa fyrir sig sálmaþætur á Hólum árið 1684, þá tvítug (JS 386 8vo). Á titilsíðu er bókin kölluð söngbók, en í henni eru bæði nótur og lagboðar svo Ingibjörg mætti syngja sálmana. Þar er og greint frá

1 Þorbjörg Vigfúsdóttir (f. 1651), systurdóttir Ingunnar, átti einnig mikið sagnahandrit sem Árni tók í sundur. Það handrit var fyrst í eigu Brynjólfs Sveinssonar Skálholtsbiskups (sjá skrá í viðauka).

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940 V* (Reykjavík, 1952), s. 213.

3 Margrét Eggertsdóttir fjallar um hlutverk sálma í daglegu lífi, svo og sálmaþætur kvenna (Margrét Eggertsdóttir, „Sálmar og daglegt líf“, s. 184–195).

tilgangi bókarinnar: „[...] útvöldum Guðs börnum til lærdómsiðkunar og uppmenntunar sem hans orð elska og í minni leggja“ (1r).¹ Sá sem var vel að sér í trúarefnum var talinn vel menntur. Barnabarnabarn Ingibjargar, Ragnheiður Ólafsdóttir (1741–1816), átti einnig sálmaþók með nótum og lagboðum sem skrifuð var á árunum 1755–1756 (SÁM 3). Handritið er með hendi Jakobs Sigurðssonar í Jórvík í Breiðdal, þekktum skrifara, en hann ólst upp hjá foreldrum Ragnheiðar í Kirkjubæ í Hróarstungu. Allt var þetta fólk af Árnaætt. Ekki er vitað hvort Jakob skrifaði handritið fyrir Ragnheiði en hún er í það minnsta eigandi þess um tíma. Bent hefur verið á að fyrirmyndin að SÁM 3 séu prentaðar sálmaþækur.² Líkt og mörg handrit með hendi Jakobs er það fagurlega skreytt, bæði stafir og bókahnútar, en einnig eru í því myndir sem að öllum líkindum eru teiknaðar eftir prentuðum bókum. Á titilsíðu handritsins er getið um enn annan tilgang sálmaþóka: „Þríeinum Guði til lofs, æru og dýrðar, en oss öllum til sálargagns og nota fyrir Jesúm Christum [...]“ (2r).

Það vekur nokkra furðu að „hreindræktuð“ kvæðahandrit með veraldlegum kveðskap og rímum er vart að finna í eigu kvenna á 17. öld. Yfirleitt er kveðskapur af þessu tagi í handritum með öðru efni, sögum og einkum trúarlegum kveðskap. Sigríður Erlendsdóttir (f. 1653) á Syðri-Völlum í Húnavatnssýslu átti þó eitt sem kemst nálægt því að geyma einungis veraldlegan kveðskap en það er samsett úr 14 handritum eða handritsbrotum (AM 149 8vo).³ Samkvæmt lýsingu átti Ingvars saga að fylgja handritinu en er þar ekki nú. Flest handritin í AM 149 8vo eru tímasett til 17. aldar en sum eru e.t.v. skrifað í upphafi þeirrar 18. Ekki er vitað hvort það var Sigríður sem safnaði handritunum saman á einn stað. Í AM 149 8vo eru varðveittar rímur og kvæði af ýmsu tagi, háttalyklar, forn kveðskapur, gamanbragir og kvæði eftir helstu skáld aldarinnar, svo sem Stefán Ólafsson, Hallgrím Pétursson o.fl. Kveðskapurinn er fjölbreyttur og hefur þjónað mismunandi tilgangi, til skemmtunar, fróðleiks og jafnvel kennslu ungra barna (t.d. gátuvísur). Þrátt fyrir að í AM 149 8vo megi finna uppbyggileg kvæði sem einkum virðist beint til ungra stúlkna á giftingaraldri (t.d. Guð geymi blíða), gat slíkur kveðskapur verið þörf áminningar gíftum

- 1 Margrét Eggertsdóttir fjallar ítarlega um handrit Ingibjargar (Margrét Eggertsdóttir, „Script and print in seventeenth- and eighteenth-century Iceland: The case of Hólar í Hjaltadal“ [væntanleg]).
- 2 Hallgrímur Pétursson, *Ljóðmæli* 3, ritstj. Margrét Eggertsdóttir, Kristján Eiríksson og Svanhildur Óskarsdóttir, Ritsafn III (Reykjavík, 2005), s. 286–287.
- 3 Á bl. 39r (6) er nafnið Halla Bjarnadóttir. Ekki hefur tekist að hafa upp á henni. Kona með því nafni, fædd 1656, var húsfreyja á Bálkastöðum í Húnavatnssýslu. Þær Sigríður voru á líku reki og gætu því hafa þekkt.

konum. Hinn blautlega ástarkveðskap hafa giftar konur þó sennilega skilið betur en óharðnaðar ungar stúlkur:

Klókar eru konurnar á samfundum,
af mér ginna erindin mín,
en launin góð mér lítið gjalda stundum. (10v (15))

Bóklestur átti ekki að leiða konur af vegi dyggðarinnar og því fara ósjaldan saman í handritum þeirra menntun, skemmtun og siðferðilega uppbyggilegt efni. Það getur skýrt hvers vegna svo fá handrit með veraldlegum kveðskap eru í eigu kvenna frá þessum tíma. Mikilvægt þótti að ungar ógiftar stúlkur gerðu sig gildandi sem dyggðum prýddar jómfúr þar eð slíkt var talið gera þær fýsilegri á hjónabandsmarkaðnum. Trúlega hefur AM 149 8vo borist til Sigríðar eftir að hún giftist, enda minni hætta fyrir slíka konu að skemmta sér við sumt af kveðskap handritsins en viðkvæma stúlku.¹ Undir svæflinum hefur hún einnig geymt trúarrit, trúarlegan kveðskap og bænir, líkt og margar konur samtíða henni. Jón úr Grunnavík getur þess t.d. að Páll Vídalín hafi „fyrir bón Sigríðar Erlendsdóttur á Syðri-Völlum“ ort „minning eftir son hennar Svein, er deyði úr bólunni (að mig minnir) 13 vetra, mannsefnislegur og hugvitsamur piltur“.² Kvæði þetta hefur því miður ekki varðveist. Kvæðakver Sigríðar og sögubók Ingibjargar Pálsdóttur, sem fjallað var um hér að framan, sýna að lesefni kvenna og sá kveðskapur sem þær höfðu um hönd gat verið með ýmsu móti og ekki alltaf ginnheilagur.

Stærðarmunur getur verið býsna mikill milli handrita sem tilheyra sama stærðarflokki.³ Guðný Hjálmarsdóttir (f. 1660) húsfreyja á Lundi í Fljótum átti digurt kvæðahandrit sem Einar Jónsson bóndi, eiginmaður hennar, gaf henni (JS 232 4to). Einar og Guðný voru hvorki ættstór né í tölu stórbænda en hafa komist sæmilega af. Í handritinu er kvæðabók síra Guðmundar Erlendssonar í Felli og fáein kvæði eftir Jón son hans. Bókin ber titilinn: „Andleg gígja eður hljóðfæri“ (1r). Skúli sonur Guðmundar í Felli skrifaði meginhluta handritsins árið 1688, að því er virðist fyrir Einar (sbr. kveðskap fremst í handritinu). Hann gaf það síðan Guðnýju. Gígja inniheldur andleg kvæði og sálma, siðferðileg kvæði, fjölda rímna út af efni úr biblíunni, Ræningjarímur um Tyrkjaránið og mörg kvæði

1 Frá Sigríði fékk Árni Magnússon einnig blað 9 í AM 39 fol. Blaðið er úr skinnbók sem talin er skrifuð á árunum 1275–1325. Það var utan um kver í eigu Sigríðar. Vera má að það hafi áður verið utan um AM 149 8vo.

2 Guðrún Ingólfssdóttir, *Um lausavísur Páls Vídalíns*, s. xii–xiii.

3 Um stærðarflokka, sjá inngang.

út af dæmisögum Esóps, svo og rímur af Esóp. JS 232 4to er 542 blöð (Gígja endar á bl. 531) og því hefur Guðnýju sannarlega ekki skort les-efni til andlegrar upplýftingar og siðferðilegrar brýningar. Líkt og heiti kvæðabókarinnar ber með sér hefur Guðný sennilega sungið eitthvað af kveðskapnum.¹

Trúarrit og bænabækur

Sjaldnast er úr fjölskrúðugum heimildum að móða um bókakonurnar sem hér eru til umfjöllunar. Líkræður hafa varðveist eftir fáeinar konur en fátítt er að skrifaðir séu ævipættir kvenna, nema því aðeins að þær hafi á einhvern hátt stigið út fyrir þann ramma sem samfélagið setti þeim. Halldóra Erlendsdóttir (1659–1742) (Hlíðar-Halldóra) húsfreyja í Bólstaðarhlíð var slík kona. Hún var systir Sigríðar á Syðri-Völlum. Jón Espólín segir að Halldóra hafi verið talin „nokkuð harðbýl“.² Ummælin leiða hugann að frænku hennar Guðrúnu Eggertsdóttur í Bæ en jafnframt að forföður þeirra, Árna Gíslasyni sýslumanni á Hlíðarenda, sem ættin er kennd við. Hann var talinn „óbilgjarn og harðlyndur, fjáraflamaður mikill og ágengur“.³ Umtalsvert flóknari mynd birtist af Halldóru við lesturinn á ævipætti hennar eftir Gísla Konráðsson.⁴ Gísli styðst við munnmælasögur sem gengið hafa af þessari margbrotnu konu og segir hann að hún hafi verið álitin „blendin, allóhæversk og hæðin“ (2). Bólstaðarhlíð var kirkjujörð og glettist Halldóra svo mjög við presta sína að mönnum þótti hún stundum sýna guðsorði óvirðingu. Hún eldaði einnig grátt silfur við sveitunga sinn Pál Vídalín lögmann. Um kveðskap lögmansins orti hún:

Á gráum klæðum skartið skín,
skrytilega kvað hann,
virðar segja Vídalín
vera skrækhljóðaðan. (10)⁵

1 Þórunn Sigurðardóttir hefur víða fjallað um kveðskap síra Guðmundar í Felli, sjá t.d. Þórunn Sigurðardóttir, „[A]f naturen en begavet digter“ Pastor Guðmundur Erlendsson (ca. 1595–1670)“, *Hymnologi. Nordisk tidsskrift* 39 (3/4) (2010), s. 125–134.

2 Jón Espólín, *Ættartölubækur* (570), ljósrit varðveitt á Stofnun Árnarmagnússonar í íslenskum fræðum (Reykjavík).

3 Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III (Reykjavík, 1924), s. 267.

4 Þátturinn er varðveittur í JS 301 4to (s. 1–17) og ber heitið „Þáttur Hlíðar-Halldóru, Magnúsar prests og Ketils“.

5 Í Lbs 360 8vo, sem geymir lausavísnaðs Páls Vídalín, segir að Halldóra hafi látið Benedikt son sinn yrkja vísuna (sjá Guðrún Ingólfssdóttir, *Um lausavísur Páls Vídalíns*, s. xxxvii). Í JS 473 8vo er Halldóru eignuð vísan líkt og í þætti Gísla Konráðssonar.

Páll svaraði með eftirfarandi vísum:

Dóra þú hefur diktað ljóð
dári þig sérhver maður,
búri þinn hefur bekrahljóð
blestur og dimmraddaður.

Þú munt verða af þessu glödd
það er þinn gamall vani,
gömul álf með gásar (gæsar)rödd
grimm sem reiður hani. (10)¹

Halldóru sveið undan kveðskapnum og var óvönd að meðulum þegar hún galt lögmanninum vísnaunin. Svo hrekkjótt hefur hún þótt og ókurteis að samtíðamönnum hennar sumum blöskraði. Halldóra átti eins og aðrir þegnar samfélagsins að sýna yfirvöldum tilhlýðilega virðingu. Ekkert virðist fjarri henni. Glöggt má sjá að Halldóra beygði sig hvorki fyrir veraldlegu né andlegu valdi. Hún var t.d. óhrædd við að sneiða að Birni Þorleifssyni biskupi en bændur á Norðurlandi voru margir ósáttir við yfirgang hans og fjölmennar yfirreiðir. Viðhorfið til Halldóru var berlega ekki á einn veg enda kemur fram að hún hafi þótt „vitur kona og mikilhæf að sumu“ (11), en hrekkir hennar og „ósnyrti“ hafi mjög spilt fyrir. Hún hafi þó „[...] talin allörlát verið hafa snauðum mönnum“ (11). Að lokum má geta þess sem Jón Ólafsson úr Grunnavík segir um væringar Halldóru og Páls Vídalín:

Þó var þeirra ágreiningi, sem mest stóðu á orðabrösum, ei svo fast rættur, að hann ei væri henni oft til liðsinnis, sem þá hann hjálpaði henni móti

1 Vísurnar eru svona í Lbs 360 8vo:

Dóra þú lést dikta ljóð,
dári þig sérhver maður,
búri þinn hefur bekrahljóð
blestur og dimmraddaður.

Þú munt verða af þessu glödd,
það er þinn barndóms vani,
gömul álf með gæsarödd,
grimm sem reiður hani. (Guðrún Ingólfssdóttir, *Um lausavísur Páls Vídalíns*, s. xxx–viii)

Lauritzi lögmanni um uxann, er hann vildi hafa af henni í siglingartoll sinn fyrir taxtann 1702.¹

Bókaeign hlýtur að hafa verið nokkur á æskuheimili Halldóru og Sigríðar. Faðir þeirra síra Erlendur Ólafsson var talinn lærður maður og einkar vel að sér í fornfræði. Halldóra kemur við sögu einnar bókar sem óvíst er hvaða not hún hafði af. Hún útvegaði Árna Magnússyni meginhlutann af AM 657 a–b 4to, skinnhandriti frá miðri 14. öld, sem geymir að mestu trúarlegt efni, dæmisögur og jarteinir. Áður var það kirkjubók í Bólstaðarhlíð. Gömul skinnhandrit sem þjónað höfðu hlutverki sínu fengu sum nýtt á 17. öld, blöð þeirra voru t.d. notuð sem hlífðarkápur utan um pappírshandrit. Fólkhélt hins vegar áfram að lesa kapólskar dæmisögur svo Halldóra gat hafa lesið bókina sér til dægrastyttingar og andlegrar upplyftingar. Framkoma hennar við þá presta sem þjónuðu í Bólstaðarhlíð segir lítið um viðhorf hennar til trúarlegra bókmennta. Hvernig sem sambyli Halldóru við bókina var háttað var hún sannarlega ein þeirra kvenna sem lögðu Árna lið við handritasöfnunina. Marga merka skinnþjötluona veiddu konur upp úr rúmbotnum sínum og gaukuðu að honum.

Bænabækur og trúarrít eru allnokkur varðveitt úr eigu 17. aldar kvenna. Þau eru þó umtalsvert færri en bækur þeirra sem geyma kveðskap og sögur. Mikið af þessu efni er ýmist helgað konum eða handritin eru skrifuð fyrir þær. Síra Jón Guðmundsson í Stærra-Árskógi á Árskógsströnd við Eyjafjörð átti tvær dætur og tvo syni. Lbs 3443 8vo er bænakver sem hann skrifaði árið 1689 handa Guðrúnu dóttur sinni (f. 1675):

Ég undirskrifaður gef þetta bænakver dóttur minni Guðrúnu Jónsdóttur, það tilskiljandi, að hún þessar bænir iðki og elski, hvörs vegna ég hefi þær og samanskrið. Óskandi henni allra heilla og hamingju, stundlega og eilíflega fyrir Jesúm Kristum. Jón Guðmundsson m.e.h. (24v)

Bænirnar voru einnig „sem skjöldur mót öllu illu“ (25v). Bænakver Guðrúnar þjónar ekki einasta guðrækni hennar, því fylgir einnig vernd í viðsjálum heimi og heillaósk frá föður. Kverið ber titilinn „Andlega söl-skífa og sigurverk hjartans“, sem táknar að sá sem iðkar bænirnar tekur stefnu á sólina (guðdóminn) og gangverk hjarta hans er óttalaust, slær í takt við sólina. Síðar gaf Jón kverið manni að nafni Eymundur Jónsson (24r).

1 Jón Ólafsson, „Úr uppkasti að ævisögu Páls Vídalíns“, í *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, útg. Guðrún Ása Grímsdóttir (Reykjavík, 2013), s. 163–171, 167.

Að *iðka bænir* merkir að „þylja bænir“, hvort heldur er upphátt eða í hljóði.¹ Einlægast er að álykta að Guðrún hafi á endanum lært bænirnar utan að og því ekki þurft kverið sér til stuðnings. Sem hluti af iðkandanum sjálfum höfðu bænirnar mestan kraft. Bænabækur fylgdu sumar eigendum sínum ævina á enda. Þær gátu þó ferðast hratt milli fólks ef þær þjónuðu ekki lengur hlutverki sínu sem minnisstoð.

Jón skrifaði sama ár annað handrit að bænunum (ÍB 354 8vo). Á laust blað aftast skrifar Guðrún nafnið sitt eigin hendi og það gerir einnig Ólöf systir hennar (1673–1748). ÍB 354 8vo er e.t.v. skrifað handa Ólöfu og í sama tilgangi. Hún varð húsfreyja á Skriðulandi í Eyjafirði og eignaðist tvö börn sem hún því miður lifði. Líkræða eftir Ólöfu er varðveitt í JS 478 8vo.² Af ræðunni að dæma hefur hún ekki valdið presti óþarfa heilabrotum. Ólöf var „af ypparlegu fólki“ (1r) og mynd hinnar fullkomnu húsmóður rennur hikstalaust úr penna hans:

Hennar lyst var ekki til þrjáls eður óhófs í kosti eður klæðaburði, heldur hafði hún þarfa hluti kæra og stundaði síns húss gagn og sóma án fordildar. Í allri umgengni sómaprúð og siðagtug. (2v)

Lýsingin á uppeldi Ólafar er einnig kunnugleg. Foreldrar hennar:

[...] með stórrí ástundan tilhéldu henni að læra það sem hennar heiðursstandi vel sómdi, hvað hún og þekktist með allri auðsveipni, svo merkjanlega sást að Guð gaf henni náð með aldri til framfarar í hvers kyns kven-dygðum og siðþrýði sem hana gjörðu allvel þokkaða í hennar uppvexti. (1v)

Ef ekki væri fyrir handritin úr eigu þeirra systra væri ógjörningur að segja hvað fólst í menntun Ólafar eins og henni er lýst hér. Ólöf og Guðrún voru ekki aðeins læsar, þær voru líka færar um að skrifa, a.m.k. nafnið sitt. Jafnbokuslungið er uppeldi Ólafar á hennar eigin börnum:

Sinna barna velferð elskaði hún af hjarta og sparaði hvorki ögun, uppfræðing, andaktugar fyrirbeðslur, eður hvað annað er hún mátti tilleggja, að þeim yrði guðsótti og aðrar kristilegar dygðir innrætтар á þeirra ungdómsárum [...]. (2v)

1 Ekki er með öllu hægt að útiloka lestur.

2 Handritið er hvorki blað- né blaðsíðumerkt. Líkræða Ólafar er aftarlega í handritinu en hefst á nýrri örk. Hér var sú leið farin að nefna fyrsta blaðið 1r en ræðan nær fram að blaði 3r í örkinni.

Myndin sem hér er dregin upp mætti að ósekju vera fyllri. Hún veitir hins vegar innsýn í viðhorf sumra samtímamanna þeirra systra til kvenna. Taka verður með í reikninginn að margar konur reyndu að lifa samkvæmt hugsýninni um hina fullkomnu húsmóður og móður. Lýsing Ólafar getur því hæglega verið raunsönn þó að í huga okkar sé hún æði stöðluð. Hamr- að var á dygðum kvenna og siðferðispreki og var trúarritum og trúarkved- skap haldið mjög að þeim. Bókæign þeirra opnar á hinn bóginn gátt inn í hugarheim sem gat verið ögn litskrúðugri og ævintýralegrí.

Syrpur

Fá handrit gefa gleggri mynd af sjálfsmýnd og hlutverki manna á fyrri tíð og syrpur (e. *miscellanies*), handrit með fjölþættu efni. Syrpur lærdóms- manna grundvölluðust oftast en ekki á því sem kallað er alfræðihefð. Í alfræðiritum (e. *encyclopediae*) miðalda mátti finna þann fróðleik um ver- öldina sem var í hávegum hafður og skipað var niður eftir ákveðnu kerfi. Syrpur kvenna og almúgamanna styðjast við almanakshefðina (e. *alman- ack tradition*) sem í raun má kalla menntunarprógramm þeirra sem ekki nutu formlegrar skólagöngu. Á miðöldum var almanakshefðin nátengd alfræðihefðinni. Þegar farið var að prenta almanök í Evrópu með tilkomu prentverks urðu upplýsingarnar sem fylgdu tímatalinu fjölskrúðugri og fóru í ríkari mæli að tengjast daglegu lífi manna. Á 16. og 17. öld voru t.d. prentuð almanök á Englandi sem áttu að styðja fyrirmyndarhúsmóður við rekstur heimilisins. Enskar konur söfnuðu auk þess heimilissyrpum sem þær notuðu við að kenna börnum sínum. Í slíkum syrpum mátti finna texta af margvíslegu tagi, t.d. trúarlega, fróðleiksfulla og til skemmtunar.¹ Í prentuðum almanökum birtist sú heimsmynd sem yfirvöld vildu halda að almúganum en íslensku og ensku handrit af þessari hefð eru sniðin að þörfum eigandans. Þegar fram í sótti urðu syrpur lærðra íslenskra karla einnig fyrir áhrifum frá almanakshefðinni.²

Elstu varðveittu syrpurnar úr fórum kvenna eru frá 17. öld. Árið 1676 var á Hólum útbúin syrpa fyrir Önnu digru Jónsdóttur (1650–1722), syst- ur Ragnheiðar biskupsfrúr í Gröf (JS 204 8vo). Skrifari handritsins er síra Árni Geirsson síðar alþingisskrifari. Hann úthjó titilsíðu og tileinkaði handritið Önnu (1r og 2r). Þar kemur fram hvers konar bók þetta er:

- 1 Phillipa Hardman, „Domestic Learning and Teaching: Investigating Evidence for the Role of „Household Miscellanies’ in Late-Medieval England“, í *Women and Writing, c. 1340–c. 1650. The Domestication of Print Culture* (Woodbridge, 2010), s. 15–33, s. 18; Sjá einnig Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 215.
- 2 Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 187–191.

Nauðsynleg góð og heilnæm fræðibók, innihaldandi heilaga sálma og söngvísur, með mörgu öðru sem fróðlegt er að vita og viðkemur landsins lélegheitum. (2r)

Anna var ógift á þessum tíma og virðist ætlunin með bókinni að mennta hana og búa undir hjónabandið og barnauppeldi, en einnig að nestu hana með textum sem hún gat yljað sér við. Í handritinu er kvæði eftir Helgu systur Önnu, kveðskapur eftir föður hennar og bróður, Jón Arason í Vatnsfirði og Magnús í Vigur, sálmar af ýmsu tagi, bænir (sumar á dönsku), þarflegt efni fyrir þá sem hyggja á hjónaband (t.d. „Hjónaspegill“) og efni til kennslu barna og undirbúnings undir fermingu („Ein barnabæn“, boðorðin tíu, trúarjátningin o.fl.).¹

Þó að Anna hafi ekki notið formlegrar skólagöngu, fremur en aðrar konur, er í bók hennar uppbyggilegt efni úr kennslubók sem prentuð var á Hólum um 1620, *Hólar Cato*.² Rétt eins og í kennslubókinni er hér þýðing Jóns Bjarnasonar á Presthólum á Hugsvinnsmálum (Disticha Catonis) og De civilitate morum eftir Johannes Sulpicius Verulanus (Sulpicius ríma), svo og þýðing Arngríms Jónssonar lærða á Spakmælum sjö Grikklands-spekinga (Dicta septem sapientum Grecia selectiora).³ Kirkjuordinantían eftir síðskiptin kvað á um að kenna ætti Cato í yngstu bekkjum skólanna⁴ og því var það efni sem prentað var í *Hólar Cato* sennilega partur af grunnnámi. Af fræðibók Önnu má sjá að þær konur sem fengu menntun lærðu sumpart það sama og kennt var í stólsskólunum. Bók hennar tekur, eins og áður sagði, jafnframt mið af væntanlegu hlutverki hennar sem eigin konu og kennara barna sinna.⁵ Þó að ekki væri amast við því að konur skemmtu sér við lestur var krafan um hagnýtt gildi menntunar þeirra alla

1 Margrét Eggertsdóttir, „Um kveðskap kvenna og varðveislu hans“, án bls.; idem „Handrit og hannyrðir á Hólum og í Gröf“, s. 85–101; Þórunn Sigurðardóttir, „Constructing Cultural Competence in Seventeenth Century Iceland“ [væntanleg].

2 *The Hólar Cato. An Icelandic Schoolbook of the Seventeenth Century*, útg. Halldór Hermannsson, *Islandica XXXIX* (Ithaca, 1958).

3 Margrét Eggertsdóttir, „Um kveðskap kvenna og varðveislu hans“, án bls.; idem „Handrit og hannyrðir á Hólum og í Gröf“, s. 85–101; Þórunn Sigurðardóttir, „Constructing Cultural Competence in Seventeenth-Century Iceland“ [væntanleg]; Halldór Hermannsson, „Introduction“, í *The Hólar Cato. An Icelandic Schoolbook of the Seventeenth Century* *Islandica XXXIX* (Ithaca, 1958), s. ix–xxxiv.

4 Sjá Halldór Hermannsson, „Introduction“, s. xx–xxii.

5 Á saurblaði rektó-hlið skrifar Anna e.t.v. nafnið sitt. Á neðri spássú á bl. 145r eru bænaáköll og upplýsingar um eiganda. Einnig segir þar að Guðrún Bjarnadóttir eigi pennann. Freistandi er að álykta að Guðrún skrifi sjálf allt þetta.

tíð rík.¹ Hugmyndin um menntun sem andlegan auð og sálarþroska sem ekki verði tekinn frá manni hvernig sem veröldin veltist, er sjaldan tengd við konur óháð hlutverki þeirra. Í fræðibók Önnu má sjá vísi að þessari hugmynd. Neðst á titilsíðu er vitnað í Seneca:

Svo sem haglið á húsapekjum dynur hátt, en dugir ekki að brjóta þau, svo vinnur ekki neitt áhlaup vondra manna né umsátur að skaða einn guð-hræddan og vitugan mann. (2r)

Og á bl. 5v er þessi vísa:

Eilíf spekin allra hæsta,
oss sigur og hlíf,
á sálu og lífi
og sé hið næsta.

Syrpa Halldóru Ketilsdóttur (AM 436 12mo) sem fjallað var um hér að framan geymir einnig efni sem tengist *Hólar Cato*.

Elín Jónsdóttir (1666–1737) átti syrpu, Elínarbók, sem samanstendur af handritunum AM 67 8vo, AM 716 f 4to, AM 717 c 4to, AM 717 f α 4to og AM 717 g 4to. Handritafjöldinn skýrist af því að Árni Magnússon deildi henni í nokkra staði. Elín var dóttir síra Jóns Guðmundssonar að Staðarhrauni og Halldóru Jónsdóttur af Svalbarðsætt. Þær Anna digra voru frænkur. Jón, faðir Elínar, skrifaði handritið á árunum 1664–1682, en felldi það í eina heild árið 1682. Hluta af handritinu skrifaði Jón fyrir sjálfan sig enda hóf hann ritun þess áður en Elín fæddist. Mikið af því efni gat hins vegar gagnast þeim báðum. Á bl. 67r er ætt Elínar rakin niður til nöfnu hennar og langömmu, Elínar Sigurðardóttur. „Gera má því skóna að Jón reki ættina ekki lengra til að undirstrika að nafnið á dóttur hans sé komið frá langömmu hennar, en það á að sýna hversu vel ættuð Elín Jónsdóttir er“.²

Konur virðast margar hafa varðveitt ættfræðifróðleik í munnlegri geymd. Í Lbs 2691 4to er varðveitt ættartölubók sem síra Jón skrifaði eftir fyrirsögn móður sinnar, Jórunnar Illugadóttur (1612–1696), prest-frúr í Pæfunesi. Afar hennar voru Gísli Jónsson biskup í Skálholti og Árni

1 Á 19. öld fór fram forvitnileg umræða um menntun kvenna. Erla Hulda Halldórsdóttir gerir henni góð skil í bók sinni *Núttímans konur* (Reykjavík, 2011).

2 Guðrún Ingólfssdóttir, „Elínarbók, AM 67 8vo, AM 716 f 4to, AM 717 c 4to, AM 717 f α 4to og AM 717 g 4to“, í *Handritasyrpa. Rit til heiðurs Sigurgeiri Steingrímssyni sjötugum 2. október 2013*, ritstj. Rósa Þorsteinsdóttir (Reykjavík, 2014), s. 103–120, s. 116.

Gíslason sýslumaður á Hlíðarenda. Elín var sem sagt komin af höfðingjum í báðar ættir.

Elínarbók tengist handritum af almanaks- og alfræðihefðinni en í slíkum bókum má finna „tímatalsefni, annál, stjörnufræði, fróðleik um vegalengdir, taxta, lögfræðilegt efni, sögulegan fróðleik, siðferðilegt efni og heilræði. Einnig er hér trúarlegur kveðskapur og veraldlegur, bæði menntandi og til skemmtunar“.¹ Mörg kvæðin, svo og ýmislegt annað efni (t.d. „Af einni ærlegri kvennu og góðri kvenmannspersónu heimtast þessar dygðir“), tengist konum á einn eða annan hátt, en auk þess eru hér varðveittir brúðkaupssíðir. Þrátt fyrir að efni Elínarbókar og Önnubókar (JS 204 8vo) sé ekki það sama er megintilgangur þeirra keimlíkur, að mennta ungar stúlkur og búa þær undir hjónaband og barnakennslu. Ólíkt efni ber vott um mismunandi áherslur við uppfræðsluna. Í báðum handritunum má finna stafrófið á spássíum og báðar virðast þær munda pennann en Elín skrifar snöggum meira.

Pórey Björnsdóttir (1676–1745) húsfreyja m.a. í Hleiðrargarði í Eyjafirði átti syrpu sem eiginmaður hennar skrifaði fyrir hana á árunum 1700–1707 (Lbs 4209 8vo). Pórey missti manninn eftir stutt hjónaband og varð því einstæð móðir með fjögur börn. Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var efnahagur hennar þökkalegur.² Búið í Hleiðrargarði taldist sennilega miðlungsbúi eða þar um bil. Pórey var líkt og Elín og Anna af Svalbarðsætt en tilheyrði þó ekki efra lagi samfélagsins. Á fyrri öldum var samfélagið viðkvæmt fyrir ágjöf og því gat fólk hæglega hrapað niður um þrep í samfélagsstiganum.³

Þó að handrit Póreyjar sé af almanaks- og alfræðihefðinni er efnið og andinn í því svolítið annar en í handritum Elínar og Önnu, enda er það skrifað fyrir gifta konu. Uppistaðan í syrpu Póreyjar eru kvæði og lausavísur en það geymir auk þess fáeina lausamálstexta. Handritinu má skipta í þrjá hluta. Í fyrsta hluta er tímatalsefni og fræðiljóð eða kennsluljóð (dídaktík). Annar hluti hefst á siðferðilegu efni (heilræðum og orðskviðum), þá koma fræðapulur (t.d. um stjörnufræði), stærðfræðiefni, veðurvíska, tímatalsefni og enn stærðfræðiefni. Trúarlegum vísum er skotið

1 Sama, s. 111.

2 Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 10, ljósprentun eftir útgáfunni sem prentuð var í Kaupmannahöfn 1913–1943 (Reykjavík, 1987), s. 245–246.

3 Sigurður Gylfi Magnússon sýnir vel hversu áföll af ýmsu tagi gátu haft afgerandi áhrif á líf fólks og stéttarstöðu á Íslandi hér áður fyrr (Sigurður Gylfi Magnússon, „Sögur af fátæku fólki og þurfalingunum árið 1902“, í Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon, *Fátækt og fúlga. Þurfalingarnir 1902* (Reykjavík, 2016), s. 37–150).

inn á milli efnispáttu. Drýgstur partur þriðja hluta er veraldlegur kveðskapur. Þar koma konur mjög við sögu en einnig kveðskapur sem fjallar um samband hjóna. Í þessum hluta er og reikningsþraut í formi gátu, varnargaldur og grafskrift, en einnig er trúarlegum kveðskap skotið reglulega milli efnispáttu. Handrit Þóreyjar geymir mikið af efni sem hún nýtti við kennslu barna sinna. Athyglisvert er að eitt og annað þurfti hún að kunna fyrir sér í reikningskúnst sem yfirleitt er talið að konur hafi ekki fengið innsýn í. Uppistaðan í Lbs 4209 8vo er nytsamlegur fróðleikur handa fyrirmyndar húsmóður sem fylgdist grannt með tímanum. Síðasti hluti þess er hins vegar helgaður skemmtiefni henni til upplýtingar.

Í syrpu Þóreyjar er rík áhersla á þá eindrægni sem ríkja á milli hjóna til að heimilishaldið gangi snurðulaust fyrir sig. Í handriti hennar glíma jafningjar. Á vissan hátt er handritið ekki bara hápólitískt hvað það varðar, í því er einnig efnispáttur sem túlka má sem gagnrýni á Björn Þorleifsson biskup og yfirgang hans. Ef grannt er skoðað getur lesefni kvenna sýnt að kallað var eftir framtaki þeirra og jafnvel skoðunum. Þær áttu kannski ekki rödd á opinberum vettvangi en hafa verður hugfast að á þessum tíma var heimilið bæði athvarf og vinnustaður flestra landsmanna.¹

Landafræði og orðasöfn

Í fylgd með Hans Nansen og landafræðiriti hans *Compendium Cosmographicum* flugu sumar konur út í heim. Ekki var um auðugan garð að gresja í landafræðiritum á íslensku á þessum tíma.² Þegar Kristín Halldórsdóttir segir á saurblaði AM 198 8vo að hún eigi þetta rit árið 1669, er þýðingin splunkuný á þeirra tíma mælikvarða. Síra Þórður Sveinsson þýddi rit Nansens árið 1653. Ekkert er vitað um Kristínu en ekki er ósennilegt að það sé kona af betra standi sem á slíkt rit. Verið getur að það sé Kristín (1640?–1685), dóttir síra Halldórs Teitssonar annálaritara og Guðrúnar Skúladóttur, komin af miklu bókafélki. Móðuramma hennar var Steinunn Guðbrandsdóttir, Þorlákssonar biskups.

Eins og margoft hefur komið fram kunnu konur eitt og annað fyrir sér í tungumálum þrátt fyrir að vera ekki ýkja víðförlar. Hingað til lands komu menn af ýmsu þjóðerni einkum til fiskveiða og kaupskapar. Í handritum eru til orðasöfn úr ýmsum tungumálum sem án efa tengjast viðkomu slíkra

1 Ítarlega er fjallað um handrit Þóreyjar í Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 204–257.

2 Sama, s. 260–261.

manna, t.d. orðasöfn úr basknesku.¹ Helga Jónsdóttir (1639?–1718), systir Önnu digru og Ragnheiðar í Gröf, átti máski eitt slíkt. Handrit Helgu er týnt en Sveinbjörn Egilsson skrifaði upp 11 orð úr því í JS 284 8vo. Hann segir að aftan við safnið hafi staðið ártalið 1685 og nafnið Helga Jónsdóttir. Sveinbjörn kallar orðsafnið „kátlegar glósur mér hreint óskiljandi“.²

6. *Alþýðukonur*

Pegar líða tekur á 17. öld finnast æ fleiri handrit í höndum kvenna af lægri stigum, t.d. dætra bænda og fátækra presta. Hér að framan hafa fáeinar slíkar komið við sögu. Vert er að hafa í huga að bækur alþýðufólks voru líklegri til að glatast þar eð það bjó við verri húsakost og stóð oftar í flutningum. AM 104 8vo er kvæðabók sem geymir einkum trúarleg kvæði (sum kaþólsk) og rímur. Handritið var að mestu skrifað fyrir Kristínu Árnadóttur (f. 1627) (50v og 189v). Árið 1681 var Kristín hjáleigukona í Görðum í Bervík á Snæfellsnesi en samkvæmt Manntalinu 1703 var hún búðarkona í Kristínarbúð í Bervík, þá orðin ekkja. Ekki hefur tekist að hafa upp á ætt eða uppruna Kristínar en svo virðist sem hún sé læs alþýðukona.³

Ingveldur (f. 1671) dóttir Jóns Arnbjörnssonar bónda á Hamraendum í Stafholtstungum skrifar nafn sitt eigin hendi í handrit af Laxdæla sögu (Papp 4to nr. 23).⁴ Jón og Ingveldur tilheyrðu ekki efsta lagi samfélagsins en komust ágætlega af. Faðir hennar átti handritið árið 1670 (1r). Þar eð Ingveldur skrifar nafn sitt í handrit af þessu tagi er ekki ósennilegt að hún sé að merkja sér bókina. Hvort faðir hennar hefur gefið henni handritið eða hún erft það er ekki vitað. Trúlega höfðaði Laxdæla saga alla tíð mjög til kvenna þar eð höfuðpersóna verksins er kvenskörungurinn Guðrún Ósvífursdóttir og konur fá óvíða jafnmikið rúm í frásögninni.

Á síðari hluta 18. aldar áttu tvær aðrar konur handrit að Laxdæla sögu, þær Ragnheiður Guðmundsdóttir (1766–1840) húsfreyja á Elliðavatni

1 Sjá Ricardo Etxepare og Viola G. Miglio, „The Newly-Discovered Fourth Basque-Icelandic Glossary“, í *Basque Whaling in Iceland in the XVII century. Legal Organization, Cultural Exchange and Conflicts of the Basque Fisheries in the North Atlantic*, Basque Law Series 2 (Santa Barbara, 2015), s. 345–391.

2 Helgi Guðmundsson, „Um þrjú basknesk-íslensk orðasöfn frá 17. öld“, *Íslenskt mál* 1 (1979), s. 75–87, s. 75.

3 Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 333; Hallgrímur Pétursson, *Ljóðmæli* 2, ritstj. Margrét Eggertsdóttir, Kristján Eiríksson og Svanhildur Óskarsdóttir, Ritsafn II (Reykjavík, 2002), s. 211.

4 Handrit Katrínar Ögmundsdóttur er einnig dæmi um handrit í eigu bóndadóttur (sjá V,5).

(Lbs 1212 4to) og Oddný Helgadóttir (1748–1805) húsfreyja á Hornbrekku í Skagafirði (Lbs 1332 4to).¹ Jón Þorsteinsson bókbindari skrifaði handritið fyrir Ragnheiði en afi Oddnýjar, síra Jón Helgason, skrifaði það handrit sem hún eignaðist. Oddný átti auk þess Ólafs sögu Tryggvasonar (Lbs 4083 4to). Handrit Oddnýjar varðveittir eftirrit af Skálholtsútgáfunni frá 1689. Að lokum má geta þess að Guðrún Ketilsdóttir (1761–1819) átti bók með Íslendingasögum (AM 928 4to), m.a. Laxdælu. Guðrún átti handritið í föðurhúsum því hún kennir sig við Veðrá þegar hún skrifar nafnið sitt á bl. 300r, en foreldrar hennar voru bændur á Ytri-Veðrá í Öndarfirði.

Oddný Helgadóttir var komin af prestum en þær Guðrún Ketilsdóttir og Ragnheiður Guðmundsdóttir af bændum. Áður hefur komið fram að fornsögum var haldið að skólasveinum og ekki síður þeim konum sem fengu smjörþef af bóklegri menntun. Titilsíðan í handriti Guðrúnar sýnir að heimur fornsagna var ekki lokaður almúgakonum og körlum: „Merkileg sögubók af ýmsum forn mönnum Íslands til fróðleiks og skemmtunar námfúsum almúga“.

7. Bókakonur í upphafi 18. aldar

Sjaldnast er gerlegt að segja nákvæmlega til um hvenær konur áttu tiltekin handrit. Ófáar konur lifðu fram yfir aldamót og því er ekki heiglum hent að fullyrða hvort eignartíminn spanni drýgstan hluta ævinnar eða einungis fyrir aldamót eða eftir þau. Hér að framan var fjallað um þær bókakonur sem horfðu framan í 17. öldina og þær sem fengu að líta tvær aldir. Myndin breytist örlítið þegar skoðaðar eru þær bókakonur sem fæddar eru eftir 1700 en innan tímabilsins sem var til rannsóknar (þ.e. ekki seinna en 1730). Enn fleiri konur af lægra standi ganga nú fram á sviðið en einnig eru þær orðnar fleiri sem ógerningur er að afla upplýsinga um, hverfa í mannhafið. Á árunum frá 1700 til 1730 safnar Árni Magnússon handritum og skjölum af slíkum móð að þess sér hreinlega stað í bókaeign kvenna sem fæddar eru á þessu tímabili. Einungis ein sögubók er þá í eigu konu sem er í hróplegri mótsögn við öldina á undan þar sem næstflest handritin í höndum kvenna voru sögubækur. Kvæðasöfn eru þó í öðru sæti eða 20% af handritaeigninni. Sýrpur, með margbreytilegu efni, eru 12% handritaforða kvenna en aðeins eitt handrit er af ýmsum öðrum efniflokkum, t.d. predikunum, ferðabókum, rími, ættfræði og lögfræðilegu efni. Flestar eru sálmaþekurnar (32%) en trúarrit og bænabækur skipa líka veglegan sess

1 Sjá Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 162.

í bókahirslum kvenna (15%).¹ Það ýtir vissulega undir þá goðsögn að slíkt rit hafi fyrst og fremst einkennt bókakost kvenna. Á tímabilinu 1730–1900 breytist myndin aftur. Þá eru kveðskaparhandrit um 44% handrita í höndum kvenna, sögur af ýmsu tagi um 17%, syrpur um 11%, en sálmar og bænir um 15%.² Mun minna er um aðra efnisflokka en þeir eru sumir hverjir þeir sömu og á öldunum á undan en einnig berast mun fjölbreyttari handrit upp í hendur kvenna á þessum tíma, t.d. reikningsbækur, matreiðslubækur o.fl. Hér er vert að taka fram að varðveisla batnar til muna á þessum tíma og því er ekki hægt að gefa sér að slíkt handrit hafi ekki áður verið í eigu kvenna.

Eins og sjá má hér að framan tengist handritaeign kvenna allt fram á 17. öld fyrst og fremst helstu höfðingjaættum landsins, en þessar ættir voru einkum á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi (Eyjafirði og Skagafirði), svo og biskupsstólunum á Hólum og í Skálholti. Á 17. öld tekur tilvist bóka nýja stefnu og konur ótengdar höfðingjaættum, jafnvel konur af lægri stigum, birtast með bækur í þússi sínu. Það virðist þó ekki hafa afgerandi áhrif á landfræðilega dreifingu bóka í eigu kvenna. Á fyrstu áratugum 18. aldar virðist það sama upp á teningnum, handrit í höndum kvenna er helst að finna á Vestfjörðum, Eyjafirði, Skagafirði og Borgarfirði. Fáein handrit má finna á Suðurlandi en aðeins eitt tengist Þingeyjarsýslu og annað Austfjörðum. Þessar niðurstöður ríma við umfjöllun Peter Springborg um handritamiðstöðvar á Íslandi á 17. öld, þar sem handrit voru framleidd í stórum stíl á Vestfjörðum (kringum Vigur við Ísafjarðardúp), á Norðurlandi (kringum Hóla) og á Suðurlandi (kringum Skálholt), svo og niðurstöður Terezu Lansing um dreifingu handrita af Hrólfs sögu kraka.³

8. Samantekt

Elstu varðveittu handritin úr eigu kvenna eru frá síðari hluta 14. aldar og 15. öld. Sum voru skrifuð fyrir þær sem sýnir að konur voru snemma virkir þátttakendur í bókmenningu þjóðarinnar. Handritin geyma einkum sögur (Íslendingasögur, konungasögur og riddara- og fornaldarsögur), frásagnir af heilögum meyjum og mönnum og lög. Drengir úr höfðingjastétt lærðu

1 Sbr. viðauka.

2 Hér er stuðst við óbirtan lista yfir handrit kvenna á þessum tíma.

3 Springborg, „Antiqvæ historię Lepores“, s. 53–89; Tereza Lansing, *Post-medieval production, dissemination and reception of Hrólfs saga kraka*, doktorsritgerð frá Kaupmannahafnarháskóla (Kaupmannahöfn, 2011), s. 57–67; sjá einnig Arthur, „The Importance of Marital and Maternal Ties“, s. 201–233.

að lesa annaðhvort á lögbókina eða ritninguna og hafa þær mæður sem sáu um lestrarkennslu barna sinn þurft að hafa aðgang að slíkum bókum. Einu opinberu starfsgreinarnar á fyrri öldum tengdust lögfræði eða guðfræði og því var um leið verið að undirbúa þá marga undir framtíðarstarfið. Þær yfirstéttarkonur sem fengu skólun í lestri lærðu sennilega líka á þessar bækur enda kom það síðar ósjaldan í þeirra hlut að sjá um lestrarkennslu barnanna. Bókæign kvenna á þessum öldum rímar einnig við það að verið er að skrifa sögu landsins fáeinum öldum eftir að það byggðist og koma friði á eftir viðsjár Sturlungaaldar. Þekking á sögu landsins var og er partur af menntun og sjálfsmynd hvers Íslendinga. Ekki er heldur ósennilegt að fornsögur hafi átt þátt í að stæla kjarkinn í baráttunni við óblíð kjör.

Frá 16. öld geyma handrit kvenna fjölbreyttara efni en lögbækur og sagnahandrit skipa enn stóran sess. Tíðabókum, sem einkum urðu vinsælar í Evrópu á 15. og 16. öld, fylgdi gjarnan almanak eða rím og urðu konur því snemma sleipar í tímatafsútreikningi. Konur voru vaktmenn tímans og hugðu að þeim venjum sem fylgdu hverri stund. Hjá húsmóðurinni á bænum kallaði hver árstíð og hver mánuður á mismunandi verklag. Eitt af hlutverkum hennar var jafnframt að innræta börnum sínum meðvitund um tímann.¹ Bænabækur og trúarlegir textar eru og áberandi enda urðu siðskipti á öldinni sem kölluðu á uppfræðslu í hinum nýja sið. Markmið siðbótarmanna var að efla fræðslu allra.² Það kom m.a. í hlut kvenna að sjá um þá kennslu innan heimilisins.

Kvæðabók skýst upp úr svuntuvasa konu á þessum tíma, bók sem geymir kaþólsk kvæði þrátt fyrir hinn nýja sið. Konur handleika nú einnig bækur sem víslega hafa verið hluti af námsefni pilta í stólsskólunum fyrir siðskipti, þ.e. Elucidarius og Konungs skuggsjá. Siðferðisboðskapur þessara rita höfðaði án efa til kvenna. Konungs skuggsjá veitir einnig innsýn í pólitík og hernaðarlist og á slíku höfðu konur áhuga, nægir að nefna rit Christin de Pizan um hernað og vopnaburð. Landa- og náttúrufræðifróðleikur ritsins gat síðan gagnast konum við barnauppeldi.

Á 17. öld finnast fleiri handrit úr fórum kvenna en frá öldinni á undan. Pappír varð á þessum tíma ódýrari sem skýrir að nokkru fjölgun varðveittra bóka en fyrir áhrif frá húmanisma eða fornmenntastefnunni reið einnig mikil uppskriftabylgja yfir landið. Handrit kvenna verða og fjölbreyttari að efni enda bárust hingað ýmsar bókmenntategundir með siðskiptunum sem ekki höfðu áður verið í bókmenntaflóru Íslendinga. Nú

1 Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 217.

2 Margrét Eggertsdóttir, „Frómu og guðhræddum, leikum og lærðum“ (væntanleg). Sjá einnig þriðja kafla.

ber svo við að kvæðabækur eru algengustu handritin í eigu kvenna. Auk veraldlegra kvæða, geyma þær trúarljóð og sálma. Kveðskapariðkun tók kipp eftir siðskiptin sem kallaði á auknar uppskriftir á Snorra Eddu en tvær slíkar finnast í eigu kvenna á þessum tíma. Líkt og á fyrri öldum eiga konur mikið af lögbókum og sagnahandritum af ýmsu tagi. Enn má og finna í forum þeirra bænabækur, trúar- og siðferðilega texta, rím, Konungs skuggsjá og Elucidarius. Ekki er loku fyrir það skotið að þó að þessi rit hafi horfið úr stólsskólunum hafi þau áfram gengt hlutverki í uppfræðslu barna.

Engum blöðum er um það að fletta að kveðskapurinn í handritum kvenna eftir siðskiptin tók miklum breytingum og gerir það enn á 17. öld. Eftir siðskiptin urðu predikanasöfn vinsæl og slíkar bækur leynast nú í kistlum kvenna enda stýrðu þær stundum guðrækni heimilisins, en einnig ævipættir ættingja og líkræður. Þó að landafræðirit dúkki nú fyrst upp má benda á að Reynistaðarbók (AM 764 4to), sem skrifuð var fyrir nunnurnar í Skagafirði, geymdi landalýsingu. Slíkt efni gæti því frá fyrstu tíð hafa fylgt konum þrátt fyrir að varðveislan gefi annað til kynna. Frá 17. öld eru einnig heimildir um basknest orðasafn úr eigu konu. Að lokum má geta þess að frá 17. öld og upphafi 18. aldar eru varðveittar syrpur með fjölbreyttu efni sem konur nýttu m.a. við kennslu barna sinna. Í þeim er einnig skemmtiefni sem þær gátu glatt sig við, svo og pólitískt efni. Þó að heimur kvenna væri heimilið þá var það hluti af stærra samfélagi og þeir vindar sem þar blésu vörðuðu konur ekkert síður en karla. Þess konar syrpur urðu einnig vinsælar t.d. á Englandi á 16. og 17. öld. Þar eð slíkar bækur hafa verið í miklu brúki voru þær líklegri til að lenda í glatkistunni. Syrpur geyma margar sama efni og notað var við kennslu drengja í skólum. Ástæðan var einkum sú að konur kenndu drengjum grunninn fyrir skólalærdóm.

Söfnun Árna Magnússonar á tímabilinu frá 1700–1730 hafði afgerandi áhrif á bókaeign kvenna enda voru þær ötular við að útvega honum handrit. Það sem þá má finna í hirslum þeirra gefur því ekki rétta mynd af bókaeign þeirra almennt eða lesefni. Svo gæti vírst sem þær hafi setið með sálmaþók í hönd og asklok fyrir himin. Stórabóla sem gekk hér á árunum 1707–1709 og hafði gífurleg áhrif á allt menningarlíf í landinu átti örugglega sinn þátt í að færri handrit voru skrifuð fyrir konur á þessum tíma.

Fram eftir öldum voru það yfirstéttarkonur af valdamestu ættum landsins sem áttu bækur. Þegar líða tekur á 17. öldina birtast ættsmærri konur á sviðinu með bók í hönd, dætur og eignkonur bænda og fátækra presta. Þessi þróun hélt áfram á 18. og 19. öld.

Hin lítilláta guðhrædda yfirstéttarkona með sálma- eða tíðabók í hönd er býsna lífsseig þegar menn gera sér mynd af fyrritíðar bókakonum. Hér að framan birtust mun fjölbreyttari persónugerðir. Eins og áður hefur komið fram voru prentuð trúarrit sennilega uppistaðan í bókaeign fólks eftir siðskiptin, jafnt karla sem kvenna (sjá III,7). Vissulega segir varðveisla bóka ekki nema hálfa söguna og telja fræðimenn að einungis brot þeirra handrita sem var í umferð hafi varðveist. Eitt er þó víst. Þær konur sem á annað borð áttu bækur höfðu allar aðgang að sálmabókum og trúarritum af ýmsu tagi og þær sem einungis skilja eftir sig slíkar bækur lúrdðu gjarnan á veraldlegum ritum, sumum býsna safaríkum.

Ekki er heiglum hent að benda á þátt kvenna í tilurð handrita. Höfðu þær t.d. áhrif á efnisval bókanna sem skrifaðar voru fyrir þær? Völdu þær skreytingarnar eða skreyttu jafnvel sjálfar? Munduðu þær einhvern tíma fjöðurstafinn? Í næsta kafla verður rýnt ofan í pennaför kvenna.

V. Skrifandi konur á Íslandi á miðöldum og fram á 18. öld

1. Rúnakunnátta kvenna til forna

Áður en kristni var lögtekin á Íslandi árið 1000 og latínustafróf barst hingaðu notuðu menn rúnir. Algengt var að rista rúnir á legsteina en einnig var rist í tré, bein og málm. Rúnakunnátta virðist hafa lifað lengi og verið algeng ef marka má ummæli Björns Jónssonar á Skarðsá (1574–1655) í riti hans „Nokkuð lítið samtak um rúnir“. Það styður líka sá mikli fjöldi síðari alda handrita sem geymir rúnaletur.¹ Úr eigu kvenna hafa fundist fáeinir snældusnúðar og má ætla að á suma þeirra hafi kona sjálf rist nafn sitt.² Það á við um snúðinn sem fannst í matjurtagarði við bæinn Hruna („Þóra á mig“) og talinn er frá 13. öld, svo og þann sem fannst í Alþingisreitnum („Vilborg á mig“) og talinn er ekki yngri en frá 11. öld. Fleiri hlutir hafa fundist með ristum eftir konur, t.d. fannst brýni á eyjunni Gotlandi sem talið er frá fyrri hluta 12. aldar. Á brýnið risti móðir fyrir son sinn.³

Í ritheimildun rista konur rúnir. Í Þorsteins þætti uxafóts segir af því að Oddný, hin mállausa móðir Þorsteins, ristir tvisvar rúnir á kefli þegar hún þarf að svara bróður sínum.⁴ Í upphafi þáttarins er Oddnýju lýst svo að hún sé allra kvenna högust, en sá mállaki sé á ráði hennar að hún hafi ekki

1 Þórgunnur Snædal, „Rúnalist og letrabækur“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2006–2007* (2008), s. 5–46, s. 10; idem, „Rúnaristur á Íslandi“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2000–2001* (2003), s. 5–68, s. 6, 8; idem, „Íslenskar rúnir í norrænu ljósi“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1998* (2000), s. 5–33, s. 14, 18.

2 Þórgunnur Snædal í samtali 2. febrúar 2015.

3 Þórgunnur Snædal, „Rúnum ristir gripir frá Alþingisreitnum og Urriðakoti“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2011* (2011), s. 167–185, s. 169; idem, *Medan världen vakar. Studier i de gottländska runinskrifternas språk och kronologi*, Ronologiska bidrag utgivna av Institutionen för nordiska språk vid Uppsala universitet 16 (Uppsala, 2002), s. 87–88.

4 Þorsteins þáttur uxafóts, s. 346.

mál „ok var með því alin“.¹ Frásögnin af rúnaristum Oddnýjar er hreint ekki ótrúverðug. Rúnir sem fundist hafa hérlendis frá 12. og 13. öld sýna að þær voru notaðar á hversdagshluti eins og annars staðar á Norðurlöndum.² Ósennilegt þykir að lengri frásagnir hafi varðveist á þennan máta. Þó segir í Egils sögu að Þorgerður dóttir Egils ætli að rista Sonatorrek á kefli.³ Rúnafræðingar leggja fæstir trúnað á slíkt. Öðru máli gegnir um vísur og styttri texta sem finna má dæmi um.⁴

Eddukvæði geyma fáein dæmi um rýnar konur. Í Atlamálum og Guðrúnarkviðu II ristir Guðrún Gjúkadóttir rúnir og sendir bræðrum sínum viðvörun um vélræði Atla konungs við þá. Í Atlamálum er það síðan Kostbera, kona Högna, sem ræður rúnir Guðrúnar rétt, því áður var búið að falsa þær.⁵ Völsunga saga, fornaldarsaga skrifuð á 13. öld, segir frá rúnakunnáttu Guðrúnar á sama hátt og í áðurnefndum eddukvæðum.⁶

Karlar og konur notuðu rúnir við galdur. Puríður, fóstra Þorbjarnar önguls, ristir rúnir á rótartre og magnar en það á þátt í falli Grettis.⁷ Og í Sigurdrífumálum kennir Sigurdrífa valkyrja Sigurði Fáfnisbana galdrarúnir.⁸ Rúnagaldur þekktist víða á Norðurlöndum en er þó lítill hluti af þeim ristum sem fundist hafa.⁹

2. Rit eftir konur á miðöldum og handrit með hendi þeirra

Ekkert ritverk er óyggjandi eignað íslenskri konu frá miðöldum en eins og áður kom fram fylgja höfundarnöfn sjaldnast miðaldaritum. Fræðimenn

1 Sama, s. 344.

2 Þórgunnur Snædal, „Íslenskar rúnir í norrænu ljósi“, s. 18.

3 *Egils saga Skalla-Grímssonar*, útg. Sigurður Nordal, Íslenzk fornrit II (Reykjavík, 1933), s. 245.

4 Þórgunnur Snædal, „Rúnaristur á Íslandi“, s. 8.

5 *Eddukvæði*, útg. Gísli Sigurðsson (Reykjavík, 1998), s. 292, 329–331. Sjá einnig *Eddukvæði II*, Hetjukvæði, útg. Jónas Kristjánsson og Vésteinn Ólason (Reykjavík, 2014), s. 352, 383–385.

6 *Völsunga saga*, í *Völsunga saga og Ragnars saga loðbrókar*, útg. Örnólfur Thorsson (Reykjavík, 1985), s. 7–97, s. 82.

7 *Grettis saga Ásmundarsonar*, útg. Guðni Jónsson, Íslenzk fornrit VII (Reykjavík, 1936), s. 250.

8 *Eddukvæði*, s. 244–247. Sjá einnig *Eddukvæði II*, s. 314–317.

9 Þórgunnur Snædal, „Íslenskar rúnir í norrænu ljósi“, s. 12.

hafa þó gert því skóna að Laxdæla saga¹ og Svínfellinga saga² séu höfund-arverk kvenna og fært sannfærandi rök fyrir því. Í vísu aftan við uppskrift síra Jóns Grímólfssonar að Laxdæla sögu frá því um 1700 segir að sagan eigi fremur að heita Gunnudæla.³

Ekki verður með vissu bent á miðaldahandrit skrifað af konu. Svanhildur Óskarsdóttir ýjar hins vegar að því að Reynistaðarbók (AM 764 4to) hafi e.t.v. verið skrifuð með þátttöku nunnanna í klaustrinu á Reynistað (sjá IV,2).⁴ Bókin var skrifuð á sjöunda og áttunda áratug 14. aldar. Það sama gerir Simonetta Battista í umfjöllun um Kirkjubæjarkbók (AM 429 12mo) sem skrifuð var um 1500, e.t.v. fyrir nunnuklaustrið í Kirkjubæ, þó að hún útiloki ekki að klerkar í ágústínaklaustrinu í Þykkvabæ hafi gert bókina.⁵

Kirsten Wolf, sem bæði hefur fjallað um AM 429 12mo og gefið það út,⁶ telur sennilegra að nunnur hafi einungis lýst (skreytt) handrit en ekki skrifað. Ekki megi nota þögnina um konur í hópi skrifara sem sönnun þess að þær hafi sýslað við skriftir innan klaustranna.⁷ Hún gerir hins vegar ráð fyrir að nunnurnar í Kirkjubæ hafi bæði verið færar um að lesa og skrifa.⁸ Anna Sigurðardóttir sem ítarlegast hefur fjallað um nunnuklaustrin hér

- 1 Sjá t.d. Helga Kress, „Mjök mun þér samstaft þykkja.“ Um sagnahefð og kvenlega reynslu í Laxdæla sögu“, í *Konur skrifa til heiðurs Önnu Sigurðardóttur* (Reykjavík, 1980), s. 97–109; Helgi Skúli Kjartansson, „De te fabula ... Samtíð Sturlunga í spegli Laxdælu“, í *Sagnabing helgað Jónasi Krisjánssyni sjötugum 10. apríl 1994 I*, (Reykjavík, 1994), s. 377–387, s. 384–387; Guðrún Nordal, „Konurnar í Sælingsdalstungu“, í *38 vöplur bakaðar og bornar fram Guðrínu Ingólfssdóttur fimmtugri 1. maí 2009* (Reykjavík, 2009), s. 28–30, s. 30.
- 2 Jonna Louis-Jensen telur að Halldóra Helgadóttir (f. 1245) sé höfundur sögunnar (Jonna Louis-Jensen, „Udsigten fra det kvindelige univers — à propos Svínfellinga saga“, í *38 vöplur bakaðar og bornar fram Guðrínu Ingólfssdóttur fimmtugri 1. maí 2009* (Reykjavík, 2009), s. 44–47). Hún varð síðar Agata abbadís í Kirkjubæjarklaustri.
- 3 BL Add 11111, bl. 72v.
- 4 Svanhildur Óskarsdóttir, „Arctic Garden of Delights“, s. 299.
- 5 Simonetta Battista, „Kirkjubæjarkbók. Vasabrotsbók með sögum heilagra meýja“, í *66 handrit úr fórum Árna Magnússonar*, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir (Reykjavík, 2013), s. 176.
- 6 Fyrst árið 2003 (eitt aðalhandrit útgáfunnar: *Heilagra meýja sögur*, útg. Kirsten Wolf, Íslensk trúarrit 1 (Reykjavík, 2003)) og síðan 2011 (*A female legendary from Iceland. “Kirkjubæjarkbók” (AM 429 12mo) in The Arnarnagænan Collection*, Copenhagen, útg. Kirsten Wolf, Manuscripta Nordica, Early Nordic Manuscripts in Digital Facsimile 3 (Kaupmannahöfn, 2011)).
- 7 Kirsten Wolf, „Female Scribes at Work? A Consideration of Kirkjubæjarkbók (Codex AM 429 12mo)“, í *Beatus Vir. Studies in Early English and Norse Manuscripts in Memory of Phillip Pulsiano*, ritstj. A.N. Doane og Kirsten Wolf, Medieval and Renaissance Texts and Studies 319 (Tempe, 2006), s. 265–295, s. 283–291.
- 8 Wolf, „Introduction“, s. 16.

á landi telur að valdar systur hafi haft þann starfa að verka skinn, búa til blek og afrita bækur og skreyta fyrir klaustrin, eins og annars staðar í Evrópu. Í sama streng taka Helga Kress og Jón Viðar Sigurðsson, en þau telja ekki ósennilegt að íslenskar nunnur hafi sumar skrifað handrit.¹

Um bókaeign nunnuklaustranna var fjallað hér að framan en Anna telur efalaust að systurnar hafi afritað eftir bókum sem þær fengu að láni, m.a. úr nærliggjandi munkaklaustum. Bókaeignin í Reynistaðarklaustri rímar við bókaeignina í Þingeyrarklaustri. Og í Kirkjubæjarklaustri sátu abbadísir og nunnur sem margar voru í nánnum tengslum við bókamenn. Jórunn (1300–1361) dóttir Hauks Erlendssonar sem skrifaði alfræðiritið Hauksbók varð abbadís árið 1343 og tók sér nafnið Agnes. Anna álitur að Jórunn hafi tekið bókaástina að heiman með sér í klaustrið. Agnes Ögmundsdóttir nunna (f. 1230) var frænka Brands Jónssonar ábóta í Pykkvabæjarklaustri í Álftaveri. Brandur er talinn hafa þýtt Alexanders sögu og Gyðinga sögu. Ekki er svo ýkja langt á milli klaustranna í Kirkjubæ og Veri og því hafi Agnes endrum og sinnum fengið bækur að láni hjá Brandi ábóta frænda sínum.²

Ef marka má eftirfarandi frásögn hefur ritlistin sannarlega átt sinn sess innan nunnuklaustranna. Árið 1343 segir Skálholtsannáll hinn forni að ein systirin í Kirkjubæ hafi verið brennd á báli fyrir að hafa gefist púk-anum með bréfi.³ Í annálum og þjóðsögum er systirin ýmist nefnd Katrín eða Kristín.⁴ Að Katrínu undanskilinni er þögnin alger um skriftariðju íslenskra nunna. Sama þögn umlykur íslenska munku. Klaustur fylgdu ákveðinni reglu og sömu hefðir og venjur voru í klaustum á meginlandi Evrópu og hér á Íslandi.⁵ Nýlegar rannsóknir sýna að skriftariðja var mun meiri en áður var talið í nunnuklaustum í Evrópu (sjá annan kafla), sem

1 Helga Kress, *Máttugar meyjar*, s. 17. – Jón Viðar Sigurðsson, „Utenlandske kvinnehelgener på Island i høymiddelalderen“, í *Samtíðarsögur. The Contemporary Sagas I*, Níunda Alþjóðlega fornsagnaþingið (Akureyri, 1994), s. 423–434, s. 426. – Jóni þykir þó ósennilegt að konur hafi kunnað latínu og þýtt helgisögur og telur það „i pakt med europeiske forhold“ (Sama, s. 426). Nýlegar rannsóknir sýna að nunnur víða í Evrópu kunnu latínu (sjá II,1), en heimildir skortir um þýðingarstarf þeirra. Sjá einnig umfjöllun um latínukunnáttu Ingunnar Arnórsdóttur (12. öld) í öðrum kafla (sjá III,1).

2 Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm*, s. 52, 40–41, 155–156, 228. – Frá 14. öld og áfram bendir margt til að nunnur og munkar á Englandi hafi skipst á bókum (Erler, *Women, reading*, s. 42–47).

3 [Skálholtsannáll hinn forni], í *Íslandske Annaler indtil 1578*, útg. Gustav Storm (Christiania, 1888), s. 157–215, s. 210.

4 Sjá einnig Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm*, s. 40–41, 77–78.

5 Sjá t.d. Steinunn Kristjánsdóttir, *Sagan af klaustrinu á Skriðu*.

hlýtur að styrkja ályktanir Önnu Sigurðardóttur um bókmenntaiðju á Reynistað og í Kirkjubæ.

Elstu þekktu íslensku skrifararnir eru Magnús Þórhallsson og Jón Þórðarson sem skrifuðu Flateyjarbók (GKS 1005 fol) á árunum 1387–1394. Bókin geymir nöfn þeirra. Engir íslenskir kvenskrifarar eru þekktir svo snemma sem gæti bent til að veraldlegar konur hafi ekki fengist við að skrifa handrit á þessum tíma, þó svo að þær væru hugsanlega færar um að skrifa nafnið sitt og stuttan texta. Hvorugur Flateyjarbókarskrifaranna var munkur á þeim tíma er þeir skrifuðu bókina og vert að geta þess að skrifarar flestra miðaldahandrita eru óþekktir. Dæmi er hins vegar um konu sem rak ritstofu. Margrét Vigfúsdóttir (1406–1486) giftist einum ríkasta manni landsins, Þorvarði Loftssyni ríka Guttormssonar frá Möðruvöllum. Þorvarður lést eftir 10 ára hjónaband og lifði Margrét ekkja í fjörutíu ár. Sýnt hefur verið fram á að rekja megi tilurð margra stórra og veglegra handrita til Möðruvalla á valdatíma hennar. Handritin geyma Íslendingasögur, fornaldar- og riddarasögur, konungasögur, Konungs skuggsjá og Jónsbók og bera vitni um hugðarefni, sterka sjálfsmynd og víða heimsmynd höfðingja í Eyjafirði á 15. öld og tengsl þeirra við norsku krúnuna.¹ Auk þess hefur verið bent á að sé rýnt í sögurnar sem handritin geyma megi sjá að þær veita í raun innsýn í valdatafl og hugarangur fólks á fyrri tíð.² Að lokum má þess geta að Margrét var ekki einasta bókaunnandi, hún var einnig listunnandi. Hún gaf kirkjunni á Möðruvöllum enska altarisbrík úr alabastri og fleiri dýrgripi.³

- 1 Christopher Sanders, „Möðruvellir í Hörgárdal & Möðruvellir fram“, í *Tales of Knights. Perg. fol. nr. 7 in The Royal Library, Stockholm (AM 567 VIþ 4to, NKS 1265 IIc fol.)*, útg. Christopher Sanders, Manuscripta Nordica 1 (Kaupmannahöfn, 2000), s. 44–52; Stefán Karlsson, „The Localisation and Dating of Medieval Icelandic Manuscripts“, *Saga Book XXV* (London, 1998–2001), s. 138–158; Hans Jacob Orning, „Kvinner og politikk på Island i senmiddelalderen“, *Fortid* 4 (2012), s. 31–37, s. 33–34. – Jóhanna Katrín Friðriksdóttir fjallar einnig um handrit Margrétar „Konungs skuggsjá and Women Patrons and Readers in Late Medieval Iceland“ [væntanleg].
- 2 Orning, „Chapter 12: Feuds in fact and fiction in late medieval Iceland“, í *Legislation and State Formation Norway and its neighbours in the Middle Ages*, ritstj. Steinar Imsen, 'Norgesveldet', Occasional Papers No. 4 (Prándheimur, 2013), s. 229–262, s. 248–258.
- 3 Stefán Karlsson, „The Localisation and Dating of Medieval Icelandic Manuscripts“, s. 154.

3. Bréf með hendi kvenna á miðöldum og nöfn þeirra og pár á spássíum handrita

Frá hámiðöldum eru engin spor eftir konur á spássíum handrita. Það er ekki fyrir en á 15. öld sem nöfn þeirra skjóta upp kollinum. Á miðöldum voru bækur fyrst og fremst í eigu klaustra, biskupssetra og höfðingja og óþekkt að eigendur merktu sér bækur. Frá því ekki mikið fyrir 1480 er nafnið Helga Guðnadóttir skrifað á spássíu á blaði 84r í Holm perg 2 fol, sem geymir safn heilagra manna sagna. Höndin er barnsleg. Talið er að það sé Helga (1465?–eftir 1544) dóttir Guðna Jónssonar sýslumanns á Kirkjubóli í Langadal í Ísafjarðarsýslu sem heldur á penna.¹ Guðni var sonur Kristínar Guðnadóttur sem kemur hér á eftir við sögu fyrsta einkabréfsins. Ormur Loftsson ríka Guttormssonar er talinn annar af megin-skrifurum Holm perg 2 fol, en allt var þetta fólk af ætt Skarðverja. Ekki er vitað hvernig handritið komst í eigu Guðna. Guðrún Magnúsdóttir og Knörr Þórðarson skrifa einnig kveðju hvort til annars á blöðum 51r og 58r. Guðrún var dóttir Magnúsar Þormóðssonar að Múla í Langadal, næsta bæ við Kirkjuból. Af skjölum má ráða að tengsl voru milli fjölskyldna Helgu, Guðrúnar og Knarrar.² Skrifi Helga og Guðrún sjálfar nöfn sín ber það vott um að konur úr efsta lagi samfélagsins lærðu snemma að skrifa, a.m.k. nafnið sitt.³

Harla fá bréf og skjöl eru varðveitt með hendi kvenna frá miðöldum. Flest tengjast þau nunnuklaustrum og eru þau fleiri varðveitt frá Reynistað.⁴ Ekki er lokað fyrir það skotið að karlar skrifi einhver bréffanna þó að konur setji innsigli sitt undir þau. Elsta sögulega heimildin um bréfaskriftir veraldlegra kvenna er í Laurentíus sögu biskups. Bréfið er frá Málfríði Árnadóttur (f. 1300?) húsfreyju á Möðruvöllum í Eyjafirði til Lárentíusar sem þá var munkur á Þingeyrum. Foreldrar Málfríðar voru norskir og er faðir hennar titlaður riddari og ríkisráðsmaður. Málfríður hafði siglt til Noregs og gat fært nýjustu tíðindi. Bréf hennar var að öllum líkindum skrifað sem nokkurs konar staðfestingarbréf um kjör Lárentíusar:

1 Peter Foote, „Introduction“, í *Lives of Saints. Perg. fol. nr. 2 in the Royal Library, Stockholm*, Early Icelandic Manuscripts in Facsimile IV (Kaupmannahöfn, 1962), s. 7–29, s. 13–14.

2 Sama, s. 13–14.

3 Peter Foote telur það ekki útilokað (Sama, s. 14).

4 Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm*, s. 58. – Bréfin eru prentuð í *Íslensku fornbréfasafni* [DI].

[...] kom bréf til bróður Lafrans frá frú Málfríði að hún var hjá í Kristskirkju í Noregi að hann var kosinn til biskups á Hólum [...]¹

Málfríður naut mikillar virðingar og hefur án efa fengið allnokkra menntun, jafnvel verið fær um að skrifa eigið bréf.

Framan af höfðu veraldlegar konur ekki þá þjálfun sem til þurfti að skrifa handrit. Skriftarkunnáttan var einkum brúkuð til bréfaskrifa og til að skrifa nafnið sitt undir skjöl og gjörninga.² Elsta varðveitta einkabréfið frá konu er bréf Kristínar Guðnadóttur (1410?–eftir 1490) til Jóns Ásgeirssonar sýslumanns, eiginmanns hennar.³ Bréfið er talið skrifað um miðja 15. öld. Í því biður Kristín hann um að annast eitt og annað fyrir sig í fjarveru hennar. Af bréfinu má ráða að hún hefur komið nálægt fjárreiðum búans, verksvið hennar hefur ekki einskorðast við það sem var innan stokks. Bréfið hefur a.m.k. tvisvar verið prentað.⁴ Ekki er vitað hvort Kristín skrifaði bréfið sjálf en miðað við umsýslu hennar er það ekki útilokað.

Engin dæmi eru um skrifandi konur í frumsömdum íslenskum fornbókmenntum. Fáein dæmi eru aftur á móti í þýddum bókmenntum. Ítreka skal að þau vitna ekki um raunverulega skriftariðju en gefa e.t.v. innsýn í hana. Flest snúast dæmin um bréfasendingar kvenna en af framansögðu má ráða að konur hafi einkum nýtt skriftarfærni til að miðla upplýsingum til vina og ættingja. Alþekkt var á þessum tíma að fólk segði fram efni bréfa en þjálfaðir skrifarar sæju um sjálfar skriftirnar. Ekki er því alltaf hægt að fullyrða að í textanum felist sú merking að kona skrifi sjálf. Það á t.d. við um dæmið í Trójumanna sögu en sagan flokkast til sagnfræðirita eða gervisagnfræði. Sagan er varðveitt í nokkrum gerðum og í einni þeirra, sem kennd er við Orm Snorrason (1320–1401) lögmenn, segir:

hér ímót sendir Helena Alexandro annað bréf það er svo segir.⁵

- 1 Laurentíus saga, í *Biskupa sögur* III, útg. Guðrún Ása Grímsdóttir, Íslensk fornrit XVII (Reykjavík, 1998), s. 313–441, s. 351.
- 2 Þetta efni höfum við Guðvarður Már Gunnlaugsson margrætt og erum sammála um að þó að konur geti skrifað nafnið sitt tákni það ekki að þær hafi í öllum tilvikum verið færar um að skrifa lengri texta. Þjálfaðan skrifara hafi þurft til að skrifa handrit. Sjá einnig Loftur Guttormsson, „Udviklingen af læse- og skrivefærdighed i Norden 1650–1850“, í *Att læsa och att skriva. Två vågor av vardagligt skriftbruk i Norden 1800–2000*, Nordliga studier 3, Vardagligt skriftbruk 1 (Umeå, 2012), s. 19–37.
- 3 Þau bjuggu fyrst í Hvammi í Hvammssveit en síðar í Ögri.
- 4 *Íslandske originaldiplomer indtil 1450*, s. 410; Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* I, s. 34–35.
- 5 Trójumanna saga, útg. Jonna Louis-Jensen, Editiones Arnarnæmæ A 8 (Kaupmannahöfn, 1963), s. 50.

Í Vitae patrum, einni af bókum Reynistaðarklausturs, skrifar kona hins vegar sjálf:

Abóti Jóhannes er var í munklífi því, er Kvistur er kallaður, átti hann og eina systur, þá er af unga aldri hafði í guðs þjónustu staðið, [...] fjögur ár og .xx. síðan heilagur Jóhannes [kom í klaustur, þá gekk hann aldrei út af klaustrinu, og eigi vitjaði hann systur sinnar. Hún girntist þá harla mjög að sjá hann, og því sendi hún oftlega bréf til hans [...]. Hin virðulega guðs ambátt ritaði þá enn bréf til hans [...]. Nokkurum dögum síðar ritar systir hins sæla Jóhannis enn til hans og bað hann koma til klaustur(s) síns að biðjast þar fyrir [...]¹

Strengleikar Marie de France eru bókmenntir sem einkum veraldlegar konur hafa hlustað á eða lesið. Í Tveggja elskanda ljóði segir af því að ungir elskendur fá ekki að eigast. Unga konan leggur þá á ráðin og sendir elskhugann til frændkonu sinnar með bréfi um aðstoð. Þar eð efni þess er ekki ætlað allra augum má gera því skóna að hún skrifi það eigin hendi. Hún kallar enda bréfið sitt en engar sögur fara af skriftarkunnáttu elskhugans:

Ef þú vilt til hennar fara og færa henni bréf mitt og sýna henni atburð þinn, þá mun hún til leggja ráð [...]²

Ungi maðurinn er kappsamur um of og því fær sagan dapurlegan endi. Unnustan reynir að hafa vit fyrir honum, án árangurs, en hún er sögð „hyggin og hæversk“.³

Í Míluns strengleik skrifar kona sannarlega sjálf. Hún þarf að beita klækjum til að verða sér úti um efnivið til starfans:

Þá gekk hún í loft sitt og lét bera þangað elftina og kallaði til sín mey eina og leysti bréfið og braut innsiglið og fann hið fyrsta orð Míluns unnasta síns. Nú var það fyrst á bréfinu að hún skyldi næra elftina svo lengi sem henni líkaði. En þá er henni líkaði að senda hana í brott með bréfi sínu, þá skyldi hún engan mat gefa henni á þrim dögum [...] Frúin um leitaðist þá

1 Vitae patrum (I–II), s. 538–539, s. 540.

2 Tveggja elskanda ljóð, í *Strengleikar*, útg. Aðalheiður Guðmundsdóttir, Íslensk rit 14 (Reykjavík, 2006), s. 126–129, s. 128.

3 Sama, s. 129. – Í fornsögum er konum víða lýst sem hyggnum og vitrum (sjá Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, *Women in Old Norse Literature. Bodies, Words, and Power*, s. 25–44).

með list og vélum að hún gat sýst sér blek og bókfell og gerði bréf og batt undir fjöðrum elftinni [...]¹

Frúnni tókst svo vel upp að þau Mílun skrifuðust á í 20 ár.

4. Saumaskapur og skrifkúnst

Í Laustiks ljóði, sem er partur af Strengleikum, sameinar kona ritun og hannyrðir til að tjá harm sinn:

Síðan tók hún gullvofið pell og vafði þar í lík Laustiks og líkam, og þar umhverfis saumaði hún gyllta bókstafi, að henni var harmur og hugsótt að dauða hans.²

Áletranir í klæði eiga sér að sönnu langa sögu. Elsta ísaumsáletrunin sem varðveitt er hér á landi er á borða af stökum altarisvæng frá Hólum í Hjaltadal. Á borðanum kemur fram að Ingibjörg Þorvarðsdóttir hafi saumað.³ Vera má að það sé sýslumannsfrúin á Möðruvöllum í Eyjafirði. Hún fæddist um 1440 en lést 1494 í plágunni.⁴ Afar fátítt var að „hannyrðakonur miðalda, hvort heldur hér á landi eða erlendis, létu nafns síns getið á verkum sínum“.⁵ Frá fyrri hluta 16. aldar er til altarisklæði frá Skarði á Skarðströnd. Áletrunin á klæðinu er: „abbads solve[ig rafns]dotter i reynesnese“. Talið er að Þuríður Jónsdóttir Arasonar biskups hafi saumað klæðið í Reynistaðarklaustri. Það styður áletrun klæðisins og valið á dýrlingum. Þuríður á hins vegar að hafa flúið úr klaustrinu með aðstoð abbadísar.⁶ Þó að ekki verði fullyrt að þær konur sem saumuðu stafi eða áletranir hafi verið færar um að skrifa er ekki hægt að útiloka það. Hafa verður í huga að Þuríður var biskupsdóttir og fékk menntun m.a. í klaustri og að móðir Ingibjargar Þorvarðsdóttur, áðurnefnd Margrét Vigfúsdóttir (1406–1486), var talin með mestu virðingarkonum hér á landi á 15. öld.

1 Míluns strengleikur, í *Strengleikar*, útg. Aðalheiður Guðmundsdóttir, Íslensk rit 14 (Reykjavík, 2006), s. 136–141, s. 138.

2 Sama, s. 99.

3 Elsa E. Guðjónsson, „Með silfurbjarta nál. Um kirkjuleg útsaumsverk íslenskra kvenna í kapólskum og lútherskum sið“, í *Konur og kristmenn. Þættir úr kristnisögu Íslands*, ritstj. Inga Huld Hákonardóttir (Reykjavík, 1996), s. 119–162, s. 128, 131.

4 Sýslumannsfrúin er elsta kona sem fannst með þessu nafni (sbr. islandingabok.is).

5 Elsa E. Guðjónsson, „Með silfurbjarta nál“, s. 131.

6 Matthías Þórðarson, *Fjöldminjasafn Íslands. Leiðarvísir* (Reykjavík, 1914), s. 12; Elsa E. Guðjónsson, „Með silfurbjarta nál“, s. 134. –Óljósar heimildir eru um Þuríði þessa, sjá Elsa E. Guðjónsson, „Árnaðarmenn biskupsdóttur?“, í *Dagamunur gerður Árna Björnssyni sextugum 16. janúar 1992* (Reykjavík, 1992), s. 27–38.

Þessar tvær útsaumskonur tilheyrðu þannig efsta lagi samfélagsins. Eitt er víst að með saumaskapnum lærðist sköpulag stafa og sambýli þeirra í tilteknum orðum.

Frá síðari öldum eru heimildir um ísaumsáletranir fjölskrúðugri og sýna sumar tengsl hannyrða og skrifta. Í kvæðabók (Lbs 607 8vo)¹ Guðrúnar Oddsdóttur (1677–1717) er vísa sem hún saumaði í sængurtjald árið 1705, e.t.v. skrifuð „hannyrðakonunni til minnis“.² Guðrún var ein af námsmeyjum Ragnheiðar Jónsdóttur í Gröf. Pár á spássíum bendir til að handritið hafi jafnvel verið skrifað á meðan Guðrún dvaldi í Gröf, en svo virðist sem hún og önnur námsmey, e.t.v. Kristín Markúsdóttir (f. 1672), séu að reyna pennann og spjalla: „þetta er góður penni þó skriftin sé slæm“ og „já, já, ólastandi er hún“ (s. 79). Framan við spjallið skrifar Guðrún nafnið sitt og á síðu 44 vottar Kristín að hún eigi handritið.³ Guðrún átti einnig aðra kvæðabók (Lbs 610 8vo)⁴ sem hún eignaðist í Gröf, í það minnsta skrifar hún árið 1691 að hún sé eigandi bókarinnar (66r). Bent hefur verið á að uppruni Lbs 607 8vo og Lbs 610 8vo gæti verið sá sami.⁵ Afi Guðrúnar var Jón Arason í Vatnsfirði og eignaðist hún handrit með þýðingu hans á Dyggðaspegli (ÍB 246 8vo) meðan hún var enn ógift (sjá IV,4). Nafn frænku hennar, Kristínar Magnúsdóttur (1672–1712), kemur að öllum líkindum fyrir á blaði 35v. Kristín giftist 1705 en Guðrún ekki fyrr en 1710. Innan ættarinnar gat verið hefð fyrir því að giftar konur færðu þetta rit, þeim stúlkum sem voru að komast á giftingaraldur. Handritin votta í það minnsta að konur af þessari ætt voru margar færar um að skrifa.⁶

5. Skriftariðja kvenna eftir siðskipti

Heimildir um skriftarkunnáttu kvenna eftir siðskipti og fram á 17. öld eru afar brotakenndar eins og frá fyrri öldum. Fræðimenn eru þess þó

1 Bl. 23v–29v eru með hendi Valgerðar Árnadóttur Briem (1778–1872), sýslumannsfrúr á Kjarna í Eyjafirði. Valgerður átti stórt bókasafn (Guðrún Ingólfsdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“, s. 329–330).

2 Svanhildur Óskarsdóttir, „Sængurtjald Guðrúnar Oddsdóttur“, í *Glerharðar hugvekjur þénandi til þess að örva og upptendra Þórunni Sigurðardóttur fimmtuga 14. janúar 2004* (Reykjavík, 2005), s. 79–81, s. 80. – Páll Vídalín orti nokkrar vísur sem Þorbjörg kona hans saumaði í áklæði, en hún var annáluð hannyrðakona (Guðrún Ingólfsdóttir, *Um lausavísur Páls Vídalíns*, s. lxxi–lxxii).

3 Svanhildur Óskarsdóttir, „Sængurtjald Guðrúnar Oddsdóttur“, s. 79–81.

4 Guðrún átti a.m.k. kverið sem tekur til bl. 66–95.

5 Margrét Eggertsdóttir, „Handrit og hannyrðir á Hólum og í Gröf“, s. 96.

6 Ítarlega er fjallað um Guðrúnu Oddsdóttur í Margrét Eggertsdóttir, „Handrit og hannyrðir á Hólum og í Gröf“, s. 85–101.

fullvissir að konur á efnaheimilum hafi lært að skrifa.¹ Frá því skömmu eftir siðskipti má finna merkileg ummæli tveggja erlendra manna um skriftarkunnáttu landans. Í bréfi til Orms Sturlusonar lögmanns og Péturs Einarssonar prests og sýslumanns, dagsettu 10. mars 1546, segir Peder Palladius Sjálandsbiskup:

det lader hand paakiende. i det at hand lader ved Eders landmand. Ottorm Gotskalksen. besckicke Eder det Ny Testamente paa Eders eget Sprog. at i dis bedre kunde nemme det hellige gudspiald og Evangelium. som ieg formerker at der icke skal findes mange udi landet som icke kunde self baade læse og skrive deres Maaders Maal. det megtig og herlig thing. og haver megen nytte og gafn med sig.²

Og í riti norska guðfræðingsins Absolons Pedersön Beyer, *Om Norgis rige* (skrifað 1567), segir um Íslendinga:

Paa det land er eit dappert, mandeligt oc frimodigt folch, bequent til alle hande konster at lere, blant huilche folch er en almindelig seduane at de lere deris børn [til at lese oc skriffue, saa vel quindfolch som karlfolch [...]]³

En hvað segja íslenskar heimildir? Hér á eftir verða þær inntar svara.

Handrit með hendi kvenna eftir siðskiptin

Í íslenskum handritum er hreint ekki óalgengt að skrifarar geti nafns og ritunartíma í svokölluðum skrifaraklausum aftast í handriti eða aftan við texta. Drýgstur hluti handrita er þó án skrifaranafns og því er með öllu ókunnugt um hver heldur á penna. Þrátt fyrir það hefur fræðimönnum tekist að leiða líkur að nafngreindum skrifurum eða þeir bent á skrifarskóla. Það að á t.d. við um fáein handrit sem talin eru með hendi kvenna en vert er að geta þess að samtímaheimildir eru um tvö handrit skrifuð af konum.

Elstu handritin með hendi kvenna eru skrifuð á síðari hluta 15. aldar.

- 1 Stefán Karlsson, „Kvennahandrit í karlahöndum“, s. 80.
- 2 [DI XI, 2] *Íslenskt fornbréfasafn* XI, 2 (Reykjavík, 1915–1925), s. 460. Sjá einnig Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, s. 11; Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Reading and Writing in Medieval Iceland“, s. 156.
- 3 Absolon Pedersön Beyer, *Om Norgis rige*, í *To norske historisk-topografiske skrifter fra 1500-tallet* (Oslo, 1968), s. 43–114, s. 46. Sjá einnig Pál Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, s. 13.

Stefán Karlsson færir sannfærandi rök fyrir því að Þorlaug Árnadóttir (f. 1430) húsfreyja á Ærlæk í Öxarfirði hafi skrifað Ærlækjarbók (AM 640 4to).¹ Handritið geymir m.a. Nikulás sögu, Nikulásvísur og ýmisleg gögn sem tengjast kirkjunni á Ærlæk. Stefán gengur raunar út frá því að efnakonur hafi „án efa lært bæði lestur og skrift“.² Séu Reynistaðarbók (skrifuð á síðari hluta 15. aldar) og Kirkjubæjarbók (skrifuð um 1500) að einhverju leyti skrifaðar af systrunum eru þær einnig í hópi elstu varðveittu íslensku handritanna með hendi kvenna. Ekki er heldur útilokað að Halldóra Sigurðardóttir (fædd milli 1539 og 1548?—dáinn milli 1571 og 1573) hafi skrifað Konungs skuggsjá (GKS 1913 4to) árið 1571. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir viðrar a.m.k. þá hugmynd. Handritið og eignarstaðfestingin er allt með sömu hendi (sjá IV,3).³ Það er svo ekki fyrr en eftir miðja 17. öld sem aftur má finna handrit skrifuð af konum. Elín Þorláksdóttir skrifaði e.t.v. sjálf bænabókina sína (Cod Guelf Extravagantes 315) árið 1659 (sjá IV,4).⁴ Heimildir eru hins vegar fyrir því að Þóra (f. 1640), dóttir síra Þorsteins Björnssonar að Útskálum, hafi skrifað handrit. Jón Halldórsson prófastur í Hítardal segir að Þorsteinn hafi menntað Þóru í reikningskúnnst og fleiri lærdómslistum.⁵ Á gamalsaldri varð Þorsteinn blindur og naut þá aðstoðar dóttur sinnar:

Til þess hann kynni nú að linna leiðindi lífsins, blindur orðinn, dikteraði hann sinni einu dóttur sem hann átti skilfengna latínskvtæði sem hann kallaði Noctes Setbergenses, um anda og álfa og þess háttar vofur, fullt af hjátrú, svo sem aðrir hafa sagt mér, þessi kvæði skulu vera þrjú í bókahirslu Árna M(agnú)s(onar) [...] ⁶

Merkingin í *dikteraði* er sú að hann les henni fyrir og hún skrifar niður.⁷ Það að Þóra skrifi eftir föður sínum latneskt kvæði táknar ekki aðeins að hún hefur verið æfður skrifari, hún hefur líka kunnað latínu. Handritin

1 Stefán Karlsson, „Af Nikulás sögu og dándikarli á Ærlæk“, í *Lygisögur sagðar Sverri Tómassyni fimmtugum 5. apríl 1991* (Reykjavík, 1991), s. 83–88, s. 87.

2 Sama, s. 86.


3 Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, „Konungs skuggsjá and Women Patrons and Readers in Late Medieval Iceland“ [væntanleg].

4 Margrét Eggertsdóttir, „Handrit og hannyrðir á Hólum og í Gröf“, s. 88.

5 Guðrún Ása Grímsdóttir, „Um íslensku prestskonuna á fyrri öldum“, s. 228.

6 Páll Vídalín, *Recensus poetarum et scriptorum*, s. 144–145.

7 Peter Springborg er sama sinnis (Pete Springborg, „Nætter på Island“, í *Latin og nationalsprog i Norden efter reformationen. Konference 1.–5. august 1987, Biskops-Arnö*, ritstj. Marianne Alenius, Birger Bergh, Ivan Boserup, Karstein Friis-Jensen og Minna Skafte Jensen (Kaupmannahöfn, 1991), s. 158).



Mynd 11: Ærlækjarbók (AM 640 4to) sem talið er að Þorlaug Árnadóttir (f. 1430) húsfreyja á Ærlæk í Öxarfirði hafi skrifað. Handritið er elsta varðveitta handritið með hendi veraldlegrar konu sem sýnir að yfirstéttarkonur munduðu snemma pennann. Þar eð skrifarar fyrr á tíð geta efi ekki nafns kunna mun fleiri varðveitt handrit að vera með hendi kvenna.

Serpentes solidam fixam praestant aspectu
 quam sit sint quidam corpore saepe suo.
 Nota Balena maris fuit ingens corpore arctas
 In mare solvitur, quae ideo penetrat
 Saepe ea conspicitur, satis experimenta docent
 Quare ab arctas esse nomen habere fixam.
 Ergo cum penetrant fixas haec corpora caesa
 Affus subtilis cui penetrare nequit.
 Cum mendo aenios omnes coenise putata
 Cum mendoq. manent, hocq. recte xient.
 Angelicos praeter casus hominum, ceterorum
 Exerit cuncta cuncta creatura deus.
 Sed sapiens duco de occultis ore sere,
 Quam de re cuncta, litigium facere,
 Haec duntaxat enim si quis dehibere tentat
 Vix capere vastum, tale volumen opus
 Quot capita essent, hominum tot iudico capis
 Linguam individua, singula forma sic
 Ergo de aenis quae dixi talia sunt
 Hoc alio linguens, desino plura loqui
 Ut non absq. modo panegyria crescat manis.
 Examinis affini, placuisse, finis exit.
 His paucis de principis et origine rerum
 Nec non de aenis, lector amice, fave

Textus Tractatus

De hominibus Lynceis.

In modulatus ex am de condita origine mundi
 Adveniens rerum principis pariter
 Orbis et expressus fabrica vixit corpi
 Fallendi spatium temporis, exiguam
 Pecunia aenios, quos vulgo gemas affos
 Suspectos doctis, namque regere viris.

Et licet inviduli dicant hoc vana vultu,
 At nunc Thema mihi. Lycæus abest homo.
 Multa multa novent. de spectra videntibus vana
 Propterlim illaridie. quos vaga spectra putant
 Cernere plus alijs. et causam ingruere sudant
 An ratio a spectris pendat. aut homine
 Scindenter fessi. studia in contraria cœli
 multa volutantes. concipimus animis.
 At quamvis animi delicta exciderit vana.
 Efficiam. restant hoc inestanda mihi.
 Quæstio difficilis. vos sag. resoluere arte.
 Si naturalis. causa revelat rem.
 Illam alij intendunt. alij hanc stabili laborant
 Causam. res ideo pendet in æquivo.
 Quod putat hic. negat is. modo traxit arguit ambo.
 Qui nre sufficiens. arbitrer res potest.
 Cui non ex illis dictum hoc doni Lynceæ queris.
 Quæ ratio fuerit. Lynceus ut sit homo.
 Homo vacat mendax nimium ut non vna profari.
 Possit; Damoclem dicat vna potest.
 Phisicus hic fidal. quoniam sub iudice lis est
 Pertrahans arido. de ratione res.
 Democritatio cum minime pro Thymate pugnat
 Exigenda res. libera sumo mihi
 Sic absenda superstitio. g. dicit carbo.
 Tæpens dubitant. paroca probabilia.
 Vix nego plus alijs. Lycæis spectra vana
 Forse quia illorum. fulmine abiret hucus.
 Illi sulphurea melior scerco suavitæ.
 Unde fit. ut tales spectra colant et amant.
 Natus enim quisquam flagrantis incendio in Hecle
 Rupibus. aut telis. alpidus igni venis.
 At sulphureo. conspexit undiq. sacro.
 Pulvere cornu. per glaciale solum.
 At sic freiens in sudararades ignis.
 Sulphureus gustus. sensibus incogitur.
 Fæisq. faventis item. cupuldam. Ampora igni
 Editus in lucem. Amicos efficitur.
 Nec tamen hic visa. putatur acutior illis
 Qui non spectra vident. ex perimenda probant.

Mynd 12: Noctes Sethbergensis (AM 703 I 4to) með hendi Þóru Þorsteinsdóttur
 (f. 1640). Þegar faðir hennar varð blindur gerðist hún skrifari hans en fáein dæmi
 um svo þjáfaða skrifara má finna í röðum kvenna.

AM 121 fol og AM 158 fol eru bæði talin með hendi Þorsteins. Allt önnur hönd er á AM 703 I 4to sem geymir áður nefnt kvæði hans. Fangamark Þorsteins „THB“ er aftan við uppskriftina og táknar höfundarnafn, ekki skrifara. Í kvæðinu kemur fram að Þorsteinn er blindur og því er uppskriftin ekki hans. Eina samtímauppskrift kvæðisins er sú í AM 703 I 4to. Í Landsbókasafni er varðveitt uppskrift Páls Eggerts Ólafssonar frá 1913 sem hann skrifaði eftir 703 (Lbs 1652 4to).

Þorsteinn tileinkaði kvæðið síra Þorkatli Arngrímssyni presti í Görðum á Álftanesi. Við samanburð á AM 703 I 4to og latneskum bréfum sem skrifuð voru af Þorkatli (AM 380 fol) kom í ljós að hönd Þorkels er ekki á handritinu. Þóra er sú eina sem við höfum heimildir um að skrifi kvæðið upp. Allt bendir því til að hér sé komin uppskrift Þóru og þá sennilega hreinrit hennar, en uppskriftin sýnir æfðan skrifara. Þóra hefur fyrst skrifað kvæðið eftir föður sínum, hreinritað það og fært Þorkatli. Frá honum hefur varðveitt uppskrift kvæðisins síðan borist í eigu Árna Magnússonar. Ártalið 1672 kemur fyrir í kvæðinu sem bendir til að handritið sé skrifað einhvern tímann á árunum 1672 og 1675, en þá lést Þorsteinn.

Þorsteinn var mikill lærdómsmaður en virðist hafa verið svolítið sérkennilegur. Töldu ýmsir kvæði hans *Noctes Setbergensis* uppfyllt af hindurvitnum og hann sjálfan hjátrúarfullan og dramblátan:

Hann lét lesa sér það til skemmtunar síðan, er voru í mörg hindurvitni, og lifði eftir það mjög lengi, og samdi sjálfur grafskrift sína harla stórláta og drambfulla, taldi þar í lærdóm sinn og fróðleik fram yfir allra eða flestra annarra manna.¹

Peter Springborg sem rækilega hefur fjallað um *Noctes Setbergensis* segir hins vegar að kvæðið sé verðugur fulltrúi endurreisnarstefnunnar á Íslandi, þar sem saman fara útlent efni og innlent. Kvæðið sé sérlega áhugavert t.d. frá sjónarhóli bókmenntasögu og skólasögu.²

Þorsteinn átti tvö skilgetin börn, Þóru og Jón (f. 1645), sem nam í Skálholtsskóla en dó ungur. Ef marka má heimildir hefur Þorsteini ekki aðeins verið umhugað um eigin lærdóm og sonarins, hann hefur einnig látið sér annt um menntun einkadótturinnar. Konur sem ólust upp á heimilum þar sem bókamennt var í hávegum höfð gátu þannig öðlast menntun til jafns við karla. Eins og til að undirstrika það skírði Gamalíel Hallgrímsson prestur á Stað í Hrótafirði eina dóttur sína Skólastíku (f. 1555?). Skólastíka giftist Rafni Sigurðssyni og eignuðust þau fjögur börn. Faðir

1 Jón Espólin, *Íslands Árbækur* VII, s. 25.

2 Peter Springborg, „Nætter på Island“, s. 169–170.

Rafns var Sigurður Arnfinnsson prestur á Prestbakka. Þau eru því bæði prestabörn. Kunnasta kona með þessu nafni var heilög Skólastíka (480–542), nunna og abbadís að Plombariola og systir heilags Benedikts frá Nýrsíu. Nafnið er dregið af latneska lo. *scholasticus* sem merkir „lærður“.¹ Gráglettni örlaganna væri það að heita slíku nafni og bera það ekki með rentu. Svanhildur Óskarsdóttir sem fjallar um Skólastíku og ætt hennar telur að hún og ættkonur hennar hafi ekki síður en karlarnir verið fróðleiksþyrstar og kennt börnum sínum margt, þó að möguleikar þeirra til mennta hafi verið snautlegri.²

Syrpa Önnu digru Jónsdóttur (JS 204 8vo) hefst á kvæði eftir Helgu systur hennar (Raunatal Helgu Jónsdóttur) sem ekki er með hendi skrifarans Árna Geirssonar. Talið er að Helga hafi sjálf skrifað kvæðið að bón Önnu.³ Handrit Önnu var skrifað árið 1676 og hefur Helga sennilega skrifað kvæði sitt það ár eða litlu fyrir (sjá IV,4). Helga missti fyrri eiginmanninn, Teit Torfason, árið 1668. Hún giftist síðar síra Þorsteini Geirssyni, en eignaðist engin börn, svo vitað sé. Hún fósttraði hins vegar launson Teits. Raunatal Helgu er með fljótaskrift og er höndin skýr og fremur nett, sýnir æfðan skrifara. Kvæði Helgu er harmljóð og er tilurð þess talinn makamissir.⁴

Engin áður nefndra kvenna gengst, eins og áður sagði, við því að hafa skrifað viðkomandi handrit. Ástæðan er að öllum líkindum tvíþætt. Þar eð skrifarar gátu sjaldnast nafns hefur það þótt bæði ónaúðsynlegt og jafnvel óviðeigandi að kona hreykti sér á þann hátt. Ekki má heldur gleymast að konur hafa sennilega margar verið feimnar og hræddar við álit sér lærðari karlmanna. Það táknað að mun fleiri handrit á árnýöld gætu verið með hendi kvenna. Frekari rannsóknir munu leiða það í ljós.

AM 711 b 4to, sem skrifað var í upphafi 18. aldar, er eftirrit af handriti með hendi Guðrúnar Hákonardóttur (1659–1745) á Sólheimum í Mýrdal. Handrit Guðrúnar er glatað en í því voru Maríu vísur. Árni Magnússon fékk fáein handrit frá Guðrúnu sem öll geyma kaþólsk kvæði líkt og AM 711 b 4to (þ.e. AM 710 b 4to, AM 716 g 4to, AM 717 e 4to og AM 719 b 4to). Guðrún var systir Jóns Hákonarsonar bónda og fræðimanns á Stóra-Vatnshorni í Dölum. Árni bróðir hennar var einnig sagður vel að

1 Guðrún Kvaran, *Næfn Íslendinga. Ný útgáfa* (Reykjavík, 2011), s. 537.

2 Svanhildur Óskarsdóttir, „Skólastíka“, í *Svanajjadrir skornar Svanhildi Maríu Gunnarsdóttur fimmtugri 2. júlí 2015* (Reykjavík, 2015), s. 50–52, s. 52.

3 Margrét Eggertsdóttir, „Um kveðskap kvenna og varðveislu hans“, [án bls.]; idem, „Handrit og hannyrðir á Hólum og í Gröf“, s. 90.

4 Þórunn Sigurðardóttir, *Heiður og huggun*, s. 318, 370.

sér. Guðrún var gift Páli yngsta Ámundasyni bónda en amma hans var Halla Grímsdóttir, systir Björns, afa áður nefndrar Þóru Þorsteinsdóttur. Guðrún og Páll voru barnlaus og því hefur hún haft rýmri tíma til að sinna uppskriftum, líkt og Helga Jónsdóttir. Ekki er vitað hvenær hún skrifaði handrit sitt en það hlýtur að vera yngra en handrit Elínar og Þóru, sé tekið mið af aldri hennar.

Margrét Einarisdóttir (1682–1742), dóttir Einars Einarssonar prests í Görðum á Álftanesi, gæti hafa skrifað Kingósálma, þ.e. bl. 250v–279r í NKS 139 a 4to. Titilblaðið að sálmunum ber ártalið 1729 og fangamarkið MED. Margrét hefur því verið 47 ára þegar hún skrifaði Kingósálma. Margrét eignaðist son sem dó ungur og eina dóttur, Halldóru Guðmundsdóttur, sem ekkert er vitað um. Margrét var þrígift og voru allir eiginmenn hennar skáldmæltir og fróðir embættismenn. Benedikt Bech var sýslumaður, Guðmundur Steinsson skólameistari á Hólum og Björn Magnússon prestur. Bókamenn og þeir sem stunduðu fræðastörf og þýðingar voru e.t.v. líklegri til að hvetja eiginkonur og dætur til að sinna bóklegum listum.

Einhverjum kann að þykja eftirtekjan í leitinni að handritum með hendi kvenna heldur rýr. Ef haft er í huga að konur störfuðu alla jafna ekki sem atvinnuskrifarar svo og að þær kunna að hafa skrifað hluta af þeim handritum sem ekki bera skrifaranafn, vænkast heldur hagar strympu. Handrit með hendi konu er skýrasti vottur um að þar fer æfður skrifari. Bréfaskriftir kölluðu ekki á sömu þjálfun. Eftirtektarvert er að flest handrit með hendi kvenna eru af trúarlegum toga.

Æfðir skrifarar í röðum kvenna

Harmljóð Ólafs Einarssonar í Kirkjubæ um mágkonu hans Guðrúnu Árnadóttur (1580?–1619) prestsfrú á Hofi í Álftafirði er merkileg heimild um mikla menntun yfirstéttarkonu í lok 16. aldar. Í kvæðinu segir að Guðrún hafi kunnað að skrifa og reikna, en einnig má skilja það svo „að hún hafi verið skrifari fóstura síns áður en hún giftist“, sem er óvenjulegt.¹ Guðrún var svo lærð að jafnaðist á við hálærða karlmenn:

Af lestri lífsins orða
lausnarans það var,
æðstan, auðar skorða,
ávöxt þennan bar,

1 Þórunn Sigurðardóttir, *Heiður og huggun*, s. 180. Rækileg umfjöllun og kvæðið sjálft er á s. 175–183.

að sú rósín rjóð
í ritning var svo fróð,
eins og prestur, ellegar meir,
einninn greinagóð.
Vaninn list kann léna,
hún lét iðkun ei réna.¹

Guðrún var komin af valdamestu ættum landsins. Móðursystir hennar var Halldóra Árnadóttir (1547–1585), eiginkona Guðbrands biskups, og var hún því náfrænka lærdómssystranna Halldóru og Kristínar.²

Áðurnefnd Þóra Þorsteinsdóttir (f. 1640) var einnig skrifari föður síns. Annað dæmi um mikilvirkan skrifara í röðum kvenna er frá fyrri hluta 19. aldar. Margrét Árnadóttir (1820–1897) ólst upp hjá afa sínum Eiríki Bjarnasyni (d. 1843) presti á Staðarbakka í Miðfirði. Þannig lýsir Símon Eiríksson henni:

Margrét Árnadóttir var mjög fyrir búi á Staðarbakka hjá afa sínum, þegar hún náði fullorðins aldri og var dugleg sem karlar, fór í kaupstað og höndlaði fyrir búið, bar upp hey, járnaði hesta, risti torf, en var þó ágætlega að sér til hannyrða, svo fáar voru fremri, skrifaði mjög fagra hönd, skáldorð var hún í bezta lagi, hafði prestur látið menta hana sem bezt. Sagt er hún hafi samið ræður fyrir afa sinn á elliárum hans.³

Margrét giftist síðar Bjarna Hannessyni og bjuggu þau á Hofi í Vesturdal í Skagafirði. Bjarni þótti framan af ekki mikill búmaður og drakk ótæpilega „og mátti Margrét bæði heita bóndinn og húsfreyjan. Þórey dóttir þeirra var gáfuð mjög og hagorð“.⁴

Alnafna prestfrúarinnar á Hofi var sýslumannsfrúin á Skriðuklaustri, en hún lést um 1576. Eiginmaður hennar, Eiríkur Árnason, orti harmljóð eftir hana þar sem fram kemur að hún var bæði bókafróð og kunní að skrifa (sjá IV,3):

Margt verður innt um ágætt fljóð,
það ekki stendur fyrr í óð,

1 Þórunn Sigurðardóttir, *Heiður og huggun*, s. 187.

2 Þórunn Sigurðardóttir fjallar ítarlega um Guðrúnu og menntun hennar í *Heiður og huggun*, s. 179–189.

3 Símon Eiríksson, *Saga Eiríks Magnússonar (Mera-Eiríks) og Hannesar Bjarnasonar prests og skálds á Ríp og ættmanna hans* (Eyrarbakka, 1912), s. 49.

4 Sama, s. 56.

kunni lækningar lindin rjóð
á lífsins krankleik kenna
líka vel í lettrum fróð
og loflega skrift með penna;
af forstjórn vífs og fyrirsjón
fékk eg aldrei auratjón;
þó utanlands eg færi á frón,
fóru best ráðin hennar.¹

Í bókmenntasögu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík getur tveggja kvenna sem voru æfðir skrifarar. Önnur er áður nefnd Kristín Magnúsdóttir (1672–1712) sem e.t.v. skrifaði einnig nafnið sitt í Dyggðaspegil (ÍB 246 8vo):

Kristín kunni ei einasta vel að skrifa og stíla [...].²

Hin er títtnefnd Sigríður Jónsdóttir (1677–1730) biskupsdóttir frá Hólum og biskupsfrú í Skálholti, eiginkona Jóns Vídalín:

Kunni vel að skrifa og stíla. Mesta skynsemdar- og siðprýðiskona.³

Ekkert er varðveitt af því sem þessar konur skrifuðu og útilokað að segja til um hvort þær nýttu skriftarfærni sína einvörðungu til bréfaskrifta eða til að skrifa handrit.

Bréf kvenna og undirritanir

Frá 16. og 17. öld hafa varðveist fáein einkabréf frá konum, svo og opinber bréf og skjöl sem þær skrifa undir eigin hendi.⁴ AM 219 d 4to varðveittir bréf frá Steinunni Jónsdóttur (1513–1593) til dótturmanns hennar. Bréfið og undirskriftin er allt með einni hendi en ekki er vitað hvort það er hönd Steinunnar. Þjóðfélagsstaða hennar ýtir undir að svo sé, hún var af hinni frægu Svalbarðsætt, dóttir Jóns ríka á Svalbarði og Ragnheiðar Pétursdóttur á rauðum sokkum.⁵ Steinunn var gift síra Birni Jónssyni Arasonar biskups. Bréfið hefur verið klippt til en að öllum líkindum hefur innsigli hennar fylgt því. Bréfið tengist fjárreiðum Steinunnar sem sýnir

1 Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, s. 465–467, s. 467. – Þetta er eina varðveitta harmljóðið frá 16. öld (Þórunn Sigurðardóttir, *Heiður og huggun*, s. 303).

2 Jón Ólafsson, *Tilreiðsla íslenskrar bókmenntasögu* [væntanleg].

3 Sama.

4 Ekki var leitað kerfisbundið að dæmum um þetta enda hefði það slígað rannsóknina. Fleiri dæmi leynast án efa í heimildum, prentuðum og óprentuðum.

5 Sjá einnig Pál Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, s. 9.

að ættstórar konur eins og þær Kristín Guðnadóttir sýsluðu við fleira en það sem var innanstokks.

Halldóra Guðbrandsdóttir (1574–1658) biskups Þorlákssonar skrifar eigin hendi undir bréf sem nú er í Þjóðskjalasafni, dagsettu 29. ágúst 1625.¹ Bréfið sjálft er með annarri hendi.² Af undirskriftinni að dæma hefur Halldóra verið æfður skrifari. Í veikindum föður síns tók hún mun virkari þátt „í framkvæmdum og stjórn Hólastaðar en vanalegt var um biskupsdætur á 17. öld, eins og kirkjubygging hennar á Hólum og deilur við Ara Magnússon mág sinn um forræði á Hólum bera gleggstan vott um“.³ Þar eð Halldóra var ógift ávann hún „sér virðingu og traust bæði ættingja og stjórnvalda á eigin forsendum og ekki í skjóli voldugs maka og með því afrekaði hún það sem fáum konum á 17. öld tókst“.⁴ Þó að ekki séu varðveitt bréf eða skjöl með hendi Halldóru kemur fram í bréfi Páls Jónssonar á Staðarhóli til Guðbrands biskups að þær Kristín systir hennar voru báðar skrifandi:

Mér er sagt þær báðar Halldóra og Kristín kunni að skrifa, og skilja þýsku; það prísar ég; bið ég yður að leggja til yðar góð orð, Halldóra skrifi, að sjái hennar handskrift [...]⁵

Þar eð fæstar konur ferðuðust nema innanlands eru fá bréf varðveitt frá þeim sem borist hafa um langan veg. Fyrir Guðríðar Símónardóttur í Tyrkjarfið var sannarlega engin lystireisa. Hún var númer á brott úr Vestmannaeyjum í Tyrkjaráninu árið 1627 og flutt nauðug til Alsír líkt og margir eyjaskeggjar. Árið 1635 skrifaði hún eiginmanni sínum Eyjólfí Sölmundarsyni bréf. Bréfið skrifaði hún í Arriel sem nú er í Tyrklandi. Ekki er vitað hvort það er með hendi Guðríðar eða hvort hún skrifaði sjálf eigin hendi undir það því það vantar aftan af bréfinu.⁶

1 ÞÍ – Finkaskjalasöfn. F/1. Hólamenn.

2 Sjá einnig Pál Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, s. 10.

3 Sigurður Pétursson, „Legsteinn Halldóru Guðbrandsdóttur“, í *Glerharðar hugvekjur þénandi til þess að örva og upptendra Þórunni Sigurðardóttur fimmtuga 14. janúar 2004* (Reykjavík, 2005), s. 67–72, s. 71.

4 Sama, s. 71.

5 Jón Espólin, *Íslands Árbækur* V, s. 72.

6 Margrét Eggertsdóttir gaf bréfið út og fjallar um það, sjá Margrét Eggertsdóttir, „Með langvarandi elsku“, í *Guðrúnarhvöt kveðin Guðrúnu Ásu Grímsdóttur fimmtugri 23. september 1998* (Reykjavík, 1998), s. 61–63. – Í skáldsögu Steinunnar Jóhannesdóttur um Guðríði lætur hún hana sjálfa munda pennann (Steinunn Jóhannesdóttir, *Reisubók Guðríðar Símónardóttur. Skáldsaga byggð á heimildum* (Reykjavík, 2003), s. 183–186. Bókin kom fyrst út árið 2001).

Elín dóttir Þorláks Skúlasonar Hólabiskups skrifaði 18. júlí 1657 undir skjal um erfðaskipti eftir föður hennar.¹ Elín var þá 18 ára, en mikið var lagt í menntun hennar (sjá IV,4). Í bréfabókum Brynjólfs Sveinssonar Skálholtsbiskups skrifa nokkrar konur undir bréf og skjöl. Það sýnir að sú færni að geta skrifað nafnið sitt skipti máli fyrir efnakonur, þ.e. að láta ekki aðra staðfesta skjöl fyrir sig. Guðrún Halldórsdóttir (f. 1635) skrifar 11. apríl 1662 undir sáttmálabréf milli biskups og Halldórs Daðasonar vegna Daða bróður hennar.² Hann hafði gert Brynjólfi þá skömm að barna dóttur hans. Sama ár skrifar hún einnig undir borgunargjörning föður síns við biskupinn.³ Varðandi arfskipti í fjölskyldu Brynjólfs árið 1662 skrifa Margrét Halldórsdóttir eiginkona hans (1615–1670) og Ragnheiður dóttir hans (1641–1663) undir tvö bréf.⁴ Margrét skrifar og undir sendibréf 20. júní 1667 til bræðra sinna varðandi arf Þórðar Daðasonar, dóttursonar hennar. Í bréfi Brynjólfs til Halldórs Daðasonar 27. nóvember 1665 segir hann í bréfslok:

Þetta sama er meining andsvars Margrétar Halldórsdóttur, þó ekki komist hún nú til yður sérdeilis bréf þar um til að skrifa, hvað hún biður yðar h.s. að umlýða.⁵

Ekki verður þetta skilið öðruvísi en svo að Margrét hefði skrifað bréfið eigin hendi.

Árið 2014 var frumflutt óperan Ragnheiður sem fjallar um ástamál Ragnheiðar biskupsdóttur og Daða Halldórssonar. Örlög þeirra sem hér koma við sögu hreyfa enn við Íslendingum enda hryggilegt að hugsa til þess hvernig reiði hins merka biskups náði að tortíma fjölskyldunni. Jón Ólafsson úr Grunnavík fjallar í bókmenntasögu sinni um lærdómsmanninn Brynjólf. Aðdáun hans á biskupi leynir sér ekki en kaldar kveðjur fær Brynjólfur þegar Jón snýr sér að meðferðinni á Ragnheiði:

[...] var faderen saa forbitret paa hende, at hand sloeg hende listerlig, snart hver dag. Hun blev syg, kandske deraf, men hos ham var icke noget faderligt hierte tilbage, thi hand ynkede sig slet intet over all hendes jammer,

1 Þorlákur Skúlason, *Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar*, Heimildauðgáfa Þjóðskjalasafns I (Reykjavík, 1979), s. 283.

2 Brynjólfur Sveinsson, *Úr bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar*, útg. Jón Helgason, Safn Fræðafélagsins XII (Kaupmannahöfn, 1942), s. 132.

3 Sama, s. 137.

4 Sama, s. 134, 141.

5 Sama, s. 196.

forhvervede dog hand kongelig restitution, at denne forseelse skulde icke komme hende til forkleinelse.¹

Af orðum Jóns að dæma reyndi Margrét, móðir Ragnheiðar, að standa með henni. Um samband Brynjólfs og Þórðar, ávaxtarins af ástarsambandi Ragnheiðar og Daða, segir Jón:

Efter et aars tid ongefer døde hun, som mand meener af den daglige sorrig. Men barnet, naar det kom hiem til bispegaarden, torde ingen bringe til ham uden bispinden (Margrete, som holdt med datteren, naar hun saa faderens strengthed) og saa snart hand havde betragtet det og nöye seet i öynene, tog hand det an, lod det döbe, og opfostre, med den største kiærlighed lige som det var hands öyesteen, lærte det self og loed det lære, men af had til forældrene, kaldte hand ikkun Þórður Ragneiðarson, og andet meer.²

Bókakonan Helga Magnúsdóttir í Bræðratungu (1623–1677) skrifaði undir arftökuskjal Ragnheiðar. Auk þess er prentað bréf hennar til Brynjólfs 2. september 1673 þar sem hún skrifar nafn sitt undir.³ Svilkona Helgu, Katrín Erlendsdóttir (1612–1693), skrifar Brynjólfi 20. desember 1667. Katrín virðist ekki skrifa bréfið sjálf en undirritar það: „Hofi 1667 þann 20 decembris. y. h. æ. v. v.“⁴ Katrín Erlendsdóttir.“⁵ Um Katrínu segir í riti Jóns Halldórssonar í Hítardal: „Hún var kvenskörungur mikill, hafði karlmannshug í konu brjósti“.⁶ Katrín og Helga voru báðar komnar af miklu bókaólki. Sonur Katrínar, Jón Vigfússon Hólabiskup, var faðir Sigríðar biskupsfrúr (1677–1730) þeirrar miklu lærdómskonu (sjá III,6 og hér á eftir).

Sigríður Bjarnadóttir (f. 1628) er ein þeirra kvenna sem skrifa Brynjólfi. Vinátta var með biskupi og Bjarna Oddssyni sýslumanni föður hennar og höfðar hún til þess í bréfinu. Sigríður var gift Bjarna Eiríkssyni sýslumanni sem verið hafið ráðsmaður í Skálholti á árunum 1658–1664 og 1671–1672. Bjarni lenti í útistöðum við ýmsa menn og lét konu sína skrifa Brynjólfi til að greiða úr flækjunni. Fram kemur að þeir sem staðfestu

1 Jón Ólafsson, *Tilreiðsla íslenskrar bókmenntasögu* [væntanleg].

2 Sama.

3 Brynjólfur Sveinsson, *Úr brefabókum*, s. 134, 281.

4 Skammstöfunin gæti merkt: yðar háæruverðuga vinkona.

5 Brynjólfur Sveinsson, *Úr brefabókum*, s. 230.

6 Jón Halldórsson, *Skólameistarar í Skálholti eptir séra Jón þrúfast Halldórsson í Hítardal og Skólameistarar á Hólum eptir séra Vigfús þrúfast Jónsson í Hítardal. Skólaraðir frá Skálholtsskóla, Hólaskóla og Hólavallarskóla, skólameistaratal, skólavitnisburðir o.fl., útg. Hannes Þorsteinsson, Sögurit XV (Reykjavík, 1916–1918), s. 124.*

uppskriftina í bréfabók biskups telja að Bjarni hafi ekki einasta skrifað bréfið heldur einnig undirskrift Sigríðar, þó að hún sé sögð með eigin hendi. Um Bjarna var sagt að honum væri „meir lagið afl og vöxtur, og þeim frændum fleirum, enn fyrirhyggja eða búsæld, hann var undarlegur í háttum“.¹ Orðalag bréfsins bendir fremur til þess að lítillát kona véli um: „Efni og orsök þessara *fárar orða* í þetta sinn“ (leturbr. mín), „Hér uppá bið ég og treysti yðar forsjá að láta teikna mér til nokkur *orðakorn* til aftur“ og „Þetta svo *fáort og einfalt skrifbréf* bið ég minn herra biskup að virða vel“ (leturbr. mín).² Vissulega er ekki hægt að útiloka að Bjarni bregði fyrir sig bréfastíl konu sinnar. Lýsingin á honum gefur slíkri túlkun ekki beinlínis undir fótinn.

Af framansögðu má sjá að konur undirrita gjarnan bréf sín en láta stundum aðra um skriftirnar. Fá bréf eru varðveitt þar sem óyggjandi er að kona skrifar bæði bréfið og undirskriftina. Eitt elsta bréfið sem „sannarlega“ er skrifað af konu er bréf Önnu digru Jónsdóttur (1650–1722) sem varðveitt er í bandi í AM 193 4to. Bréfið skrifar hún bróður sínum síra Sigurði í Holti í Önundarfirði 9. september 1689. Bréfið fjallar m.a. um eitthvert leiðindamál varðandi konu að nafni Guðrún Markúsdóttir en einnig biður hún bræður sína, Sigurð og Guðbrand, að ráða sér heilt. Anna átti þrjár systur og eru sumar þekktar bókakonur, t.d. Ragnheiður Jónsdóttir biskupsekkja sem rak skóla í Gröf á Höfðaströnd og Helga sem skrifaði Raunatal sitt (sjá framar). Systurnar hafa efalaust allar verið færar um að skrifa og nýttu sumar þá kunnáttu ekki einungis til bréfaskrifa. Af bréfi Önnu að dæma hefur hún ekki verið æfður skrifari og sennilega aldrei skrifað handrit líkt og Helga systir hennar.


Guðný Stefánsdóttir (f. 1678) afasystir síra Jóns Steingrímssonar kunni að skrifa (sjá III,6). Í *Ævisögunni* hefur Jón orð á því að það hafi þótt mikið á þeirri tíð sem gæti bent til að öldin sé önnur undir lok 18. aldar.³ Eins og áður kom fram rómar Jón Þórunni konu sína mjög fyrir lærdóm og gáfur. Í tilhugalífi þeirra segir Jón að hún hafi skrifað „bróður sínum Laurusi á Urðum í Svarardal til heimuglegt bréf og sagði honum hvörninn ástatt var og að hún vildi taka mig til ekta og bað hann um liðsinni þar til“.⁴ Bréfið hefði vart verið „heimuglegt“ (þ.e. leynilegt) hefði hún fengið annan til að skrifa, nema þá helst Jón, en af orðalaginu að dæma hefur svo ekki verið. Einlægast er að álykta að Þórunn skrifi bréfið sjálf.

1 Jón Espólín, *Íslands Árbækur* VII, s. 3–4.

2 Brynjólfur Sveinsson, *Úr bréfabókum*, s. 285–286.

3 Jón Steingrímsson, *Ævisaga Jóns Steingrímssonar*, s. 7–8.

4 Sama, s. 58.



Mynd 13: Elsta varðveitta brefið sem víslega er með hendi konu. Brefið skrifaði Anna digra Jónsdóttir (1650–1722) bróður sínum. Brefið er varðveitt í AM 193 4to. Konur nýttu skrifarkunnáttu sína gjarnan til brefaskrifa og til að skrifa nafnið sitt undir skjöl og gerninga.

Ógerningur er hins vegar að fullyrða að Jórunn tengdamóðir Jóns skrifi bréfið til hans sjálf:

Nær ei varð af ég fengi Laufásinn skrifaði tengdamóðir mín mér til að ég skyldi til sín koma og útvelja mér bækur [...]¹

Jórunn var 21 ári yngri en Guðný afasystir Jóns og auk þess biskupsdóttir, svo ekki er útilokað að hún hafi lært að skrifa. Jón skrifaðist á við nokkrar konur, einkum prestfrúr, en rétt eins og um Jórinni verður ekkert fullyrt hvort þær skrifi honum eigin hendi. Á 18. öld fjölgar varðveittum bréfum frá konum en erfitt getur reynst að sanna hvort þau eru skrifuð eigin hendi. Oft nýtti fólk auðar spássíur bréfa til að skrifa eitthvað annað og felldi inn í handrit. Í þess konar handritum má oft finna bréf eftir konur. Dæmi um slíkt er Lbs 174 4to en þar má finna bréf frá konum í upphafi 18. aldar.

Nöfn kvenna og pár á spássíum handrita

Á árnýöld fjölgar þeim konum sem skilja eftir sig spor á spássíum og auðum blöðum handrita.² Athyglisvert er t.d. að skoða notkunina á gömlum skinnbókum eftir siðskiptin, einkum þeim sem geyma trúarlega texta. Áðurnefnd Kirkjubæjarsbók (AM 429 12mo) varðveitir heilagra meyja sögur en ekkert er vitað um feril bókarinnar eftir að klaustrið í Kirkjubæ var lagt niður og þar til nýir eigendur eða notendur birtast á upprunalega auðum síðum í handritinu. Á blöðum 14r og 27v–28r er t.d. stafrófið, bænaformúla og signing skrifað „með þjálfadri rithönd frá sautjándu öld og afritað með því sem virðist vera rithönd barns“.³ Stúlkukindin Guðrún sem við sjáum handleika bókina á blaði 27v: „Þetta er bók Guðrúnar að leika sér að því hún rifnar ei þó óstillt sé með farið“, hefur mögulega verið látin æfa rithönd sína. Auð blöð bókarinnar voru a.m.k. nýtt til skriftarkennslu. Trauðla hefur ung stúlka á 17. öld verið látin læra að lesa á hana. Ekki liggur í augum uppi hvernig skilja beri það að Guðrún fái að leika sér að bókinni. Vart hefur hún fengið að draslast með hana. Sennilegra er að litið hafi verið á skriftaræfingar Guðrúnar svo og annað

1 Sama, s. 61.

2 Hér verður einungis úrval af spássíukroti. Frekari upplýsingar má fá í viðaukum en einnig eru fleiri dæmi tilgreind í fjórða kafla. – Um spássíukrot, sjá Driscoll, „Postcards From the Edge“, s. 21–36.

3 Battista, „Kirkjubæjarsbók“, s. 176. Sjá einnig Driscoll, „Postcards From the Edge“, s. 24–25.

sýsl hennar með handritið sem leik í upphafi vega. Myndirnar sem prýða handritið eru sumar uppfullar af hryllingi (t.d. afhausun) sem unga stúlkan hefur sótt í að skoða. Eins og allir vita fletta börn bókum harkalega og því kann þeim sem skrifaði klausuna um Guðrúnu að hafa fundist meðferð hennar einkennast af nokkurri vanstillingu.

Á spássíum AM 235 fol, sem geymir heilagara manna sögur, er kona einnig að æfa sig að skrifa: „Margrét Þorsteinsdóttir hefir klórað“ (38v). Margrét (1639–1706) var dóttir síra Þorsteins Jónssonar í Bræðratungu.¹ Handritið var skrifað í lok 14. aldar eða upphafi þeirrar 15. og er umhugsunarvert að Margrét notar bókina sem nokkurs konar forskriftarbók, þ.e. stafagerðin er sú sama og í handritinu en tengist ekki þeirri skrift sem tíðkaðist þegar Margrétar var að alast upp. Hér á eftir má sjá að Margrét hafði fleiri en eina skriftartegund á valdi sínu. Að lokum má geta þess að ísaumsmynstur er á spássíu á bl. 20v sem talið er að Margrét teikni.²

Í AM 249 k fol er eftirfarandi klausa með barnslegri hendi: „en betur skrifar þó Helga heldur en Guðrún“. Klausan er talin skrifuð undir lok 16. aldar eða í upphafi þeirrar 17.³ Óvíst er hvaða konur þetta eru enda koma eflaust margar til greina. Sennilega hafa þær alist upp saman, annaðhvort eru þetta systur eða fóstursystur. Tvær dætur Gísla biskups Jónssonar Skálholtsbiskups og Kristínar Eyjólfsdóttur (f. 1515?) hétu Guðrún (1540?–1583) og Helga (f. 1540?). Dóttir Helgu, Marín Erasmusdóttir (1565?–1607), átti og tvær dætur með þessum nöfnum, Helgu Snorradóttur (f. 1590?) prestfrú á Stað í Steingrímsfirði og Guðrúnu eldri Snorradóttur (f. 1595?) húsfreyju á Breiðabólstað. Í AM 249 k fol er varðveitt latneskt rímtal (*Calendarium latinum*) og telur Soffía Guðný Guðmundsdóttir að áður nefnd klausa sé að öllum líkindum skrifuð þegar hinn nýi siður hafði fest sig í sessi. Þá hafi viðlíka skriftaræfingar þótt hæfa í riti úr kaþólskri tíð sem ekki gegndi lengur trúarlegu hlutverki.⁴ Í því ljósi koma Helga og Guðrún Snorradætur e.t.v. sterklegar til greina. Rímtalið í AM 249 k fol hefur fremur átt heimilisfesti við kirkju en bóndabæ. Erasmus Villadtsson afi þeirra systra var fyrst skólameistari í Skálholti en að lokum prestur á

1 Peter Foote, „Introduction“, í *Jóns saga Hólabyskups ens helga*, Editiones Arnarnæanæ A 14 (Kaupmannahöfn, 2003), s. 1–272, s. 79–80.

2 Natalie M. van Deusen, „Stitches in the Margins: The Embroidery Pattern in AM 235 fol.“, *Maal og Minne* 2 (2011), s. 26–42, s. 38.

3 Soffía Guðný Guðmundsdóttir, „Ritfærni Guðrúnar“, í *38 vöplur bakaðar og bornar fram Guðrúnu Ingólfssdóttur fimmtugri 1. maí 2009* (Reykjavík, 2009), s. 91–93, s. 92; idem, „Met-ingur námsmeyja“, http://www.arnastofnun.is/page/soffia_gudny_gudmundsdottir_1.

4 Soffía Guðný Guðmundsdóttir, „Ritfærni Guðrúnar“, s. 93.

Breiðabólstað í Fljótshlíð og þar gætu þær Helga og Guðrún hafa komist í bókina þegar þær heimsóttu ömmu sína.¹

Í rímnabókinni AM 605 4to er varðveitt spássíugrein með 17. aldar hendi sem sýnir að þess eru dæmi að jafnvel systur kenndu ungum bræðrum sínum að skrifa: „kenndu mér að skrifa, systir mín góð“ (51r).² Þar eð skriftarkunnátta var fátíð meðal kvenna verður þó að gera ráð fyrir að alla jafna hafi konur ekki kennt skrift. Í *Biskupasögum Jóns práfasts Halldórssonar í Hítardal* er lýsing á þeirri kennslu sem síðasti biskupinn á Hólum, Sigurður Stefánsson, fékk hjá móður sinni Sigríði Sigurðardóttur (1710?–1770), prestfrú á Höskuldsstöðum á Skagaströnd:

Pennan unga tók hans dyggðeðla móðir svo að sér, að hún sjálf uppfræddi hann í bóklestri í móðurmáli, kristindómsins lærdómi í orði og skilningi til þess guðlega athæfis, sem hentar í Jesu Christo. Þar með bar hún umsorgun fyrir, honum væri kennt að skrifa [...]³

Þrátt fyrir að Sigríður annist ekki skriftarkennslu sonar síns segir það lítið um hvort hún var fær um að skrifa.

Veganestið að heiman hefur vísast hossað herra en það andlega fóður sem eiginmenn buðu stundum upp á. Ólöf Einarsdóttir skrifar nafnið sitt nokkrum sinnum á s. 106 í JS 168 4to, sem geymir registur lögbókarinnar, réttarbóta, konungsbréfa og alþingisdóma. Sú sem mundar pennann er að öllum líkindum Ólöf Einarsdóttir (f. 1695) húsfreyja í Stóra-Sandfelli í Skriðdal, eiginkona Torfa Pálssonar. Í *Ættum Ausifirðinga* segir um Torfa:

Ekki þótti andlegt atgerfi hans mikið, og kölluðu hann margir Torfa hinn heimska. En búmaður var hann góður.⁴

Torfi varð stúdent frá Skálholtsskóla en biskup neitaði að vígja hann „sökum fákunnáttu í guðfræði og latínu“.⁵ Amma Ólafar var hins vegar Guðný

1 Erasmus Villadtsson dó árið 1591 en ekki er vitað um dánarár konu hans. Hún var 20 árum yngri en hann.

2 Sjá einnig Stefán Karlsson, „Kvannahandrit í karlahöndum“, s. 80; Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Reading and Writing in Medieval Iceland“, s. 160.

3 Jón Halldórsson, *Biskupasögur Jóns práfasts Halldórssonar í Hítardal* II, útg. Jón Þorkeiðsson, Hannes Þorsteinsson o.fl., Sögurit II (Reykjavík, 1911–1915), s. 244.

4 Einar Jónsson, *Ættir Ausifirðinga* V, útg. Einar Bjarnason og Benedikt Gíslason frá Hofteigi (Reykjavík, 1962), s. 1377–1378 (13339). Sjá einnig Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár* V, s. 30.

5 Einar Jónsson, *Ættir Ausifirðinga*, s. 1378.

Pálsdóttir, margkunnandi og fróð, kunni t.d. latínu og var vel heima í tímatalsfræðum og kenndi þessi fræði börnum sínum (sjá III,6).

Með bókmenntasögu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík liggur blað úr bók í eigu mæðgna. Dóttirin hefur fengið hana frá móður sinni, annaðhvort sem gjöf eða arf. Báðar skrifa þær að bókin sé með réttu þeirra eign og í framhaldi af því skrifa þær einhvers konar bæn. Þetta eru mæðgurnar Margrét Þorsteinsdóttir (1639–1706) og Guðrún Þorkelsdóttir (um 1661–1707), tengdamóðir og mágkona áður nefndrar Sigríðar Jónsdóttur:

Margrét Þorsteinsdóttir á þessa bók. Drottinn kenn þú mér veg þinna réttinda svo ég varðveiti hann allt til enda.

Margrét Þorsteinsdóttir m.e.h.

Þessa bók á ég með réttu og enginn annar. [...] áður en þeir kalla þá v[il] ég andsvara þeim og á með[an] þeir eru enn nú að andvarp[a], þá vil ég bænheyra þá, segir Drottinn.

Görðum þann 1. júlí

Annó 1674

Guðrún Þorkelsdóttir m.e.h.¹

Mæðgurnar skrifa báðar fljótaskrift en áður hefur komið fram að á spássíum AM 235 fol var Margrét að æfa sig að skrifa eldri skrift.

Katrín Ögmundsdóttir (f. 1689) fékk sálmaþók (ÍB 65 8vo) að gjöf frá Guðrúnu (f. 1685) systur sinni og skrifar sjálf eignarstaðfestingu: „Katrín Ögmundsdóttir á þessa bók með réttu og er vel að henni kom-in. Guðrún systir hennar gaf. K.Ö.d.“ (78r). Þær systur bjuggu í Gröf, Öngulstaðahreppi í Eyjafirði, þar sem foreldrar þeirra voru bændur. Ekkert er vitað um ættina en engir stórbændur voru hér á ferð. Gröf var þó ekki í hópi kotbýla. Jörðin var kóngsjörð og var metin 20 hundraða en 30 með Skálpagerði.² Katrín skrifar aðra eignarstaðfestingu á bl. 148r og er rithöndin óæfð, sem bendir til að annaðhvort sé barn að skrifa eða óvanur skrifari. Menntun gat verið allnokkur í röðum betri bænda en þess finnast einnig dæmi að smábændur væru býsna vel að sér og í þeirra röðum má jafnvel finna atvinnuskrifara.³ Það hafði áhrif á menntun þeirra kvenna sem deildu með þeim kjörum.⁴

1 KBAdd 3 fol.

2 Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 10, s. 303.

3 Sjá t.d. Haraldur Bernharðsson, *Málblöndun í sauþjánda aldar uppskriftum*.

4 Sjá einnig umfjöllun um handrit Ingvaldar Einarsdóttur í þriðja kafla (sjá III,8nm) og handrit Ingvaldar Jónsdóttur í fjórða kafla (sjá IV,4).

Jórunn Hinriksdóttir (1614–1693) átti stórt og veglegt skinnhandrit (AM 61 fol) skrifað á árunum 1350–1375 og 1400–1450.¹ Handritið geymir Ólafs sögu Tryggvasonar og Ólafs sögu helga. Magnús Björnsson lögmaður á Munkaþverá færði henni bókina. Magnús lést árið 1662 þannig að Jórunn hefur fengið handritið fyrir þann tíma. Guðrún Gísladóttir eiginkona Magnúsar og Hinrik Gíslason faðir Jórunnar voru systkini, afkomendur Árna Gíslasonar sýslumanns á Hlíðarenda. Magnús var faðir bókakonunnar Helgu í Bræðratungu. Á spássíum og auðum blöðum er ýmislegt pennakrot, m.a. nöfn. Á bl. 1r er nafnið Halldóra Halldórsdóttir og á bl. 123r er sama nafn skrifað barnslegri hendi. Halldóra (f. 1647) ólst upp í Seylu hjá föður sínum Halldóri Þorbergssyni bónda og lög-réttumanni, en Jórunn og Benedikt Halldórsson sýslumaður, eigenmaður hennar, áttu Seylu. Þegar Benedikt lést árið 1688 gerðu Halldóra og Skúli Ólafsson, eigenmaður hennar, samning við Jórunni um ábúð á jörðinni Seylu. Í þeim samningi skrifa bæði Halldóra og Skúli undir eigin hendi, ekki Jórunn. Hinn óskólagengni Halldór Þorbergsson hefur kennt dóttur sinni að lesa og skrifa, og jafnvel notað til þess AM 61 fol. Halldór var sjálfur æfður skrifari.²

Ástæður þess að Jórunn skrifar ekki sjálf undir samninginn geta vissulega verið margar. Sú augljósasta er að hún kunni ekki að skrifa. Jórunn gat einnig hafa forfallast og látið annan handsala fyrir sig gjörninginn. Úr því verður aldrei skorið, en hafi Jórunn verið óskrifandi er hér gott dæmi um það hversu óvarlegt er að álykta að stéttarstaða skipti sköpum fyrir skriftarkunnáttu. Sjálfmenntaðir, fróðleikspyrstir og metnaðargjarnir foreldrar höfðu sennilega meira að segja um menntun kvenna en auður í garði.

Kennslubækur í lestri og skrift

Veturinn 1750–1751 skrifaði Jón úr Grunnavík handritið Kall 613 4to fyrir frænku sína Ragnheiði Einarsdóttur (1742–1814), til að æfa hana í lestri og skrift. Handritið geymir að mestu fornaldar- og riddarasögur (sjá IV,4).

- 1 Um feril AM 61 fol, ritunartíma o.fl., sjá Ólafur Halldórsson, „Indledning“, í *Ólafs saga Tryggvasonar en mesta*, útg. Ólafur Halldórsson, Editiones Arnarnagæðæ A 3 (Kaupmannahöfn, 2000), s. XV–CCCXXIII, s. XXIII–XL. – Ingibjörg (1640?–1673) dóttir Jórunnar eignaðist síðan handritið og tók það með sér til Hóla þegar hún giftist Gísla biskupi Þorlákssyni.
- 2 Guðrún Ása Grímsdóttir, „Af annálakverum úr Skagafríði“, í *Saltari stilltur og sleginn Svanhildi Óskarsdóttur fimmtugri 13. mars 2014* (Reykjavík, 2014), s. 120–124, s. 121–122.

Ragnheiður var dóttir Einars Nikulássonar bónda á Söndum og Guðrúnar Jónsdóttur. Hún var einkabarn og virðist mikið hafa verið lagt upp úr að mennta hana sem best. Fullvíst er talið að hönd Ragnheiðar megi finna á fáeinum stöðum í handritinu þar sem rithöndin er viðvaningsleg.¹ Þrjár skriftartegundir eru á Kall 613 (settletur, fljótaskrift og húanísk léttiskrift) en lestrarkennslan kallaði á þjálfun í fjölbreyttum skriftartegundum.² Þó að Ragnheiður skrifi einungis eina gerð skriftar hefur hún e.t.v. „í og með lært að *skrifa* mismunandi skriftartegundir“.³ Það táknar þó ekki að börn hafi öll verið fær um að skrifa ólíkar skriftartegundir. Frá því um 1600 og fram á 19. öld var fljótaskrift algengasta gerð skriftar hér á landi og var hún notuð á bréf og skjalabækur en einnig annars konar handrit. Á 17. öld voru miðaldatextar þó oft skrifaðir með miðaldaskrift (gotneskri léttiskrift) en á 18. öld tók kansellískrift við hlutverki miðaldaskriftar sem finni bókskrift. Notkun húanískrar skriftar var lítil og bundin við skrif á latínu og frönsku. Þeir sem lærðu að skrifa en nýttu þá kunnáttu ekki á opinberum vettvangi hafa flestir einungis lært þá skriftartegund sem mest var í brúk, þ.e. fljótaskrift.⁴

Til að æfa rithönd barna voru þau sennilega oft látin grípa í pennann þegar verið var að skrifa handrit fyrir þau. Forskriftir má og finna á spássíum, mislangar og flóknar. Í ÍB 861 8vo er forskrift handa ungri stúlku, Guðbjörgu Torfadóttur. Hún hljóðar svo: „Skrifaðu nú af allri art/ svo að því dáist fólkið margt/lettrið ljóst sem best/ láttu nú ekki verða klesst. Guðbjörg Torfadóttir“ (57v). Neðan við skrifar Guðbjörg svo nafnið sitt og hluta af forskriftinni. Allt er þetta með fljótaskrift. Aftast skrifar hún nafnið sitt aftur (136r–v). ÍB 861 8vo er samsett úr tveimur handritum sem bæði innihalda bænir. Handritin eru að öllum líkindum ekki skrifuð á sama tíma, þó að ekki sé hægt að útiloka að ólík skrift skýrist af aldursmuni skrifara.⁵ Það leiðir hins vegar hugann að Kall 613 og hlutverki þess að æfa eigandann í lestri og skrift. Áður hefur komið fram að bænabækur voru stundum fyrstu bækurnar sem stúlkur eignuðust og því er sennilegt að margar hafi lært að lesa á þess konar bækur. Innræting og æfing fóru

1 Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Barnshugur við bók“, s. 1–8.

2 Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Inngangur“, í *Úlfhams saga*, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 53 (Reykjavík, 2001), s. xiii–ccxlix, s. liv–lxiii; idem, „Barnshugur við bók“, s. 3.

3 Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Inngangur“, s. lx. – Í *Hagþenki*, riti Grunnvíkings um menntun á Íslandi, fjallar hann einmitt um þær skriftartegundir sem kenna á börnum (Jón Ólafsson, *Hagþenki*, s. 13).

4 Guðvarður Már Gunnlaugsson í samtali 16. september 2015.

5 Örlitill stærðarmunur er á handritunum.

gjarnan saman. Í handriti Guðbjargar má glögg sjá að skriftarkunnáttan átti að auka hróður hennar. Nokkrar Guðbjargar koma til greina. Sú fyrsta fæddist árið 1630 og var húsfreyja á Barðaströnd. Um þá næstu er lítið vitað en hún var fædd 1778. Sú þriðja fæddist árið 1791 og var um tíma í Hjarðardal fremri í Ísafjarðarsýslu.

Skriftarkunnátta tengd galdri

Ef marka má þennan gamla húsang var það álitinn vegsauki að kunna að lesa og skrifa:

Að lesa og skrifa list er góð,
læri það sem flestir.
Þeir eru haldnir heims hjá þjóð
höfðingjarnir mestir.

Skriftarkunnátta gat þó dregið dilk á eftir sér. Ólíkt evrópskum konum enduðu fáar íslenskar konur á bálinu þegar mesta galdrafárið geisaði hér á 17. öld. Fræðimenn telja margir að galdur hafi á Íslandi verið nátengdur læsi. Þar eð karlmenn bjuggu fleiri yfir slíkri kunnáttu voru þeir fremur grunaðir um kukl.¹ Síðasta galdrabrennan fór fram árið 1683 en eftir það var tekið mildilegar á galdramálum. Konur urðu þó ýmsar fyrir galdraáburði og var Þórdís Markúsdóttir (1668–1728) á Stokkseyri ein þeirra.²

Margar sögur fara af henni, fékk hún viðurnefnið Stokkseyrar-Dísa, og þótti ekkert lamb að leika við.³ Móðir Þórdísar, Guðrún Torfadóttir, var systir Þormóðs Torfasonar sagnaritara Danakonungs og merkilegs fræðimanns. Þó að fræðaáhugi og auður hafi verið í ætt Þórdísar hafa hvorki bækur né bréf varðveist úr eigu hennar eða með hennar hendi. Að henni stóð geðríkt fólk sem ekki lét hlut sinn. Seinni hluta ævinnar stóð Þórdís í málavafstri út af erfðamálum eftir eiginmanninn en einnig lenti hún upp á kant við geistleg yfirvöld út af kirkjunni á Stokkseyri.⁴ Galdraryktið og

1 Sjá t.d. Ólína Þorvarðardóttir, *Brennuöldin. Galdur og galdratrú í málskjöllum og munnmælum* (Reykjavík, 2000), s. 192.

2 Ég þakka Katelin Parsons fyrir að benda mér á þetta dæmi og gagnlegar samræður um það.

3 Sjá *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* I, s. 552–554, 566–568; *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* III, safnað hefur Jón Árnason, útg. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (Reykjavík, 1955), s. 522–523, 539nm, 578–579.

4 Sjá *Alþingisbækur Íslands* X (1711–1720) (Reykjavík, 1967), s. 471–472, 518–524, 529; *Alþingisbækur Íslands* XI (1721–1730) (Reykjavík, 1969), s. 94–195, 201, 266–267, 306, 321–324.

fordæðuorðið hefur hún þó sennilega fyrst og fremst fengið af ákæru á hendur henni á alþingi árið 1710.

Nágrannahjón hennar, Eyvindur Guðmundsson og Iðunn Jónsdóttir, komu tveimur galdrakverum í hendur Páli Vídalín lögmanni, sem þau fullyrtu að Iðunn hefði fundið í fjörunni á Stokkseyri árið 1708. Á annarri skráðunni stóð nafn Þórdísar Markúsdóttur og „e.h.“ [þ.e.: eigin hendi] þar aftan við, sem og nafn Markúsar Guðmundssonar, sonar hennar.¹ Mæðginin þvertóku fyrir að höndin væri þeirra og vændi Þórdís Eyvind um að hafa falsað nöfnin. Til að bera af sér eignarhald á kverunum var þeim Þórdísi og Markúsi að lokum dæmdur sjöttareíður árið 1711.² Trauðla hefur Þórdís skrifað nafn sitt í bók af þessu tagi enda refsivert að eiga slíkt rit í fórum sínum. Með því móti væri hún að játa sök.

Skaphöfn Þórdísar hefur ekki aflað henni vinsælda. Hvammsannáll orðar það þó svo þegar hún lést: „nafnkennd kvennskörungur Þórdís á Stokkseyri [...]“.³ Um hana má því e.t.v. segja: „margur fær af litlu lof / en last fyrir ekki parið“. Árni Óla birti pistil um Þórdísi þar sem hann tekur upp hanskan fyrir hana.⁴ Pistilinn birti hann aftur í *Frásagnir. Ejóðlifsmyndir frá ýmsum tímum*. Frásögnina endar Árni svo:

En brösur hennar við klerka og kirkjuvöld hafa eflaust orðið til þess að spilla álitni hennar meðal almennings. Það hefir hvorki þótt kristilegt né sæmandi að standa þannig uppi í hárinu á hinni andlegu stétt. Þetta hefir þó margur gert, er hann þóttist eiga hendur sínar að verja, og ekki hlotið ámæli fyrir. En hér var öldruð ekkja, almennt öfunduð af því hvað hún var rík, og því höfuðsynd hjá henni að halda eignum drottins.⁵

Sagan af Þórdísi Markúsdóttir sýnir hve eldfim bókaeign og skriftarkunnátta gat verið á fyrri tíð.

Í hugum margra á okkar dögum felur hugtakið *læsi* bæði í sér lestrar- og skriftarfærni.⁶ Þannig var því ekki háttað fyrr á tíð. Eins og áður sagði

1 *Alþingisbækur Íslands IX* (1697–1710) (Reykjavík, 1957–1964), s. 569–570.

2 *Alþingisbækur Íslands X*, s. 12–15. – Ólína Þorvarðardóttir fjallar um mál Þórdísar og mynd hennar í þjóðsögum (Ólína Þorvarðardóttir, *Brennuöldin*, s. 262–263).

3 Þórður Þórðarson, Annáll séra Þórðar prófests Þórðarsonar í Hvammi í Hvammsveit eða Hvammsannáll 1707–1738, í *Annálar 1400–1800*, útg. Hannes Þorsteinsson (Reykjavík, 1927–1932), s. 671–727, s. 700–701.

4 Árni Óla, „Stokkseyrar Dísa“, *Morgunblaðið* (28. mars 1954), s. 205–209.

5 Árni Óla, *Frásagnir. Ejóðlifsmyndir frá ýmsum tímum* (Reykjavík, 1955), s. 183–192, s. 192.

6 Í fræðilegri umræðu felur hugtakið einnig í sér lesskilning.

þá var þetta tvennt kennt aðskilið enda krefst hvort um sig ólíkrar hæfni.¹ Áður en lög um skriftarkennslu tóku gildi hér á landi árið 1880 virðist sem foreldrar, einkum meðal almúgafólks, hafi ekki verið viljugir að kenna stúlkum að skrifa, þrátt fyrir að þær hafi margar verið betur læsar en drengir.² Sömu sögu er að segja af hinum Norðurlöndunum.³ Samkvæmt rannsóknnum Loftis Guttormssonar voru 10–30% kvenna úr öllum stéttum skrifandi um miðbik 19. aldar.⁴ Frekari rannsóknir vantar þó tilfinnanlega á þessu efni. Dæmi eru um það hérlandis að almúgafólk hafi lært að skrifa af sjálfsdáðum líkt og Guðbjörg Hannesdóttir (1830–1911) og eiginmaður hennar, Guðmundur Stefánsson, foreldrar Klettafjallaskáldsins Stephans G. Stephanssonar. Guðbjörg kenndi syni sínum síðan að draga til stafs, skar honum „fjaðrapenna og gerði blek úr hellulit“.⁵ Þegar Stephan G. var að alast upp í Skagafirði rétt eftir miðja 19. öldina var hlutfall læsra og skrifandi hátt. Í Seyluhreppi voru t.d. flestar stúlkur læsar og skrifandi og nutu til þess leiðsagnar.⁶ Athyglisverðar eru einnig niðurstöður Rominu Werth um heimildamenn Jóns Árnasonar þjóðsagnasafnara á Austurlandi upp úr miðri 19. öld en svo virðist „sem sjálflært alþýðufólk, bæði karlar og konur, hafi að stórum hluta til skrásett þjóðsögur án aðstoðar menntamanna“. Hún bendir einnig á að drýgstur partur heimildamanna Jóns hafi

- 1 Horstbøll, *Menigmands medie*, s. 153; Appel og Fink-Jensen, „Introduction“, s. 8.
- 2 Loftur Guttormsson, „Skrivefærdighed i et skoleløst samfund (ca 1800–1880)“, í *Da menigmand i Norden lærte at skrive. En sektionsrapport fra 19. nordiske historikerkongres 1984*, ritstj. Vagn Skovgaard-Petersen (Kaupmannahöfn, 1985), s. 49–65, s. 55. – Þegar amma og móðir Margrétar Jónsdóttur (1833–1922) í Stafni dóu ólst hún upp hjá föðursystur sinni Engilráð. Engilráð kenndi Margréti hannyrðir og matseld en var alfarið á móti því að hún lærði að skrifa. Guðmundur, sonur Engilráðar, kenndi Margréti hins vegar að skrifa. „Til skriftanna notaði Margrét hrafnsfjöður fyrir penna, en kálfsblóð eða útþynnt sót fyrir blek“. Guðmundur átti líka mikið af bókum „sem þau lásu í félagi, oftast án leyfis húsbændanna“ (Kristín Sigvaldadóttir, „Margrét í Stafni“, s. 103).
- 3 Appel, *Læsning og bogmarked*, s. 62–63; Jostein Fet, *Skrivande bønder. Skrifkultur på Nord-Vestlandet 1600–1850* (Oslo, 2003), s. 38; Britt Liljewall, „Recollections of Reading and Writing. Another Picture of Swedish Literacy“, s. 35–36.
- 4 Loftur Guttormsson, „Fræðsluhefðin. Kirkjuleg heimafræðsla“, í *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007 I*. Skólahald í bæ og sveit 1880–1945, ritstj. Loftur Guttormsson (Reykjavík, 2008), s. 21–35, s. 32.
- 5 Um Guðbjörgu segir í Lögbergi: „Hún var göfuglynd og hógvær kona. Lét sig litlu skifta skoðanir annara en hélt sinni stefnu“ („Dánarfregni“, *Lögberg* (2. febrúar, 1911), s. 3).
- 6 Viðar Hreinsson, *Landneminn mikli. Ævisaga Stephans G. Stephanssonar I* (Reykjavík, 2002), s. 25, 37–38. – Guðmundur vann um tíma, meðfram eigin hokri, hjá Einari Hannessyni bónda á Mælifellsá. Sigurlaug Eyjólfsdóttir (1819–1892), kona Einars, var vel skrifandi, „bókhneigð og betur að sér en bóndi hennar“ (Sama, s. 34).

verið fremur ungt fólk, andstætt því sem áður var talið, og að eftir þau liggi önnur handrit með ýmsum fróðleik og bókmenntum.¹

Við rannsóknir á skriftarfærni verður að hafa í huga að það var ekki útlátalaust að skrifa. Þrátt fyrir að afla mætti penna og bleks úti í náttúrunni þurfti að kaupa pappír eða vinna fyrir honum. Það var því ekki á allra færi að standa í slíku þó að með tíð og tíma yrði það æ auðveldara. Dæmið af foreldrum Stephans G. sýnir einnig að menntunarþorstinn gat teymt mann býsna langt. Erla Hulda Halldórsdóttir sem einna ötulast hefur rannsakað bréf kvenna segir að prestar hafi sumir gert minna úr skriftarkunnáttu þeirra „en efni standa til. Jónas Jónsson prestur í Höfðasókn í Suður-Þingeyjarsýslu skrifar til dæmis í svari sínu árið 1840: „en þó konur nokkrar og stúlkur pári hvörjar öðrum, má það eigi heita skrift“.² Bréf og spássíur handrita voru aftur á móti leikvöllur kvenna með fjöðurstafinn.

6. Samantekt

Frá miðöldum eru til bréf og skjöl með hendi kvenna eða undirrituð af þeim, eða heimildir um slíkt. Engar skrifandi konur birtast okkur hins vegar í frumsömdum íslenskum fornþéttum, dæmi um slíkt má einungis finna í þýddum bókmenntum. Á 17. öld fjölga dæmum um undirskriftir kvenna og frásögnum af skrifandi íslenskum konum. Líkt og í Evrópu skipti viðhorf foreldra til menntunar og bókalærdóms miklu um það hvort konur lærðu að lesa og skrifa. Flestar konur í efri- og millistétt hlutu grunnmenntun hjá móður sinni en umfang hennar og gæði fór eftir menntun móðurinnar. Lærdómsmenn gátu á hinn bóginn kennt dætrum sínum til jafns við synina sem nutu skólagöngu. Biskupsdætur og konur úr efsta lagi samfélagsins nutu ýmsar slíkra forréttinda. Af framansögðu má þó sjá að dætur óbreyttra presta og þær sem sátu neðar í goggunarröðinni gátu menntast á við yfirstéttarkonur. Þóra dóttir síra Þorsteins Arngrímssonar var ein af þeim lánsömu konum.

1 Romina Werth, „*Vox viva docet*“. *Um tengslanet milli safnara og heimildarmanna við þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar*, MA-ritgerð í þjóðfræði (Reykjavík, 2015), s. 130, 128, 157.

2 Erla Hulda Halldórsdóttir, „Kvennabréfin á Hallfredarstöðum“, s. 71. – Þó að gerðar væru tilraunir þegar á 18. öld að samræma rithátt var það ekki fyrir en á þeirri 20. sem réttir-unarreglur litu dagsins ljós. Rannsóknir hafa sýnt að þeir sem skrifuðu einkabréf gerðu sér sjaldnast rellu út af slíku (Erla Hulda Halldórsdóttir, „Do Not Let Anyone See This Ugly Scrawling“, s. 8). – Vert er einnig að benda á eftirfarandi grein: Erla Hulda Halldórsdóttir, „Af bréfaskriftum kvenna á 19. öld“, í *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930. Ritað mál, menntun og félagsshreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, Studia historica 18 (Reykjavík, 2003), s. 247–267.

Eftirtektarvert er að konur af lægri stigum sem lærðu að skrifa áður en lög um skriftarkennslu tóku gildi eru ýmsar sagðar ígildi karlmanns til allra verka eða láta almenningsálitið lönd og leið, t.d. Guðný Stefánsdóttir (f. 1678), Margrét Árnadóttir (1820–1897), Guðbjörg Hannesdóttir (1830–1911) og Margrét Jónsdóttir (1833–1922) í Stafni. Einurð og hugur bára þær oft hálfa leið.¹ Svo virðist sem konur hafi framan af einkum nýtt skriftarfærnina til að skrifa bréf eða undirrita bréf og skjöl. Þjálfaðan skrifara þurfti til að skrifa handrit og sú færni var á færi fæstra kvenna lengi framan af. Á síðustu árum hafa fræðimenn þó dregið slík handrit fram í dagsljósið og er hér fjallað um átta handrit sem hugsanlega eru skrifuð af konum.

Reynistaðarbók og Kirkjubæjarbók voru hluti af guðrækni systranna í nunnuklastrunum. Fimm af þeim sjö handritum sem veraldlegar konur skrifa tengjast einnig trúrækni þeirra. Í því sjötta skrifar kona huggunar-kvæði eftir sjálfa sig handa systur sinni og það sjöunda er uppskrift á kvæði eftir föður.

Ritfærni kvenna átti einkum að þjóna þrennum tilgangi: Hún átti að vera Guði til dýrðar, sem stuðningur við gamlan og ófæran föður, til að undirrita skjöl og gerning og til bréfaskrifta. Bréfaskriftirnar áttu fyrst og síðast að miðla upplýsingum og halda tengslum við vini og ættingja. Ummæli um skrifkúnst kvenna sýnir þó og sannar að hún vakti aðdáun sem hlýtur að hafa ýtt undir þær margar að fullnema sig í listinni. Skriftariðja gerði konur einnig að álitlegri kosti á hjónabandsmarkaðnum, bæði gat slík kunnátta komið í góðar þarfir og ekki síður aukið hróður heimilisins. Allt sem þurfti voru metnaðarfullir foreldrar og námsþorsti.²

1 Kvennaskólinn í Reykjavík var stofnaður 1874 og skömmu síðar tóku slíkir skólar til starfa á landsbyggðinni. Erla Hulda Halldórsdóttir fjallar ítarlega um slíka skóla og bendir á að skriftarkennsla hafi verið „sjálfsögð kennslugrein á kvennaskólunum – og mikil þörf á henni“ (Erla Hulda Halldórsdóttir, *Núttímans konur*, s. 167).

2 Fyrir málstofu við háskólann í Umeå í febrúar 2014 gerði ég lauslega athugun á handritum með hendi kvenna frá síðari hluarra skrifa sitt eigið efni (í fáeinum tilvikum gat ég ekki sannað á óbyggjandi hátt að svo væri). Á 19. öld skeiða konur sýnilega fram á skrifaravöllinn með sitt eigið efni. Einnig kannaði ég á hvaða tíma þessi 48 handrit eru skrifuð: 2 í kringum 1773, 6 fyrir 1850, 16 1850–1879, 2 1880, 17 eftir 1880. Það er forvitnilegt í ljósi þess að lög um skriftarkennslu allra barna tóku gildi árið 1880. Það er greinilegt að flest handritin eru skrifuð skömmu áður og eftir að löggjöfin er sett. Hér er vert að árétta að bréfaskriftir kvenna voru ekki teknar með í reikninginn. Afkastamestu skrifarnir voru alls 5 og voru allir að skrifa eftir 1880, nema einn. Þess má líka geta að tveir þeir afkastamestu eru mæðgur frá Skjaldfönn. Flestar voru konurnar úr millistétt en hvorki efsta né neðsta lagi samfélagsins.

Niðurstöður

Meginviðfangsefni þessarar bókar var að fjalla um bókmenningu kvenna á tímabilinu frá miðöldum til 1730. Íslenskar konur áttu ekki, fremur en kynsystur þeirra í Evrópu, kost á formlegri menntun innan skóla. Nunnuklaustur voru hins vegar vettvangur lærdómsiðkunar fyrir konur úr höfðingjastétt og þangað sóttu sumar skólun. Ekki er vitað hvort þær sem námu í klastrum hafi orðið að gangast undir klausturheit. Á Íslandi voru starfrækt tvö nunnuklaustur, á Reynistað og í Kirkjubæ. Talið er að þar hafi nunnur fengið viðlíka menntun og í systurklastrum í Evrópu, m.a. þjálfun í einhverjum af hinum sjö frjálsu listum eða höfuðfyrirpróttum sem kenndar voru á latínu.

Rannsóknir fræðimanna á handritum nunnuklaustra í Evrópu sýna að ritstofur voru sums staðar starfræktar innan klaustranna og að ákveðnar nunnur hafi haft þann starfa að afrita handrit og byggja upp bókasafn systranna. Íslenskir fræðimenn telja ýmsir að það sama hafi e.t.v. gilt um nunnuklaustrin hérlandis. Engar frásagnir eru þó til um skriftariðju innan íslenskra nunnuklaustra. Á hinn bóginn eru til skjöl og bréf sem gætu verið skrifuð af abbadísunum en auk þess gafst ein systirin í Kirkjubæ púkanum á vald með bréfi. Það er álitin óræk sönnun þess að nunnur hafi sumar kunnað að skrifa. Fræðimenn telja og sennilegt að systurnar hafi átt þátt í tilurð tveggja varðveittra handrita úr eigu klaustranna.

Þó að prentaðar heimildir séu fátalaðar um bókaiðju veraldlegra íslenskra kvenna á miðöldum og síðmiðöldum sýna þau fáu dæmi sem fundust að sambúð kvenna og bóka á sér langa sögu. Bókagjafir þeirra til kirkna og klaustra er skýrasti votturinn um að þær áttu bækur, jafnvel vísi að bókasafni. Menntun kvenna fór fram inni á heimilunum, alla jafna undir handleiðslu móðurinnar, og hélst sú tilhögun allt fram á 19. öld. Frá 17. og 18. öld eru hins vegar til heimildir um að konur hafi haldið skóla þar sem stúlkum og jafnvel drengjun var kennt. Af *Hagþenki* Jóns

Ólafssonar úr Grunnavík má ráða að lestrarkennsla drengja og stúlkna hafi framan af haldist í hendur en leiðir skilið þegar skrifarnámið hófst. Útvaldar stúlkur lærðu þó að skrifa og ummæli um skrifkúnnst þeirra sýna að hún vakti athygli og aðdáun. Sumar lærðu einnig að reikna sem sjá má af því að konur voru margar sleipar í tímatafsútreikningi. Menntun kvenna var þó ekki á sömu bókina lærð og karla. Gæði og umfang uppfærðslunnar tók mið af færni og þekkingu móðurinnar.

Fram á 16. öld voru það einvörðungu dætur höfðingja og embættismanna sem lærðu að lesa og jafnvel skrifa. Á 17. öld taka dætur fátækra presta að láta lestrarljós sitt skína og búa sumar yfir latínukunnáttu. Læs vinnukona dúkkar jafnframt upp á öldinni. Þegar Guðbrandur Þorláksson sat á biskupsstóli (1571–1627) lét hann prenta fjölmörg trúarrit til að uppfærða almenning í hinum nýja sið. Það átti sinn þátt í að auka læsi alþýðu manna og eðlilegt að áhrifanna gætti einkum í röðum prestdætra. Um aldamótin 1700 tók lestrarkunnátta kipp þegar yfirvöld hertu kröfur um kristindómsþekkingu almennings.

Lestrarnám drengja átti að hefjast þegar þeir voru sjö ára og það sama hefur verið upp á teningnum varðandi þær stúlkur sem lærðu að lesa. Framan af hefur þó allur gangur verið á því en fyrir tvítugt voru þær flestar orðnar sæmilega læsar. Eftir að lög um lestrarkennslu tóku gildi um miðja 18. öld hófst lestrarkennsla á sumum bæjum jafnvel þegar stúlkurnar voru sex ára.

Uppskriftir dánarbúa frá 18. og 19. öld sýna að venjulegt heimili í landinu átti allt að 15 prentuð trúarrit af ýmsu tagi. Einhleypar, fátækar vinnukonur skildu jafnvel eftir sig fáeinar bækur. Prentsmiðja kirkjunnar sá landsmönnum sannarlega fyrir nægu andlegu fódri. Fáar ef nokkrar prentbækur eru aftur á móti varðveittar úr eigu kvenna frá tímabilinu sem er til rannsóknar. Lífslíkur bóka sem bjuggu undir sötugum röftum og saggafullum voru því miður ekki ýkja miklar. Umhugsunarvert er að hvorki er mikið um veraldleg rit né handrit í uppskriftum dánarbúa. Fram undir lok 18. aldar, þegar einokun kirkjunnar á prentverki var aflétt, dreifðist lunginn af veraldlegu efni í handritum.

Fræðimenn telja að einungis brot af þeim handritum sem voru í umferð sitji nú í handritageymslum þjóðarinnar. Sumir álíta jafnvel að það sé innan við 10% handritakostsins. Hafa verður og í huga að upplýsingar skortir um feril mikils hluta varðveittra handrita. Það kom því á óvart hversu mörg handrit má tengja við konur (sbr. skrá í viðauka). Elstu handritin í höndum kvenna eru frá lokum 14. aldar og upphafi þeirrar 15. Þau eru vissulega ekki ýkja mörg en þeim mun veglegri. Varðveislan

batnar þegar fram líða stundir. Á 17. öld varð pappír ódýrari en einnig reið mikil uppskriftarbylgja yfir landið fyrir áhrif frá húmanisma eða fornmenntastefnu. Konur nutu góðs af því og þeim fjölgar sem eiga tvær varðveittar bækur eða fleiri.

Framan af voru það fyrst og fremst yfirstéttarkonur sem áttu handrit, konur af stærstu ættum landsins. Margar tengdust þessar konur því ættarböndum. Dætur og eiginkonur bóka- og menntamanna eru áberandi í þessum hóp enda eru það þeir sem hvað ötulast útvega konum bækur. Bókhneigðar mæður og ömmur skiptu einnig sköpum fyrir bókaeign þeirra kvenna sem á eftir þeim komu. Þó að konur erfi sannarlega oft bækur voru handrit oftast skrifuð fyrir þær eða þeim gefin. Þegar pappír varð ódýrari á 17. öld birtast dætur og eiginkonur smærri bænda og fátækra presta með bók í hönd, konur ótengdar höfðingjaættum landsins, jafnvel konur af lægri stigum. Bókakonur úr þessum hópi taka meira rými á 18. öld þegar áhrifa upplýsingastefnunnar fer að gæta hér á landi með aukinni alþýðufræðslu og lögum um lestrarkennslu.

Markmið þessarar bókar var ekki að draga upp mynd af lífi og kjörum kvenna, enda eru heimildir um konur á miðöldum til 1730 oft heldur rýrar. Þrátt fyrir það var iðulega notast við tiltækar heimildir svo komast mætti í nánari kynni við þær. Til eru líkræður eftir fáeinar konur en myndin sem þar blasir við er alla jafna á eina lund, lögð er áhersla á siðferði þeirra og trúrækni. Í erfi- og harmljóðum leynast þó oft mikilsverðar upplýsingar sem og í æviþáttum, en þeir heyra til undantekninga. Ekki skal því leynt að stundum var freistast til að leita í smíðju helsta slúðurfréttamanns fyrri tíðar, Jóns Espólín og Árbóka hans. Það sem fyrir mér vakti var fyrst og fremst að gefa konum rödd með því að láta bækur þeirra tala til okkar. Hér er í raun byggt á hinn ævafornu hugmynd um bókina sem spegil sem maður lítur í til að sjá sjálfan sig eins og maður er og eins og maður ætti að vera. Dæminu var hins vegar snúið við og spegilmynd kvenna kölluð fram í bókum þeirra og hún látin herma okkur fregnir af heimsmynd þeirra, hugðarefnum og hvaða tilgangi bækurnar þjónuðu í höndum þeirra.

Bækur kvenna endurspegla sumpart eitt meginhlutverk þeirra sem mæðra og húsmæðra. Allt fram á 18. öld voru lögbækur áberandi í bókakistlum kvenna. Lögbókin (Jónsbók) og ritningin voru einkum notaðar til að kenna börnum að lesa. Ástæðan var sú að einu opinberu störfni tengdust lögfræði og guðfræði og því var verið að undirbúa pilta undir framtíðarstörfni. Þar eð móðirin sá gjarnan um grunnmenntun barna sinna lærðu konur einnig að lesa á þessar bækur.

Syrpur, sem skrifaðar voru fyrir konur á 17. og 18. öld, voru greinilega hugsaðar sem handbækur eða verkfærakista húsmæðra og sennilega mun algengari í svuntuvasa kvenna en varðveislan gefur til kynna. Syrpu-urnar eru allar skrifaðar skömmu fyrir eða eftir að eigendurnir gengu í hjónaband. Í þeim er efni sem nýta mátti við kennslu barna, t.d. glefsur úr námsefni stólsskólanna, gátur, stærðfræðiefni og stjörnufræði. Þær geyma einnig fjölbreytt efni sem ber vott um að móður og húsmóðurhlutverkið var ekki álitnið léttvægt, svo sem efni sem tengist samskiptum kynjanna, trúarlegt efni, tímatalsefni, veðurvísur og efni sem nauðsynlegt var til að verja heimilið fyrir ásókn alls þess illa sem var á sveimi í veröldinni. Heimilin voru stærsti vinnustaður landsins og velferð, afkoma og menntunarástand fólksins sem þar bjó hvíldi mjög á herðum húsmóðurinnar.

Framan af áttu konur gjarnan sagnahandrit af ýmsu tagi, t.d. Íslendingasögur og konungasögur. Handritasöfnun Árna Magnússonar í upphafi 18. aldar skildi aftur á móti eftir stórt skarð í þess konar bókum kvenna. Þó að sögur væru lesnar til skemmtunar var ætíð lögð mikil áhersla á menntunar- og notagildi þeirra. Rétt eins og nú voru Íslendingasögur hluti af námsefni skólanna. Þekking á sögu landsins var partur af menntun og sjálfsmynd hvers Íslendinga. Sagnahandrit gegndu sannarlega margháttuðu hlutverki í höndum kvenna. Á kaþólskum tíma og jafnvel eftir það áttu konur handrit með heilagra meyja sögum. Margrétar saga var t.d. notuð við fæðingarhjálp og er talið að varðveitt handrit sögunnar séu öll úr eigu kvenna þó að ekki hafi þær alltaf skilið spor eftir sig. Fornaldar- og riddarasögur og almúgabækur voru vinsælt lesefni sem höfðaði jafnt til karla og kvenna. Þrátt fyrir að litnið væri á slíkar sögur fyrst og fremst sem skemmtiefni mátti ýmislegt af þeim læra. Af riddarasögum mátti t.d. læra kurteisi og rétta hegðun, en einnig fjalla margar fornaldar- og riddarasögur og almúgabækur um samskipti kynjanna. Það efni hefur sennilega ávallt verið á dagskrá. Um miðja 18. öld var jafnvel talið óhætt að ung hefðarjómfrú lærði að lesa og skrifa af þess konar sögum. Í forn-sögur leituðu konur ekkert síður en karlar að fyrirmyndum til að takast á við óblíð örlög.

Fyrir siðskipti voru Konungs skuggsjá og Elucidarius hluti af náms-efni stólsskólanna. Á 16. öld eignast konur víslega þessi rit en bent hefur verið á að fyrir þann tíma hafi þau sennilega verið í þússi kvenna. Siðferðisboðskapur ritanna hæfði konum en auk þess gat landa- og náttúrufræðifróðleikur Konungs skuggsjár gagnast við uppfræðslu barna. Þekking á landafræði var þó einnig partur af menntun kvenna óháð barnauppeldi. Reynistaðarbók frá lokum 14. aldar geymir landalýsingu og *Compendium*

Cosmographicum eftir Hans Nansen var í eigu konu um miðbik 17. aldar. Konungs skuggsjá fjallar auk þess um pólitík og vopnaburð en á slíku höfðu ýmsar konur áhuga. Konur áttu sumar hlutdeild í erjum og valdabaráttu en uppfræðsluhlutverk þeirra kallaði jafnframt á fjölbreytta þekkingu, t.d. á þeim lögmálum sem voru að verki í samfélaginu. Sömuleiðis tóku þær þátt í borðræðum þar sem margbreytt efni var rætt og mál brotin til mergjar. Konur máttu hafa skoðanir á samfélagsmálum en innan veggja heimilisins. Fjölskrúðug þekkingu skipti því ekki einasta máli í móðurhlutverkinu hún hafði líka áhrif á sjálfsmynd kvenna.

Trúarrit voru alla tíð algeng í eigu kvenna enda sáu þær um trúarlegt uppeldi barna sinna og stýrðu stundum guðrækni heimilisins. Mest ber á bæna- og sálmaþókum, predikanasöfnum og íhugunarritum. Trúarrit gegndu einnig stóru hlutverki í eigin trúariðkun kvenna. Til slíkra rita sóttu þær siðferðisstyrk, vernd og huggun en þeim var líka mjög haldið að konum og reynt að ýta undir þá hugmynd að þær væru miskunnssamari og góðhjartaðri en karlar. Auk þess var talið að hugur þeirra væri viðkvæmari og því auðveldari bráð fyrir þann í neðra. Lestur trúarrita átti að brynja þær fyrri ásókn hins illa. Margar konur reyndu að lifa upp í hugsýnina um hina miklu trúkonu sem kristallaðist í hinni fullkomnu húsmóður og móður. Aðrar gáfu hins vegar ekkert eftir í baráttunni um auð og völd þó að þær reyni sumar að slá ryki í augu samtímamanna. Konum var ekki síður en körlum umhugað um ímynd sína og ef hún laskaðist í lífsins ólgusjó mátti bara mála yfir hana.

Á 17. öld urðu kvæðahandrit algengustu handritin í höndum kvenna, þó að þær lesi fjölbreyttari bækur en áður. Við siðskiptin bárust hingað nýjar kveðskapargreinar og bragarhættir. Kveðskapariðkun tók kipp enda eru til uppskriftir af Snorra Eddu í eigu kvenna. Algengastar eru kvæðabækur sem geyma bæði trúarlegan og veraldlegan kveðskap, hina gamalkunnu blöndu af alvöru og gamni. Þegar búið var að gjalda Guði það sem Guðs var mátti slá á léttu strengi. Í handritum kvenna má þó finna kveðskap sem var ekki endilega þóknanlegur andlegum yfirvöldum og þær söfnuðu jafnvel kvæðum þar sem stólpagrín var gert að heimskum köllum. Önnur lögmál giltu um handrit en prent, eigandinn mótaði útgáfustefnuna og gat verið hápólitískur á heimavelli. Dæmi eru og um að slík handrit hafi verið partur af menningarlegu auðmagni yfirstéttarinnar, þau áttu að halda á lofti afrekum ættarinnar á sviði skáldskapar. Sjálfsmynd kvenna og hugðarefni koma þó skýrast fram í syrpum og kvæðabókum.

Bækur gegndu fjölbreyttu hlutverki í höndum kvenna. Yfirstéttarkonur áttu t.d. margar ættartölur og ættartölubækur. Miklu skipti fyrir ímynd og

virðingu fólks að geta sýnt fram á göfugan uppruna. Slíkar bækur voru þannig stöðutákn. Flestar þjónuðu bækur aftur á móti sem menningartæki og stuðningur við meginhlutverk kvenna sem mæðra og húsmæðra og bar efni þeirra sannarlega vott um hræringar í samfélaginu. Bækur vörpuðu jafnframt ljósi á menntun, hugðarefni og sjálfsmynd eigandans. Í bækur leituðu konur einnig að huggun og vernd í ótryggum heimi. Bókæign var í reynd flókið samspil margra þátta, svo sem menntunar, skemmtunar, sjálfsmyndasköpunar og menningarlegs auðmagns.

Þar eð grunnmenntun tók fyrst og fremst til lesturs voru flestar læsar konur óskrifandi fram eftir öldum. Húmanísk menntun fól á hinn bóginn í sér bæði færni í lestri og skrift sem skýrir fjölgun skrifandi kvenna á síðari hluta 16. aldar og 17. öld. Spor eftir konur og skriftarkennslu þeirra má nú í auknum mæli finna á spássíum handrita en einnig skrifa þær margar undir bréf og skjöl. Dæmin eru það mörg að ekki er lengur hægt að tala um að skriftarkunnátta heyri til undantekninga í röðum yfirstéttarkvenna. Nákvæm rannsókn á bréfaskriftum kvenna var ekki hluti af viðfangsefni þessarar bókar enda hefði slík athugun sligað hana. Ekki er alltaf hægt að sanna að konur skrifi varðveitt bréf. Eitt bréf fann ég þó sem óyggjandi er með hendi konu frá síðari hluta 17. aldar. Bréfið skrifaði Anna digra Jónsdóttir (1650–1722) bróður sínum árið 1689. Anna var prestsfrú og átti þrjár systur sem flestar voru annálaðar bókakonur. Þar eð hún var fær um að skrifa bréf má ætla að það sama hafi gilt um systur hennar. Elsta varðveitta einkabréfið frá veraldlegri konu var skrifað um miðbik 15. aldar. Ekki er vitað hvort hún skrifaði það eigin hendi en miðað við umsvif hennar er það ekki útilokað.

Til að skrifa handrit þurfti þjálfaðan skrifara og höfðu fæstar konur þá færni á valdi sínu. Heimildir eru þó um æfða skrifara í röðum kvenna, annað frá 16. öld en hitt frá þeirri 17. Í eldra tilvikinu er það fósturdóttir sem aðstoðar fósturföður sinn en í því seinna skrifar dóttir fyrir blindan föður. Fræðimenn hafa aukin heldur bent á sjö handrit sem hugsanlega voru skrifuð af konum, þar af tvö sem tengjast nunnuklaustrunum, en vissa er um önnur tvö. Flest voru þau skrifuð á 17. og 18. öld. Efni þeirra tengist einkum trúrækni kvenna en eftirtektarvert er að í einu þeirra skrifar kona huggunarkvæði eftir sjálfa sig.

Skriftarkunnátta kvenna þjónaði fyrst og fremst þrenns konar markmiði: Hún skyldi vera Guði til dýrðar, sem aðstoð við aldna og ófæra feður, en var auk þess oft nýtt til bréfaskrifta. Að vera fær um að skrifa undir skjöl, láta ekki aðra staðfesta gerninga fyrir sig, hlýtur að hafa skipt efnakonur máli ekkert síður en efnamenn. Ummæli um skriftariðju kvenna

ber aukinheldur vott um að hún vakti aðdáun og gerði þær að álitlegri kosti á hjónabandsmarkaðnum. Slík kunnátta gat enda komið í góðar þarfar. Allt hafði þetta síðan áhrif á ímynd og sjálfsmýnd kvenna. Eftir því sem leið á 18. öld fjölgar handritum með hendi kvenna og sporum eftir þær á spássíum. Þegar á 17. öld má finna a.m.k. tvö dæmi um konur af lægri stigum sem voru skrifandi. Fleiri slíkar stíga fram á sviðið á seinni hluta 18. aldar. Á 19. öld hittum við fyrir almúgakonur sem lærðu af sjálfsdádum að skrifa, löngu áður en lög um skriftarkennslu tóku gildi. Ekki er ósennilegt að menntunarþorsti og þráin til bréfaskrifta hafi drifið þær áfram.

Kvennaskarinn sem að leiðarlokum stendur á sviðinu er hvorki litlaus né fábreyttur. Yfirstéttarkonur eru vissulega í meirihluta en konur af lægri stigum eiga sína fulltrúa í bókmenningu þjóðarinnar. Umfjöllunin ber þess merki að mismikill fróðleikur er til um bókakonurnar sem leiddar voru fram. Heimildir eru ríkulegri um dætur og eiginkonur höfðingja og embættismanna. Í fyrsta kafla bókarinnar var hins vegar kafað ofan í handrit almúgakonu til að gefa rödd slíkra kvenna styrk á við hinar. Allar eiga formæður okkar bækur sem vert var að skyggjast í. Þó að bók kunni á yfirborðinu að virðast efnislítill og ómerkileg, segir hún mikla sögu um eigandann og þann tíðaranda sem ríkti við tilurð hennar. Gleðin yfir lúðum skræðum var ekki minni en yfir fögrum handritum þegar verið var að draga fram hlut kvenna í bókmenningu þjóðarinnar og oft þurfti að grafa djúpt.

Þrátt fyrir að konur væru útilokaðar frá formlegu námi innan stólskólanna öfluðu þær sér drjúgrar bóklegrar menntunar. Það sem skipti sköpum fyrir aðgengi kvenna að bókum voru metnaðargjarnir foreldrar og bókhneigður eiginmaður. Nútímakonur geta með stolti litið um öxl og metið að verðleikum það sem formæður þeirra lögðu til íslenskrar bókmenningar. Á vogarskálinni blasa bækur kvenna við okkur og það lóð er hvorki lítið né léttvægt. Þær skildu eftir sig arfleifð sem vert er að halda á loft og minnst.

Þakkir

Við vinnu mína að bókinni undanfarin tæp fimm ár hef ég notið gistivin-áttu á handritasviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Ég vil þakka Guðrúnu Nordal forstöðumanni fyrir einstaka gestrisni og velvild. Starfsmenn Árnastofnunar og gestir hafa auk þess lagt mér lið á ýmsan máta og kann ég þeim bestu þakkir fyrir. Einnig þakka ég alla þá greiðvikni og hjálp sem ég naut í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafni, hjá Braga Þorgrími Ólafssyni forstöðumanni og starfsmönnum, þeim Halldóru Kristinsdóttur, Sigríði Hjördísi Jörunds-
dóttur og Sigrúnu Guðjónsdóttur. Starfsfólki á Þjóðskjalasafni þakka ég lipurð og aðstoð. Til verksins fengust góðir styrkir úr Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna og frá Hagþenki fékkst ferðastyrkur til að taka þátt í kvennaráðstefnu í Stokkhólmi í ágúst 2015. Fyrir allt þetta þakka ég innilega.

Guðvarður Már Gunnlaugsson rannsóknardósent á Árnastofnun veitti mér ómetanlega hjálp við stór og smá viðfangsefni, t.d. á sviði handrita-fræða, skriftar og skriftarfræða og bóksögu. Hann var einnig óþreytandi að benda mér á konur í handritum og handrit kvenna. Er ég honum óendanlega þakklát. Yfirlesurum bókarinnar, þeim Ásdísi Egilsdóttur prófessor, Bergljótu Soffíu Kristjánsdóttur prófessor, Jóhönnu Katrínu Friðriksdóttur miðaldafræðingi, Margréti Eggertsdóttur rannsóknarprófessor á Árnastofnun og Svanhildi Óskarsdóttur rannsóknardósent á Árnastofnun þakka ég af alhug mikilvægar og góðar ábendingar svo og spaklegar samræður um bókmenningu kvenna. Hver þeirra las tvo kafla.

Aðalsteinn Eypórsson málfræðingur, Andrew Wawn prófessor emerítus, Davíð Ólafsson adjunkt, Einar G. Pétursson emerítus á Árnastofnun, Einar Sigurbjörnsson prófessor, Erla Hulda Halldórsdóttir lektor, Guðný Hallgrímsdóttir doktorsnemi, Guðrún Ása Grímsdóttir rannsóknarprófessor á Árnastofnun, Guðrún Harðardóttir sérfræðingur í Þjóðminjasafni.

Gunnlaugur Ingólfsson málfræðingur, Gunnvör Sigríður Karlsdóttir doktorsnemi, Haraldur Bernharðsson dósent, Hjalti Hugason prófessor, Jón Torfason skjalavörður á Þjóðskjalasafni, Katelin Parsons doktorsnemi, Kristín Bragadóttir doktorsnemi, Loftur Guttormsson prófessor emerítus, Matthew James Driscoll sérfræðingur við Árnasafn í Kaupmannahöfn, Nanna Rögnvaldardóttir ritstjóri á Forlaginu, Ragnheiður Mósesdóttir bókavörður við Árnasafn í Kaupmannahöfn, Rósa Þorsteinsdóttir rannsóknarlektor á Árnastofnun, Sigríður Rögnvaldardóttir ritstjóri á Forlaginu, Soffía Guðný Guðmundsdóttir verkefnisstjóri á Árnastofnunar, Sverrir Tómasson emerítus á Árnastofnun, Yelena Sesselja Helgadóttir doktorsnemi, Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur, Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, Þórdís Edda Jóhannesdóttir doktorsnemi, Þórgunnur Snædal rúnafræðingur og Þórunn Sigurðardóttir rannsóknarlektor á Árnastofnun, aðstoðuðu mig öll við tiltekin úrlausnarefni og færi ég þeim alúðarþakki, sem og Ólöfu Benediktsdóttur bókaverði á Árnastofnun og Jóhönnu Ólafsdóttur ljósmyndara. Halla Helgadóttir starfsmaður Íslendingabókar var sannarlega haukur í horni og gróf upp ýmsar upplýsingar um þær konur sem fjallað er um í bókinni. Færi ég henni bestu þakki.

Erla Hulda Halldórsdóttir veitti mér tækifæri til að taka þátt í málstofu um alþýðlega læsisiðkun við háskólann í Umeå í febrúar 2014 og fyrir það þakka ég með miklum virktum. Gunnari Harðarsyni prófessor þakka ég einnig veitta aðstoð og hugstyrkjandi uppörvun meðan á samningu þessarar bókar stóð.

Ritstjórum bókarinnar, þeim Sigurði Gylfa Magnússyni, Davíð Ólafssyni og Má Jónssyni þakka ég lærdómsríkt, sálaruppörvandi og farsælt samstarf. Til alls þessa fólks hugs ég með miklum hlýhug.

Að lokum þakka ég Eiríki Rögnvaldssyni eiginmanni mínum og Ingólfi Eiríkssyni syni mínum fyrir ómetanlega aðstoð, ábendingar og hvatningu á ritunartíma bókarinnar.

Ritaskrá

Prentaðar heimildir

66 handrit úr fórum Árna Magnússonar, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir (Reykjavík, 2013).

[Að sauma, prjóna og spinna] Ad sauma, prióna og spinna, í Guðmundur Jónsson, *Sumar-Giöf handa Børnum* (Leirárgarðar, 1795), s. 124–129.

Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Inngangur“, í *Úlfhams saga*, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 53 (Reykjavík, 2001), s. xiii–ccxlix.

Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Barnshugur við bók – um uppeldishugmundir Jóns Ólafssonar“, *Vefnir* 3 (2003), s. 1–8.

Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Inngangur“, í *Strengleikar*, útg. Aðalheiður Guðmundsdóttir, Íslensk rit 14 (Reykjavík, 2006), s. 7–37.

[Adonías saga] Adonias saga, í *Late Medieval Icelandic Romances* III, útg. Agnete Loth, Editiones Arnamagnæanæ B 22 (Kaupmannahöfn, 1963), s. 67–230.

Advice to the women and maidens of London, shewing [...] the method of keeping books of accounts. [...] With some [...] rudiments for young beginners. [...] By one of that sex (London, 1678).

[Alexanders saga] *Alexandreis, það er Alexanders saga* (Reykjavík, 2002).

Almanak Hins íslenzka þjóðvinafélags 1916 (1915).

Alþingisbækur Íslands IX (1697–1710) (Reykjavík, 1957–1964).

Alþingisbækur Íslands X (1711–1720) (Reykjavík, 1967).

Alþingisbækur Íslands XI (1721–1730) (Reykjavík, 1969).

Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm, áður í þáfadóm. Nunnuklaustrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristnisögu*, Úr sögu kvenna 3 (Reykjavík, 1988).

Appel, Charlotte, *Læsning og bogmarked i 1600-tallets Danmark* I–II. Danish Humanist Texts 23 (Kaupmannahöfn, 2001).

Appel, Charlotte og Morten Fink-Jensen, „Introduction. Books, Literacy, and Religious Reading in the Lutheran North“, í *Religious Reading in the Luther-*

- an North: Studies in Early Modern Scandinavian Book Culture*, ritstj. Charlotte Appel og Morten Fink-Jensen (Newcastle, 2011), s. 1–14.
- Arna Björk Stefánsdóttir, „Um upptöku pappírs á Íslandi á sextánda og stautjándu öld“, *Sagnir* 30 (2013), s. 226–236.
- Arnfríður Guðmundsdóttir, „Lúther og konurnar. Um áhrif siðbótar Marteins Lúthers á líf kvenna“, í *Kvennabarátta og kristin trú*, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir (Reykjavík, 2009), s. 15–60.
- Arne Magnussons private brevveksling*, útg. Kr. Kálund og Finnur Jónsson (Kaupmannahöfn, 1920).
- Arndt, Johann, *Sannur kristindómur* [samræmdur titill], þýð. Þorleifur Arason (Kaupmannahöfn, 1731–1732).
- Arthur, Susanne Miriam, „The Importance of Marital and Maternal Ties in the Distribution of Icelandic Manuscripts from the Middle Ages to the Seventeenth Century“, *Gripla XXIII* (2012), s. 201–233.
- At Gudz lcf meigi ætiid auckazt aa medal Kristinna manna, þa eru hier nockrer Psalmar* (Kaupmannahöfn, 1558).
- Attwood, Katrina, *Leiðarvísan and the ‘Sunday letter’ tradition in Scandinavia*, í *Til heiðurs og hugbótar. Greinar um trúarkveðskap fyrri alda*, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir og Anna Guðmundsdóttir, Snorrastofa. Rit 1 (Reykholzt, 2003), s. 53–78.
- Attwood, Katrina, „Anonymus, *Leiðarvísan*“, í *Poetry on Christian Subjects*, Part 1: The Twelfth and Thirteenth Centuries, útg. Margaret Clunies Ross, *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages VII* (Turnhout, 2007), s. 137–178.
- Aumann, Johann, *BIBLIA LAICORVM. Þad er Leikmaña Biblia, sa gyllene Catechismus þess dyrdlega Guds Mans D. Martini Lutheri, Lcfligrar minningar, sam settur og aukeñ med stuttum eirfólldum Spurningum og Andsuórum, Fyrer Vngmenne og eirfallt almuga Folk*, þýð. Guðbrandur Þorláksson (Hólar, 1599).
- [Ágrip af Noregskonunga sögum] Ágrip af Noregskonunga sögum, í *Ágrip af Noregskonunga sögum. Fagrskinna – Noregs konunga tal*, útg. Bjarni Einarsson, Íslenzk fornrit XXIX (Reykjavík, 1985), s. 1–54.
- Ágústínus kirkjufaðir, *Játningar II*, þýð. Sigurbjörn Einarsson, Lærdómsrit Bókmenntafélagsins (Reykjavík, 2006).
- Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 6*, ljósprentun eftir útgáfunni sem prentuð var í Kaupmannahöfn 1913–1943 (Reykjavík, 1983).
- Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 7*, ljósprentun eftir útgáfunni sem prentuð var í Kaupmannahöfn 1913–1943 (Reykjavík, 1984).

- Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 10, ljósprentun eftir útgáfunni sem prentuð var í Kaupmannahöfn 1913–1943 (Reykjavík, 1987).
- Árni Óla, „Stokkseyrar Dísa“, *Morgunblaðið* (28. mars 1954), s. 205–209.
- Árni Óla, „Stokkseyrar Dísa“, í *Frásagnir. Fjóðlífsmyndir frá ýmsum tímum* (Reykjavík, 1955), s. 183–192.
- Ásdís Egilsdóttir, „Mannfræði Höllu biskups móður“, í *Sagnaþing helgað Jónasi Krisiánssyni sjötugum 10. arpíl 1994 I*, ritstj. Gísli Sigurðsson, Guðrún Kvaran og Sigurgeir Steingrímsson (Reykjavík, 1994), s. 11–18.
- Ásdís Egilsdóttir, „Kvendýrlingar og kvenímynd trúarlegra bókmennta á Íslandi“, í *Konur og kristmenn. Ættir úr kristnisögu Íslands*, ritstj. Inga Huld Hákonardóttir (Reykjavík, 1996), s. 91–116.
- Ásdís Egilsdóttir, „Upphaf bókmenningar“, í Hjalti Hugason, „Frumkristni og upphaf kirkju“, *Kristni á Íslandi I*, ritstj. Hjalti Hugason (Reykjavík, 2000), s. 357–359.
- Ásdís Egilsdóttir, „Klauturreglur og bókmenntir“, í Gunnar F. Guðmundsson, „Íslenskt samfélag og Rómakirkja“, *Kristni á Íslandi II*, ritstj. Hjalti Hugason (Reykjavík, 2000), s. 241–245.
- Ásdís Egilsdóttir, „St Margaret. Patroness of Childbirth“, í *Mythological Women. Studies in Memory of Lotte Motz (1922–1997)*, ritstj. Rudolf Simek og Wilhelm Heizmann, *Studia Mediaevalia Septentrionalia* 7 (Vín, 2002), s. 319–330.
- Ásdís Egilsdóttir, „From orality to literacy: Remembering the past and the present in Jóns saga helga“, í *Reykholt som makt- og lærdomssenter i den Islandske og Nordiske kontekst*, ritstj. Else Mundal (Reykholt, 2006), s. 215–228.
- Ásdís Egilsdóttir, „Handrit handa konum“, í *Góssið hans Árna. Minningar heimsins í íslenskum handritum*, ritstj. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir (Reykjavík, 2014), s. 50–61.
- [Barlams saga og Jósafats] *Barlaams ok Josaphats saga*, útg. Magnus Rindal, *Norrøne tekster* 4 (Oslo, 1981).
- Barton, David og Mary Hamilton, *Local literacies. Reading and writing in one community* (London, 1998).
- Baswell, Christopher, „Heloise“, í *The Cambridge Companion to Medieval Women's Writing*, ritstj. Carolyn Dinshaw og David Wallace (Cambridge, 2003), s. 161–171.
- Battista, Simonetta, „Kirkjubæjarbók. Vasabrotsbók með sögum heilagra meýja“, í *66 handrit úr fótum Árna Magnússonar*, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir (Reykjavík, 2013), s. 176.
- Beach, Alison I., *Women as Scribes. Book Production and Monastic Reform in Twelfth-Century Bavaria* (Cambridge, 2004).

- Beer, Dominicus, *Froomer Foreldrar Edur Hvat Foreldrarner sieu sínum Børnum umm Skylduger*, þýð. Þorsteinn Illugason (Skálholt, 1694).
- Bell, David N., *What nuns read: Books and libraries in medieval English nunneries*, Cistercian studies series 158 (Kalamazoo, 1995).
- Bell, Susan Groag, „Medieval Women Book Owners: Arbiters of Lay Piety and Ambassadors of Culture“, *Chicago Journals* 7/4 (1982), s. 742–768.
- Benedikt Sigurðsson, „Danarfregn“, *Heimskringla* (27. mars 1902), s. 1. Timarit.
- Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „Gunnlöð ekki gaf mér neitt af geymsludrykknum forðum...“ „Um Steinunni Finnsdóttur, Hyndlurímur og Snækóngrímur“, í *Guðamjöður og arnarleir. Safn ritgerða um eddulist* (Reykjavík, 1996), s. 165–219, s. 169–170.
- Beyer, Absolon Pedersön, Om Norgis rige, í *To norske historisk-topografiske skrifter fra 1500-tallet* (Oslo, 1968), s. 43–114.
- Bitel, Lisa M., *Women in early medieval Europe, 400–1100*, Cambridge Medieval Textbooks (Cambridge, 2002).
- Bitel, Lisa M., Introduction: „Convent Ruins and Christian Profession. Toward a Methodology for the History of Religion and Gender“, í *Gender and Christianity in Medieval Europe. New Perspectives*, ritstj. Lisa M. Bitel og Felice Lifshitz (Philadelphia, 2008), s. 1–15.
- Bjarni Gissurarson, *Sólarsýn. Kvæði*, útg. Jón M. Samsonarson (Reykjavík, 1960).
- Björn K. Þórólfsson, „Árni Böðvarsson skáld“, *Andvari* 88 (1963), s. 152–180.
- Bragi Halldórsson, „Ástir Hjálmars hugumstóra og Ingibjargar konungsdóttur í rímum síðari alda“, *Són* 7 (2009), s. 65–131.
- Brayman Hackel, Heidi, *Reading Material in Early Modern England. Print, Gender, and Literacy*, (Cambridge, 2005).
- Bráðabirgðaskrá yfir handrit í Héraðsskjalasafninu á Akureyri, ópr. vélrit á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Brennu-Njáls saga*, útg. Einar Ól. Sveinsson, Íslenzk fornrit XII (Reykjavík, 1954).
- [Breta sögur] *Breta sögur hinar fornu. Prentaðar eftir útgáfu Jóns Sigurðssonar forseta í dönskum annálum 1848* (Reykjavík, 1914).
- British Library Online Catalogue. <http://searcharchives.bl.uk/>
- Brynhildur Þórarinsdóttir, „Hirðin og hallærisplanið. Forgeigjur og unglingar í Eglu“, í *Miðaldabörn*, ritstj. Ármann Jakobsson og Torfi H. Tulinius (Reykjavík, 2005), s. 113–136.
- Brynjólfur Sveinsson, *Úr brefabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar*, útg. Jón Helgason, Safn Fræðafélagsins XII (Kaupmannahöfn, 1942).

- Buchwald, Balthazar Johann de, *Sá nýi yfirsetukvennaskóli eður stutt undirvísun um yfirsetukvennakúnstina*, útg. Bragi Þorgrímur Ólafsson, Heimildarit sögu-spekingastiftis VIII (Hafnarfjörður, 2006).
- Burke, Victoria E., „‘The art of Numbering well’: Late-Seventeenth-Century Arithmetic Manuscripts Compiled by Quaker Girls“, í *Material Readings of Early Modern Culture. Texts and Social Practices, 1580–1730*, ritstj. James Daybell og Peter Hinds (Basingstoke, 2010), s. 246–265.
- Carlquist, Jonas, „The Birgittine Sisters at Vadstena Abbey: Their Learning and Literacy, with Particular Reference to Table Reading“, í *Nuns’ Literacies in Medieval Europe: The Hull Dialogue*, ritstj. Virginia Blanton, Veronica O’Mara og Patricia Stoop (Turnhout, 2013), s. 239–251.
- Clark, Anne L., *Elisabeth of Schönau. A Twelfth-Century Visionary*, Middle Ages Series (Philadelphia, 1992).
- Coleman, Joyce, „The Flower, the Leaf, and Philippa of Lancaster“, í *The Legend of Good Women. Context and Reception*, ritstj. Carolyn P. Collette, Chaucer Studies XXXVI (Cambridge, 2006), s. 33–58.
- Cook, Robert, „Pope Joan in Iceland“, í *Þjöttu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni 20. júlí 1977 I*, ritstj. Einar G. Pétursson og Jónas Kristjánsson, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 12 (Reykjavík, 1977), s. 138–146.
- Cook, Robert, „The *Chronica Carionis* in Iceland“, *Opuscula VIII*, Bibliotheca Arnamagnæana XXXVIII (Kaupmannahöfn, 1985), s. 226–263.
- Cruz, Anne J., „Introduction“, í *Women’s Literacy in Early Modern Spain and the New World*, ritstj. Anne J. Cruz og Rosilie Hernández (Surrey, 2011), s. 1–18.
- Cruz, Anne J., „Reading over Men’s Shoulders: Noblewomen’s Libraries and Reading Practices“, í *Women’s Literacy in Early Modern Spain and the New World*, ritstj. Anne J. Cruz og Rosilie Hernández (Surrey, 2011), s. 41–58.
- Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn. Íslenskar barnabókmenntir verða til* (Reykjavík, 2015).
- Davíð Ólafsson, „Handritamenning, hýpertexti og rísóm. Drög að einhverskonar kenningu“, í *Íslensk menning II. Til heiðurs Sigurði Gyfa Magnússyni* (Reykjavík, 2007), s. 44–52.
- Davíð Ólafsson, *Wordmongers. Post-Medieval Scribal Culture and the Case of Sighvatur Grímsson*, doktorsritgerð frá University of St. Andrews (St. Andrews, 2008).
- Davíð Ólafsson, „Vernacular Literacy Practices in Nineteenth Century Icelandic Scribal Culture“, í *Att läsa och att skriva. Två vågor av vardagligt skriftbruk i Norden 1800–2000*, ritstj. Ann-Catrine Edlund, Nordliga studier 3 (Umeå, 2012), s. 65–85.

- Davíð Ólafsson, „Scribal Communities in Iceland. The Case of Sighvatur Gríms-son“, í *White Field, Black Seeds, Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth Century*, ritstj. Anna Kuismín og M.J. Driscoll, *Studia Fennica Litteraria* 7 (Helsinki, 2013), s. 40–49.
- Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Minor Knowledge and Microhistory Manuscript Culture in the Nineteenth Century* (væntanleg).
- Daybell, James, „Women, Politics and Domesticity: The Scribal Publication of Lady Rich’s Letter to Elizabeth I“, *Women and Writing c. 1340–c. 1650. The Domestication of Print Culture*, ritstj. Anne Lawrence-Mathers and Phillipa Hardman (Woodbridge, 2010), s. 111–130.
- Dámusta saga, í *Fjalar Jóns saga, Dámusta saga*, útg. Luoisa Fredrika Tan-Hverhost (Haarlem, 1939), s. 48–108.
- „Dánarfregn“, *Lögberg* (2. febrúar, 1911), s. 3. Tímarit.is
- Descartes, René, *I principi della filosofia di Renato Descartes. tradotti dal Francese col confronto del Latino in cui l’Autore gli scrisse da Giuseppa Eleonora Barbapiccola [...]* (Torino, 1722).
- Deleuze, Gilles og Félix Guattari, „Rísóm“, í *Heimspeki verðandinnar. Rísóm, sjjjar og innrætt siðfræði*, þýð. Hjörleifur Finnsson, ritstj. Geir Svansson, Atvik 7 (Reykjavík, 2002), s. 15–58.
- Van Deusen, Natalie M., „Stitches in the Margins: The Embroidery Pattern in AM 235 fol.“, *Maal og Minne* 2 (2011), s. 26–42.
- [DI I] *Íslenskt fornbréfasafn I* (Kaupmannahöfn, 1857–1876).
- [DI III] *Íslenskt fornbréfasafn III* (Kaupmannahöfn, 1896).
- [DI IV] *Íslenskt fornbréfasafn IV* (Kaupmannahöfn, 1897).
- [DI IX] *Íslenskt fornbréfasafn IX* (Reykjavík, 1909–1913).
- [DI XI, 2] *Íslenskt fornbréfasafn XI, 2* (Reykjavík, 1915–1925).
- Dínus saga drambláta*, útg. Jónas Kristjánsson, *Riddarasögur I* (Reykjavík, 1960).
- Driscoll, Matthew James, „Postcards From the Edge: An Overview of Marginalia in Icelandic Manuscripts“, *Variants* 2/3 (2004), s. 21–36.
- Driscoll, Matthew James, „„Um gildi gamalla bóka“: Magnús Jónsson í Tjaldanesi und das Ende der Handschriftenkultur in Island“, í *Text, Reihe, Transmission: Unfestigkeit als Phänomen skandinavischer Erzählprosa 1500–1800*, Beiträge zur Nordischen Philologie XLII (Tübingen, 2011), s. 1–28.
- Driscoll, Matthew James, „The Long and Winding Road. Manuscript Culture in Late Pre-Modern Iceland“, í *White Field, Black Seeds, Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth Century*, ritstj. Anna Kuismín og M.J. Driscoll, *Studia Fennica Litteraria* 7 (Helsinki, 2013), s. 50–63.
- Eddukvæði*, útg. Gísli Sigurðsson (Reykjavík, 1998).

- Eddukvæði II, Hetjukvæði*, útg. Jónas Kristjánsson og Vésteinn Ólason (Reykjavík, 2014).
- Egils saga Skalla-Grímssonar*, útg. Sigurður Nordal, Íslensk fornrit II (Reykjavík, 1933).
- Einar Jónsson, *Ættir Ausfirðinga II*, útg. Einar Bjarnason og Benedikt Gíslason frá Hofteigi (Reykjavík, 1955).
- Einar Jónsson, *Ættir Ausfirðinga V*, útg. Einar Bjarnason og Benedikt Gíslason frá Hofteigi (Reykjavík, 1962).
- Einar Már Jónsson, „Staða Konungsskuggsjár í vestrænum miðaldabókmenntum“, *Gripla VII* (1990), s. 323–354.
- Einar G. Pétursson, „Margt er skrátið í Harmoníu“, í *Grímsævintýri sögð Grími M. Helgasyni sextugum 2. september 1987*, fyrra hefti (Reykjavík, 1987), s. 25–27.
- Einar G. Pétursson, Skrá um SÁM-handrit, ópr. skrá á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Eiríks saga rauða, í *Eyrbyggja saga*, Íslensk fornrit IV (Reykjavík, 1935), s. 193–237.
- Eitt Ljtted Stafrs KVER. Fyrer Børn og Vngmenne* (Skálholt, 1695).
- Elsa E. Guðjónsson, „Árnaðarmenn biskupsdóttur?“, í *Dagamunur gerður Árna Eyrjörssyni sextugum 16. janúar 1992* (Reykjavík, 1992), s. 27–38.
- Elsa E. Guðjónsson, „Með silfurbjarta nál. Um kirkjuleg útsaumsverk íslenskra kvenna í kaþólskum og lútherskum sið“, í *Konur og kristmenn. Þættir úr kristnisögu Íslands*, ritstj. Inga Huld Hákonardóttir (Reykjavík, 1996), s. 119–162.
- En Tractat om den Slemme oc forgyftige Forræder Judas Ischarioth* (Kaupmannahöfn, 1617).
- Eriksen, Stefka Georgieva, *Writing and Reading in Medieval Manuscript Culture. The Translation and Transmission of the Story of Elye in Old French and Old Norse Literary Contexts* (Turnhout, 2014).
- Erla Hulda Halldórsdóttir, „Af bréfaskriftum kvenna á 19. öld“, í *Alþýðumennning á Íslandi 1830–1930. Ritað mál, menntun og félagshreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, *Studia historica 18* (Reykjavík, 2003), s. 247–267.
- Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútimans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903* (Reykjavík, 2011).
- Erla Hulda Halldórsdóttir, „Kvennabréfin á Hallfreðarstöðum. Hagnýting skriftarkunnáttu 1817–1829“, *Saga LI:2* (2013), s. 57–91.
- Erla Hulda Halldórsdóttir, „‘Do Not Let Anyone See This Ugly Scrawling’: Literacy Practices and the Women’s Household at Hallfreðarstaðir 1817–1829“,

- Life Writing* 12,3 (2015), s. 289–308. <http://dx.doi.org/10.1080/14484528.2015.1004352> [Sótt á neti? 30. janúar 2015.] [Sótt á netið 30. janúar 2015.]
- Erler, Mary Carpenter, *Women, reading, and piety in late medieval England* (Cambridge, 2002).
- Ettxepare, Ricardo og Viola G. Miglio, „The Newly-Discovered Fourth Basque-Icelandic Glossary“, í *Basque Whaling in Iceland in the XVII century. Legal Organization, Cultural Exchange and Conflicts of the Basque Fisheries in the North Atlantic*, Basque Law Series 2 (Santa Barbara, 2015), s. 345–391.
- A female legendary from Iceland. “Kirkjubæjarbók” (AM 429 12mo) in The Arnarmagnæan Collection*, Copenhagen, útg. Kirsten Wolf, Manuscripta Nordica, Early Nordic Manuscripts in Digital Facsimile 3 (Kaupmannahöfn, 2011).
- Ferrante, Joan M., *To the glory of her sex. Women’s roles in the composition of medieval texts* (Bloomington, 1997).
- Fet, Jostein, *Lesande bønder. Litterær kultur i norske allmugesamfunn før 1840* (Oslo, 1995).
- Fet, Jostein, *Skrivande bønder. Skriftkultur på Nord-Vestlandet 1600–1850* (Oslo, 2003).
- Findlen, Paula, „Women on the Verge of Science: Aristocratic Women and Knowledge in Early Eighteenth-Century Italy“, í *Women, Gender and Enlightenment*, ritstj. Sarah Knott og Barbara Taylor (New York, 2007), s. 265–287.
- Finnbogi Guðmundsson, „Ein kvæðabók ort af Séra Ólafa Sál. Jónssyne á Söndum m.h. síra Hjalta Þorsteinssonar í Vatnsfirði ÍB. 70 4to“, *Landsbókasafn Íslands, Árbók 1992* (1993), s. 5–26.
- Finnur Sigmundsson, „Guðmundur Bergþórsson, skáld“, í *Merkir Íslendingar. Nýr flokkur V* (Reykjavík, 1966), s. 75–87.
- Finnur Sigmundsson, *Rímnatal I–II* (Reykjavík, 1966).
- Firchow, Evelyn Scherabon og Kaaren Grimstad, „Introduction“, í *Elucidarius in old Norse translation*, útg. Evelyn Scherabon Firchow og Kaaren Grimstad (Reykjavík, 1989), s. xvii–cvii.
- Flateyjarbók I*, formáli eftir Sigurð Nordal (Akranes, 1944).
- Fljótsdæla saga, í *Ausfirðinga sögur*, útg. Jón Jóhannesson, Íslensk fornrit XI (Reykjavík, 1950), s. 213–296.
- Flóres saga ok Blankiflúr*, útg. Eugen Kölbing, Altnordische Saga-Bibliothek 5 (Halle, 1896).
- Foote, Peter, „Introduction“, í *Lives of Saints. Perg. fol. nr. 2 in the Royal Library, Stockholm*, Early Icelandic Manuscripts in Facsimile IV (Kaupmannahöfn, 1962), s. 7–29.
- Foote, Peter, „Introduction“, í *Jóns saga Hólabyskups ens helga*, Editiones Arnarmagnæanæ A 14 (Kaupmannahöfn, 2003), s. 1–272.

- Fritzner, Johan, *Ordbog over Det gamle norske Sprog I* (Kristjánía, 1886). <http://www.edd.uio.no/perl/search/search.cgi?appid=86&tabid=1275>
- [Fríðleikur sálar og líkama] Fríðleikur sálar og líkama, í Hannes Finnsson, *Qvöld-vökurnar 1794* (Leirárgarðar, 1796), s. 237–251.
- Fróðlegt fjóða-safn ýmislegs efnis, útg. Grímur Laxdal (A kureyri, 1856–1857).
- Geitarlauf, í *Strengleikar*, útg. Aðalheiður Guðmundsdóttir, Íslensk rit 14 (Reykjavík, 2006), 142–144.
- Gerhard, Johann, *Heilagar HugvekIVR Pienande til þess, Ad ørva og upptendra þaŋ Iŋra Mañeñ, til sañarlegrar Gudrækne og Goods Siaferdis*, þýð. Þorlákur Skúlason (Hólar, 1753).
- Gerhard, Johann, *Fimmtu heilagar hugvekjur. Meditationes sacrae*, útg. Þórunn Sigurðardóttir, inngangur og skýringar eftir Einar Sigurbjörnsson og Þórunni Sigurðardóttur, Íslensk trúarrit 2 (Reykjavík 2004).
- Gísli Sigurðsson, *Leiftur á horfinni öld. Hvað er merkilegt við íslenskar fornþókmenntir* (Reykjavík, 2013).
- Green, Dennis Howard, *Women Readers in the Middle Ages*, Cambridge Studies in Medieval Literature (Cambridge, 2007).
- Greene, Jody, *The Trouble with Ownership. Literary Property and Authorial Liability in England, 1660–1730* (Philadelphia, 2005).
- Grettis saga Ásmundarsonar, útg. Guðni Jónsson, Íslensk fornrit VII (Reykjavík, 1936).
- Grímur M. Helgason. Sjá Handritaskrá Landsbókasafns.
- Grænendinga saga, í *Eyrbyggja saga, Grænendinga sögur*, útg. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson, Íslensk fornrit IV (Reykjavík, 1935), s. 239–269.
